- Umsögn/greinargerð skipulagsdeildar, dagsett 2. júlí 2021, um feril máls ábendingar og athugasemdir – umsagnir og niðurstöðu. Ábendingar og athugasemdir við auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 (40 erindi) eru fylgiskjal í umsögn skipulagsdeildar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

TILLAGA, AFGREIÐSLA

Eftirfarandi bókun var samþykkt í skipulagsráði 5. júlí 2021: „Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 framlagða tillögu að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 með áorðnum breytingum dags. 2. júlí 2021 ásamt umsögnum í greinargerð dags. 2. júlí 2021. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar."

Umhverfis- og samgöngunefnd samþykkti tillöguna _____ 2021.

Tillagan var lögð fram til síðari umræðu í bæjarstjórn Kópavogs _____ 2021. Eftirfarandi bókun samþykkt:

Í framhaldi af afgreiðslu bæjarstjórnar var tillaga að nýju aðalskipulagi Kópavogsbæjar, **Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040** send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Með auglýsingu í B – deild Stjórnartíðinda nr. ___ tók **Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040** formlega gildi _____.

1.4.4 Staðfesting Skipulagsstofnunar og gildistaka nýs Aðalskipulags Kópavogs

(dagsetningar / undirskriftir Skipulagsstofnunar í endanlegri útgáfu).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 1-6. Rútstún. Ljósm. V.G.

1.5 SKIPULAGSGÖGN

1.5.1 Uppdrættir

Þéttbýlisuppdráttur Aðalskipulagsins er settur fram í mælikvarðanum 1:10.000 fyrir heimalandið og sveitarfélagsuppdráttur í 1:50.000 fyrir upplandið. Á uppdráttunum kemur fram stefnumörkun um landnotkun í sveitarfélaginu næstu 12 ár. Hún er jafnframt kynnt nánar í greinargerð þessari. Land Kópavogs skiptist í heimaland og uppland og eru bæði svæðin sýnd á sama blaðinu. Heimalandið er þéttbýlið vestan Elliðavatns en upplandið er aðskilið heimalandi Kópavogs. Á landnotkunarreitum á uppdráttunum eru númer sem vísa í greinargerð. Á baksíðu uppdráttanna er samantekt úr greinargerð aðalskipulagsins þar sem fjallað er um helstu málaflokka. Á landnotkunarreitum á uppdráttunum eru númer sem vísa í greinargerð.

Á landnotkunarreitum á þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti eru sýnd megin atriði hvers svæðis. Afmörkun landnotkunarreita miðast við mælikvarða uppdráttanna. Því er gerður fyrirvari um nákvæmni þeirra í kortagerð.

Ekki þarf að gera grein fyrir safngötum né húsagötum á þéttbýlisuppdrættinum eða sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins og eru þær ásamt öðrum götum einungis sýndar sem hluti grunnkorts án frekari skilgreiningar.

1.5.2 Greinargerð, viðaukar og önnur gögn

Í þessari greinargerð er nánari útlistun á stefnumörkun bæjarfélagsins um landnotkun og sjálfbæra þróun til ársins 2040. Greinargerðin er þannig fram sett að eftir almennan inngang er gerð grein fyrir þeim skipulagsáætlunum sem greinargerðin byggir á og farið yfir ferli vinnunnar.

Greinargerðin er sjö meginkaflar auk inngangs og viðauka, sem lýsa núverandi ástandi og markmiðum sem sett eru fyrir næstu 12 ár. Markmiðin byggja á fyrra aðalskipulagi (2012-2024), endurskoðun þessari fyrir Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, stefnu bæjarstjórnar Kópavogs m.a. með vísan til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og öðrum áætlunum.

Greinargerð með Aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040 skiptist í eftirfarandi meginkafla (málaflokka):

1. Inngangur, 2. Byggð, 3. Atvinnulíf, 4. Umhverfi, 5. Grunnkerfi, 6. Samfélag, 7. Rammahluti aðalskipulags,

8. Helstu heimildir og rýni.

Við hvern málaflokk er fjallað um núverandi ástand, stefnu stjórnvalda og lög sem þarf að taka tillit til, stefnumið/áherslur og markmið/áherslur hvers málaflokks og að lokum samantekt umhverfismats. Viðaukar eru eftirfarandi:

- Kafli 9. Viðauki 1. Umhverfisskýrsla með umhverfismati aðalskipulagsins.
- Kafli 10. Viðauki 2. Greinargerð um niðurstöður mikilvægisgreininga og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Kafli 11. Viðauki 3. Athugasemdir á kynningartíma.
- Kafli 12. Viðauki 4. Samantekt á breytingum sem gerðar voru á síðasta aðalskipulagi 2012-2024, breytingar sem samþykktar eru með staðfestingu þessa skipulags og breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.
- Kafli 13. Viðauki 5. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og stefna Kópavogs.

Önnur gögn

- Vegakort/vegaskrá af upplandi Kópavogs, dagsett nóvember 2020.
- Umferðarspá, Aðalskipulags Kópavogs 2019-2031+ (2038), VSÓ, apríl 2020, útgáfa 22.4.2020.
- Fornleifaskrá Kópavogs, Endurskoðuð, 2020, Fornleifafræðistofan, Bjarni F. Einarsson.
- Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs, 2020, Fornleifafræðistofan, Bjarni F. Einarsson.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1.5.3 Umhverfisskýrsla

Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar.

Umhverfismat áætlunar/umhverfisskýrsla er unnin í samræmi við „Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006“.

Umhverfisskýrsla er í „Viðauki 1, Umhverfisskýrsla“.

UMHVERFISMAT

Við endurskoðun aðalskipulagsins var unnið samkvæmt lögum nr. 106/2006 um umhverfismat áætlana. Umhverfismat áætlana er aðferð við áætlanagerð sem tryggir að skoðaðir séu mismunandi kostir þegar kemur að skipulagsvinnu. Umhverfismatið gerir það að verkum að hægt er að gera grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum strax á skipulagsstigi og skipulagsferlið verður gegnsærra en áður. Áhrif markmiða eru skoðuð með tilliti til áhrifa á umhverfið og þeir kostir sem valdir eru rökstuddir.

Efnistök aðalskipulagsáætlunar og umhverfismats hennar eru svipuð og í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) en að auki er þessi áætlun unnin með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og stefnu Kópavogsbæjar (sem byggir á heimsmarkmiðunum).

Einn mikilvægur þáttur í umhverfismati áætlana er vöktun. Ef framkvæmdir eru taldar hafa mögulega neikvæð umhverfisleg eða félagsleg áhrif er gerð áætlun um vöktun á þeim þáttum. Með vöktun er hægt að leggja mat á mögulegar mótvægisaðgerðir.

Hluti **umhverfismats** var að rýna áætlunina með hliðsjón af heimsmarkmiðunum. Við endurskoðun aðalskipulags var tekin ákvörðun um að horfa til allra 169 Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og gera **mikilvægismat** til að forgangsraða þeim markmiðum sem að aðalskipulag gæti haft mest áhrif á.

Greinarmun þarf að gera á mati á áhrifum skipulagstillögu (skipulagsáætlunar) og framkvæmda. Við mat á áhrifum skipulagsáætlunar á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag er ekki stuðst við kerfisbundnar rannsóknir eins og við undirbúning framkvæmda heldur er það fyrst og fremst rökstuðningur fyrir tillögunum. Mat á markmiðum og áætlunum kemur ekki í stað mats á áhrifum framkvæmda. Meðal þeirra kosta sem hugsanlega falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda gætu verið mismunandi stærð byggingarlands og þéttleiki byggðar.

Samráð hefur verið haft við Skipulagsstofnun í vinnsluferli tillögunnar.

Umhverfismat skipulagsáætlunarinnar, umhverfisskýrsla, mikilvægisgreiningar og rýni greinargerðar með hliðsjón af heimsmarkmiðum voru unnar af verkfræðistofunni Mannviti í samvinnu við skipulags- og byggingardeild Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1.6 FRAMTÍÐARSÝN OG HLUTVERK

Framtíðarsýnin er leiðarljós og lýsir þeim grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Nánari stefnumörkun byggir á stefnu Kópavogs, sem felur meðal annars í sér neðangreinda framtíðarsýn og hlutverk og er sett fram í hverjum málaflokki.

FRAMTÍÐARSÝN OG HLUTVERK

Framtíðarsýn

Kópavogur er bær þar sem veitt er framúrskarandi þjónusta og fólk og fyrirtæki sækjast eftir að búa í og starfa. Kópavogsbær er borgarsamfélag í nánum tengslum við náttúruna enda sýnir bærinn umhverfislega og samfélagslega ábyrgð. Í Kópavogi eru skólar í fremstu röð og vel hugað að líðan, heilsu og velferð íbúa á öllum aldri.

Kópavogur er samfélag sem byggir á lýðræðislegum ákvörðunum þar sem íbúarnir hafa áhrif á eigin mál. Kópavogsbær er rekinn af ráðdeild þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni og skilvirkni. Kópavogur er í fararbroddi í nýsköpun og tileinkar sér tækninýjungar í starfsemi sinni.

Hlutverk

Hlutverk Kópavogsbæjar er að tryggja lífsgæði íbúanna með góðri og fjölbreyttri þjónustu. Grunnreglur bæjarfélagsins eru skýrar og miða að því að allir hafi tækifæri til áhrifa. Kópavogsbær leggur áherslu á gott mannlíf, skilvirkan og ábyrgan rekstur ásamt öflugu atvinnulífi.

Áhersla er lögð á að ljúka uppbyggingu þegar deiliskipulagðra hverfa og þétta byggðina í bænum svo að hverfin verði sjálfbærari og að íbúar þurfi ekki að fara langa leið til að sækja þjónustu. Einnig er áhersla lögð á að bjóða upp á fjölbreytileika í búsetu og atvinnutækifærum fyrir alla hópa fólks. Sívaxandi krafa fólks um fjölbreytta útivistarmöguleika og nánd við náttúru verður mætt með úrbótum í eldri byggð og góðum tengingum eldri og nýrri hverfa við náttúru og útivistarsvæði.

Lögð er áhersla á hagkvæman vöxt, skilvirkar samgöngur, heilnæmt umhverfi, gott nærumhverfi og gæði borgarbyggðar og umhverfis í byggð og utan byggðar. Gert er ráð fyrir þróun hágæða almenningssamgangna (Borgarlínu) til að auka hreyfanleika án þess að auka álag á stofnvegakerfi o.fl.

1.7 ALMENNAR FORSENDUR

Forsendur Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 eru lög og reglugerðir um skipulagsmál, áherslur og markmið bæjaryfirvalda um þróun byggðar og möguleikar og takmarkanir á nýtingu bæjarlands frá náttúrunnar hendi. Áætlanir byggja ekki aðeins á framreikningum heldur líka á almennum viðhorfum til viðfangsefna aðalskipulags hverju sinni, samstarfi við önnur sveitarfélög og fjárhagslegu bolmagni sveitarfélagsins til þess að framfylgja skipulagsáætlunum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 1-7. Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins. Heimild LMÍ.

1.8 LÖG OG REGLUGERÐIR UM SKIPULAGSÁÆTLANIR

Núgildandi Skipulagslög nr. 123/2010 tóku gildi í ársbyrjun 2010. Í þeim eru nokkrar veigamiklar breytingar frá fyrri lögum frá árinu 1997 sem voru að stofni til frá árinu 1964. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 var gefin út 16. janúar 2013 og er nánari útfærsla á lögunum. Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 tóku gildi um mitt ár 2006 og lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda tóku gildi 25. maí árið 2000.

1.8.1 Skipulagssvæði, lögsaga

Skipulagssvæði aðalskipulags Kópavogs er allt land (vatn og sjávarsvæði) innan stjórnsýslumarka bæjarfélagsins. Landsvæðið er samtals um 11.100 ha og er tvískipt, vestari hlutinn er kallaður heimaland og eystri hlutinn uppland.

Heimalandið (vestan Elliðavatns) er um 1.830 ha stærð (þar af á landi um 1.650 ha), það nær frá lögsögumörkum í Skerjafirði (Fossvogi að Reykjavík og að Garðabæ) að lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur í Elliðavatni og Heiðmörk í austri og lögsögumörkum Garðabæjar í suðri.

Upplandið austan Heiðmerkur er svæði sem tilheyrir lögsögu Kópavogs um 9.295 ha að stærð. Stór hluti þess lands er þjóðlenda eða um 7.880 ha. Afmörkun upplands nær frá;
- Heiðmörk og Hólmsá við Gunnarshólma í vestri að mörkum Ölfuss í Árnessýslu í austri.
- Lyklafelli og mörkum Mosfellsbæjar í norðri að Vífilsfelli og suður fyrir Þríhnúkagíg og skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Upplandið var áður tvískipt en lögsagan hefur breyst og stækkað samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 16. nóvember 2017:

> *„Hæstiréttur hefur staðfest að 8.000 hektara landsvæði austan Heiðmerkur og að Bláfjöllum lúti lögsögu Kópavogs. Hæstiréttur kemst þannig að sömu niðurstöðu og Héraðsdómur Reykjavíkur, sem dæmdi í málinu í ágúst 2016. Reykjavíkurborg áfrýjaði þeim dómi.*
>
> *Reykjavíkurborg gerði kröfu um að 8.000 hektara landsvæði lyti lögsögu borgarinnar. Af þessum um 8.000 hekturum höfðu áður um 5.000 verið innan staðarmarka Kópavogs og stækkar lögsaga bæjarins um 3.000 hektara. Skipulagsvald svæðisins færist því til Kópavogs frá Reykjavíkurborg.*
>
> *Innan umrædds svæðis eru meðal annars Bláfjöll, Þríhnúkar, Vífilsfell og Sandskeið.“*
>
> https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/kopavogur-staekkar

Áður var ágreiningur um lögsögumörk Kópavogs og Mosfellsbæjar á nyrðra svæðinu. Úrskurðað var um mörk bæjarfélaganna á umræddu svæði í Hæstarétti 29. október 2009 mál nr. 685/2008 (um þjóðlendur). Þeim úrskurði var fylgt í skilgreiningu lögsögumarka Kópavogsbæjar í síðasta Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Samningur Garðabæjar og Kópavogs: Sveitarfélagsmörkum Kópavogs og Garðabæjar hefur verið breytt á Kjóavöllum í samræmi við samkomulag þar að lútandi dags. 23. janúar 2013.

Sjá einnig umfjöllun um upplandið í kafla 4.1.3 Óbyggð svæði, landslag.

Lítilsháttar breytingar hafa orðið á lögsögumörkum bæjarins frá staðfestingu fyrra Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024. Þar ber að nefna breytt lögsögumörk milli Reykjavíkur og Kópavogs á brunnsvæði Vatnsendakrika og við Blesugróf (Smiðjuhverfi).

1.8.2 Eignarhald

Kópavogshreppur fékk kaupstaðarréttindi með lögum nr. 30 frá 11. maí 1955. Í 1. gr. laganna segir að „Kópavogskaupstaður nái yfir allan Kópavogshrepp.“ Hann var skilgreindur sem sá hluti Seltjarnarneshrepps hins forna sem er sunnan og austan Reykjavíkur.

Kópavogsbær á nær allt land innan heimalandsins en um 6% eða um 90 ha eru enn ýmist í eigu ríkisins eða einkaaðila.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 1-8. Land Kópavogs, þjóðlenda innan Kópavogs. Heimild: Landupplýsingakerfi Kópavogs.

Undanfarin ár hefur Kópavogsbær verið að eignast jörðina Vatnsenda og í byrjun árs 2007 var stór hluti hennar tekin eignarnámi þ.e. Vatnsendahlíð og Vatnsendaheiði að lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar annars vegar og hins vegar að lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Innan heimalandsins er svæðið næst Elliðavatni í eigu Vatnsenda, þ.e. norðan og vestan vatnsins á svæðinu milli *Vatns og vegar* svo og sunnar *Vatnsvikur* á um 35 ha svæði.

Kópavogstún er að hluta í eigu ríkisins. Á árinu 2003 eignaðist Kópavogsbær 13,5 ha af landinu en ríkið hélt eftir rúmum 3 ha. Í dag eru þar ýmsar stofnanir á vegum ríkisins.

Vatnsendahvarf og hluti Rjúpnahæðar voru í eigu ríkisins en árið 2001 keypti Kópavogsbær hluta landsins. Unnið er að samkomulagi um kaup Kópavogs á um 7,5 ha lands efst á Vatnsendahvarfi sem hefur verið í eigu ríkisins.

Svæði sunnan Smáralindar er að hluta í einkaeign sömuleiðis kollur Nónhæðar.

Í upplandi Kópavogs eru tvær jarðir í einkaeigu, Gunnarshólmi og Geirland, ásamt nokkrum smáspildum í Lækjarbotnum.

1.8.3 Þjóðlendur

Innan lögsögumarka Kópavogs er skilgreind þjóðlenda skv. úrskurði frá 5. október 2012. Landið sem um ræðir er afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, nú Kópavogsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar. Skilgreining þjóðlendunnar er skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2004 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 685/2008:

„Frá Sýslusteini austan Lyklafells eftir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapolli meðfram heiðarbrún í vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá. Syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum, ræður upp að þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan til útsuðurs í mógrýtisklett, með rauf í, er snýr suður, þaðan í Sandfellshnjúk [...mörk þjóðlendu og eignarlands skulu miðast við línu, sem dregin er frá Sandfellshnjúki að Markhóli]. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli og þaðan í Markhól. Úr Markhól í Húsfell, þaðan í Þríhnúka og áfram í Bláfjallahorn. Síðan eftir hæstu tindum Bláfjalla í stöpul á Vífilsfelli. Þaðan í fyrrgreindan Sýslustein“.

Bent er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

1.8.4 Fjárhagslegar forsendur

Framkvæmdaáætlanir eru unnar í kjölfar skipulags. Framkvæmdir eru í forgangs- og tímaröð í samræmi við skipulagsáætlanir. Fjárhagsáætlanir og þriggja ára áætlanir eru unnar á hverju ári. Fjármálum hvers sveitarfélags eru sett ákveðin takmörk með lögum, jafnt hvað varðar tekjuöflun og ráðstöfun fjármagns.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum (nr. 138/2011, 62. gr. Fjárhagsáætlanir) skal sveitarstjórn í upphafi nýs kjörtímabils gera þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir byggja á þeim. Framkvæmdir í stofnvegakerfinu eru fjármagnaðar af ríkissjóði og byggja á vegaáætlunum.

Lagning stofnbrauta (þjóðvega í þéttbýli) og bygging mislægra gatnamóta eru fjármagnaðar af ríkissjóði og byggja á vegaáætlun Alþingis sem nær til þriggja ára í senn.

Kópavogsbær innheimtir gatnagerðargjöld af lóðum sem bærinn úthlutar en gatnagerðargjöldin eiga að standa undir kostnaði bæjarins af gatna- og veitukerfum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1.8.5 Sagan og þróun byggðar

Kópavogs er ekki oft getið í Íslandssögunni. Einn af fjórum þingstöðum Gullbringusýslu var þó lengi vel í Kópavogi. Þingsókn þangað áttu m.a. Bessastaðamenn, handhafar hins danska konungsvalds. Þeir vildu gjarnan flytja Alþingi Íslendinga í nágrenni sitt og 1574 bauð Danakonungur að flytja skyldi Alþingi til Kópavogs. Á það féllust Íslendingar aldrei. Einn atburður var þó á þingstaðnum, niðri við voginn, sem allir Íslendingar eiga að þekkja. Það var þegar íslenskir valdsmenn undirrituðu erfðahyllinguna, 28. júlí 1662. Um atburðinn hefur nú verið reistur minnisvarði á hinum forna þingstað.

Byggðin tók ekki að þéttast á Kársnesi og Digranesi fyrr en eftir 1930. Þá hafði búskapur verið aflagður á jörðunum Digranesi og Kópavogi. Samkvæmt Fasteignaskrá eru um 180 eignir eða eignarhlutar í Kópavogi sem byggðir hafa verið 1950 eða fyrr.

Í seinna stríði urðu miklir fólksflutningar til Faxaflóasvæðisins. En húsnæðisleysi og skortur á lóðum í Reykjavík varð til þess að farið var að líta til óbyggðra svæða í nágrenninu svo sem í Kópavogi.

Í stríðslok var komin dreifð byggð í Kópavogi. Árið 1945 var farið að veita leyfi til byggingar íbúða til fastrar búsetu á erfðafestulöndunum og jókst þá uppbygging ört þrátt fyrir skort á þægindum eins og vatnsveitu, holræsum, rafmagni, síma, skóla o.s.frv.

Skipulagning byggðar í Kópavogi hófst 1946 en það ár var svæði á Digraneshálsi austan Hafnarfjarðarvegar, milli Álfhólsvegar og Digranesvegar skipulagt. Um þremur árum síðar var unnið skipulag af Kársnesi þ.e. svæðinu vestan Hafnarfjarðarvegar. Og á árinu 1954 samþykkti hreppsnefndin að efna til hugmyndasamkeppni um skipulag og útlitsteikningar af miðbæ í Kópavogi.

Árið 1948 var Kópavogshreppur stofnaður úr fjórum jörðum í upphreppi Seltjarnarneshrepps hins forna, Kópavogsjörð, Digranesjörð, Fífuhvammsjörð og Vatnsendajörð mynduðu kjarna hins nýja hrepps.

Árið 1955 varð Kópavogur kaupstaður og 1957 keypti bærinn allt landið af ríkinu nema svæðið austan Urðarbrautar og sunnan Kópavogsbrautar (Kópavogstún) og gat nú úthlutað lóðum og stýrt eigin uppbyggingu.

Á þessum árum mótaðist skipulagið af fyrstu uppbyggingu hreppsáranna og svo ekki hvað síst af landslaginu á „hálsunum“. En í kjölfar nýrra skipulagslaga 1964 var hafinn undirbúningur að gerð aðalskipulags fyrir bæinn. Og á árinu 1970 var nýtt aðalskipulags samþykkt. Náði það til byggðarinnar vestan Reykjanesbrautar. Eftir samþykkt hins nýja aðalskipulags var hluti nýbýlanna Efstalands, Grænuhlíðar og Meltungu tekinn til skipulags, svo kallað Hjalla- og Hólmahverfi. Engihjallahverfið var síðan deiliskipulagt 1975.

Um og upp úr 1980 fer byggð að rísa í norðurhluta Kópavogs við Bæjartún og Álfatún og á árunum 1983-85 var samþykkt skipulag í Suðurhlíðunum. Upp úr 1990 hófst hröð uppbygging í Kópavogsdal og á Nónhæð. Í Fífuhvammslandi tók byggðin að rísa upp úr 1995 þegar Linda- og Salahverfi byggðust. Uppbygging í Vatnsenda hófst að ráði upp úr aldamótum.

Vöxtur byggðar í Kópavogi hefur verið mikill og hraður síðustu árin. En íbúum bæjarins fjölgaði úr liðlega 16.800 í 31.200 á árunum 1992 til 2012 og hlutfall bæjarbúa af íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins hækkaði úr 11% í 15,6% á þessu tímabili og í 16.2% í upphafi árs 2019.

1.8.6 Innviðir Kópavogs

Gæði Kópavogs felast í samfélaginu, íbúum hverfanna og því félagslega, efnahagslega og menningarlega umhverfi sem einkennir Kópavogsbæ. Ekki spillir frábær miðlæg staðsetning bæjarins og gæði landsins sem býður upp á gott útsýni og nálægð við stór útivistarsvæði. Þjónustustig bæjarins er hátt. Samspilið milli bygginga og opinna almenningssvæða og þjónustu styrkir innviði bæjarins og eykur sjálfbærni með styrkri nærþjónustu og þjónustu sem sótt er í miðbæjarkjarna Hamraborgar og Smárann sem er skilgreindur sem svæðiskjarni höfuðborgarsvæðisins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1.8.7 Skipulagi frestað

Sunnan Elliðavatns er hluta landnotkunar aðalskipulagsins frestað. Tekur sú ákvörðun til 35 ha. svæðis sunnan Vatnsvíkur þar sem óvissa ríkir um landnotkun á svæðinu. Svæðið er auðkennt með hvítu tákni á þéttbýlisuppdrættinum. Í tengslum við afgreiðslu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 óskaði Kópavogsbær, með bréfi dags. 11. júlí 2013, eftir heimild ráðherra umhverfis- og auðlindamála að fresta skipulagi á ofangreindu svæði. Var það samþykkt með tilvísan í 33. gr. skipulagslaga nr. 123/2013, samanber bréf dagsett 8. ágúst 2013. Í tengslum við afgreiðslu **Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040** óskaði Kópavogsbær, með bréfi dagsettu 29. apríl 2021, eftir heimild ráðherra umhverfis- og auðlindamála að fresta skipulagi á ofangreindu svæði. Var það samþykkt með tilvísan í 33. gr. skipulagslaga nr. 123/2013 samanber bréf ráðherra dagsett 11. júní 2021.

Ágreiningur var um lögsögumörk Kópavogs og Mosfellsbæjar í upplandi. En um mörk bæjarfélaganna á umræddu svæði var úrskurðað í hæstarétti 29. október 2009 mál nr. 685/2008 (um þjóðlendur). Þeim úrskurði var fylgt í skilgreiningu lögsögumarka Kópavogsbæjar í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Þrátt fyrir það var í því aðalskipulagi, 2012-2024, skipulagi einnig frestað við Sandskeið að tillögu Skipulagsstofnunar. Í skipulagsáætlun þessari, 2019-2040, er það svæði nú skipulagt.

Mynd(ir) 1-9. Þróun byggðar, land Kópavogs 1946 til 2018, loftmyndir. Heimild: Loftmyndir ehf, Landmælingar Íslands.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1.9 HUGTÖK OG SKILGREININGAR

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.

Aukaíbúð: Átt er við nýja íbúð alla jafna ekki stærri en 50 m² í eða við þegar byggt hús. Tilheyrir sama matshluta/eignarhluta og upphafleg íbúð og er óheimilt að selja frá frá eignarhluta aðalíbúðar. Alla jafna er ekki gert ráð fyrir auknu byggingarmagni né nýjum bílastæðum. Skilgreina þarf nánar viðmið varðandi aukaíbúðir í hverfisáætlun hvers hverfis fyrir sig.

Áhættumat vegna loftslagsbreytinga: Áhættumat felur í sér að lagt er mat á hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga og hvort að aðgerða sé þörf til þess að tryggja öryggi og ástand mannvirkja til framtíðar. Í þeim tilfellum þar sem niðurstaða áhættumats er að loftslagsbreytingar hafi neikvæð áhrif eru settar fram aðgerðir til þess að lágmarka þau áhrif. Áhættumati vegna áhrifa loftslagsbreytinga er betur lýst í umhverfisskýrslu, fylgiskjali greinargerðar þessarar.

Blágrænar ofanvatnslausnir: Blágrænar ofanvatnslausnir (e. sustainable urban drainage systems), einnig nefndar sjálfbærar ofanvatnslausnir, miða að því að veita vatni á sjálfbæran hátt um byggð í stað þess að veita því í hefðbundnar lagnir. Ofanvatninu er safnað og því leyft að síast í jörðu eins mikið og hægt er. Slíkt er útfært s.s. með tjörnum, svelgum, regngörðum eða grænum þökum. Heimild: Reykjavíkurborg (e.d.), Blágrænar ofanvatnslausnir: https://reykjavik.is/ofanvatnslausnir

Borgarlína: Borgarlína er nýtt og afkastamikið hágæðakerfi almenningssamgangna sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirbúa nú í sameiningu. Borgarlínan mun ganga eftir samgöngu- og þróunarásum sem búið er að festa í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040. Nýtt stofnleiðanet Strætó verður grunnur að framtíðarskipan Borgarlínu. Stofnleiðir ná yfir ólík hverfi og sveitarfélög með það að markmiði að almenningssamgöngur verði tíðari og skilvirkari. Heimild: https://www.ssh.is/borgarlina og https://borgarlinan.is/

Bæjargata: Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverju hverfi. Þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Í rammahluta aðalskipulagsins er nánar gerð grein fyrir bæjargötum og staðsetningu þeirra.

Bæjarkjarni: Bæjarkjarnar eru miðstöðvar opinberrar þjónustu, verslunar, almennrar þjónustu, atvinnu, menningar- og afþreyingar sem þjónar bæjarfélaginu/ borgarhluta sérstaklega. Bæjarkjarnar: Miðbær Hafnarfjarðar og Garðabæjar, Hamraborg, miðbær Seltjarnarness og Mosfellsbæjar, Kringlan, Skeifan, Vogar, Mjódd, Keldur/Keldnaholt. Heimild: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 44. gr.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag sem ekki eru háðar ákvæðum laga um mannvirki.

Frístundabyggð: Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja.

Hverfisáætlun: Í hverfisáætlun er gerð grein fyrir stöðu hverfis, ástandi byggðar og teknar eru saman tölulegar upplýsingar um hverfin. Jafnframt eru tillögur að forgangsröðun verkefna og tillaga að framkvæmdaáætlun. Tilgangurinn með gerð hverfisáætlana er að leggja fram heildstæða stefnu um þróun byggðarinnar og skapa vist- og lýðheilsuvæn hverfi í góðu samráði við íbúa.

Hverfiskjarni: Hverfiskjarnar eru svæði innan hverfis fyrir blandaða starfsemi eins og verslun, ýmsa þjónustu og menningarstarfsemi í göngufæri við íbúa. Í hverju hverfi geta verið fleiri en einn hverfiskjarni. Ástand og nýting þessara kjarna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

er með ýmsu móti og hafa sumir látið á sjá. Í rammahluta aðalskipulagsins er nánar gerð grein fyrir hverfiskjörnum og staðsetningu þeirra og á aðalskipulagsuppdrætti er landnotkun að öllu jöfnu merkt sem verslun og þjónusta (VÞ).

Kjarnastöð: Kjarnastöð er mikilvægur tengipunktur við stofnleiðir strætó og Borgarlínu, ásamt því að hafa góðar tengingar við aðra samgöngumáta. Heimild: Verk- og matslýsing aðalskipulagsbreytinga í Kópavogi og Reykjavík. Borgarlína Ártún-Hamraborg. Febrúar 2020.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun og þjónustu, útivist (svo sem opin svæði), landbúnað o.fl.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu.

Loftslagsmiðað skipulag: Loftslagsmiðað skipulag er skipulag byggðar og landnotkun sem stuðlar að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Helstu þættir loftslagsmiðaðs skipulags eru:

- Loftslagsvænar samgöngur sem miða að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, m.a. með áherslu á virka ferðamáta, orkuskipti í samgöngum og þétta og blandaða byggð.
- Loftslagsvæn byggð sem miðar að því að lágmarka kolefnisspor byggðar og efla endurvinnslu og endurnýtingu.
- Loftslagsvæn landnotkun sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu lands og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.
- Byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum.

Heimild. Skipulagstofnun (2020), Landskipulagsstefna og loftslagsmál: https://www.samband.is/wp-content/uploads/2020/10/hrafnhildur.pdf

Mannlífsás: Mannlífsás mun liggja um miðbæ í Hamraborg og tengja miðbæinn við aðliggjandi byggð með áherslu á vistvænar samgöngur.

Miðkjarnar: Þéttbyggð svæði með fjölbreytilegri starfsemi og gegna lykilhlutverki í þjónustu við nálæga byggð. Miðkjarnar eru flokkaðir í lands-, svæðis- og bæjarkjarna. Heimild: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Mikilvægisgreining: Mikilvægisgreining var unnin út frá áherslum aðalskipulagsins, þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við eða stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Haldnir voru þrír vinnustofufundir um mikilvægisgreiningar í september og október 2019. Þátttakendur voru ólíkir hagsmunaaðilar.

Nýtingarhlutfall, breytt skilgreining 2016: Vakin er athygli á breyttri skilgreiningu á nýtingarhlutfalli árið 2016. Ný skilgreining er svohljóðandi: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli ÍST 50:1998 varðandi byggingarhluta í lokunarflokkum A og B. Undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, sbr. ÍST 21:1971. Bent er á að þegar deiliskipulagi er breytt, er tilefni til að yfirfara sérstaklega skilmála um nýtingarhlutfall, þar sem breyting á skilgreiningu hugtaksins kann að hafa áhrif á heimilað byggingarmagn. Sjá einnig ,,svæðisnýting“. Heimild og nánari lýsing er á vef Skipulagsstofnunar https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/nytingahlutfall-breytt-skilgreining-i-reglugerd.

Í greinargerð þessari er alla jafna ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum fermetratölum til 2040.

Orkunýtni bygginga: Sjá skilgreiningar varðandi vistvæn markmið og vistvæn byggingarefni.

Rammaákvæði: Rammaákvæði aðalskipulags eiga við í þegar byggðum hverfum – jafnt deiliskipulögðum sem ódeiliskipulögðum hverfum. Rammaákvæðin eiga ekki við á þróunarsvæðum né heldur þegar unnið er nýtt deiliskipulag. Rammaákvæðin eru bindandi hluti aðalskipulags. Þegar óskað er eftir breytingum samkvæmt „43. gr. Breytingar á deiliskipulagi“ og „44 gr. Grenndarkynning“ skipulagslaga nr. 123/2010 skulu rammaákvæðin höfð til hliðsjónar. Þau virka m.a. eins og skipulagsskilmálar varðandi breytingar og uppbyggingarmöguleika.

Reitanýting. Sjá svæðisnýting.

Samgöngumiðað skipulag: Grundvallaratriði samgöngumiðaðs skipulags eru þéttir og blandaðir byggðakjarnar/reitir nálægt öflugum almenningssamgönguásum. Áhersla er lögð á gönguvæna og blandaða byggð í umhverfi sem tekur tillit til mannlegs mælikvarða og einstaklinga þar sem boðið er upp á raunhæft val milli ólíkra ferðamáta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Samgöngumiðuð svæði /þróunarsvæði: Svæði sem eru vel tengd við almenningssamgöngur, Borgarlínu eða hefðbundinn strætó með hátt þjónustustig. Einnig er oft talað um samgöngumiðuð þróunarsvæði. Heimild: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Sérbýlishús: Íbúðarhús, þar sem ekki telst til sameignar annað en lóð og ytra byrði húss og hluti lagnakerfa eftir eðli máls, t.d. einbýlishús, raðhús og parhús. Heimild: Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.br.

Séríbúð: Átt er við nýja íbúð sem útbúin er með uppskiptingu eða viðbyggingu við eldra hús/íbúð eða breyttri notkun rýmis í þegar byggðu húsi. Séríbúð hefur aðskilið eignarhald og er því heimilt að selja frá eignarhluta upprunalegrar íbúðar.

Sjálfbær þróun: Hugtakið er víðfeðmt og tekur til náttúru, samfélags og efnahags og samspil þessara þátta. Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum. Heimild: Vísindavefurinn; https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1840.

Sjálfbær nálgun: Sjálfbær nálgun í skipulagsgerð tekur mið að því að horft sé til grunnþátta vistvæns skipulags og sjálfbærrar þróunar og þau atriði höfð til viðmiðunar við úrlausn.

Sjálfbærar ofanvatnslausnir: Sama og blágrænar ofanvatnslausnir (e. sustainable urban drainage systems).

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í skipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Svæðisnýting: Svæðisnýting eða svæðisnýtingarhlutfall er nýtingarhlutfall sem segir til um hversu mikið byggingarmagn er á svæði í hlutfalli við byggjanlegt svæði. Þetta eru bæði fermetrar sem tilheyra íbúðarbyggð og atvinnuhúsnæði. Land sem fer undir, s.s. innra gatnakerfi, stígar og minni almenningsrými teljast vera hluti hins byggjanlega svæðis við útreikning. Heimild: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040. Svæðisnýtingarhlutfall er ætíð lægra en nýtingarhlutfall lóða. Í fyrra Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er talað um meðalnýtingu svæðis eða reits, stundum kallað reitanýting. Sú skilgreining fellur undir skilgreiningu um svæðisnýtingu. Í Aðalskipulagi Kópavogs er tekið fram hvort bílakjallarar teljast með eða ekki. Ef misræmi er á milli áætlaðrar svæðisnýtingar (áætlaðs svæðisnýtingarhlutfalls) og áætlunar (í töflum) gildir áætluð svæðisnýting (áætlað svæðisnýtingarhlutfall).

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í skipulagsáætlun um nánari útfærslu skipulags um samsetningu byggðar, byggingarlínur, hæð húsa o.fl.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.

Svæðiskjarni: Svæðiskjarninn, Smárinn og Mjódd, þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu en einnig bæjarhlutum, hverfum og nánasta umhverfi. Heimild: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Vaxtarmörk (byggðar): Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til 2040. Allt þéttbýli á að þróast innan þeirra til ársins 2040 en lega vaxtarmarka skal skilgreind nánar í aðalskipulagi. Vaxtarmörk draga skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis og stuðla að sjálfbærri byggð og varðveislu náttúrusvæða og landbúnaðarlands. Heimild: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Virkir samgöngumátar: Virkir samgöngumátar eru þeir samgöngumátar þar sem að fólk hreyfir stig og stuðlar þannig að bættri heilsu og bættu umhverfi. Hér er t.d. átt við það að ganga og hjóla, en einnig almenningssamgöngur því notkun þeirra felst í göngu og/eða hjólreiðum til og frá stoppistöð. Heimild: Ólöf Kristjánsdóttir (2019), samgönguskipulag og sjálfbærni: https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/samgonguskupulag_sjalfbaerni/$file/Samg%C3%B6nguskipulag%20og%20sj%C3%A1lfb%C3%A6rni-Mannvit-Apr%C3%ADl%202019.pdf

Vistvænar samgöngur/samgöngumátar: Vistvænar samgöngur miða að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum samgangna, m.a. með áherslu á virka ferðamáta (hjól, ganga, almenningssamgöngur), orkuskipti í samgöngum og þétta og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

blandaða byggð til þess að draga úr ferðaþörf. Heimild: Ólöf Kristjánsdóttir (2019), samgönguskipulag og sjálfbærni: https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/samgonguskupulag_sjalfbaerni/$file/Samg%C3%B6nguskipulag%20og%20sj%C3%A1lfb%C3%A6rni-Mannvit-Apr%C3%ADl%202019.pdf

Vistvæn byggð: Vistvæn byggð tekur mið að því að lágmarka neikvæð áhrif byggðar á umhverfi í anda sjálfbærrar þróunar. Vistvæn byggð er skipulögð í anda vistvæns skipulags (sjá skilgreiningu fyrir vistvænt skipulag).

Vistvæn bygging: Vistvæn bygging er byggð á aðferðum sem miða að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif byggingarinnar. Horft er til þess að nýta auðlindir á hagkvæman hátt, lágmarka sóun og neikvæð umhverfisáhrif yfir allan lífsferil byggingar. Við hönnun vistvænna bygginga er hugað að því að nýta umhverfisvænt byggingarefni, lágmarka orkunotkun og stuðla að heilnæmu umhverfi fyrir notendur byggingarinnar. Vottunarkerfi, s.s. BREEAM og Svanurinn, staðfesta að vistvænum sjónarmiðum hefur verið fylgt við hönnun og framkvæmd bygginga. Heimild: Framkvæmdasýsla ríkisins (e.d.), vistvæn bygging: https://www.fsr.is/umhverfismal

Vistvænt byggingarefni: Vistvæn byggingarefni eru framleidd með umhverfið í huga. Vistvæn byggingarefni eru framleidd á ábyrgan hátt, bundið kolefni er í lágmarki og þau losa ekki eiturefni á líftíma sínum. Vistvæn byggingarefni eru gjarnan með einhverskonar umhverfisvottun eða viðurkenningu og stuðla að vistvænni byggingum.

Hægt er að hanna orkunýtnar byggingar þar sem horft er til þess að lágmarka orkunotkun bygginganna. Einnig hægt að horfa til þess að byggingarefni séu með takmarkað kolefnisspor.

Vistvæn markmið: Með vistvænum markmiðum skipulags er átt við þau atriði sem nefnd eru í skilgreiningu fyrir vistvænt skipulag. Svo sem að hugað sé að fjölbreyttu framboði húsnæðis, vistvænum samgöngum, orkunýtni bygginga, vistvænu byggingarefni og úrgangsstjórnun.

Vistvænar lausnir: Með vistvænum lausnum er átt við aðgerðir í skipulagi, hönnun eða framkvæmd sem styðja við sjálfbærni og stuðla að vistvænu skipulagi. Dæmi um vistvænar lausnir eru blágrænar ofanvatnslausnir, framboð göngu- og hjólastíga, umhverfisvænt efnisval, orkunýtni o.fl.

Vistvænt skipulag: Vistvænt skipulag tekur mið af því að lágmarka neikvæð áhrif skipulags á umhverfi og samfélag og hámarka jákvæð áhrif þess. Horft er meðal annars til verndunar vistkerfis, orkunýtni, blágrænna ofanvatnslausna, fjölbreytts framboðs húsnæðis, úrgangsstjórnunar og notkunar vistvæns byggingarefnis. Gerðar eru áætlanir um verndun náttúru- og menningarminja auk þess sem áhersla er lögð á góðar og fjölbreyttar samgöngur og samspil og samhengi bygginga. Rík áhersla er einnig lögð á aðkomu íbúa og annarra hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni. Heimild: Grænni byggð (2014), Vistvænt skipulag þéttbýlis: https://cfb5f439-74b6-493e-a7fd-f59376383508.filesusr.com/ugd/54e708_73c0ceb9946e4b8b841388cd07561166.pdf

Þéttingarsvæði /þétting byggðar: Svæði skilgreint fyrir þétta byggð, oftast blandaða byggð með íbúðum og atvinnustarfsemi. Þétting byggðar er skilgreind á þróunarsvæðum og/eða samgöngumiðuðum svæðum.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

Þróunarsvæði: Þróunarsvæði felur í sér að hægt verður að endurskoða landnotkun og landnýtingu svæðisins. Breytingar á hlutverki reita eða hverfa verða að vera í samræmi við aðalskipulag og byggja á deiliskipulagi og skilmálum þess. Áætlun um þróunarsvæði getur falið í sér breytta notkun húsnæðis, stækkun þess eða byggingu nýs húsnæðis. Það fer eftir umfangi breytinganna hvort endurskoða þurfi gatna- og stígakerfi. Nýtingarhlutfall á þróunarsvæðum verður ákveðið við gerð deiliskipulags fyrir einstök svæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2 BYGGÐ

2.1 MEGINMARKMIÐ – BYGGÐ – ÞRÓUNARSVÆÐI – SAMGÖNGUMIÐUÐ SVÆÐI

Stuðla skal að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Mótun byggðarinnar skal tryggja sjálfbærni og hagkvæma uppbyggingu. En í því felst m.a. að áfram er horft til þéttingar byggðarinnar og þannig er vægi vistvænni samgangna aukið. Áhersla er jafnframt lögð á blandaða byggð með fjölbreytt framboð af húsnæði, þjónustu og útivist ásamt greiðum og öruggum samgöngukerfum.

Leitast verður eftir því að við uppbyggingu nýrra hverfa verði horft til sjálfbærra lausna og vistvænna (orkusparandi) byggingarefna.

Stefna um þróun og mótun byggðar og nýtingu lands og landgæða innan marka bæjarins skal vera til þess að styrkja bæjarbraginn.

Lögð er áhersla á breyttar ferðavenjur, góðar almenningssamgöngur, strætó og Borgarlínu samhliða þéttingu byggðar.

Skipulag taki mið af þörfum og óskum íbúa sem og annarra hagsmunaaðila en taki jafnframt mið af hagsmunum heildarinnar í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu í aðalskipulagi þessu í öllum köflum greinargerðarinnar - 2. Byggð, 3. Atvinnulíf, 4. Umhverfi, 5. Grunnkerfi, 6. Samfélag og 7. Rammahluta aðalskipulags.

Unnin var mikilvægisgreining út frá áherslum aðalskipulagsins, þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við sjálfbærni og stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna.



Mynd 2-1. Kafli 2. Byggð. Landnotkun, þróunarsvæði.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Tafla 2-1. Nýtingarhlutfall húsagerða (lóða) og svæðisnýtingarhlutfall.

A. Viðmið um nýtingarhlutfall lóða, reita/svæða.	Hlutfall
Á þróunarsvæðum fyrir íbúðarbyggð/byggð með blandaðri landnotkun og á öðrum þéttingarsvæðum m.a. fyrir íbúðir má gera ráð fyrir hærra nýtingarhlutfalli. Um það skal taka ákvörðun í aðal- og/eða deiliskipulagi eftir því sem við á. Sjá lið B hér á eftir.	
Einbýlishúsalóð.	0,20-0,35
Raðhúsa- og parhúsalóð.	0,35-0,60
Sambýlishús á lóð (2 til 5 íbúðir).	0,50-0,80
Fjölbýlishús á lóð (undir 5 hæðir).	0,60-0,90
Fjölbýlishús á lóð (yfir 5 hæðir).	0,80-2,00

B. Svæðisnýting (svæðisnýtingarhlutfall). Markmið um þéttleika byggðar á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum. Heimild SSH.

Sjá einnig töflu 2-14 Yfirlit yfir þróunarsvæði (í kafla 2.2.4). Svæðisnýtingarhlutfall er alltaf lægra en nýtingarhlutfall lóða. Sjá kafla 1.9 Hugtök og skilgreiningar.



2.1.1 Íbúðarbyggð – Markmið, leiðir, þróun, áætlun

2.1.1.1 Skilgreiningar, markmið og leiðir - nýtingarhlutfall húsagerða, aldursdreifing

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins. (gr. 6.2.a í skipulagsreglugerð, Stefna um landnotkun).***

Á þróunarsvæðum er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun sem lýst er í kafla 2.2 Þróunarsvæði.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er, eins og áður, gengið út frá því að bærinn skiptist í fimm bæjarhluta. Sú skipting er byggð á rótgrónum viðmiðum en einnig eru ýmsir þættir sem eru ráðandi, s.s. skipting kirkjusókna, póstnúmera, skólahverfa, aðalgatnakerfi og almennt skörpum skilum í umhverfinu.

Bæjarhlutarnir eru, Kársnes, Digranes, Smárar, Fífuhvammur (Lindir og Salir) og Vatnsendi (Kórar, Hvörf og Þing) og er fjallað um þá nánar í rammahluta aðalskipulagsins í kafla 7. Lagðar eru fram verklagsreglur (rammaákvæði og stefnuákvæði hverfisáætlana) í 7. kafla til hliðsjónar þegar sótt er um óverulegar breytingar á skipulagi byggðar.

MARKMIÐ:

- Leitast verður við að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa. Allir geti orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Grunnþjónusta standi öllum til boða í samræmi við heimsmarkmið 11.1 um aðgengi að öruggu húsnæði og grunnþjónustu og markmið 5.2 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, um fjölbreyttan húsnæðismarkað sem uppfylli þarfir íbúa.
- Greining hverfa og markmið um fjölgun íbúða í rað-, par- og einbýlishúsahverfum verða sett fram í hverfisáætlunum. Sjá meginmarkmið í 7. kafla um hverfisáætlanir (kafla 7.1 Meginmarkmið).
- Stefnt er að því að uppbygging þjónustu verði sem mest samhliða byggingu íbúðarhverfa í samræmi við heimsmarkmið 11.1 um aðgengi að öruggu húsnæði og grunnþjónustu.
- Dregið verði úr skaðlegum umhverfisáhrifum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.
- Við skipulag svæða verði horft til sjálfbærni og skilvirkrar nýtingar náttúruauðlinda í samræmi við heimsmarkmið 12.2 um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda.
- Dregið verði úr sóun með forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu í samræmi við heimsmarkmið 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Við skipulag íbúðarbyggðar skal horft til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Þétting byggðar fyrir íbúðir er skilgreind á þróunarsvæðum þar sem lögð er áhersla á blandaða landnotkun íbúða og atvinnu- og/eða miðbæjarstarfsemi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 2-2. Hverfiskjarnar og bæjargötur í hverfum Kópavogs. Svæðiskjarnar eru skilgreindir í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til 2040. Fjallað er um hverfiskjarna í 7. kafla í undirköflum um hverfin fimm í Kópavogi.

- Þéttleiki byggðar verði mestur næst miðju en næst jaðrinum verði byggðin strjálli og tengsl við ósnortna náttúru meiri.
- Horfa skal til þéttingar byggðar í anda stefnu um sjálfbært skipulag þéttbýlis.
- Stuðla skal að verndun og viðhaldi þess menningarsögulega arfs sem fólginn er í sögu og þróun byggðar í Kópavogi á þann hátt að einstök hús, húsaraðir og götumyndir verði vernduð. Verði það samkvæmt viðmiðum rammaákvæða aðalskipulags í 7. kafla greinargerðar þessarar í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Hvert hverfi verði aðlaðandi, sérkenni þess njóti sín og hafi miðkjarna ef þess er kostur.
- Lögð er áhersla á gæði í byggðu umhverfi; byggðarmynstur og staðaranda, göngufjarlægðir, götuna sem borgarrými, almenningsrými, rými milli bygginga, skjól, útvistarsvæði, hönnun og arkitektúr.
- Byggingarland verði nýtt með hagkvæmum hætti, byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu.
- Breytingar á einstökum lóðum eða hluta götureita í eldri hverfum bæjarins skulu ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar. Meðal annars er gætt samræmis hvað varðar götumynd, hlutföll bygginga og byggingarlist. Breytingar á fullbyggðum svæðum, jafnt deiliskipulögðum svæðum sem ódeiliskipulögðum, skulu vera í takt við rammaákvæði aðalskipulags í 7. kafla greinargerðar þessarar.
- Huga skal að sjálfbærum lausnum og bent á blágrænar ofanvatnslausnir meðal annars til að stuðla að náttúrulegri endurhleðslu grunnvatns, minnka álag á fráveitukerfi, draga úr mengun og vernda vatnsgæði viðtaka. Taka skal tillit til aðstæðna á hverjum stað svo sem undirlagi, landhalla og mögulegum viðtaka ofanvatns.
- Við skipulag byggðar verði leitast við að jafna dreifingu aldurs- og þjóðfélagshópa og horft til lýðheilsusjónarmiða.
- Á íbúðarsvæðum verði heimil minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu.
- Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverfinu og þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Við endurhönnun bæjargatna og umhverfis þeirra er æskilegt að þær séu skoðaðar heildstætt.
- Markmið um þéttleika byggðar á þróunarsvæðum Borgarlínu, samgöngumiðuðum þróunarsvæðum/svæðum og vaxtarmörk byggðar verði í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040. Sjá töflu 2-1. Með vísan til m.a. SSH. a) Breyting, maí 2018: Samgöngu- og þróunarásar fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. b) Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, tafla 2, Viðmið um einkenni miðkjarna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 2-3. Bryggjuhverfið. Ljósm. F.B.

LEIÐIR:

- Lögð verði áhersla á að frágangur á nýbyggingarsvæðum sé góður og að skapað verði aðlaðandi umhverfi fyrir íbúa í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.
- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu lóðaframboði í samræmi við kröfur íbúðarmarkaðarins hverju sinni í samræmi við heimsmarkmið 11.1 um aðgengi að öruggu húsnæði og grunnþjónustu.
- Lögð verði áhersla á góða umgengni á nýbyggingarsvæðum og framkvæmdasvæðum, endurvinnslu byggingarúrgangs og vöktun vatns- og raforkunotkunar í samræmi við heimsmarkmið 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Unnið verði deiliskipulag fyrir þróunarsvæðin með sjálfbæra þróun og gæði byggðar að leiðarljósi.
- Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags. Horft verði til gæða húsnæðis og nærumhverfis s.s. birtuskilyrða, dýpt húsnæðis, hljóðgæða og loftgæða í íbúðum. Einnig verði hugað að inngörðum og nærumhverfi, hæð bygginga, fjarlægð á milli bygginga. Hugað verði að torgum og útisvæðum til leiks og dvalar þar sem sólar nýtur.
- Gerðar verði leiðbeiningar/viðmið um gæði byggðar sem hafðar verði til hliðsjónar við skipulagsgerð.
- Gæði byggðar eru m.a. skilgreind í hverfisáætlunum og gátlistum þeim tengdum. Sjá einnig 7. kafla um rammahluta aðalskipulags, markmið fyrir hverfin fimm í Kópavogi þ.e. Kársnes, Digranes, Smára, Fífuhvamm og Vatnsenda.
- Þétting byggðar verði í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040,* að lágmarki 66% í miðkjörnum og á öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum. Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni. Þróunarsvæði og samgöngumiðuð (þróunar)svæði eru skilgreind í kafla 2.2 í greinargerð þessari.
- Lagt er mat á varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga í rammahluta aðalskipulags í 7. kafla í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Í allri skipulagsvinnu verði lögð áhersla á góðar tengingar á milli útivistarsvæða.
- Lögð verði áhersla á uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi hverfum og á auðum lóðum.
- Við endurskoðun skipulags í svæðiskjarnanum við Reykjanesbraut verði áfram lögð áhersla á blandaða landnotkun og á byggðarmynstur sem byggir á samspili gatna, torga, garða og bygginga.
- Götureitir eldri hverfa bæjarins teljast að mestu fullbyggðir og skulu því áhrif breytinga eða nýrra bygginga metin út frá svipmóti þeirrar byggðar sem fyrir er þannig að hún falli sem best að yfirbragði hverfisins.
- Í hverfisáætlunum eða deiliskipulagi skal kveða nánar á um mögulegar takmarkanir á minniháttar atvinnustarfsemi á íbúðarsvæðum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

VIÐMIÐ UM SKIPTINGU UPPBYGGINGAR

Tafla 2-2. Íbúðir. Viðmið um skiptingu uppbyggingar á miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði. Taflan er tekin úr töflu 1 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040 (bls. 34).

Íbúðir	**2012**		**2025 – Viðmið**		**2040 – Viðmið**	
	#	**%**	**#**	**%**	**#**	**%**
Landskjarni	7.800	9%	9.950	10%	10.600	10%
Svæðiskjarni	1.250	2%	2.250	2%	2.700	2%
Bæjarkjarnar	4.600	6%	7.400	8%	10.300	9%
Kjarnar alls	**13.650**	**17%**	**19.650**	**20%**	**23.600**	**21%**
Samgöngumiðuð þróunarsvæði	*11.450*	*14%*	*24.750*	*25%*	*52.000*	*45%*
Annað þéttbýli	56.000	67%	52.400	53%	37.400	32%
Dreifbýli	2.000	2%	2.050	2%	2.100	2%
Höfuðborgarsvæðið alls	**83.100**	**100%**	**98.850**	**100%**	**115.100**	**100%**

Skýringartexti við töflu 2-2.
1. Leiðbeinandi viðmið fyrir frekari skipulagsvinnu innan höfuðborgarsvæðisins.
2. Viðmið fyrir samgöngumiðuð þróunarsvæði skulu höfð til hliðsjónar við útfærslu á aðalskipulagi aðildarsveitarfélaga og skipulagi almenningssamgangna hjá Strætó bs.
3. „Annað þéttbýli“ vísar til allra svæða innan vaxtarmarka sem ekki eru skilgreind sem kjarnar eða uppfylla kröfur sem gerðar eru til samgöngumiðaðra þróunarsvæða.
4. Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði í kjörnum og samgöngumiðuðum þróunarsvæðum árið 2040. Sveitarfélög geta vikið frá viðmiðum fyrir einstaka flokka, t.d. með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 2-4. Mannfjöldaspá eftir aldurshópum. Heimild: Hagstofa Íslands og Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024.

Til að sýna betur áætlaða þróun íbúafjölda eru hér til samanburður sýndar tölur sem byggt var á í umferðarspám fyrir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins fyrir bæði 2030 og 2040. Tölur fyrir 2012 og 2019 eru rauntölur íbúafjöldans.



Mynd 2-6. Þróun íbúafjölda í Kópavogi sem er settur fram í aðalskipulagi og tölur úr svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Aðalskipulag gerir ráð fyrir hraðari vexti en svæðisskipulagsáætlanir. Heimild: Umferðarspá VSÓ.

ALDURSDREIFING OG ÞRÓUN ÍBÚAFJÖLDA



Mynd 2-5. Aldursskipting í Kópavogi 2018 og 1998. Heimild: SSH.



Mynd 2-7. Aldursdreifing íbúa í Kópavogi 2019. Heimild Hagstofa Íslands.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 2-8. Stöplarit sem sýnir þróun íbúafjölda í Kópavogi. Jafnframt sést hlutfall íbúafjölda í Kópavogi af heildaríbúafjölda höfuðborgarsvæðisins**.** Heimild: Umferðarspá VSÓ.



Mynd 2-9. Mannfjöldaspá fyrir Kópavog. Hlutfallsmörk eru skekkjumörk. Heimild: Byggðastofnun byggð á miðspá Hagstofunnar.

2.1.1.2 Íbúaþróun, íbúaspá, áætlun um uppbyggingu íbúða

Íbúaþróun

Frá lokum síðustu aldar og í upphafi þeirrar 21. hefur Kópavogur vaxið hratt. Árið 2000, sem var viðmiðunarár aðalskipulags 2000-2012, voru íbúar í Kópavogi 23.527 talsins. Árið 2012, sem var viðmiðunarár síðasta aðalskipulags 2012-2024, voru íbúar í Kópavogi um 31.200.

Í endurskoðun aðalskipulags er m.a. tekið mið af stöðu mannfjölda sem fram kemur í tölum Hagstofunnar frá 1. janúar 2012 til 1. janúar 2019. Í talnagrunni íbúða er miðað við haustið 2019 en þá voru íbúar orðnir um 37.700.

Árið 2012 var íbúafjöldi í Kópavogi orðinn 31.205 íbúar og nemur fjölgunin á tímabilinu 1998-2012 um 23 %. Árleg íbúafjölgun í Kópavogi var þá um 3% að meðaltali, en mest fór árleg fjölgun í 7,4 % frá 1997-1998. Til viðmiðunar hefur árleg fjölgun á þessu sama tímabili verið um 1% á landsvísu og um 1,5% á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 2019 er íbúafjöldinn orðinn um 37.000 í upphafi árs (og 37.700 um haustið). Íbúafjölgun á 7 árum (frá 2012) er um 5.800 (5.785) eða um 18.5 % á tímabilinu þ.e. frá 1. janúar 2012 til 1. janúar 2019 – eða um 2.6 % að jafnaði.

Íbúaspá, Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Íbúar voru um 37.000 í upphafi árs 2019 og um 37.700 um haustið. Í þessu aðalskipulagi fyrir árin 2019-2040 er tillaga um að skipta uppbyggingu annars vegar til 2030 og hins vegar frá 2031 til framtíðar (2040 /óskilgreinds tíma). Miðað er við um 2.5 íbúa í nýjum íbúðum frá 2019 í áætlun þessari:

- Til 2030. Miðað er við íbúum fjölgi um 1.9 % að jafnaði á ári. Íbúar verði þá um 46.000 árið 2030.
    - Áætlaðar eru um 3.900 nýjar íbúðir frá 2019 til 2030.
- Frá 2031. Miðað við fullbyggð íbúðarsvæði aðalskipulagsins. Áætla má að íbúar geti orðið um 52.000.
    - Áætlaðar eru um 1.860 nýjar íbúðir 2030-2040.
    - Áætlunin (tölur) er sett fram sem mögulegur fjöldi íbúa- og íbúða í Kópavogi til 2040.

Mannfjöldaspá Hagstofunnar er sett fram reglulega fyrir allt landið í þremur útgáfum; lágspá, miðspá og háspá. Samkvæmt mannfjöldaspánni 2019-2050 er í miðspá gert ráð fyrir að fjöldi íbúa í Kópavogi verði um 44.000 árið 2040 - en samkvæmt háspá verði íbúar Kópavogs um 48.000 árið 2040.

Áætlun Kópavogs er hærri, sjá tölur hér að ofan og í töflu 2-7 (Áætlun um mögulegan fjölda íbúa og íbúða til ársins 2040). Þar er sett fram dæmi miðað við fullbyggð íbúðarsvæði aðalskipulags árið 2040 – þá verði íbúar Kópavogs um 52.000.

Tekið er fram að áætlun þessa þarf að endurskoða reglulega t.d. í tengslum við þróunaráætlun SSH. Hlutfall milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður endurskoðað á skipulagstímabilinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 2-10. Hlutfallsfjölgun milli áranna 1999-2018 í samanburði við landið í heild og höfuðborgarsvæðið. Heimild: Hagstofa Íslands.

Íbúðaþörf – áætlun um uppbyggingu íbúða 2019 til 2040

Áætlun um íbúðaþörf er byggð á íbúaspá Skipulags- og byggingardeildar Kópavogs, SBK. Miðað er við um 2,5 íbúa á íbúð í nýjum íbúðum frá 2019 til 2040. Meðaltal íbúa á íbúð árið 2019 er tæplega 2,7.

Hafa ber í huga að forsendur geta breyst hratt með tilliti til uppbyggingarhraða og nægir þá að líta til þeirrar uppbyggingar sem varð í Kópavogi í upphafi aldarinnar og var ekki að fullu fyrirséð, þ.e. á skipulagstímabili 2000-2012.

Haustið 2019 (október) voru um 1.595 íbúðir óbyggðar en samþykktar í deiliskipulagi, þ.e. um 720/735 á Kársnesi, um 11 í Lundi, um 740/760 í Smára og á Nónhæð, um 85 í Glaðheimum og um 20/25 að Vatnsendabletti.

Tafla 2-3. Áætlaðar íbúðir í Kópavogi.

Áætlaðar íbúðir	**2030**	**2040**
Samtals óbyggðar íbúðir en samþykktar samkvæmt deiliskipulagi 2019	1.595	
Samtals áætlaðar íbúðir til viðbótar fram til 2030	2.305	
Samtals áætlaðar íbúðir til viðbótar frá 2030-2040		1.860
Samtals alls: **5.760**	3.900	1.860

Sjá einnig töflur í köflum um áætlanir um uppbyggingu hverfa í kafla 7. Rammahluti aðalskipulags þ.e. köflum 7.3.2, 7.4.2, 7.5.2, 7.6.2 og 7.7.2.

Tafla 2-4. Íbúaþróun í Kópavogi frá 1950.

Ár	**1950**	**1955**	**1960**	**1965**	**1970**	**1975**	**1980**	**1985**	**1990**	**1995**	**2000**	**2005**	**2010**	**2015**	**2019**
Fjöldi	1.652	3.783	6.213	9.204	11.165	12.570	13.819	14.631	16.186	17.659	23.518	26.468	30.357	33.250	36.990
Fjölgun		2.131	4.566	2.991	1.961	1.405	1.249	812	1.555	1.473	5.868	2.941	3.489	3.293	3.740

Tafla 2-5. Hlutfallsleg íbúafjölgun í Kópavogi 2000-2018.

Ár	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**
Fjölgun	954	644	725	336	451	709	1.013	1.360	1.091	381	422	426	521	582	897	936	1.105	724	1.020
Fjölgun í %	4,0%	2,9%	2,9%	1,4%	1,9%	4,2%	3,9%	3,6%	4,7%	1,2%	1,3%	1,4%	1,7%	1,8%	2,8%	2,8%	3,2%	2,1%	2,8%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða



Mynd 2-11. Áætlun um uppbyggingu íbúða til ársins 2040. Helstu svæði.

Samtals um 5.760 íbúðir eða um 5.710 að frádregnum íbúðum sem þarf að rífa. Þar af er áætlað að um eða yfir 3.900 byggist fyrir eða verði komnar í byggingu 2030. Í áætlun er gert ráð fyrir að hluti íbúða verði á ódeiliskipulögðum svæðum og eldri deiliskipulögðum hverfum.

Miðað er við stöðu í lok árs 2019.

Vikmörk á fjölda íbúða geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%. Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

Tafla 2-6. Viðauki við mynd 2-11. Samtals íbúðir, íbúar og atvinnuhúsnæði. Samantekt fyrir árin 2012 og 2019. Áætlun fyrir íbúðir frá 2019 til 2040.

Sjá einnig töflur í köflum um áætlanir um uppbyggingu hverfa í kafla 7. Rammahluti aðalskipulags þ.e. köflum 7.3.2, 7.4.2, 7.5.2, 7.6.2 og 7.7.2.

SAMTALS FERMETRAR* Í ÖLLUM HVERFUM KÓPAVOGS. Sjá upplýsingar um einstök hverfi í 7. kafla.										
Íbúar	Íbúðir **	Íbúar/ íbúð	m^2 íb */***	m^2/íbúa */***	Meðalst. Íbúða m^2 */***	m^2 atvh. */***	Verslun/ skrifst. m^2 */***	Geymslur m^2 */***	Sérh.h. m^2 */***	m^2 samtals ***/*****
Samantekt fyrir byggð árið 2012										
31.205	11.688	3	1.632.888	52	140	246.477	350.132	27.916	215.978	**2.473.391**
Samantekt fyrir núverandi byggð árið 2019										
37.730	14.206	2,7	1.977.420	52	139	259.017	375.763	24.590	205.044	**2.841.834**
Samantekt fyrir núverandi byggð árið 2019, samþykkta og áætlaða byggð til 2040										
52.138	19.969**	2,6	2.639.722	51	132					
Áætluð fjölgun íbúa og íbúða 2019-2040. Miðað er við 2,5 íbúa í nýjum íbúðum.										
14.408	**5.763****	2,5	662.302 */***	46	115					

*Alla jafnan er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum fermetratölum til 2040.

****Vikmörk** á fjölda íbúða geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%.

Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

Tekið er fram að áætlun þessa þarf að endurskoða reglulega, t.d. í tengslum við þróunaráætlun SSH. Hlutfall milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður endurskoðað á skipulagstímabilinu.

***Ef misræmi er á milli áætlaðs svæðisnýtingarhlutfalls og áætlaðrar uppbyggingar í töflum (m^2) gildir áætlað svæðisnýtingarhlutfall.

Áætlun um uppbyggingu er miðuð við stöðu íbúða í lok árs 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

ÁFANGASKIPTING OG TENGING VIÐ SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Byggingarland Kópavogs er takmarkað og nauðsynlegt að nýta það með hagkvæmum hætti. Fjárfestingar í nýju byggingarlandi og síðar veitu- og samgöngukerfum hafa verið umtalsverðar á síðustu árum og eiga þær eftir að skila sér til baka með hagkvæmri nýtingu.

Með uppbyggingu á þróunarsvæðum í eldri hverfum Kópavogs skapast grundvöllur fyrir þéttingu byggðar sem er í anda markmiða sjálfbærrar þróunar. Með því skapast forsendur fyrir blöndun byggðar og um leið betri nýting á samgöngukerfum bæjarins og takmörkun á útþenslu byggðar.

Tafla 2-7. Áætlun um fjölda íbúa og íbúða í Kópavogi til 2040. Við útreikning er miðað við 2.5 íbúa í nýjum íbúðum frá 2019. Skipulags- og byggingardeild Kópavogs, SBK.

SBK	**2012**	**2019**	**2030**, áætlun ca.	**2040**, áætlun ca.
Íbúðir	11.700	14.200	18.000	19.970
Íbúar	30.250	37.700	46.000	52.100
Íbúar á íbúð	2,6	2,7 (2,66)	2,6 (2.55)	2,6

Í þessari endurskoðun 2019-2040, eins og þeirri síðustu 2012-2024, er horft til uppbyggingar sem hefur átt sér stað í eldri hverfum bæjarins. Unnið hefur verið að þéttingu byggðar með gerð deiliskipulags á nokkrum þróunarsvæðum m.a. við Auðbrekku, við Hafnarbraut, Nesvör/Vesturvör á Kársnesi, Smáranum, Glaðheimum og við Dalveg.

Á skipulagstímabilinu 2019-2040 verður áfram horft til endurbóta á þróunarsvæðum; á vesturhluta Kársness og Auðbrekku, Smiðjuhverfi, Glaðheimum og Smáranum sunnan Smáralindar, nýju þróunarsvæði bætt við í miðbæ Hamraborgar og í Kópavogsdal fyrir íþróttastarfsemi.

Þróunarsvæði á Kársnesi er stækkað lítillega, þróunarsvæði í Glaðheimum og sunnan Smáralindar minnka og svæði sem áður var þróunarsvæði við Dalveg er talið mótað þar sem deiliskipulag af því svæði er í auglýsingu.

Þó að eldri hverfi bæjarins teljist fullbyggð er í þessu aðalskipulagi áfram horft til þéttingar byggðar í þessum hverfum eins og stefnt hefur verið að á undanförnum árum. Einkum er horft til þéttingar á eldri atvinnusvæðum þar sem mikið er um illa nýtt húsnæði.

Uppbygging á þegar samþykktum deiliskipulögum á landfyllingum í bryggjuhverfinu við Kársnes hófst á síðasta skipulagstímabili og heldur áfram á nýju tímabili. Gert er ráð fyrir að næsta nágrenni verði skipulagt fyrir íbúðarbyggð m.a. á svokölluðum Ora-reit, reit við brúarsporð fyrirhugaðrar Fossvogsbrúar og á reit austan við byggingu Landsréttar.

Hafnarsvæði á Kársnesi var breytt á síðasta skipulagstímabili í smábátahöfn og gert var ráð fyrir atvinnustarfsemi á svæðinu. Hluta atvinnusvæðis norðvestan á Kársnesi er breytt út athafnasvæði í verslunar- og þjónustusvæði. Höfnin hefur verið stækkuð lítillega með nýjum hafnargarði til suðurs.

Í stað hafnarstarfsemi og hafnarsvæðis var og er gert ráð fyrir blandaðri byggð á þróunarsvæði, aðallega íbúðabyggð en einnig fyrir verslun- og þjónustu ásamt atvinnuhúsnæði ÞR-1 innan ÍB-1.

Aldurssamsetning

Viðvarandi fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu samfara stöðugri fólksfækkun víða í landsbyggðunum, er sú mynd sem dregin er upp í megindráttum í nýrri mannfjöldaspá Byggðastofnunar til ársins 2067. Helstu ástæður má rekja til lækkandi frjósemishlutfalls og brottflutnings ungs fólks á höfuðborgarsvæðið.

Samkvæmt spánni breytist einnig aldurssamsetning þjóðarinnar samhliða þessari þróun og má sem dæmi gera ráð fyrir, að hlutfall þeirra sem eru eldri en 65 ára hækki umtalsvert eða úr 13% árið 2017 í allt að 30% í lok spátímabilsins.

Með tilliti til almennrar þróunar á aldurssamsetningu íbúa má ætla að hún breytist nokkuð á skipulagstímabilinu. Gera má ráð fyrir að hlutfall barna og ungmenna af heildarmannfjölda lækki, hlutfall fólks á starfsaldri breytist

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 2-12. Meðalþéttleiki íbúða í hverfum Kópavogs árið 2019.



Mynd 2-13. Áætlaður meðalþéttleiki íbúða í hverfum Kópavogs árið 2040 með hliðsjón af aðalskipulagi þessu.

lítið en hlutfall fólks á eftirlaunaaldri hækki umtalsvert enda hafa lífslíkur fólks aukist og fæðingartíðni dregist saman.

Á mynd 2-5 má sjá að í Kópavogi hefur talsvert fjölgað í eldri aldurshópum 50 ára og eldri á 20 ára tímabili en dregist nokkuð saman í yngri aldurshópum.

Við rýni innviða (skóla, leikskóla) var gert er ráð fyrir að börnum á leik- og grunnskólaaldri geti einnig fjölgað á skipulagstímabilinu í takt við aukinn íbúafjölda (í sama hlutfalli og nú er um 14%) eða um 2000 til 2.200 til 2040 miðað við fullbyggðan Kópavog eftir 2031. Hins vegar má ætla að hlutfall barna verði lægra með hliðsjón af almennri þróun um breytta aldursdreifingu íbúa. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er á skipulagstímabilinu gert ráð fyrir hlutfallslega meiri fjölgun í eldri aldurshópum.

2.1.1.4 Þéttleiki byggðar í hverfum Kópavogs

Þéttleiki byggðar í Kópavogi árið 2019 var að meðaltali 10,1 íbúð á hektara - en árið 2012 var hann að meðaltali 8,3 íbúðir á hektara. Bent er á að um 200 hektara óbyggt svæði og skógræktarsvæði á Vatnsendaheiði er ekki talið með. Útivistarsvæði eins og Kópavogsdalur, Fossvogsdalur og önnur græn svæði eru hluti heildarflatarmáls hverfanna samanber stærð hverfanna (ha) í töflu 2-7.

Hverfin fimm í Kópavogi hafa byggst upp á mismunandi tímum og hafa mismunandi eiginleika og þéttleika. Á mynd 2-12 má sjá meðalþéttleika fyrir hverfin annars vegar 2019 og hins vegar áætlaðan meðalþéttleika árið 2040. Tekið er fram að þéttleiki íbúða innan hverfanna fimm er mismunandi milli reita og svæða en hér er birt meðaltal í hverju hverfi fyrir sig.

Þegar hverfin eru borin saman árið 2019 má sjá að:

- Digranes er þéttasta hverfið með 14,6 íbúðir á hektara árið 2019 að meðaltali.
- Þar á eftir er Kársnes með 11,3 íbúðir á hektara.
- Síðan Fífuhvammur með 11,1 íbúð á hektara.
- Þéttleiki íbúða í Smárahverfi er 9,6 íbúðir á hektara. Í hverfinu eru stór verslunar- og þjónustusvæði við Dalveg og miðbæjarstarfsemi við Smáratorg og Smáralind sem hafa áhrif á þéttleika. Á þessum svæðum voru árið 2019 fáar íbúðir.
- Í efri byggðum í Vatnsenda er þéttleikinn minni eða um 6,2 íbúðir á hektara að meðaltali. Eins og fram kemur ofar er um 200 hektara óbyggt svæði og skógræktarsvæði á Vatnsendaheiði ekki talið með.

Gert er ráð fyrir að uppbygging íbúða á skipulagstímabilinu verði að mestu á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum. Einnig er gert ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum í Vatnsenda, þ.e. á óbyggðu landi á Vatnsendahæð (Vatnsendahvarfi) og í Vatnsendahlíð.

Þéttleiki á þróunarsvæðum og nýjum uppbyggingarsvæðum í Vatnsenda (Vatnsendahvarfi og Vatnsendahlíð) mun verða mismunandi eftir aðstæðum. Stefnt er að því að þétta byggð (auka þéttleika byggðar) mest á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

þróunarsvæðum /samgöngumiðuðum þróunarsvæðum, m.a. í miðbæjarkjarna í Hamraborg og svæðiskjarna í Smáranum og Glaðheimum.

Ef allar íbúðir samkvæmt aðalskipulagi þessu verða byggðar á skipulagstímabilinu mun þéttleiki íbúða á hektara hækka í öllum hverfum bæjarins þó hlutfallslega mest á Kársnesi og Digranesi. Jafnframt má þá gera ráð fyrir að meðalþéttleiki íbúða / ha í Kópavogi geti farið úr 10,1 íbúð á hektara árið 2019 í um 14,2 íbúðir á hektara árið 2040.

Tafla 2-8. Meðalþéttleiki íbúða (íb./ha) í hverfum Kópavogs.

		2012		**2019**		**2040**	
	Stærð hverfis ha	Fjöldi íbúða	**Þéttleiki íbúða** (íbúðir/ha)	Fjöldi íbúða	**Þéttleiki íbúða** (íbúðir/ha)	Áætlaður fjöldi íbúða	**Áætlaður þéttleiki íbúða** (íbúðir/ha)
Kársnes	194	1.611	**8,3**	2.190	**11,3**	3.580	**18,5**
Digranes	340	4.473	**13,2**	4.968	**14,6**	6.568	**19,3**
Smárinn	154	1.276	**8,3**	1.471	**9,6**	2.221	**14,4**
Fífuhvammur	227	2.141	**9,4**	2.540	**11,2**	3.130	**13,6**
Vatnsendi*	490*	2.186	**4,5**	3.037	**6,2**	4.457	**9,1**
Samtals	1.405*	11.687	**8,3**	14.206	**10,1**	19.956	**14,2**

*200 hektara óbyggt svæði og skógrækt á Vatnsendaheiði er ekki talið með.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 2-14. Lundur. Ljósm. F.B.

2.1.2 Íbúðarsvæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins. (gr. 6.2.a í skipulagsreglugerð, Íbúðarbyggð (ÍB)).***

Nærþjónusta sem tengist þessum svæðum er alla jafna skilgreind í sér landnotkunarflákum.

Tafla 2-9. Yfirlit yfir íbúðarsvæði í Kópavogi.

Nr	Heiti	Lýsing
ÍB-1	Kársnes	Nokkuð fastmótuð byggð í eldri hverfum bæjarins á ódeiliskipulögðum svæðum. Alla jafna lágreist byggð 1-3 hæðir. Nýrri uppbyggingarsvæði eru deiliskipulögð, alla jafna á þróunarsvæði. Sjá kafla 2.2 um þróunarsvæði. Á Kársnesi öllu er gert ráð fyrir um 1.390 nýjum íbúðum frá 2019 til 2040. Gert er ráð fyrir að allt að 80% þeirra íbúða (um 1.100) verði byggðar (eða komnar í byggingu) fyrir/um 2030. Það mótast nánar á skipulagstímabilinu. Hluti íbúðarsvæðis er jafnframt þróunarsvæði fyrir blandaða byggð. Nánari umfjöllun og markmið er varða um Kársnes er í 7. kafla um rammahluta aðalskipulags um Kársnes og kafla 2.2. um þróunarsvæði. Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða. Stærð heildarsvæðis um 124 ha.
ÍB-2	Digranes	Nokkuð fastmótuð íbúðarbyggð í eldri hverfum bæjarins, ódeiliskipulögðum svæðum. Þéttasta byggð Kópavogs með mjög blönduðum húsagerðum þó mest fjölbýli. Á þróunarsvæðum í Digranesi, Auðbrekku, Hamraborg og Trarðarreit-nyrðri og Háveg er gert ráð fyrir þéttingu byggðar. Lundur er nær fullbyggður en þar hafa verið byggðar um 300 íbúðir. Á Digranesi öllu er gert ráð fyrir um 1.600 nýjum íbúðum frá 2019 til 2040 þ.a. af um 1000 -allt að 62% - verði byggðar eða komnar í byggingu fyrir um 2030 sbr. mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3. Það mótast nánar á skipulagstímabilinu. Hluti íbúðarsvæðis í nálægð við miðsvæði í Hamraborg er jafnframt þróunarsvæði fyrir blandaða byggð. Nánari umfjöllun og markmið er varða Digranes er í rammahluta aðalskipulags í 7. kafla um rammahluta aðalskipulags um Digranes og kafla 2.2 um þróunarsvæði. Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða. Stærð heildarsvæðis um 190 ha.
ÍB-3	Smárar	Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Gert er ráð fyrir að íbúðir verði byggðar á þróunarsvæðinu (landnotkun skilgreind sem miðsvæði og þróunarsvæði með

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		blandaða byggð) sunnan Smáralindar og á Nónhæð. Í Smárahverfinu öllu er gert ráð fyrir um 760 nýjum íbúðum frá 2019 til 2040. Gert er ráð fyrir að hverfið verði fullbyggt fyrir/um 2030. Nánari umfjöllun og markmið er varða Smárahverfi er að finna í rammahluta aðalskipulags um Smára í 7. kafla og í kafla 2.2 um þróunarsvæði. Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða. Stærð heildarsvæðis um 43 ha.
ÍB-4	Fífuhvammur (Lindir/Salir)	Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Unnið er að endurskoðun deiliskipulags á þróunarsvæði Glaðheima (landnotkun miðsvæði og þróunarsvæði og blönduð byggð). Áætluð fjölgun íbúða í Glaðheimum á þróunarsvæði frá 2019 til 2040 er um 590 og áætlað er að um 90% þeirra - um 540 íbúðir - verði byggðar eða komnar í byggingu fyrir/um 2030. Aðveitustöð (A7) er við Þorrasali, lóð nr. 19. Sjá einnig kafla 5.1.14 Rafveita. Nánari umfjöllun og markmið er varða Fífuhvamm er í rammahluta aðalskipulags um Fífuhvamm í 7. kafla og í kafla 2.2 um þróunarsvæði. Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða. Stærð heildarsvæðis um 86 ha.
ÍB-5	Vatnsendi (Kórar, Hvörf, Þing)	Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Byggt að mestu á árunum 1990-2012 og er enn ekki lokið. Við Boðaþing 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13 og 22 og 24 er blönduð landnotkun þjónustustofnana og íbúðabyggðar. Gert er ráð fyrir rúmum 20 nýjum íbúðum að Vatnsendabletti á þegar deiliskipulögðu svæði. Helstu uppbyggingarsvæði í Vatnsenda á skipulagstímabilinu verða á tveimur stöðum. Annars vegar á Vatnsendahæð (Vatnsendahvarfi), ÍB-6, suðaustan fyrirhugaðs Arnarnesvegar, og hins vegar í Vatnsendahlíð , ÍB-7, sunnan við núverandi byggð í Þingum og Heimsenda. Sjá einnig umfjöllun um Vatnsendahvarf (Vatnsendahæð), ÍB-6, og Vatnsendahlíð, ÍB-7, hér á eftir. Nánari umfjöllun og markmið er varða byggðina í Vatnsenda er í rammahluta aðalskipulags í undirkafla 7. kafla. Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða. Stærð heildarsvæðis um 142 ha.
ÍB-6	Vatnsendi Vatnsendahvarf (Vatnsendahæð)	Í Vatnsendahvarfi (á Vatnsendahæð) er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi, ÍB-6 með blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Í hverfinu eða við það er gert ráð fyrir svæðum fyrir samfélagsþjónustu, S-67 og S-27, litlu verslunar- og þjónustusvæði, VÞ-20, og opnu svæði, OP-16. Á svæði ÍB-6 er gert ráð fyrir: - Samtals um 500 íbúðum í hverfinu öllu. Þar af verði um 300 byggðar (eða bygging hafin) árið 2030. - Blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. - Að fjölbýli verði á um 3 hæðum auk kjallara. - Einbýlis-, rað- og parhús verði á 1 til 2 hæðum auk kjallara. - Hlutfall íbúða í fjölbýli er áætlað um 60-70 % og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		- Hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40 % - Bent er á að austarlega á svæðinu er rúst sem skráð er í Fornleifaskrá Kópavogs, merkt MV-9 á þéttbýlisuppdrætti. Á Vatnsendahæðinni er gamla Útvarpsstöðin á Vatnsenda en Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd hafa fjallað um sögulegt gildi byggingarinnar (haust 2020) og vilja benda á mikilvægi þess að varðveita húsið. Áætlað er að börn hverfisins geti sótt skóla m.a. í Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla og/eða í fyrirhuguðum skóla í Vatnsendahlíð. Náttúrufar á þessum svæðum hefur lítið verndargildi en bent er á að æskilegt sé að gera úttekt á fuglalífi áður en til framkvæmda komi. Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða. Stærð heildarsvæðis um 24 ha.
ÍB-7	Vatnsendi Vatnsendahlíð	Í Vatnsendahlíð, beggja vegna fyrirhugaðrar tengibrautar, (Þingmannaleiðar) er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi. Svæðið skiptist í þrennt: - Minna svæði vestan fyrirhugaðrar tengibrautar (Þingmannaleiðar). - Stórt svæði austan og sunnan við sömu tengibraut (Þingmannaleið). - Minna svæði austast í hlíðinni, nær Elliðavatni. Gert er ráð fyrir að byggðin verði þéttust á norðvesturhluta svæðisins, beggja vegna tengibrautarinnar. Grunnskóli (S-51) og leikskóli (S-30) eru áætlaðir næst þéttasta hluta byggðarinnar á norðvesturhluta svæðisins. Áætlað er að skólahverfið nái til stærra svæðis. Sjá einnig kafla 6. Samfélagsþjónusta um svæði fyrir leikskóla og svæði fyrir skóla. Gert er ráð fyrir: - Samtals um 900 íbúðum í hverfinu öllu. Þar af verði um 180 íbúðir byggðar eða bygging hafin árið 2030. - Blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. - Fjölbýli verði á 2 til 12 hæðum auk kjallara og niðurgrafinna bílageymslna. - Einbýlis-, rað- og parhús verði á 1 til 2 hæðum auk kjallara. - Hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum er áætlað um 40 %. - Hlutfall íbúða í fjölbýli er áætlað um 60 %. Grænt svæði liggur umhverfis hverfið og teygir sig inn í byggðina. Stærð um 11 ha. Guðmundarlundur er suðvestan og vestan við svæðið. Náttúrufar á þessum svæðum hefur lítið verndargildi en bent er á að æskilegt sé að gera úttekt á fuglalífi áður en til framkvæmda komi. Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða. Stærð svæðis, ÍB-7, um 40 ha.
ÍB-8	Geirland	Eitt íbúðarhús í upplandi. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu. Stærð svæðis um 5 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2.1.3 Svæði fyrir frístundabyggð

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir frístundahús og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum. (gr. 6.2.h í skipulagsreglugerð, Frístundabyggð (F)).***

MARKMIÐ

- Lækjarbotnar. Styrkja útivist á svæðinu. Miðað er við að frístundabyggð í Lækjarbotnum verði víkjandi.

LEIÐIR

- Að vinna heildarskipulag fyrir Lækjarbotna þar sem fram kæmi heildarstefna svæðisins.

Tafla 2-10. Yfirlit yfir svæði fyrir frístundabyggð.

Nr	Heiti	Lýsing
F-1	Lækjarbotnar	Rúmlega þrír tugir bústaða eru á svæðinu í mismunandi ásigkomulagi. Gert er ráð fyrir að svæðið verði deiliskipulagt með áherslu á útivist, skógrækt og náttúruvernd. Á sama tíma verði sett ákvæði um umgengni og byggingar vegna vatnsverndarsvæðis. Frístundabyggð á svæðinu er víkjandi. Ekki er afmarkað svæði fyrir frístundabyggð.

2.1.4 Landbúnaðarsvæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. (gr. 6.2.q í skipulagsreglugerð, Landbúnaðarsvæði).***

Þrjú svæði innan lögsögumarka Kópavogs, öll merkt L-1 á upprætti, eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

Í aðalskipulagi Kópavogs er reiknað með að þessi landnotkun verði óbreytt á skipulagstímabilinu.

Tafla 2-11. Yfirlit yfir landbúnaðarsvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
L-1	Vatnsendi Elliðahvammur Gunnarshólmi	Þrjú svæði innan lögsögumarka Kópavogs, öll merkt L-1 á upprætti, eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Svæðin eru í Vatnsenda (um 3,5 ha), Elliðahvammi (um 2,3 ha) við Elliðavatn og Gunnarshólmi (um 38 ha) í upplandi Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 2-15. Glaðheimar. Ljósm. ONNO.

Mynd 2-16. Hringsjá í Smalaholti, horft til norðurs. Ljósm. B.S.G.

2.1.5 Yfirlit landnotkunar aðalskipulags – tafla

Tafla 2-12. Helstu áætlanir landnotkunar aðalskipulagsins 2019-2040. Lögsaga Kópavogs hefur stækkað um 3000 samkvæmt úrskurði Hæstaréttar, ágúst 2016.

Svæði, málefni	2019-2040 **Heimaland** **áætlun**	2019-2040 **Uppland, ha** áætlun
Opin svæði í ha, heild Opin svæði, númeruð	309 -	
Óbyggð svæði, ha	80	7.410
Íbúðarbyggð, ha	697	5
Íþróttasvæði, ha	77	363
Athafnasvæði, ha	56	
Iðnaðarsvæði, ha	< 1	
Hafnarsvæði, ha	2	
Flugvöllur, ha		56
Miðsvæði, ha	71	
Verslun og þjónusta, ha	51	
Samfélagsþjónusta, ha	57	21
Skógrækt, landgræðsla, ha	108	904
Kirkjugarðar, ha	14	
Landbúnaðarsvæði, ha	6	38
Efnislosunarsvæði, ha		3,5
Stofnbrautir, veitur, helgunarsvæði, ha	138	165
Land, ha Land, sjór og vötn, ha	um 1.650 um 1.835	um 9.300
Atvinnuhúsnæði m^2 2012 = um 840.000 m^2 (staða) 2019 = um 864.000 m^2 (staða) 2019-2040, áætlun	um 1.120.000 m^2	

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

2.2 RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS UM ÞRÓUNARSVÆÐI, SAMGÖNGUMIÐUÐ SVÆÐI/ÞRÓUNARSVÆÐI, SAMGÖNGUMIÐAÐ SKIPULAG

Í kafla þessum er fjallað um:

a) Þróunarsvæði í kafla 2.2.1.
b) Samgöngumiðað skipulag og samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði og Borgarlínu í kafla 2.2.2.
c) Viðmið um fjölda bíla- og hjólastæða á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum í kafla 2.2.3.
d) Lýsingu og áætlaða þróun á þróunarsvæðum í kafla 2.2.4.

MARKMIÐ

- Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Hugað verði að aðgengi að stígum, opnum svæðum og leiksvæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um aðgengi að öruggum grænum svæðum.
- Umhverfi verði bætt, búsetugæði og efnahagsleg umgjörð eldri byggðar í Kópavogi sömuleiðis með aukinni blöndun byggðar sem miðar að sjálfbærri þróun borgarumhverfisins.
- Jafnvægi í dreifingu atvinnusvæða og íbúðarsvæða verði aukið og þannig sköpuð aukin atvinnutækifæri nær íbúðarhverfum.
- Hljóðvist verði bætt vegna aukinnar umferðar.

LEIÐIR

- Með þróunarsvæðum verði m.a. lagður grunnur að fjölbreyttari tækifærum fyrir íbúa bæði hvað varðar íbúðarform og atvinnu út frá skilgreindum þörfum í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum. Gæði byggðarinnar verði aukin, kostum fjölgað, nýting verði betri og umhverfi bætt. Hljóðvarnir miðist við að uppfylla kröfur reglugerðar fyrir mismunandi landnotkun.
- Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags samanber m.a. markmið og leiðir í kafla 2.1.1.1.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2.2.1 Þróunarsvæði

Nokkur svæði eru skilgreind sem þróunarsvæði í Kópavogi. Einkum er um að ræða eldri athafna- eða iðnaðarsvæði sem hafa verið að breytast í gegnum árin og iðnaður á svæðinu hefur verið víkjandi fyrir verslun og þjónustu, íbúðum og atvinnusvæði.

Þróunarsvæði felur í sér að hægt verður að endurskoða landnotkun og landnýtingu svæðisins. Breytingar á hlutverki reita eða hverfa verða að vera í samræmi við aðalskipulag og byggja á deiliskipulagi og skilmálum þess. Þróunarsvæði í eldri byggð eru jafnframt svæði þar sem verið er að þétta byggð. Stór hluti þróunarsvæða í Kópavogi er á svæðum sem skilgreind eru sem samgöngumiðuð svæði.

Áætlun um þróunarsvæði getur falið í sér breytta notkun húsnæðis, stækkun þess eða byggingu nýs húsnæðis. Það fer eftir umfangi breytinganna hvort endurskoða þurfi gatna- og stígakerfi. Við gerð deiliskipulags á þróunarsvæðum og samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum skal miða við stefnumótun um svæðisnýtingu (svæðisnýtingarhlutfall) sjá m.a. *töflu 2-14, Yfirlit yfir þróunarsvæði (ÞR), töflu 2-1, Nýtingarhlutfall húsagerða (lóða) og* svæðisnýtingarhlutfall og *töflu 3-1 Nýtingarhlutfall, byggingar ofanjarðar, til viðmiðunar á svæðum með atvinnustarfsemi í Kópavogi*. Nýtingarhlutfall lóða ákvarðast nánar við gerð deiliskipulags. Ef misræmi er á milli áætlaðs svæðisnýtingarhlutfalls og áætlaðrar uppbyggingar í töflum (m^2) - atvinnu- og/eða íbúðarhúsnæðis - gildir áætlað svæðisnýtingarhlutfall.

Á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins eru þróunarsvæðin auðkennd sérstaklega en númerin á uppdrættinum vísa til umfjöllunar í töflu 2-14. Yfirlit yfir þróunarsvæði.



Mynd 2-17. Yfirlit yfir þróunarsvæði í Kópavogi.

Eftirtalin svæði eru skilgreind sem þróunarsvæði:

- ÞR-1 /ÍB-1: Kársnes – vesturhluti og Landsréttarreitur; blandað svæði, íbúðir, verslun, þjónusta, atvinnustarfsemi.
- ÞR-2 /AT-2: Auðbrekka – Nýbýlavegur; blandað svæði, atvinnustarfsemi og íbúðir.
- ÞR-3 /M-1: Hamraborg – bæjarkjarni; blandað svæði, miðbæjarstarfsemi, verslun, skrifstofur, þjónusta, íbúðir.
- ÞR-4 /ÍB-2: Traðarreitur-eystri og Hávegur; íbúðarbyggð með möguleika á atvinnustarfsemi.
- ÞR-5 /AT-3: Smiðjuhverfi; blandað svæði, athafnastarfsemi, verslun og þjónusta.
- ÞR-6 /M-3, M-4, M-5, M-6: Smárinn og Glaðheimar; blönduð svæði, miðbæjarstarfsemi, verslun, skrifstofur, þjónusta, íbúðir.

Lýsing á hverju svæði fyrir sig er í kafla 2.2.4 Yfirlit yfir þróunarssvæði – yfirbragð og markmið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2.2.2 Samgöngumiðað skipulag, samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði, Borgarlína

SAMGÖNGUMIÐAÐ SKIPULAG

Grundvallaratriði í samgöngumiðuðu skipulagi eru þéttir og blandaðir byggðakjarnar/reitir nálægt öflugum almenningssamgönguásum. Áhersla er lögð á gönguvæna og blandaða byggð í umhverfi sem tekur tillit til mannlegs mælikvarða og einstaklinga, jafnt barna sem fullorðinna, þar sem boðið er upp á raunhæft val milli ólíkra ferðamáta.

- Það er í samræmi við markmið 1.2 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040. „Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% með legu samgöngu- og þróunarása.“

Til að ná markmiðum samgöngumiðaðs skipulags á höfuðborgarsvæðinu þarf m.a. að koma til skipulagning á samfelldum samgönguás og samvinna ólíkra hagsmunaaðila, þá sérstaklega samvinna sveitarfélaganna. Þróunarsvæði Kópavogs eru jafnframt samgöngumiðuð svæði - oft talað um samgöngumiðuð þróunarsvæði.

SAMGÖNGUMIÐUÐ SVÆÐI/ÞRÓUNARSVÆÐI

Þétt og blönduð svæði sem eru vel tengd við almenningssamgöngur, Borgarlínu eða hefðbundinn strætó með hátt þjónustustig. Stór hluti þróunarsvæða í Kópavogi teljast einnig vera samgöngumiðuð. Sjá afmörkun svæðanna á mynd 2-18.

BORGARLÍNA – RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS

Áfangar (lotur) Borgarlínu verða kynntir/auglýstir í sérstökum rammahluta aðalskipulags. 1. lota Borgarlínu í Kópavogi er frá Fossvogsbrú að Hamraborg.

- Lagt er til að afmörkun svæða þar sem bíla- og hjólastæðaviðmið gilda verði endurskoðuð samhliða kynningu rammahluta næsta áfanga Borgarlínu (2. áfanga/lotu) þ.e. þegar hún verður lögð frá Hamraborg í Smára.

Sjá einnig umfjöllun um Borgarlínu í greinargerð þessari kafla 5.1.4, Almenningssamgöngur, Strætó og Borgarlína.



Mynd 2-18. Skilgreining svæða þar sem bíla- og hjólastæðaviðmið gilda. Sjá töflu 2-12.

Svæði I. Samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði. Áhrifasvæði Borgarlínu.

Svæði II. Önnur áhrifasvæði Borgarlínu á Kársnesi.

Svæði III. Digranes (önnur en svæði I).

Önnur svæði ekki skyggð á korti (hvít). Gildandi deiliskipulagsáætlanir á viðkomandi svæðum sem ekki tilheyra svæðum I, II eða III.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2.2.3 Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum

Bíla- og hjólastæðaviðmið gilda á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum. Um er að ræða viðmið við gerð nýs deiliskipulags og/eða deiliskipulagsbreytinga á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum. Afmörkun þessara svæða má sjá mynd 2-18. Bíla- og hjólastæðaviðmið eru í töflu 2-12.

Markmiðið er að stuðla að sjálfbærri þróun og breyttum ferðavenjum meðal annars með vísan til markmiða svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um breyttar ferðavenjur árið 2040. Stefnt er að umferð gangandi og hjólandi aukist úr 20% í 30%, að hlutur strætós, þar með talið borgarlínu, aukist úr 4% allra ferða upp í 12% og að hlutur ferða í fólksbíl minnki úr 76% í 58%.

Sjá einnig kafla 2.2.2, Samgöngumiðað skipulag og samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði, Borgarlína.

Tafla 2-13. Bíla- og hjólastæðaviðmið:

Svæði I. Samgöngumiðuð þróunarsvæði. Áhrifasvæði Borgarlínu.

Svæði II. Önnur áhrifasvæði Borgarlínu á Kársnesi.

Svæði III. Digranes (önnur en svæði I).

Önnur svæði ekki skyggð á korti (hvít). Gildandi deiliskipulagsáætlanir á viðkomandi svæðum sem ekki tilheyra svæðum I, II eða III.

*Á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum (á svæði I) er heimilt **samkvæmt samkomulagi við Kópavogsbæ** að skilgreina í deiliskipulagi ákveðið hlutfall íbúða án bílastæða m.a. til að ná niður íbúðarverði.

		Bílastæði					Hjólastæði	
		Svæði I		Svæði II - Kársnes		Svæði III Digranes	Svæði I	Svæði II / Svæði III II, Kársnes, lágmark III, Digranes, viðmið
		Viðmið	Hámark	Viðmið	Hámark	Hámark	Lágmark	
	Íbúðarhúsnæði (stæði/íbúð)							
Fjölbýli/sérbýli	1 – 2 herbergi	0,75	1	1	1,25	1,5	2	2
	3+ herbergi	1	1	1,25	1,5	1,5 fjölbýli 2 sérbýli	2	2
	* Íbúðir í fjölbýli án bílast. skv. deilsk.	0	0	0	0	0	2	2
	Gestir (stæði pr. íbúð)	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	-	-
Námsmannaíbúðir	1-2 herbergi	0	0,1	0,2	0,5	0,5	1-2	1-2
	3+ herbergi	0	0,2	0,2	1	1	2	2
Hjúkrunarheimili		Miðað er við 0,1 gestastæði pr. rúm.						
			Fjölda starfsmannastæða skal meta að hverju sinni.					
	Atvinnuhúsnæði (stæði/m2)							
Skrifstofubyggingar og iðnaður	Skrifstofa	1/100m2	1/100m2	1/75m2	1/50m2	1/50m2	0.5/100m2	0.5-3/100m2
	Iðnaður	1/100m2	1/100m2	1/100m2	1/75m2	1/75m2	0.5/100m2	0.2-0.6/100m2
	Vörugeymsla	1/100m2	1/100m2	1/360m2	1/240m2	1/240m2	0.5/100m2	0.2-0.6/100m2
Verslun	Matvöruv.	1/100m2	1/75m2	1/65m2	1/40m2	1/40m2	2/100m2	3/100m2
	Alm. Verslun	1/100m2	1/75m2	1/100m2	1/40m2	1/40m2	2/100m2	3/100m2
	Veitingastaðir	1/100m2	1/100m2	1/65m2	1/40m2	1/40m2	2/100m2	3/100m2
Hótel	Gististarfsemi	0.1/herb.	0.3/herb.	0.1/herb.	1/herb.	1/herb.	2/100m2	2/100m2
	Skólar							
Leikskólar	Stæði fyrir starfsmenn + sleppistæði						0.5/100m2 á starfsm + 20 stæði/100 nem	0.5/100m2 á starfsm + 20 stæði/100 nem
Grunnskólar	Stæði fyrir starfsmenn + sleppistæði						30-50 á 100 nem	30-60 á 100 nem
Framhaldsskólar	Stæði fyrir starfsmenn + sleppistæði						30-50 á 100 nem	30-60 á 100 nem
	Sérhæft húsnæði							
Sjúkrastofnanir	Metið í hverju tilfelli						30-50 á 100 nem	30-50 á 100 nem
Íþróttavellir/sundlaugar	Metið í hverju tilfelli						15-30 á 100 nem	15-30 á 100 nem
Leikhús/kvikmyndahús	Metið í hverju tilfelli						10-20 á 100 nem	10-20 á 100 nem
Skiptistöðvar almenningss.	Á ekki við						5-10% notenda	5-10% notenda
Önnur landnotkun	Metið í hverju tilfelli							

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

2.2.4 Yfirlit yfir þróunarsvæði – yfirbragð og markmið - lýsing /tafla

Ef misræmi er á milli áætlaðrar svæðisnýtingar(hlutfalls) og talnagrunns gildir áætluð svæðisnýting(arhlutfall).

Tafla 2-14. Yfirlit yfir þróunarsvæði (ÞR).

Nr	Heiti - landnotkun	Lýsing
Kársnes		
ÞR-1	ÍB-1, Íbúðarbyggð/þróunarsvæði H-1, Hafnarsvæði VÞ-21, Verslun og þjónusta AT-1, Athafnasvæði Kársnes / vesturhluti og svæði að Fossvogi Blandað svæði; íbúðarbyggð, athafnasvæði, verslun, skrifstofur, þjónusta, hafnarsvæði	**Yfirbragð og markmið** Svæðið var skilgreint sem þróunarsvæði í fyrra aðalskipulagi (2012-2024). Svæðið hefur verið stækkað: - Til norðurs (um ca. 1,4 ha) að brúarsporði fyrirhugaðrar brúar yfir Fossvog, það er að hluta til á nýrri landfyllingu. - Einnig hefur svokallaður Landsréttarreitur, austan Vesturvarar 2/húsnæðis Landsréttar (um 1,55 ha) verið skilgreindur sem hluti þessa sama þróunarsvæðis. Landsréttarreitur er austan við bryggjuhverfið. - Athafnasvæði (AT-1), nýtt verslunar- og þjónustusvæði (VÞ-21) (sem áður var skilgreint sem athafnasvæði) og grænt svæði (samtals um 15 ha). - Hafnarsvæðið, H-1, er einnig hluti þróunarsvæðisins. Með vísan í samþykkta skipulagslýsingu (verkefnislýsingu) er gert ráð fyrir þéttri og vistvænni byggð með blandaðri landnotkun athafnasvæðis, íbúðarsvæðis og verslunar- og þjónustustarfsemi. Þétting byggðar verður ekki einungis náð með nýbyggingum heldur einnig viðbyggingum og endurnýjun húsnæðis. Með endurnýtingu á núverandi húsnæði eða nýbyggingum í stað eldri bygginga og með því að blanda saman atvinnufyrirtækjum, íbúðarbyggð, þjónustu og útivist er ætlunin að skapa fjölbreyttan og lifandi bæjarhluta. Mikilvægt er að taka tillit til veðurfars við skipulag og hönnun vistvænnar byggðar, skerma fyrir sterkum vindáttum og tryggja sólrík útisvæði. Fyrir liggur skipulagslýsing (verkefnislýsing) fyrir stóran hluta þróunarsvæðis á Kársnesi, frá október 2016. Nokkra reiti/svæði er nú þegar búið að deiliskipuleggja. Uppfæra /endurskoða þarf skipulagslýsingu með hliðsjón af stækkun þróunarsvæðis og nýjum bíla- og hjólastæðaviðmiðum. Þróunarsvæði á Kársnesi er einnig skilgreint sem samgöngumiðað svæði/þróunarsvæði (svæði I og svæði II), sjá kafla 2.2.2 og 2.2.3. <u>Landnotkun, starfsemi</u> Hafskipahöfn á svæðinu var aflögð í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) og í staðinn er gert ráð fyrir útivistarhöfn (geðprýðishöfn), fiskihöfn og höfn fyrir ferðatengda þjónustu (H-1). Við vesturhluta hafnarinnar gæti komið safn/stofnun/menningarstarfsemi og/eða önnur verslunar- eða þjónustustarfsemi. Gert er ráð fyrir möguleika á nýjum viðlegukanti til suðurs í suðurhluta hafnarinnar en það svæði þarf að skilgreina nánar í deiliskipulagi og umhverfisskýrslu. Þar má gera ráð fyrir byggingum á/við hafnarkantinn. Hugmyndir hafa verið settar fram um möguleika á „8 íbúðum í húsbátum“ í nýrri smábátahöfn (H-1). Bent er á að ef viðlegukantur er gerður úr opinni landfyllingu þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar til varps í hafið í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004. Á þróunarsvæðinu er gert er ráð fyrir íbúðum, atvinnustarfsemi, athafnastarfsemi, verslunar- og þjónustustarfsemi o.fl. Vestast við höfnina (VÞ-21) og (eins og fram kemur ofar) hefur hluta athafnasvæðis AT-1 einnig verið breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Miða skal við að á þróunarsvæði ÞR-1 verði áfram atvinnustarfsemi og að ný blöndun landnotkunar opni fyrir möguleika á fjölbreyttari atvinnustarfsemi, ferðatengdri þjónustu og íbúðum. <u>Hæðir bygginga, gæði</u> - Byggðin verður alla jafna 2-4 hæðir. Ef um er að ræða 5 hæða hús skal efsta hæðin vera inndregin. - Á Landsréttarreit er gert ráð fyrir 2-3 hæða byggð. Ef um er að 4 hæða hús skal efsta hæðin vera inndregin. - Allar byggingar skulu vera í háum gæðaflokki. - Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags samanber m.a. markmið og leiðir í kafla 2.1.1.1 og kafla 2.2 hér að framan. <u>Viðmið /ákvæði um bíla- og hjólastæði, hindranasvæði og hljóðvist vegna flugumferðar, hljóðvist framkvæmdaáætlun, þéttleika/nýtingarhlutfall:</u> - Til framtíðar verði tekið mið af bíla- og hjólastæðaviðmiðum sem skilgreind eru í köflum 2.2.2 og 2.2.3 Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum. Er þá átt við þegar unnið verður nýtt deiliskipulag og/eða þegar breytingar eru gerðar á gildandi deiliskipulagi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		- Hindranasvæði vegna flugumferðar nær yfir stærstan hluta þéttbýlis Kópavogsbæjar. Tekið er fram að skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll gilda á svæðinu en þar er m.a. kveðið á um að leita skuli umsagnar Isavia áður en deiliskipulagstillaga er auglýst o.fl. - Huga þarf sérstaklega að aukinni hljóðvist á þróunarsvæði Kársnes vegna flugumferðar því byggðin er í nálægð við Reykjavíkurflugvöll. - Þegar deiliskipulag er unnið á þróunarsvæðum (reitum á þróunarsvæðum) í mótaðri byggð er lögð áhersla á að gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu reita(r) með vísan til 6.mgr. 37.gr. deiliskipulag skipulagslaga nr. 123/2010. Ef ekkert er tekið fram um framkvæmdartíma er reiknað með 15 árum í uppbyggingu einnig með vísan til 6. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. - Sjá einnig kafla 3.2 Inngangur, talnagrunnur, töflu 3-1 um nýtingarhlutfall til viðmiðunar á svæðum með atvinnustarfsemi. <u>Íbúðir, atvinna, stærðir</u> Árið 2012 var hlutfall íbúðarhúsnæðis gagnvart atvinnuhúsnæði 8,5% á móti 91,5 %. Árið 2019 hefur hlutfall íbúðarhúsnæðis aukist. Gert er ráð fyrir að á neðstu hæðum verði mögulegt að vera með atvinnustarfsemi. Almennt verður hlutfall íbúða aukið. Hlutfall íbúða innan þróunarsvæðis er misjafnt eftir reitum innan svæðis. Gert er ráð fyrir að hlutfall íbúðarhúsnæðis á öllu þróunarsvæðinu verði um 60% á móti 40% hlut atvinnuhúsnæðis. Jafnframt er gert ráð fyrir að hlutfall þjónustustarfsemi muni aukast og hlutfall athafnastarfsemi minnka samanber áðurnefndar breytingar á landnotkun. Á Kársnesi öllu er gert ráð fyrir um 1.390 nýjum íbúðum frá 2019 til 2040. Gert er ráð fyrir að 75% þeirra íbúða verði byggðar (eða komnar í byggingu) fyrir/um 2030: - Um 1.210 á þróunarsvæðinu öllu til 2040, þar af um eða yfir 900 fyrir/um 2030. - Rúmar 160 í bryggjuhverfinu sem er í uppbyggingu (sem er utan þróunarsvæðis). Áætlað er að bryggjuhverfið verði fullbyggt fyrir 2030. - Auk þess er gert ráð fyrir breytingum og aukningu íbúða utan þróunarsvæðisins svipað og verið hefur. Gert er ráð fyrir um 60.000 nýjum m^2 (fermetrum) atvinnuhúsnæðis á Kársnesi öllu frá 2019 til 2040 en til ársins 2024 má búast við fækkun um 7.000 m^2. Þar af er áætlað flatarmál fyrir hugsanlegar byggingar á miðsvæði við menningarhúsin (reit D1) á svæðinu vestan við Kópavogsháls. Í talnagrunni Kópavogs er svæðið vestan við Kópavogsháls hluti af Kársnesi - en svæði austan við Kópavogsháls tilheyrir Digranesi. Reiknað er með 2,2 til 2,5 íbúum/íbúð. Stærð þróunarsvæðisins alls er um 41 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Nr	Heiti - landnotkun	Lýsing
Digranes		
ÞR-2	Auðbrekka- Nýbýlavegur AT-2, Athafnasvæði/þróunarsvæði Blandað svæði; athafnasvæði, verslun, skrifstofur, þjónusta, íbúðarbyggð	**Yfirbragð og markmið** Svæðið var skilgreint sem þróunarsvæði í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) en hefur nú verið minnkað. Svæði austan Auðbrekku telst ekki til þróunarsvæðis lengur. Landnotkun á svæðinu norðan Hamraborgar við Auðbrekku og Nýbýlaveg hefur breyst frá því að vera nær eingöngu fyrir atvinnusvæði í verslun- og þjónustu. Breytingin hefur tengt hverfið betur við miðbæjarsvæðið. Með vísan í samþykkta skipulagslýsingu miðast skipulag hverfisins við að auka hlut verslunar og þjónustu eða starfsemi sem er tengd henni auk þess að fjölga íbúðum á svæðinu. Áætlað er að byggðin verði alla jafna 3 til 8 hæðir. Gert er ráð fyrir að byggja við núverandi húsnæði eða fjarlægja og byggja nýtt húsnæði. Reiknað er með 2,2 til 2,5 íbúum/íbúð. Uppfæra /endurskoða þarf skipulagslýsingu með hliðsjón af breytingu á afmörkun þróunarsvæðis og nýjum bíla- og hjólastæðaviðmiðum. Þróunarsvæði í Auðbrekku er einnig skilgreint sem samgöngumiðað svæði. <u>Viðmið /ákvæði um gæði byggðar, bíla- og hjólastæði, hindranasvæði flugumferðar, framkvæmdaáætlun, þéttleika/nýtingarhlutfall:</u> - Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags samanber m.a. markmið og leiðir í kafla 2.1.1.1 og kafla 2.2 hér að framan. - Til framtíðar verði tekið mið af bíla- og hjólastæðaviðmiðum sem skilgreind eru í köflum 2.2.2 og 2.2.3 Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum. Er þá átt við þegar unnið verður nýtt deiliskipulag og/eða ef gerðar verða breytingar á deiliskipulagi. - Hindranasvæði vegna flugvélaumferðar nær yfir stærstan hluta þéttbýlis Kópavogsbæjar. Tekið er fram að skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll gilda á svæðinu en þar er m.a. kveðið á um að leita skuli umsagnar Isavia áður en deiliskipulagstillaga er auglýst o.fl. - Þegar deiliskipulag er unnið á þróunarsvæðum í mótaðri byggð er lögð áhersla á að gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu reita(r) með vísan til 6.mgr. 37.gr. deiliskipulag skipulagslaga nr. 123/2010. Ef ekkert er tekið fram um framkvæmdartíma er reiknað með 15 árum í uppbyggingu einnig með vísan til 6. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. - Sjá einnig kafla 3.2 Inngangur, talnagrunnur, töflu 3-1 um nýtingarhlutfall til viðmiðunar á svæðum með atvinnustarfsemi. Á Auðbrekkusvæðinu voru árið 2019 um 90 íbúðir ýmist í byggingu eða þegar byggðar. Gert er ráð fyrir rúmum 320 íbúðum til viðbótar frá 2019 til 2040. Áætlað er að flestar þeirra verið byggðar eða komnar í byggingu árið 2030. Gert er ráð fyrir um 17.000 -20.000 nýjum fermetrum atvinnuhúsnæðis á þróunarsvæði í Auðbrekku frá 2019 til 2040. Þar til viðbótar verða bílageymslur neðanjarðar. Til ársins 2024 má búast við að um 25% verði byggt eða í undirbúningi. Árið 2012 var hlutfall íbúða 12% á móti 88% hlut atvinnuhúsnæðis. Árið 2019 hefur hlutfall íbúðarhúsnæðis aukist. Gert er ráð fyrir að á neðstu hæðum verði mögulegt að vera með atvinnustarfsemi. Almennt verður hlutfall íbúða aukið. Hlutfall innan þróunarsvæðis er misjafnt eftir reitum innan svæðis. Stefnt er að því að hlutur íbúðarhúsnæðis verði um 50% á móti 50% hlut atvinnuhúsnæðis. Breytingin mun leiða til þess að ásýnd norðurhluta Kópavogs mun batna. Stærð svæðisins er um 6,3 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Nr	Heiti - landnotkun	Lýsing
Digranes		
ÞR-3	Hamraborg, bæjarkjarni M-1, Miðsvæði/þróunarsvæði ÍB-2, Íbúðarsvæði S, Stofnanasvæði Blandað svæði; miðsvæði, verslun, skrifstofur, þjónusta, íbúðarbyggð, stofnanir/samfélagsþjónusta	**Yfirbragð og markmið** Nýtt <u>þróunarsvæði hefur verið skilgreint á miðsvæði í Hamraborg auk íbúðarsvæðis á Traðarreit-vestur</u> (við Vallartröð og Neðstutröð) og að hluta inn á svæði vestan við bókasafnið. Fyrir liggur tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 haustið 2020, um uppbyggingu hluta svæðisins á Fannborgarreit (á miðsvæðinu M-1) og Traðarreit-vestur (á íbúðarsvæði ÍB-2). Jafnframt hefur verið unnið að deiliskipulagi svæðisins samhliða breytingu á aðalskipulagi. Í aðalskipulagi þessu hefur þróunarsvæðið verið stækkað og gefið nýtt númer **ÞR-3** (var ÞR-7). Gert ráð fyrir möguleika á að stækka lok/yfirbyggingu yfir Kringlumýrarbraut/Hafnarfjarðarveg bæði til norðurs og suðurs. Í Hamraborg er miðstöð menningar og stjórnsýslu í bænum, fjölbreytt félagsstarfsemi, almennur atvinnurekstur og mikilvæg skiptistöð fyrir Strætó. Þar eru íbúðir, stjórnsýsluskrifstofur Kópavogsbæjar, verslanir, skrifstofur, kirkja og safnaðarheimili, bókasafn, tónleikasalur, Náttúrufræðistofa, heilsugæsla, félagsheimili o.fl. Miðbær Kópavogs í Hamraborg er skilgreindur sem „kjarni“ í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins Höfuðborgarsvæðið 2040. <u>Mannslífsás</u> liggur um miðbæ Hamraborgar og tengir saman ólík svæði. Gert er ráð fyrir að hann verði norðan við Kópavogsskóla, Traðarreit-eystri og Menntaskóla Kópavogs og í átt að Álfhólsskóla. Auk þess fari hann um miðsvæði verslunar og þjónustu í Hamraborg, um menningarstofnanir miðbæjarsvæðis, Borgarholt (friðlýst svæði), Kópavogskirkju og safnaðarheimili, Sundlaug Kópavogs og leiksvæði á Rútstúni við Urðarbraut. <u>Skiptistöð almenningssamgangna</u>. Í Hamraborg er og verður tengistöð Strætó og Borgarlínu svokölluð <u>kjarnastöð.</u> Kjarnastöð er mikilvægur tengipunktur við stofnleiðir Strætó og Borgarlínu, ásamt því að hafa góðar tengingar við aðra samgöngumáta. Sjá einnig kafla 5.1.4 Almenningssamgöngur – Strætó og Borgarlína. Miðbærinn í Hamraborg er skilgreindur sem samgöngumiðað svæði. Gert er ráð fyrir að <u>Borgarlína</u> fari um brú yfir Fossvog á Kársnes, þaðan um Bakkabraut og Borgarholtsbraut að Hamraborg. Í síðari áföngum fari hún í Smára (Smáralind), upp í Vatnsenda og til Garðabæjar og Hafnarfjarðar um Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarveg. <u>Markmiðið er að styrkja miðsvæðið í Hamraborg sem bæjarkjarna</u>, verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarsvæði. Skipulag svæðisins er samgöngumiðuð í þeim skilningi að íbúar eru í göngufæri við almenningssamgöngur og áhersla er lögð á að byggðin verði þétt og blönduð m.a. til að gera fólki betur kleift að fara ferða sinna fótgangandi eða á reiðhjóli. Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun, blágrænar ofanvatnslausnir og góð og aðlaðandi rými milli húsanna fyrir mannlíf. Huga skal að veðurfari, vindum, sól og skugga við hönnun og útfærslu deiliskipulags og bygginga. Vanda skal alla hönnun bygginga, biðstöðva og bæjarrýma. Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags samanber m.a. markmið og leiðir í kafla 2.1.1.1 og kafla 2.2 hér að framan. <u>Tvær meginforsendur skipulags á svæðinu</u> eru markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og undirritað Parísarsamkomulag um að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og losun Co2 út í andrúmsloftið. Skilmálar fyrir uppbyggingu miðbæjar (í heild) og nýs deiliskipulags fela í sér sjálfbæra nálgun og sveigjanleika til að miðbærinn geti tekist á við þá þróun og breytingar sem kunna að eiga sér stað í náinni framtíð. <u>Eftirfarandi eru helstu markmið deiliskipulags:</u> - Metnaðarfullur arkitektúr og umhverfisvænar byggingalausnir móti gæði byggðar og myndi umgjörð um mannlíf. - Vönduð, lifandi og aðlaðandi almenningsrými fyrir fólk á öllum aldri með aðgengi fyrir alla. - Fjölbreytt verslun og þjónusta. - Fjölbreytt framboð húsnæðiskosta/íbúðargerða og atvinnurýma til að stuðla að fjölbreyttu samfélagi og lífi í miðbænum. - Áhersla verði lögð á vistvæna samgöngumáta en jafnframt gert ráð fyrir öllum ferðamátum. - Sérstök áhersla verði lögð á gangandi og hjólandi vegfarendur sem verða í forgangi í miðbænum. - Gott aðgengi að hágæða almenningssamgöngum og helstu hjóla og göngustígakerfum. - Öruggar gönguleiðir verði innan miðbæjarins og góðar tengingar við nærliggjandi bæjarhluta. - Sérstök áhersla verði lögð á öruggar gönguleiðir í skóla og leikskóla. - Áhersla verði lögð á að auka kolefnisbindingu með gróðri og hlutdeild endurvinnslu. - Áhersla verði lögð á sjálfbærar ofanvatnslausnir til að tryggja gróðurvænt umhverfi og til að minnka álag á veitukerfi. - Áhersla verði lögð á góða lýsingu utandyra til að tryggja öryggi í almenningsrýmum. - Tryggja skal góða aðstöðu til geymslu á hjólum til að hvetja til aukinnar notkunar reiðhjóla. - Huga skal að hleðslu fyrir rafbíla og rafmagnsreiðhjól í bílakjöllurum. - Allar byggingar skulu vera í háum gæðaflokki.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		<u>Viðmið um hæðir bygginga:</u> Austan við Kópavogsháls (götuna). Almennt verða byggingar um 3-6/8 hæðir með hærri byggingum á milli - allt frá einni hæð við mannlífsás upp í 12 hæða byggingu sem er vestast á svæðinu. Byggingarmassar eru brotnir upp til þess að mynda sjónlínur, veita birtu á almenningsrými og draga úr hæð bygginga, séð frá nærliggjandi útisvæðum. Nánar er fjallað um hæðir í tillögu að deiliskipulagi Traðarreits-vestari og Fannborgarreits. Uppbrot er í byggð og stöllun frá mannlífsási er til að skapa dýpt í byggðarlandslagið. - Traðarreitur-vestari. Heimilt að reisa byggingar á 1-7 hæðum auk kjallara. Unnið er að deiliskipulagi reitsins haust 2020. - Fannborgarreitur í heild. Heimilt að reista byggingar á 1-12 hæðum auk kjallara. Unnið er að deiliskipulagi hluta Fannborgarreits, haust 2020. - Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar byggingar sunnan við Digranesveg kallist á við byggingar á móti, á Traðarreit-vestari, eða byggingar á um 2-7 hæðum. - Hæðir viðbygginga og/eða nýbygginga norðan við Hamraborg verði í svipaðri hæð og byggingar sem fyrir eru á svæðinu. <u>Byggingar vestan við Kópavogsháls</u> (götuna). Á svæðinu vestan við menningarhúsin (reit D1) er gert ráð fyrir möguleika á nýrri 2. hæða byggingu vestan við bókasafn og möguleika á viðbyggingu við Gerðarsafn. Auk þess eru hugmyndir um kaffihús á túninu og möguleika á bílakjallara á svæðinu. Lögð er áhersla á að núverandi útivistarsvæði við menningarhúsin verði áfram sólríkt, gott og nýtist öllum bæjarbúum. <u>Önnur viðmið /ákvæði um bíla- og hjólastæði, hindranasvæði flugumferðar, framkvæmdaáætlun, þéttleika/nýtingarhlutfall:</u> - Til framtíðar verði tekið mið af bíla- og hjólastæðaviðmiðum sem skilgreind eru í köflum 2.2.2 og 2.2.3 Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum. Er þá átt við þegar unnið verður nýtt deiliskipulag og/eða þegar breytingar eru gerðar á gildandi deiliskipulagi. - Hindranasvæði vegna flugumferðar nær yfir stærstan hluta þéttbýlis Kópavogsbæjar. Tekið er fram að skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll gilda á svæðinu en þar er m.a. kveðið á um að leita skuli umsagnar Isavia áður en deiliskipulagstillaga er auglýst o.fl. - Þegar deiliskipulag er unnið á þróunarsvæðum í mótaðri byggð er lögð áhersla á að gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu reita(r) með vísan til 6.mgr. 37. gr. deiliskipulag skipulagslaga nr. 123/2010. Ef ekkert er tekið fram um framkvæmdartíma er reiknað með 15 árum í uppbyggingu einnig með vísan til 6. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. - Sjá einnig kafla 3.2 Inngangur, talnagrunnur, töflu 3-1 um nýtingarhlutfall til viðmiðunar á svæðum með atvinnustarfsemi. <u>Íbúðir, atvinnuhúsnæði, áætluð þróun, stærð svæðis:</u> Til viðmiðunar eru áætlaðar um 980 nýjar íbúðir á þróunarsvæði miðbæjar frá 2019 til 2040 þar af um 500-550 fyrir/um 2030 þ.e. verði byggðar og/eða í undirbúningi - og að rúmar 30 íbúðir verði rifnar á móti. Byggingarmagn nýs atvinnuhúsnæðis á Digranesi (öllu) geti orðið í kringum 65.000 m^2 og þar til viðbótar verði bílageymslur neðanjarðar. Auk þess eru áætlaðar byggingar vestan við Kópavogsháls eins og fram kemur að ofan. Í talnagrunni Kópavogs er svæðið vestan við Kópavogsháls (götuna) hluti af Kársnesi en svæði austan við Kópavogsháls tilheyrir Digranesi. Fyrir liggur skipulagslýsing frá 2017. Uppfæra /endurskoða þarf skipulagslýsingu m.a. vegna þess að þróunarsvæðið hefur verið stækkað og ný bíla- og hjólastæðaviðmið skilgreind í aðalskipulagi þessu. Stærð svæðisins er um 10 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Nr	Heiti - landnotkun	Lýsing
Digranes		
ÞR-4	Traðarreitur-eystri og Hávegur ÍB-2, Íbúðarbyggð/þróunarsvæði Íbúðarbyggð með möguleika á atvinnustarfsemi	**Yfirbragð og markmið** Þróunarsvæði fyrir þéttingu byggðar. Haustið 2020 var samþykkt breyting á aðalskipulagi varðandi Traðarreit-eystri (vinnslutillaga var kynnt vor 2020 og tillaga lögð fram sumar 2020) um að skilgreina Traðarreit-eystri sem þróunarsvæði fyrir þéttingu byggðar á milli Menntaskólans í Kópavogi og Kópavogsskóla. Í aðalskipulagi þessu hefur þróunarsvæðið verið stækkað til norðurs þ.e. bætt hefur verið við lóðum norðan við Háveg. Einnig hefur númeri svæðis verið breytt í **ÞR-4** (var ÞR-6). Meginmarkmiðið er að vinna með þróunarsvæði fyrir þéttingu byggðar í nánd við miðbæ Kópavogs sem er skilgreindur sem „kjarni“ í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040. Lögð er áhersla á að stuðla að sjálfbærri þróun þar sem m.a. bætt lífsgæði íbúa og fjölbreytt mannlíf er í fyrirrúmi. Með þessu er verið að fjölga íbúðum á Traðarreit-eystri og síðar við Háveg norðanverðan og opna á mögulega þjónustustarfsemi á jarðhæð að hluta við Álftröð m.a. í anda markmiða aðalskipulags Kópavogs og „Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins Höfuðborgarsvæðið 2040“. Reiturinn er skilgreindur sem samgöngumiðað þróunarsvæði. <u>Áhersluatriði deiliskipulags, m.a. um mannlífsás, gæði, íbúðir, bíla- og hjólastæði:</u> - Lögð er áhersla á mannlífsás í miðbæ Hamraborgar og tengir hann saman ólík svæði. Sjá umfjöllun um þróunarsvæði, ÞR-3, í Hamraborg. - Lögð er áhersla á fjölbreytt framboð íbúða sem taki mið af húsnæðismarkaði, m.a. með breytilegum stærðum íbúða og herbergjafjölda. - Byggingar skulu vera í háum gæðaflokki. - Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags samanber m.a. markmið og leiðir í kafla 2.1.1.1 og kafla 2.2 hér að framan. - Lögð er áhersla á fjölbreytileika meðal annars í íbúðarstærðum og herbergjafjölda íbúða og í hæðum bygginga og útliti. - Til framtíðar verði tekið mið af bíla- og hjólastæðaviðmiðum sem skilgreind eru í köflum 2.2.2 og 2.2.3 Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum. Er þá átt við þegar unnið verður nýtt deiliskipulag og/eða ef gerðar verða breytingar á deiliskipulagi. <u>Traðarreitur-eystri, deiliskipulag, haust 2020:</u> Reiturinn liggur á milli tveggja skóla og afmarkast af Digranesvegi til suðurs, skólalóð Kópavogsskóla til vesturs, Hávegi til norðurs og Álftröð til austurs. Skólatröð er hluti deiliskipulagssvæðis. Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi Traðarreits-eystri, haustið 2020. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi sama svæðis. Þar er gert ráð fyrir að núverandi húsnæði á reitnum verði fjarlægt og þess í stað komi fjölbýlishúsabyggð með allt að 180 íbúðum. Á jarðhæð bygginga við Álftröð er gert ráð fyrir möguleika á atvinnustarfsemi, allt að 200 m^2. Hæð(ir) bygginga(r) er(u) áætlaðar 2 til 5 hæðir. Krafa er um að efstu hæðir (4ja og -5ta hæð) verði inndregnar. Gert er ráð fyrir útisvæðum og leiksvæði á lóð fyrir alla íbúa á reitnum. Í deiliskipulagstillögunni er miðað við 1,3 bílastæði á íbúð að meðaltali, 1 bílastæði á hverja 50 m^2 atvinnuhúsnæðis og gert er ráð fyrir 2 hjólastæðum á íbúð. Isavia hefur ekki gert athugasemd við hæðir bygginga þar sem þær fara ekki yfir 74 m.y.s. Bent er á að hæðarmörk gilda einnig um gervihnattamóttökudiska. <u>Reitur/svæði norðan við Háveg:</u> Reiturinn liggur norðan við Háveg og hallar land til norðurs frá Hávegi. Huga skal að landhalla við útfærslu deiliskipulags og ákvörðun um hæð bygginga. Við Háveg norðanverðan er gert ráð fyrir lægri byggð en er á Traðarreit-eystri. Til viðmiðunar verði byggingar þar um 2-3 hæðir. <u>Önnur viðmið /ákvæði um hindranasvæði flugumferðar, framkvæmdaáætlun:</u> - Hindranasvæði vegna flugumferðar nær yfir stærstan hluta þéttbýlis Kópavogsbæjar. Tekið er fram að skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll gilda á svæðinu en þar er m.a. kveðið á um að leita skuli umsagnar Isavia áður en deiliskipulagstillaga er auglýst o.fl. - Þegar deiliskipulag er unnið á þróunarsvæðum í mótaðri byggð er lögð áhersla á að gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu reita(r) með vísan til 6. mgr. 37. gr. deiliskipulags skipulagslaga nr. 123/2010. Ef ekkert er tekið fram um framkvæmdartíma er reiknað með 15 árum í uppbyggingu einnig með vísan til 6. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. <u>Íbúðir, atvinnuhúsnæði, áætluð þróun, stærð svæðis:</u> Gert er ráð fyrir um 270-280 íbúðum frá 2019 til 2040 á reitnum. Þar af er gert ráð fyrir að 180 verði byggðar (eða komnar í byggingu) fyrir/um 2030. Miðað er við að um 20 íbúðir verði rifnar á móti. Gert er ráð fyrir möguleika á atvinnustarfsemi á Traðarreit-eystri á jarðhæð með aðkomu frá Álftröð allt að 200 m^2. Reiknað er með 2,2 til 2,5 íbúum/íbúð. Stærð svæðis er um 2 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Nr	Heiti - landnotkun	Lýsing
Digranes		
ÞR-5	Smiðjuhverfi AT-3, Athafnasvæði Blandað svæði fyrir athafnastarfsemi, verslun og þjónustu.	**Yfirbragð og markmið** Blandað svæði fyrir athafnasvæði, verslun og þjónustu. Svæðið var einnig skilgreint sem þróunarsvæði í fyrra aðalskipulagi (2012-2024). Smiðjuhverfið byggðist að stærstum hluta upp á árunum 1970 til 1985 og telst fullbyggt. Á svæðinu eru um 134.000 m^2 af atvinnuhúsnæði (árið 2012). Upphaflega var svæðið skipulagt sem athafnasvæði en vegna miðlægrar staðsetningar hefur starfsemin breyst úr iðnaði í starfsemi tengdri verslun og þjónustu. Með tilkomu mislægra gatnamóta við Stekkjarbakka, Breiðholtsbraut og Nýbýlavegar hafa tengingar við athafnahverfið batnað til muna. Því má búast við að á næstu árum muni verslunar- og þjónustustarfsemi sækja enn frekar á, svo og vegna nálægðar þess við miðhverfin í Mjódd og Smáranum. Þróunarsvæði í Smiðjuhverfi er einnig skilgreint sem samgöngumiðað svæði. <u>Viðmið /ákvæði um gæði byggðar, bíla- og hjólastæði, hindranasvæði flugumferðar, framkvæmdaáætlun, þéttleika/nýtingarhlutfall:</u> - Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags, samanber m.a. markmið og leiðir í kafla 2.1.1.1 og kafla 2.2 hér að framan. - Til framtíðar verði tekið mið af bíla- og hjólastæðaviðmiðum sem skilgreind eru í kafla 2.2.3 Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum. Er þá átt við þegar unnið verður nýtt deiliskipulag og/eða þegar breytingar eru gerðar á gildandi deiliskipulagi. - Hindranasvæði vegna flugumferðar nær yfir stærstan hluta þéttbýlis Kópavogsbæjar. Tekið er fram að skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll gilda á svæðinu þar sem m.a. er kveðið á um að leita skuli umsagnar Isavia áður en deiliskipulagstillaga er auglýst o.fl. - Þegar deiliskipulag er unnið á þróunarsvæðum í mótaðri byggð er lögð áhersla á að gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu reita(r) með vísan til 6.mgr. 37.gr. deiliskipulag skipulagslaga nr. 123/2010. - Sjá einnig kafla 3.2 Inngangur, talnagrunnur, töflu 3-1 um nýtingarhlutfall til viðmiðunar á svæðum með atvinnustarfsemi. Vegna fyrirséðra breytinga er í aðalskipulagi þessu miðað við að Smiðjuhverfið verði áfram skilgreint sem þróunarsvæði. Á grundvelli þess þarf að vinna rammaskipulag fyrir svæðið sem tekur m.a. á hugsanlegum breytingum á gatnakerfi, á landnotkun, byggingarmagni og yfirbragði byggðarinnar. Á árinu 2012 var hlutfall athafnastarfsemi 84% á móti 16% hlut verslunar og þjónustu. Á árinu 2019 hefur hlutfall verslunar og þjónustu aukist. Stefnt er því að hlutur athafnasvæða verði 75% en hlutur þjónustu og verslunar verði 25%. Svæðisnýtingarhlutfall 2019 er um 0.6 (meðalnýtingarhlutall). Stærð svæðisins er um 26 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Nr	Heiti - landnotkun	Lýsing
Smárinn og Fífuhvammur		
ÞR-6	Smárinn, Glaðheimar og Lindir Miðsvæði, M-3, M-4 í Smára M-5 í Fífuhvammi /Lindir M-6 í Fífuhvammi /Glaðheimar Blandað svæði; miðsvæði, verslun, skrifstofur, þjónusta, íbúðarbyggð	**Yfirbragð og markmið** Í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) var þróunarsvæðið í Smára, Glaðheimum og Lindum (sunnan Fífuhvammsvegar) skilgreint. Uppbygging er hafin á báðum svæðum. Tenging milli svæða: Stefnt er að því að tengja Glaðheima- og Smárasvæðin betur með a) tengibraut undir Reykjanesbraut og síðar b) yfirbyggingu (loki) yfir Reykjanesbraut með góðum göngu- og hjólastígum ásamt bílaumferð. Sjá umfjöllun í kafla 5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar. Framkvæmdir þessar eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og samstarfi við Vegagerðina. Svæðiskjarni: Smárinn og Glaðheimasvæðið ásamt Lindum liggja miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og eru ásamt Smiðjuhverfi verslunar- og þjónustusvæði Dalvegar og Mjódd skilgreint sem „svæðiskjarni“ í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins Höfuðborgarsvæðið 2015-2040. Jafnframt er Smárinn og Glaðheimasvæðið skilgreint sem samgöngumiðað svæði/þróunarsvæði í aðalskipulagi þessu með áherslu á þétta blandaða byggð með íbúðum og miðbæjarstarfsemi. Áætlað er að skiptistöð almenningssamgangna, Strætó og Borgarlínu verði í Smáranum og mögulegt spor fyrir lestarsamgöngur meðfram Reykjanesbraut síðar. Sjá einnig kafla 2.2.2 um samgöngumiðað skipulag, samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði. Skiptistöð almenningssamgangna/kjarnastöð: Í Smára er og verður mikilvæg tengistöð Strætó og Borgarlínu svokölluð kjarnastöð. Kjarnastöð er mikilvægur tengipunktur við stofnleiðir Strætó og Borgarlínu, ásamt því að hafa góðar tengingar við aðra samgöngumáta. Sjá einnig kafla 5.1.4 Almenningssamgöngur, Strætó og Borgarlína. Þróunarsvæði/svæði, í Smára, Glaðheimum, Lindum og við Dalveg eru einnig skilgreind sem samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði. Viðmið /ákvæði um gæði byggðar, bíla- og hjólastæði, hindranasvæði flugumferðar, framkvæmdaáætlun, þéttleika/nýtingarhlutfall: - Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags, samanber, m.a. markmið og leiðir í kafla 2.1.1.1 og kafla 2.2 hér að framan. - Til framtíðar verði tekið mið af bíla- og hjólastæðaviðmiðum sem skilgreind eru í köflum 2.2.2 og 2.2.3 Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum. Er þá átt við þegar unnið verður nýtt deiliskipulag og/eða þegar breytingar eru gerðar á gildandi deiliskipulagi. - Hindranasvæði vegna flugumferðar nær yfir stærstan hluta þéttbýlis Kópavogsbæjar. Tekið er fram að skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll gilda á svæðinu þar sem m.a. er kveðið á um að leita skuli umsagnar Isavia áður en deiliskipulagstillaga er auglýst o.fl. - Þegar deiliskipulag er unnið á þróunarsvæðum í mótaðri byggð er lögð áhersla á að gerð verði framkvæmdaáætlun um uppbyggingu reita(r) með vísan til 6.mgr. 37.gr. deiliskipulags skipulagslaga nr. 123/2010. Ef ekkert er tekið fram um framkvæmdartíma er reiknað með 15 árum í uppbyggingu einnig með vísan til 6. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. - Sjá einnig kafla 3.2 Inngangur, talnagrunnur, töflu 3-1 um nýtingarhlutfall til viðmiðunar á svæðum með atvinnustarfsemi. Stærð þróunarsvæðis, ÞR-6, í Smára, Glaðheimum og Lindum (sunnan Fífuhv.v.) er nú um 31 ha. Það hefur verið minnkað frá fyrra skipulagi (2012-2024); Glaðheimar-austurhluti, við Álalind er nær uppbyggt, það er nú utan þróunarsvæðis. Í Smáranum er svæðið sunnan við Hæðasmára utan þróunarsvæðisins. Reiknað er með 2,2 til 2,5 íbúum/íbúð á nýjum svæðum. **a) Í Glaðheimum** afmarkast þróunarsvæðið af Arnarnesvegi í suðri, Glaðheimavegi (að athafnasvæði) og Álalind í vestri og Fífuhvammsvegi í norðri. M-6, ÞR-6: Miðsvæði, Glaðheimar, þróunarsvæði. Í Glaðheimum-vesturhluta er áætluð svæðisnýting um 1,25 án bílgeymslna. Gert er ráð fyrir að Glaðheimasvæðið verði nær fullbyggt um 2030. Á vesturhluta svæðisins (reit 1) er auk íbúða gert ráð fyrir skrifstofum, þjónustu og verslun. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagi verði breytt og að í stað athafnahúsnæðis verði meiri íbúðarbyggð eða allt að 500 íbúðir. Byggðin er að mestu áætluð á 2-7 hæðum auk kjallara – auk tveggja bygginga 12 og 15 hæða auk kjallara. Lögð er áhersla á verslun og þjónustu á jarðhæðum og fyrstu hæðum atvinnuhúsnæðis með 80% gegnsæi (gleri). Allar byggingar skulu vera í háum gæðaflokki. M-6: Miðsvæði, Glaðheimar. Glaðheimar-austurhluti eru ekki þróunarsvæði lengur. Glaðheimar-austurhluti voru nær fullbyggðir árið 2019 (skv. samþykktu deiliskipulagi), þ.e. um 250 byggðar íbúðir og um 90 samþykktar íbúðir áætlaðar í byggingu árið 2020 (samtals um 340 íbúðir). Að stofni til er þar íbúðarbyggð á 2-7 hæðum auk kjallara og inndreginnar þakhæðar auk tveggja 11 og 12 hæða bygginga auk kjallara. Svæðisnýtingarhlutfall þar er um 1 án bílgeymslna. S-17, ÞR-6: Samfélagsþjónusta, Glaðheimar, þróunarsvæði. Í Glaðheimum-austurhluta er austast á þróunarsvæðinu nýtt samfélagsþjónustusvæði fyrir leikskóla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		M-5, ÞR-6: Miðsvæði, Lindir, þróunarsvæði – sunnan við Fífuhvammsveg. Glaðheimar-norðurhluti teljast nær fullbyggðir að undanskildu því að við Bæjarlind 8-10 er í deiliskipulagi ráðgerð 10 hæða verslunar- og skrifstofubygging. Nýtingarhlutfall á byggðum lóðum er um 0,5 en nýtingarhlutfall á óbyggðri lóð (Bæjarlind 8-10) er um 0,6 samkvæmt samþykktu deiliskipulagi. Á svæðinu er gert ráð fyrir miðbæjarstarfsemi, verslun og þjónustu. Sjá einnig umfjöllun í kafla 3.2.2 Miðsvæði, töflu 3-5 Yfirlit yfir miðsvæði. M-5: Miðsvæði, Lindir – norðan við Fífuhvammsveg. Miðsvæði norðan við Fífuhvammsveg er ekki innan þróunarsvæðis. Sjá kafla 3.2.2 Miðsvæði, tafla 3-5 Yfirlit yfir miðsvæði. Glaðheimar - heildarfjöldi íbúða, atvinna, uppbygging: - Heildarfjöldi íbúða í Glaðheimum-vesturhluta (M-6, ÞR-6) **ásamt** Glaðheimum-austurhluta (M-6) er áætlaður um 850 íbúðir. - Gert er ráð fyrir um 500 íbúðum í Glaðheimum-vesturhluta frá 2019 til 2040 og áætlað er að um 90% þeirra verði byggðar eða komnar í byggingu um 2030. - Samtals er því gert ráð fyrir 590 nýjum byggðum íbúðum frá 2019/2020 til 2040 þ.e. 500 á vestursvæðinu (áætlun) og 90 íbúðum á austursvæðinu (íbúðir sem voru samþykktar en óbyggðar á austurhluta svæðisins árið 2019). - Hlutfall milli íbúða og atvinnu verður endurskoðað á tímabilinu. **Stefnt er að því að kynna tillögu að breyttu deiliskipulagi Glaðheima-vestursvæðis (M-6/ÞR-6) samhliða tillögu þessari að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Er þar gert ráð fyrir fermetrum í atvinnuhúsnæði verði fækkað og íbúðum bætt við í staðinn. Viðmið, svæðisnýtingarhlutfall allt að 1,25 án bílgeymslna.** **b) Á svæðinu sunnan Smáralindar - í Sunnusmára og Silfursmára er uppbygging hafin að hluta á reit er kallast 201 Smári:** Reiturinn afmarkast af Hæðasmára í suður, Smárahvammsvegi í vestur og Reykjanesbraut í austur. Gert er ráð fyrir nútíma borgarhverfi með blandaðri byggð með verslunum, þjónustu og til viðmiðunar um 700 íbúðum. Mikið verður lagt upp úr hönnun bygginga og útfærsla miðuð við að gefa kosta á fjölbreyttu íbúðaformi og stærðum til að höfða til sem flestra aldurshópa og mismunandi fjölskyldustærða. Mikið verður lagt í frágang gatna, opinna svæða og gönguleiða. Stutt er í skóla, verslun og þjónustu og því áhersla á góðar tengingar við nærliggjandi svæði. Byggingarmagn íbúða og verslunar er áætlað samtals um 85.000m² (byggt og samþ. en óbyggt) og þar til viðbótar verða bílageymslur neðanjarðar. Áætlað er að meðaltalsnýting á svæðinu (svæðisnýtingarhlutfall) verði um 1,3 án bílgeymslna neðanjarðar. Gert er ráð fyrir um 2,5 íbúum að meðaltali á hverja íbúð og því áætlað að á svæðinu fullbyggðu komi til með að búa um 1.750 íbúar (700x2,5=1.750). Að stofni til eru hæðir húsa á svæðinu sex til sjö hæðir auk kjallara og inndreginnar þakhæðar. Á norðvesturhluta svæðisins verður 14 hæða fjölbýlishús og 9 hæða hús í norðvesturhluta byggðar. Allar byggingar á svæðinu skulu vera í háum gæðaflokki. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag af svæðinu. Þar er miðað við 1,0 – 1,2 bílastæði á íbúð og 1 stæði á hverja 35 m² af atvinnuhúsnæði. Byggðin næst Smáralind verður að mestu verslunar- og þjónustubyggingar með möguleika á íbúðum á efri hæðum. Silfursmári er ný „borgargata“ en á jarðhæðum fyrirhugaðra bygginga við götuna eru ráðgerðar verslanir og þjónusta með um 80% gegnsæi (gleri) en á efri hæðum íbúðir. Hámarksumferðahraði í borgargötu og í húsagötum verður 30 km/klst. Áhersla er lögð á að gera öruggar göngu- og hjólaleiðir í hverfinu og tengja þær áfram við aðliggjandi hverfi. Megin göngu- og hjólaleið hverfisins liggur í austur-vestur stefnu og meðfram henni er gert ráð fyrir áningastöðum, s.s. leiksvæðum, æfingasvæði og setsvæðum. Íbúðir, atvinna í Smára (Smárahverfi): Áætlað er að svæðið verði fullbyggt fyrir árið 2030. Svæðið hefur verið deiliskipulagt og uppbygging er komin vel á veg. Heildaríbúðafjöldi í Smáranum (201 Smári og Nónhæð) er áætlaður um 700 í Smára og um 150 á Nónhæð (Nónhæð er utan þróunarsvæðisins). Átt er við samtals þegar byggðar íbúðir 2019 auk nýrra íbúða. Gert er ráð fyrir um 12- 15.000 nýjum fermetrum (m²) af atvinnuhúsnæði í Smára án bílgeymslna, 2019 til 2040. Auk þess er áætluð uppbygging við Dalveg, um 27-30.000 m² án bílgeymslna frá 2019 til 2040 en Dalvegur er utan þróunarsvæðisins. Samtals um 44.000 m² atvinnuhúsnæðis í Smára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

MIKILVÆGUSTU HEIMSMARKMIÐIN FYRIR BYGGÐ Í KÓPAVOGI

11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐARSVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

12. SJÁLFBÆR NEYSLU- OG FRAMLEIÐSLUMYNSTUR VERÐI TRYGGÐ

12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.

13. GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

2.3 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM BYGGÐ

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í Heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með því hvernig stefnunni er framfylgt.

Stefnumið byggðar falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Sú meginstefna Kópavogs að þétta byggð á þróunarsvæðum og bæta við íbúðum á þeim svæðum ásamt að blanda með atvinnusvæðum, samfara stefnu um skilvirkari almenningssamgöngur, hefur í för með sér bætta nýtingu lands og jákvæð áhrif á samfélagið. Áhersla á almenningsrými og göngu- og hjólasvæði þar sem unnt er að njóta samveru, bætir öryggi, eflir heilsu og stuðlar að góðu umhverfi og betri byggð. Þétting byggðar á þróunarsvæðum styður einnig við markmið Landsskipulagsstefnu um sjálfbært skipulag og gæði hins byggða umhverfis. Við hönnun slíkra svæða þarf að taka mið af nærliggjandi byggð hvað varðar möguleg áhrif, s.s. hljóðvist og skuggavarp, en einnig þarf að gæta að öryggi ungmenna og aðgengi fatlaðra. Þessi stefna hvetur til þess að dregið sé úr umferð einkabílsins og örvar notkun annarra og vistvænni samgöngumáta sem hefur í för með jákvæð áhrif á andrúmsloft. Stefna um gæði byggðar og minni fjarlægðir í almenna grunnþjónustu og almenningsrými styður við vistvæn markmið.

Stefna um uppbyggingu nær útjaðri byggðar fellur að markmiðum um fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta. Kópavogur hefur vaxið mikið á undanförnum árum og hafa myndast byggðakjarnar á nokkrum stöðum þar sem blöndun á sér stað á íbúðarhverfum og atvinnusvæðum. Í Vatnsendahvarfi er að myndast heild sem getur til framtíðar orðið góð blanda íbúða- og atvinnusvæða og gefur þannig möguleika á að draga úr ferðum, bæta nýtingu lands og hafa jákvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Ekki er talið að stefnumið aðalskipulags varðandi frístundabyggð eða landbúnaðarsvæði hafi umtalsverð áhrif í för með sér.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

3 ATVINNULÍF

3.1 MEGINMARKMIÐ

Nýta skal miðlæga legu Kópavogs og tengsl við stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins til uppbyggingar svæðiskjarnans í Smáranum í Kópavogi. Einnig eru áform um uppbyggingu og þéttingu bæjarkjarnans í Hamraborg. Þar er gert ráð fyrir auknum fjölda íbúða og verslunar- og þjónustustarfsemi á nýju þróunarsvæði.

Slíkt gerir bæinn ákjósanlegan fyrir atvinnulíf og þjónustu. Fyrirtæki, stofnanir í verslun og þjónustu svo og ríkisfyrirtæki með almannaþjónustu, sem jafnan leita slíkra svæða, eru hvött til að hefja starfsemi í Kópavogi og stuðla þar með að öruggri og hraðri uppbyggingu í miðju höfuðborgarsvæðisins.

Lög er áhersla á breyttar ferðavenjur, góðar almenningssamgöngur og Borgarlínu samhliða þéttingu byggðar.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu í aðalskipulagi þessu í öllum köflum greinargerðarinnar - 2. Byggð, 3. Atvinnulíf, 4. Umhverfi, 5. Grunnkerfi, 6. Samfélag og 7. Rammahluta aðalskipulags. Unnin var mikilvægisgreining út frá áherslum aðalskipulagsins, þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við sjálfbærni og stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna.



Mynd 3-1. Kafli 3. Atvinnulíf. Landnotkun, þróunarsvæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Tafla 3-1. Nýtingarhlutfall bygginga ofanjarðar til viðmiðunar á svæðum með atvinnustarfsemi í Kópavogi, 2012 og breyting 2019.

Svæði	Nýtingarhlutfall viðmið **2012**	Nýtingarhlutfall viðmið **2019**
Kársnes vesturhluti	0,3-0,8	2,0
Miðbær (Hamraborg)	Yfir 1,0	Yfir 1,0
Nýbýlavegur og Auðbrekka	0,9-1,1	0,8-2,3
Smiðjuhverfi	0,8-1,0	0,8-1,0
Dalvegur	0,5-0,8	0,8
Smáratorg	0,8	0,8
Smáralind	1,0	1,0
Smárar (sunnan Smáralindar)	1,25	0,8-1,3 og yfir
Lindir (Akralind, Askalind, Bæjarlind og Skógarlind)	0,4-0,6	0,6
Glaðheimar	1,25	1,25
Vatnsendahvarf (Urðarhvarf og Víkurhvarf)	0,6-0,9	0,6-0,9

3.2 INNGANGUR, ÁÆTLUN

AÐALSKIPULAG KÓPAVOGS 2019-2040

Í grundvallaratriðum er stefna Kópavogs óbreytt í atvinnumálum. Lögð er áhersla á samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við svæðisskipulag „Höfuðborgarsvæðið 2040“, það á við um atvinnumálefni jafnt sem önnur málefni svæðisskipulagsins.

Tafla 3-2. Störf. Viðmið um skiptingu uppbyggingar á miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði. Taflan er tekin úr töflu 1 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins (bls. 34).

Störf	**2012**		**2025 – Viðmið**		**2040 – Viðmið**	
	#	**%**	**#**	**%**	**#**	**%**
Landskjarni	12.800	10%	15.000	11%	17.000	11%
Svæðiskjarni	5.600	5%	7.000	5%	8.000	5%
Bæjarkjarnar	12.800	10%	15.500	11%	17.000	11%
Kjarnar alls	**31.200**	**25%**	**37.500**	**27%**	**42.000**	**27%**
Samgöngumiðuð þróunarsvæði	*17.800*	*15%*	*35.500*	*25%*	*60.000*	*38%*
Annað þéttbýli	64.100	53%	58.000	42%	48.000	30%
Dreifbýli	8.000	7%	8.000	6%	8.000	5%
Höfuðborgarsvæðið alls	**121.100**	**100%**	**139.000**	**100%**	**158.000**	**100%**

1. Leiðbeinandi viðmið fyrir frekari skipulagsvinnu innan höfuðborgarsvæðisins.
2. Viðmið fyrir samgöngumiðuð þróunarsvæði skulu höfð til hliðsjónar við útfærslu á aðalskipulagi aðildarsveitarfélaga og skipulagi almenningssamgangna hjá Strætó bs.
3. „Annað þéttbýli“ vísar til allra svæða innan vaxtarmarka sem ekki eru skilgreind sem kjarnar eða uppfylla kröfur sem gerðar eru til samgöngumiðaðra þróunarsvæða.
4. Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði í kjörnum og samgöngumiðuðum þróunarsvæðum árið 2040. Sveitarfélög geta vikið frá viðmiðum fyrir einstaka flokka, t.d. með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða.

ÚR FYRRA AÐALSKIPLAGI KÓPAVOGS, 2012-2024

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 var gert ráð fyrir að störf í Kópavogi verði um 14.800 árið 2024 og talið var að störf í Kópavogi væru árið 2012 14.200. „Erfitt er að nálgast tölur um fjölda starfa eða ársverk í einstöka sveitarfélögum og ekki er lengur haldið utan um þær tölur. Til eru tölur um fjöldi starfandi einstaklinga fyrir Kópavog fyrir árið 2010 en þær gera ekki greinarmun á þeim sem búa í Kópavogi en vinna í öðru sveitarfélagi.[1]“

[1] Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar 2010.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 3-2. Atvinnuhúsnæði Smiðjuvegi. Ljósm. S.M.K.

Mynd 3-3. Smáralind. Ljósm. ONNO.

3.2.1 Atvinnuhúsnæði – Áætlun um uppbyggingu

Breytingar frá 2012-2019

Flatarmál atvinnuhúsnæðis jókst um ca. 25.000 m² í öllum bænum frá 2012 til 2019. Mest var uppbygging í Vatnsenda um 22.000 m² og Smára um 12.000, í Kársnesi um 3000 m². Í Fífuhvammi er flatarmál atvinnuhúsnæðis minna en árið 2012 og má rekja það til breytinga á Glaðheimasvæðinu. Á Kársnesi hefur flatarmál atvinnuhúsnæðis aukist um ca 3000 m² en á Digranesi hefur fermetrum fækkað um ca 2000 m².

Þróunarsvæði á Kársnesi, í Auðbrekku, Smára og Glaðheimum eru blönduð svæði fyrir íbúðir og atvinnustarfsemi. Þar voru nokkrir reitir skipulagðir á síðasta skipulagstímabili (2012-2024) og endurbygging /uppbygging hófst á tímabilinu. Henni er ekki lokið og enn á eftir að deiliskipuleggja nokkra reiti á Kársnesi og Auðbrekkusvæðinu.

Áætlun 2019 til 2040

Gert er ráð fyrir aukningu atvinnuhúsnæðis til 2040 og er þá miðað við fullbyggð hverfi til framtíðar eftir 2031. Heildaraukning frá 2019 til 2040 er áætluð tæpir 260.000 m² og verður í öllum hverfum bæjarsins eins og sjá má í næstu töflum. *Alla jafnan er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum fermetratölum til 2040.

****Vikmörk** á samtals flatarmáli atvinnuhúsnæðis í hverfum geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%.

Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

Tekið er fram að áætlun þessa þarf að endurskoða reglulega, t.d. í tengslum við þróunaráætlun SSH. Hlutfall milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður endurskoðað á skipulagstímabilinu.

***Ef misræmi er á milli áætlaðrar svæðisnýtingar (svæðisnýtingarhlutfalls) svæðis og áætlaðrar uppbyggingar atvinnu- og/eða íbúðarhúsnæðis (í fermetrum og/eða fjölda íbúða – í töflum) gildir áætluð svæðisnýting (svæðisnýtingarhlutfall).

Tafla 3-3. Atvinnuhúsnæði og skólar - allur Kópavogsbær (þ.e. sérhæft húsnæði með meiru). Flatarmál atvinnustarfsemi 2012 og 2019 og áætlað uppbyggingarmagn til 2040. Heimild: Talnagrunnur Kópavogs, byggt á tölum úr Þjóðskrá.

*Alla jafnan er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum tölum til 2040. **, *** Sjá skýringar.

Allur bærinn	m² atvh *, **, ***	verslun/skrifst. m² *, **, ***	geymslur m² *, **, ***	sér.h. m *, **, ***²	m² samtals *, **, ***
2012	246.477	350.132	27.916	215.978	840.503
2019	259.017	375.763	24.590	205.044	864.414
2040, áætlun	304.062	567.222	18.960	231.648	1.121.892
Aukning, áætlun frá 2019 til -2040	**45.045 m²**	**191.459 m²**	**-5.630 m²**	**26.604 m²**	**257.478 m²**
Aukning í %	**17 %**	**51 %**	**-23 %**	**13 %**	**30 %**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skýringar

*Alla jafnan er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum tölum til 2040.

****Vikmörk** á samtals flatarmáli atvinnuhúsnæðis í hverfum geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%.
Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

***Ef misræmi er á milli áætlaðrar svæðisnýtingar (svæðisnýtinghlutfalls) svæðis og áætlaðrar uppbyggingar atvinnu- og/eða íbúðarhúsnæðis (í fermetrum og/eða fjölda íbúða – í töflum) gildir áætluð svæðisnýting (svæðisnýtingarhlutfall).

Í umferðarlíkaninu er ferðamyndun á höfuðborgarsvæðinu reiknuð út frá íbúafjölda og magni atvinnuhúsnæðis. Áætluð þróun á magni atvinnuhúsnæðis samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2031+ er sýnd myndum 2.4. Jafnframt sýnir mynd 2.4 hlutfall atvinnuhúsnæðis í Kópavogi af heildarmagni atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu sem gildandi skipulagsáætlanir sýna. Líkt og með íbúafjöldan (mynd 2.1) er þetta hlutfall vaxandi.



Mynd 3-4. Þróun á magni atvinnuhúsnæðis. Samkvæmt forsendum aðalskipulags þessa. Jafnframt er sýnt hlutfall atvinnuhúsnæðis í Kópavogi af heildarmagni atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Heimild: Umferðarspá VSÓ.

Tafla 3-4. Atvinnuhúsnæði og skólar, þ.e. sérhæft húsnæði o.fl. Kársnes, Digranes, Smárinn, Fífuhvammur, Vatnsendi. Flatarmál atvinnustarfsemi 2012 og 2019 og áætlað uppbyggingarmagn til 2040. Heimild: Áætlanir Kópavogs, byggt á tölum úr Þjóðskrá. *Alla jafnan er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum tölum til 2040. **, *** Sjá skýringar.

Ártal	**atvh m²** *, **, ***	**verslun/skrifst. m²** *, **, ***	**geymslur m²** *, **, ***	**sér.h. m²** *, **, ***	**samtals m²** *, **, ***
Kársnes					
2012 m²	72.004	3.558	2.598	26.408	104.568
2019 m²	70.644	6.843	1.448	28.273	107.208
2040 m², áætlun	90.000	46.000	683	30.700	167.383
Aukning, áætlun 2019 til 2040	**19.356**	**39.157**	**-765**	**2.427**	**60.175**
Aukning í %	**27**	**572**	**-53**	**9**	**56**
Digranes					
2012 m²	116.011	69.197	23.765	60.902	269.875
2019 m²	119.395	73.867	15.513	58.967	267.742
2040 m², áætlun	130.000	125.500	14.513	62.818	332.831
Aukning, áætlun 2019 til 2040	**10.605**	**51.633**	**-1.000**	**3.851**	**65.089**
Aukning í %	**9**	**70**	**-6**	**7**	**24**
Smárinn					
2012 m²	25.399	172.606	752	37.247	236.004
2019 m²	27.410	181.945	1.970	37.269	248.594
2040 m²	32.962	219.995	0	39.930	292.887
Aukning, áætlun 2019 til 2040	**5.552**	**38.050**	**-1.970**	**2.661**	**44.293**
Aukning í %	**20**	**21**	**-100**	**7**	**18**
Fífuhvammur					
2012 m²	26.092	41.215	801	43.509	111.617
2019 m²	24.646	42.381	5.659	27.447	100.133
2040 m², áætlun	27.000	95.000	3.764	30.200	155.964
Aukning, áætlun 2019 til 2040	**2.354**	**52.619**	**-1.895**	**2.753**	**55.831**
Aukning í %	**10**	**124**	**-33**	**10**	**56**
Vatnsendi					
2012 m²	6.971	63.556	0	47.912	118.439
2019 m²	16.922	70.727	0	53.088	140.737
2040 m², áætlun	24.100	80.727	0	68.600	172.827
Aukning, áætlun 2019 til 2040	**7.178**	**10.000**	0	**14.912**	**32.090**
Aukning í %	**42**	**14**	**0**	**28**	**23**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

3.2.2 Miðsvæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis. (gr. 6.2.b í skipulagsreglugerð, Miðsvæði (M)).***

MARKMIÐ

- Að uppbygging miðsvæðis (svæðiskjarna) við Reykjanesbraut haldi áfram að þróast sem miðstöð verslunar og þjónustu.
- Að efla áfram hlutverk Hamraborgarsvæðisins með tilliti til sérstöðu miðsvæðisins sem miðstöð menningar og stjórnsýslu.
- Að hvatt verði til fjölbreyttra menningarviðburða á miðsvæðum.

LEIÐIR

- Áfram er unnið að þróun svæðiskjarna við Reykjanesbraut. Gert er ráð fyrir að Borgarlína fari um Smárann í síðari áföngum. Í Smára er gert ráð fyrir kjarnastöð Borgarlínu.
- Stefnt er að því að tengja Glaðheima- og Smárasvæðin betur með a) tengibraut undir Reykjanesbraut og síðar b) yfirbyggingu (loki) yfir Reykjanesbraut með góðum göngu- og hjólastígum ásamt bílaumferð.
- Skipulag miðsvæðisins í Hamraborg er í endurskoðun. Þar er tekið á landnotkun og landnýtingu, samgöngu- og gatnakerfi, yfirbragði byggðar, opnum svæðum, tengingum á milli svæða, göngu- og hjólaleiðum, gatnakerfi, almenningssamgöngum og mögulegri áfangaskiptingu í uppbyggingu.
- Gert er ráð fyrir að 1. áfangi Borgarlínu fari um fyrirhugaða brú yfir Fossvog, um Kársnes að Hamraborg. Í Hamraborg er gert ráð fyrir kjarnastöð Borgarlínu.
- Lögð er áhersla á mannlífsás í miðbæ Hamraborgar, tengir hann saman ólík svæði. Mannlífsás mun liggja um miðbæ í Hamraborg og tengja miðbæinn við aðliggjandi byggð með áherslu á vistvænar samgöngur.

Í aðalskipulagi Kópavogs eru skilgreind tvö miðsvæði. Annars vegar er það miðbærinn við Hamraborg þar sem stjórnsýsla bæjarins er staðsett ásamt helstu menningarstofnunum bæjarins og hins vegar Smárinn.

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, er Hamraborgin einn af bæjarkjörnum höfuðborgarsvæðisins. Á undanförnum árum hafa bæjaryfirvöld leitast við að efla þetta hlutverk hennar. Verulegar breytingar urðu á umhverfi miðbæjar Kópavogs sem styrktu þjónustuhlutverk hans. Má í því sambandi nefna byggingu listasafns, tónlistarhúss, bókasafns, ungmennahúss, safnaðarheimilis og yfirbyggingu gjárinnar yfir Hafnarfjarðarveg. Árið 2019 hófst vinna við endurskoðun á skipulagi Hamraborgar.

Svæðiskjarni: Smárinn og Glaðheimasvæðið liggja miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og eru ásamt Smiðjuhverfi verslunar- og þjónustusvæði Dalvegar og Mjódd skilgreint sem „svæðiskjarni“ í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040. Jafnframt er Smárinn og Glaðheimasvæðið skilgreint sem samgöngumiðað þróunarsvæði með blandaða byggð íbúða og miðbæjarstarfsemi. Áætlað er að skiptistöð almenningssamgangna /kjarnastöð borgarlínu verði í Smáranum og síðar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Myndir 3-5. Hamraborg. Efri mynd, ljósm. F.B. Neðri mynd ljósm. ONNO.

mögulegt spor fyrir lestarsamgöngur meðfram Reykjanesbraut. Sjá einnig kafla 5.1.4 Almenningssamgöngur, strætó og borgarlína og 5.1.5 Lestarsamgöngur.

Í Smáranum er skilgreint miðsvæði og skiptist það í fjóra hluta við gatnamót Reykjanesbrautar og Fífuhvammsvegar. Áfram verður unnið að uppbyggingu og styrkingu svæðisins í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins - Höfuðborgarsvæðið 2040 - sem svæðiskjarna alls höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að leggja áherslu á blandaða byggð og á göngu,- hjóla- og ökutengsl á milli svæðanna til að auðvelda aðgengi og ferðir á milli svæða innan svæðiskjarnans.

Gert er ráð fyrir tengistöð fyrir almenningssamgöngur og stefnt er að kjarnastöð Borgarlínu í Hamraborg. Kjarnastöðvar eru staðsettar í megin kjörnum höfuðborgarsvæðisins. Þær eru mikilvægir tengipunktar við stofnleiðir Borgarlínu og Strætó og aðra samgöngumáta.

Tafla 3-5. Yfirlit yfir miðsvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
M-1 (ÞR-3)	Hamraborg	Miðhverfi. Hamraborg er miðstöð menningar og stjórnsýslu í bænum auk íbúðarbyggðar, fjölbreyttrar félagsstarfsemi og almenns atvinnurekstrar. Á reitnum eru íbúðir, stjórnsýsluskrifstofur Kópavogsbæjar, verslanir, skrifstofur, bókasafn, tónleikasalur, Náttúrufræðistofa, félagsheimili o.fl. Mörk miðbæjar hafa verið endurskilgreind í áætlun þessari. Miðsvæðið stækkað til suðurs við Digranesveg og á brúnni til suðurs og norðurs er gert ráð fyrir möguleika á að stækka lok/yfirbyggingu yfir Kringlumýrarbraut/Hafnarfjarðarveg. Gert er ráð fyrir tengistöð fyrir almenningssamgöngur og kjarnastöð Borgarlínu á svæðinu. Unnið er deiliskipulagi fyrir miðbæinn í heild. Þar skal gera grein fyrir heildaryfirbragði bygginga á svæðinu, hæð húsa, breytingu á gatnafyrirkomulagi, stígakerfi og fegrun svæðisins. Lögð er áhersla á mannlífsás í miðbæ Hamraborgar og tengir hann saman ólík svæði. Miðbærinn er í áætlun þessari skilgreindur sem þróunarsvæði fyrir þéttingu byggðar. Sjá umfjöllun í kafla 2 um þróunarsvæði. Stærð svæðis er um 11,7 ha.
M-2	Smáratorg	Miðhverfi. Við Smáratorg eru tæpir 37 þúsund fermetra verslunar- og þjónustuhúsnæðis og telst það svæði vera fullbyggt. Nýtingarhlutfall lóða(r) er um 0,8. Stærð svæðis með gatnamótum er um 7,5 ha.
M-3 (ÞR-6)	Smáralind	Miðhverfi. Verslunar-, þjónustu- og íbúðarhúsnæði. Svæðið afmarkast af Smárahvammsvegi í vestri, Reykjanesbraut í austri, Fífuhvammsvegi í norðri og Silfursmára í suðri - en hann er tengibraut milli Reykjanesbrautar og Smárahvammsvegar norðan við Smáralind. Svæðið er innan þróunarsvæðis ÞR-6. Verslunarmiðstöðin Smáralind er um 63 þúsund fermetrar. Norðan Smáralindar er bílastæði Smáralindar (norðaustan megin), þjónusta fyrir bíla og 14 hæða skrifstofu- og verslunarbygging (norðurturn) og bílastæði fyrir þá byggingu. Sunnan Smáralindar eru austan megin bílastæði Smáralindar og vestan megin deiliskipulagt svæði að Silfursmára. Þar er gert ráð fyrir torgi og atvinnu- og íbúðarhúsnæði á 1-5 hæðum með kjallara og bílakjallara. Svæðið tilheyrir reit/svæði sem **kallast 201 Smári** samanber umfjöllun um M-4 hér á eftir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		Sjá einnig umfjöllun um þróunarsvæði í kafla 2.2 Stærð um 11 ha.
M-4 Að hluta til innan (ÞR-6)	Smáralind suðursvæði	Miðhverfi. Verslunar-, þjónustu- og íbúðarhúsnæði. Svæðið afmarkast af Silfursmára í suðri (tengibraut norðan Smáralindar), Arnarnesvegi í suðri, Reykjanesbraut í austri og Smárahvammsvegi í vestri. Svæðinu má skipta í tvö meginsvæði, innan þróunarsvæðis ÞR-6 og utan: a) M-4 og ÞR-6. Miðhverfi frá Silfursmára að Hæðasmára og er það svæði innan þróunarsvæðis ÞR-6. Svæði eða reiturinn **kallast 201 Smári** en þar er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar og þjónustu. Deiliskipulag var endurskoðað árið 2015 og nokkrar breytingar hafa verið samþykktar eftir það. Að stofni til eru byggingar á svæðinu sex til sjö hæðir auk kjallara og inndreginnar þakhæðar. Á norðvesturhluta svæðisins verður 14 hæða fjölbýlishús og 9 hæða hús í norðvesturhluta byggðar. Allar byggingar á svæðinu skulu vera í háum gæðaflokki. Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.2.4 og töflu 2-14 Yfirlit yfir þróunarsvæði um ÞR-6. Síðar er gert er ráð fyrir tengingu milli Smára og Glaðheima annars vegar yfirbyggingu/loki yfir Reykjanesbraut og hins vegar tengibraut undir Reykjanesbraut. Sjá umfjöllun í kafla 5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar. Stærð þessa svæðis (a) er um 5.5 ha. Hluti þess er í einkaeign. b) M-4. Miðhverfi sunnan Hæðasmára að Arnarnesvegi og er utan þróunarsvæðis. Verslunar- og þjónustuhúsnæði. Svæðið telst fullbyggt. Nýtingarhlutfall lóða er um 0,8. Stærð svæðis um 8 ha. Stærð M-4 samtals um 14,4 ha. Sjá einnig umfjöllun um þróunarsvæði í kafla 2.2.
M-5 Að hluta til innan (ÞR-6)	Lindir	Miðhverfi norðan og sunnan við Fífuhvammsveg. Svæðinu má skipta í tvö meginsvæði a) norðan Fífuhvammsvegar og utan þróunarsvæðis b) sunnan Fífuhvammsvegar innan þróunarsvæðis. a) M-5. Skógarlind 1 og 2 norðan við Fífuhvammsveg, utan þróunarsvæðis. Verslunar-, skrifstofu- og þjónustusvæði. Nýtingarhlutfall lóða(r) er áætlað um 0,6. Skógarlind 1 er óbyggt verslunar- og skrifstofuhúsnæði, áætluð 3 hæða bygging auk kjallara. Stærð svæðis er um 5-6 ha. b) M-5, ÞR-6. Bæjarlind sunnan við Fífuhvammsveg, innan þróunarsvæðis ÞR-6. Á svæðinu er blönduð athafnastarfsemi,- iðnaður, verslun og þjónusta í fyrirtækjum af ýmsum toga. Nýtingarhlutfall byggðra lóða er að jafnaði um 0,5. Svæðið telst fullbyggt að undanskildu því að við Bæjarlind 8-10 er í deiliskipulagi ráðgerð 10 hæða verslunar- og skrifstofubygging. Nýtingarhlutfall þeirrar lóðar er áætlað um 0,6. Gert er ráð fyrir breytingum á jaðri svæðisins í tengslum við fyrirhugaða tengibraut undir Reykjanesbraut og síðar loki yfir Reykjanesbraut. Sjá umfjöllun um þróunarsvæði. Stærð þessa svæðis (b) er um 5-6 ha. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á M-5. Stærð M-5 er samtals um 12 ha. Sjá einnig umfjöllun um þróunarsvæði í kafla 2.2.
M-6	Glaðheimar Að hluta til innan (ÞR-6)	Miðhverfi. Verslunar-, þjónustu- og íbúðarshúsnæði. Svæðið afmarkast af Bæjarlind í norðri, að Reykjanesbraut í vestri, Arnarnesvegi í suðri og Lindarvegi og athafnasvæði í austri.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Að hluta innan(ÞR-6)		a) M-6. Austurhluti svæðisins er að miklu leyti byggður og telst ekki vera þróunarsvæði lengur (var hluti þróunarsvæðis í fyrra aðalskipulagi 2012-2024). Að stofni til er þar íbúðarbyggð á 2-7 hæðum auk kjallara og inndreginnar þakhæðar auk tveggja 11 og 12 hæða bygginga auk kjallara. Svæðisnýtingarhlutfall í Glaðheimum-austurhluta án kjallara er um 1. Stærð þessa hluta/svæðis er um 5 ha. b) M-6, ÞR-6. Vesturhluti svæðisins er innan þróunarsvæðis ÞR-6. Þar er blönduð byggð íbúða, verslunar og þjónustu. Áætlað svæðisnýtingarhlutfall í Glaðheimum-vesturhluta er um 1,25 án bílakjallara. Gert er ráð fyrir breytingum á deiliskipulagi á vesturhluta svæðisins (reit 1). Í stað athafnahúsnæðis er gert ráð fyrir auknu hlutfalli íbúðarbyggðar. Áætlað er að hlutfall íbúðarbyggðar geti aukist. Stærð þessa hluta er um 8 ha. Sjá einnig umfjöllun um þróunarsvæði í kafla 2.2. Stærð M-6 samtals um 14 ha. Afmarkað er samfélagsþjónustusvæði áætlað fyrir leikskóla, austast.

3.2.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum. (gr. 6.2.c í skipulagsreglugerð, Verslun og þjónusta (VÞ)).***

MARKMIÐ

- Kópavogsbær stuðli að nýsköpun í atvinnumálum, skapi umhverfi og tækifæri fyrir frumkvöðla til að setjast að með starfsemi sína innan bæjarmarkanna í samræmi við heimsmarkmið 8.3 um nýsköpun og meðbyr við lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Uppbygging og staðsetning svæða fyrir verslun og þjónustu taki mið af sérstöðu bæjarins í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins með góðar tengingar við stofnvegakerfi samgangna, almenningssamgangna, Strætó og Borgarlínu, í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.

LEIÐIR

- Fegrun og endurbætur núverandi verslunar- og þjónustusvæða með gróðri og bættu aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Efla almenningssamgöngur innan verslunar- og þjónustusvæða sem valkost við einkabílinn í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Huga að ásýnd verslunar- og þjónustusvæða frá stofnbrautum, þ.e. frá Hafnarfjarðarvegi, Breiðholtsbraut, Reykjanesbraut, Nýbýlavegi, Dalvegi, Skemmuvegi og Smiðjuvegi. Vanda skal sérstaklega hönnun húsa/mannvirkja og frágang sem liggja næst þessum stofnbrautum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Lögð er áhersla á að skapa fyrirtækjum góða umgjörð til að það sé aðgengilegt og hagkvæmt að stofna og reka fyrirtæki í Kópavogi. Áhersla er lögð á að efla samstarf milli fyrirtækja og skapa skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf sem einkennist af fjölbreytni og nýsköpun.

Í því skyni stofnaði Kópavogsbær félag, Markaðsstofu Kópavogs, sem hefur það markmið að efla atvinnuþróun og auka atvinnuuppbyggingu í bænum. Með aðkomu Markaðsstofu Kópavogs er lögð áhersla á að þróa áfram samstarf milli bæjarfélagsins, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila með það að leiðarljósi að laða að ný fyrirtæki og stuðla að nýsköpun og þróun í þágu bæjarbúa og atvinnulífsins. Markaðsstofa Kópavogs er m.a. vettvangur fyrir fyrirtæki, samtök, stofnanir og aðra hagsmunaaðila til að stuðla að öflugri atvinnuuppbyggingu í Kópavogi og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum.

Mynd 3-6. Dalvegur. Ljósm. F.B.

Tafla 3-6. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
Kársnes		
VÞ-1	Kársnes	Verslun- og þjónustureitur. Bensínstöð. Stærð: 0,07 ha.
VÞ-2	Hófgerði	Verslun og þjónusta, hverfiskjarni. Stærð: 0,08 ha.
VÞ-3	Borgarholts-braut	Verslun og þjónusta, hverfiskjarni. Stærð: 0,08 ha.
VÞ-4	Vesturvör, Landsréttarreitur	Verslun og þjónusta. Þar er nú húsnæði Landsréttar. Stærð: Um 0,25 ha.
VÞ-21 (ÞR-1)	Kársnes, fylling /hafnarsvæði	Tvískipt verslunar- og þjónustusvæði. a) Hluta athafnasvæðis (AT-1) hefur verið breytt í verslunar- og þjónustusvæði (VÞ-21). B) Einnig hluta íbúðarsvæðis (ÍB-1, ÞR-1) við hafnarbakka (H-1). Allt svæðið hefur nú verið skilgreint sem hluti af þróunarsvæði á Kársnesi, ÞR-1. Það er skilgreint sem þróunarsvæði, m.a. vegna áætlaðra breytinga og þróunar sem tengjast Borgarlínu og nýrri starfsemi á nesinu. Göngu- og hjólaleið liggur um svæðið. Sjá einnig umfjöllun um ÞR-1 í kafla 2.2.4. Stærð: Svæðið samtals er um 7-8 ha að stærð.
Digranes		
VÞ-5	Lundur	Óbyggð verslunar- og þjónustulóð. Stærð: 0,4 ha.
VÞ-6	Hjallabrekka	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni. Stærð: 0,3 ha.
VÞ-7	Grænatún	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni. Stærð: 0,2 ha.
VÞ-8	Engihjalli	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni. Stærð: 0,8 ha.
VÞ-9	Stórihjalli	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni. Stærð: 0,6 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Smárar		
VÞ-10	Dalvegur 20-32 Dalvegur 2-18	Verslunar- og þjónustureitur við Dalveg 20-32. Á svæðinu var áður m.a. gróðrarstöð og gert var ráð fyrir munna Kópavogsgangna sem nú hafa verið felld úr aðal- og svæðisskipulagi. Svigrúm er fyrir breytingar og nýbyggingar. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er/var kynnt á vormánuðum 2019. Hluti svæðisins var áður þróunarsvæði en telst mótað með deiliskipulagstillögunni. Verslunar- og þjónustusvæði við Dalveg 2-18. Svæðið er að mestu fullbyggt og nýtingarhlutfall er 0,5-0,8. Stærð VÞ-10: Um 7 ha.
VÞ-11	Nónhæð	Verslunar- og þjónustulóð. Stærð 0,2 ha.
VÞ-22	Dalvegur 1, nýtt VÞ-svæði þegar Sorpa fer	Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að Sorpa fari á skipulagstímabilinu (skráð sem I-1 í fyrra aðalskipulagi þ.e. 2012-2024) og landnotkun núverandi lóðar verði breytt annars vegar í verslunar- og þjónustusvæði (VÞ-22) og hins vegar verði vestari hluti lóðarinnar opið svæði sem tengist Kópavogsdal (OP-10). Stærð: 0,2 ha.
Fífuhvammur		
VÞ-12	Núpalind	Verslunar og þjónustureitur við Núpalind 1. Stærð: 0,3 ha.
VÞ-13	Funalind	Verslunar- og þjónustureitur við Funalind 2. Stærð: 0,15 ha.
VÞ-14	Salavegur	Verslunar- og þjónustureitur við Salaveg 2. Stærð: 0,3 ha.
VÞ-15	Rjúpnasalir	Verslunar- og þjónustureitur við Rjúpnasali 1. Stærð: 0,2 ha.
Vatnsendi		
VÞ-16	Búðakór	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni. Stærð: 0,3 ha.
VÞ-17	Vatnsendahvarf	Vatnsendahvarf, Ögur- og Urðarhvarf: Svæði fyrir verslun og þjónustu í bland við athafnasvæði. Núverandi hlutfall verslunar og þjónustu miðað við athafnasvæði er 93% / 7% en verður 95% / 5%. Stærð: 16 ha.
VÞ-18	Kríunes	Verslunar- og þjónustusvæði. Stærð 0,6 ha.
VÞ-19	Vallarkór	Bæjarkjarni. Vallarkór 2, 4 og 10. Stærð: 2 ha.
VÞ-20	Vatnsendahvarf /Vatnsendahæð	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði sem tengist fyrirhugaðri íbúðarbyggð í Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð. Stærð: 0,45 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 3-7. Atvinnuhúsnæði í Smáralind, turninn.Ljósm. V.G.

3.2.4 Athafnasvæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þunga-flutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.***

(gr. 6.2.e í skipulagsreglugerð, Athafnasvæði (AT))

Á þróunarsvæðum er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun sem lýst er í kafla 2.2 þróunarsvæði.

MARKMIÐ

- Uppbygging og staðsetning athafnasvæða taki mið af sérstöðu bæjarins í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins með góðar tengingar við stofnvegakerfi samgangna í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Dregið verði úr skaðlegum umhverfisáhrifum tengdum atvinnurekstri, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs í samræmi við heimsmarkmið 11.6. um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Umgengni og frágangur við athafnasvæði verði ávallt til fyrirmyndar. Komið verði í veg fyrir að starfsemi á atvinnusvæðum ógni heilsu manna og umhverfi í samræmi við heimsmarkmið 11.6. um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.
- Við skipulag atvinnusvæða skal horft til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Eldri atvinnusvæði verði styrkt með endurskipulagningu.

LEIÐIR:

- Athafnasvæði bæjarins verði skipulögð með áherslu á snyrtilegt umhverfi og gott aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem og almenningssamgöngur í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Gengið verði eftir því með reglubundinni vöktun og hvatningu að umgengni og frágangur á atvinnusvæðum verði til fyrirmyndar í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Athafnasvæði bæjarins verði afmörkuð og unnið verði að endurbótum, s.s. á vesturhluta Kársness, Auðbrekku, Dalvegi og Smiðjuhverfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Tafla 3-7. Yfirlit yfir athafnasvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
Kársnes		
AT-1 (ÞR-1)	Kársnes	Athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir léttum iðnaði og ýmiss konar þjónustustarfsemi. Svæðið er að hluta til á nýrri landfyllingu í samræmi við fyrra aðalskipulag 2012-2024. Fyrir liggur deiliskipulag á öllu svæðinu. Upprunalegu skipulagi af fyrrverandi hafnarsvæði frá árinu 1990 hefur verið breytt. Afmörkun svæðisins hefur verið breytt og athafnasvæði minnkað. Hluta svæðis hefur verið breytt í verslunar- og þjónustusvæði (VÞ-21). Allt svæðið hefur verið skilgreint sem hluti af þróunarsvæði á Kársnesi, ÞR-1. Það er skilgreint sem þróunarsvæði, m.a. vegna áætlaðra breytinga og þróunar m.a. í tengslum við borgarlínu og nýja starfsemi á Kársnestánni. Sjá umfjöllun í kafla 2.2 um þróunarsvæði. Stærð athafnasvæðis er um 5,8 ha.
Digranes		
AT-2 (ÞR-2)	Auðbrekka	Landnotkun á svæðinu hefur breyst frá því að vera nær eingöngu fyrir iðnað í verslun- og þjónustu. Stór hluti svæðisins er þróunarsvæði. Svæði austan Auðbrekku telst ekki til þróunarsvæðis lengur. Sjá umfjöllun í kafla 2.2 um þróunarsvæði. Stærð athafnasvæðis er um 9,7 ha.
AT-3 (ÞR-3)	Smiðjuhverfi	Upphaflega var svæðið skipulagt sem iðnaðarsvæði en vegna miðlægrar staðsetningar hefur starfsemin breyst úr iðnaði í starfsemi tengdri verslun og þjónustu. Hverfið er skilgreint sem þróunarsvæði. Sjá umfjöllun í kafla 2.2 um þróunarsvæði og töflu 2-14 Yfirlit yfir þróunarsvæði. Stærð athafnasvæðis er um 26 ha.
Fífuhvammur		
AT-4	Lindir /sunnan við Fífuhvammsveg	Athafnasvæði við Askalind og Akralind. Um er að ræða athafnahúsnæði á tveimur hæðum. Alls 17 lóðir með léttum iðnaði og skrifstofuhúsnæði. Í gildi er deiliskipulag frá 18.12.2000 með síðari breytingum. Nýtingarhlutfall 0,3. Svæðið telst fullbyggt. Sunnan og vestan Bæjarlindar, Askalindar og Akralindar eru Glaðheimar. Á Glaðheimasvæði (miðsvæði) er miðað við blandaða byggð (verslun/skrifstofur og íbúðir). Sjá umfjöllun um Glaðheima í kafla 3.2.2 um miðsvæði og kafla 2.2 um þróunarsvæði og töflu 2-14 Yfirlit yfir þróunarsvæði. Stærð athafnasvæðis er um 5 ha.
Vatnsendi		
AT-5	Vatnsendahvarf	Vatnsendahvarf, Ögur- og Urðarhvarf: Skilgreint sem blönduð landnotkun verslunar- og þjónustu / athafnasvæðis. Hlutfall árið 2012: 93% í verslun og þjónustu á móti 7% í athafnasvæðum. Til ársins 2040 er áætlað að auka vægið í 95% /5%. Stærð athafnasvæðis er um 8,7 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

3.2.5 Iðnaðarsvæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Afmarka þarf iðnaðarsvæði fyrir virkjanir í orkunýtingarflokki og setja skipulagsákvæði til samræmis við verndar- og orkunýtingaráætlun. (gr. 6.2.f í skipulagsreglugerð, Iðnaðarsvæði (I)).***

Í aðalskipulagi þessu eru eingöngu tvö svæði sem skilgreind sem iðnaðarsvæði, þ.e. skolpdælustöðvarnar tvær á Kársnesi. Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir frekari iðnaðarstarfsemi samkvæmt ofangreindri skilgreiningu.

Í fyrra aðalskipulagi 2012-2024 voru svæðin þrjú því að starfsemi endurvinnslustöðvar Sorpu að Dalvegi 1 er/var skilgreind sem iðnaður en þar sem gert er ráð fyrir að **starfsemin hætti eða verði flutt á skipulagstímabilinu** er landnotkun svæðisins (lóðarinnar), í skipulagi þessu skilgreind fyrir verslun og þjónustu (VÞ-22) og opið svæði (OP-10) sem tengist Kópavogsdal.

Sjá umfjöllun um sorp í kafla **5.1.16 Sorp**.

MARKMIÐ

- Fylgst er með hugsanlegri mengun í fráveitukerfinu. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fylgist með viðtaka og leitar orsaka mengunar ef hún mælist.

LEIÐIR

- Bærinn fylgir þeim stöðlum og kröfum í fráveitumálum sem sett eru í lögum og reglugerðum.
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fylgist með viðtaka og leitar orsaka mengunar ef hún mælist.

Tafla 3-8. Yfirlit yfir iðnaðarsvæði/-lóðir.

Nr	Heiti	Lýsing
I-2	Fossvogsveita	Sjá kafla 5.1.10 um veitur og helgunarsvæði og 5.1.13 um fráveitu. Stærð: 0,3 ha.
I-3	Kársnesveita	Sjá kafla 5.1.10 um veitur og helgunarsvæði og 5.1.13 um fráveitu. Stærð: 0,05 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 3-9. Bolaalda. Yfirlitsmynd. Heimild: Loftmyndir ehf.



Mynd 3-8. Bolaalda. Efnislosunarsvæði E-1. Heimild: Loftmyndir ehf.

3.2.6 Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði

Ekkert efnistökusvæði er skilgreint innan marka Kópavogsbæjar eins og fram kemur í kafla 4.1.2 um uppland Kópavogs.

Við vestanvert Vífilsfell og Bláfjallaveg var töluvert jarðrask vegna malarnáms. Eina eiginlega náman í Kópavogi er í Bolaöldu í norðanverðu Vífilsfelli og er stór hluti hennar í lögsögu Ölfuss. Efnistöku í þessari námu innan lögsögu Kópavogs er nú lokið en námuvinnsla er enn í lögsögu Ölfuss. Stefnt er að endurheimt lands í námunni sem er innan lögsögu Kópavogs. Lögð er áhersla á að þar verði aðeins losuð óvirk jarðefni. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.

Tafla 3-9. Yfirlit yfir efnislosunarsvæði /endurheimt lands.

Nr	Heiti	Lýsing
E-1	Bolaalda	Endurheimt lands. Efnislosun í lögsögu Kópavogs fyrir óvirk jarðefni í efnisnámu þar sem efnistöku er hætt. Áætlað er að gamla náman í Bolaöldu sé um 4,5 – 5 ha og taki við óvirkum jarðefnum sem nemur 1,5 – 2 miljón m^3. Árið 2018 komu á svæðið um 550.000 m^3 (í lögsögu Sveitarfélagsins Ölfuss). Gert er ráð fyrir að hægt verði að endurheimta landið með landfyllingu á 4 – 5 árum þegar byrjað verður að fylla. Bent er á að enn er verið að fylla í námusvæðið í lögsögu Sveitarfélagsins Ölfuss. Áætlað er að byrjað verði að fylla í lögsögu Kópavogs um 2021/2022. Landmótun. Stefnt er að því að móta svæðið í samræmi við fyrra útlit. Svæðið er á mörkum fjarsvæðis vatnsverndar. Allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlitsins. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur. Stærð: Sjá ofar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 3-10. Vatnsvernd. Heimild: vefsvæði ssh.is/vatnsverndin.

3.2.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir afþreyingu fyrir gesti og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, varanleg tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar. (gr. 6.2.i í skipulagsreglugerð, Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)).***

MARKMIÐ

- Móta skal áherslur í ferðaþjónustu fyrir Kópavog í samræmi við heimsmarkmið 8.9 um sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Sérstök áhersla verði lögð á ferðamennsku til uppbyggingar á sviði menningar, útivistar, íþrótta og viðskipta.
- Þríhnúkagígur verði áfram aðgengilegur almenningi og að þar verði byggð upp aðstaða til fræðslu og þjónustu ferðamanna í Bláfjallafólkvangi.

LEIÐIR

- Hálsatorg verði nýtt til menningar- og ferðatengdrar starfsemi í samræmi við heimsmarkmið 8.9 um sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Þríhnúkagígur verði áfram opinn almenningi. Áform eru um aðkomuveg að gígnum, móttökuaðstöðu og jarðgöng í gíginn. Fyrirhugaður aðkomuvegur að Þríhnúkagíg yrði frá Bláfjallaleið og 2,7 km langur. Hann er sýndur á sveitarfélagsuppdrættinum. Meta þarf öll áform um uppbyggingu með hliðsjón af umfjöllun í kafla þessum 3.2.7.

Þríhnúkagígur hefur verið aðgengilegur á sumrin á vegum þjónustuaðila. Aðgengi er takmarkað þar sem fyrirkomulag er þannig að þeir sem skoða gíginn ganga frá Bláfjallavegi um stíg að gígnum.

Vakin er athygli á skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum, sjá kafla 6.2 Íþróttamál, íþróttasvæði, töflu 6-1 yfirlit yfir íþróttasvæði, ÍÞ-10, Bláfjöll, skíðasvæði.

Uppbygging á ferðamannasvæði við Þríhnúka er í samræmi við stefnumörkun um að byggja upp ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.

Áður en að frekari uppbyggingu kemur þarf að uppfylla ýmsa **skilmála sem Kópavogsbær setur** og byggja þeir á upplýsingum um möguleg umhverfisáhrif og leiðir til að draga úr eða koma í veg fyrir þau við framkvæmd aðalskipulagsins.

Vísað er til markmiða í kafla 4.1.3 Óbyggð svæði en þar stendur m.a. „Óbyggð svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar og metin með hliðsjón af greinum náttúruverndarlaga sem fjalla um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (61.gr.) og landslagsverndarsvæði (50.gr.).“ Sjá einnig kafla 4.1.1.2 Landslag. Sjá einnig kafla 4.1.7 Önnur náttúruvernd en þar er m.a. fjallað um sérstaka vernd samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda (s.s. umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs) áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér rask á landslagsgerðum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi frummatsskýrslu framkvæmda við Þríhnúkagíg dagsett 4. september 2012. Í niðurstöðunum segir: „Að mati Umhverfisstofnunar koma ofangreindar framkvæmdir til með að hafa varanleg óafturkræf áhrif á Þríhnúkagíg og umhverfi. Að mati Umhverfisstofnunar munu framkvæmdirnar hafa umtalsverð umhverfisáhrif á jarðmyndanir sem eru einstakar á heimsvísu.“

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

Skilmálar sem Kópavogsbær setur áður en kemur að frekari uppbyggingu eru m.a.:

Ráðast þarf í endurbætur á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið til að auka umferðaröryggi og draga úr hættu á mengun vatns, ef óhöpp verða. Framkvæmdir eru á ábyrgð Vegagerðarinnar. Þessi aðgerð er óháð hugmyndum um Þríhnúkagíg.

Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar, sjá einnig mynd 3-10 Vatnsvernd og kafla 4.1.10 Vatnsvernd. Allar framkvæmdir og öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum skal vera á forsendum vatnsverndar. Við gerð deiliskipulags skal jafnframt leita umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Vinna skal deiliskipulag af svæðinu.

Í deiliskipulagi framkvæmda þarf að huga að fyrirkomulagi göngustíga, bílastæða, aðkomu, móttökuaðstöðu/þjónustuhúsi, fráveitu og aðkomuvegi. Jafnframt þarf að gera grein fyrir framkvæmd neðanjarðar, aðkomugöngum að gígnum og öllu fyrirkomulagi þar. Við útfærslu á fyrirkomulagi þessara mannvirkja þarf að huga að umhverfisáhrifum og ásýnd þeirra.

Fyrirhugaðan aðkomuveg skal fella og hanna inn í landslag svæðisins. Miðað var við að umferðarhraði gæti orðið að hámarki 60-70 km/klst.

Kannaðir verði möguleikar á öðrum samgöngumátum inn á svæðið, s.s. takmörkun á einkabíl og að einungis verði leyfðar hópferðir til að takmarka umferð eins og kostur er.

Áður en vinna við deiliskipulag hefst skal gera samning við Kópavogsbæ um verkefnið. Þar komi fram lýsing verkefnis, tímaáætlun og áfangaskipting framkvæmdar. Lýsing og skilmálar verkefnis verði nánar skilgreindir m.a. með hliðsjón af umhverfismati frá nóv. 2012, áliti Skipulagsstofnunar 28.12.2012, gildandi vatnsvernd, náttúruverndarlögum o.fl.

Bent er á mikilvægi þess að forðast ber að raska hrauni við Þríhnúka og umhverfi og á aðkomuleið(um) þangað nema brýna nauðsyn beri til með vísan til 61. gr. laga um náttúruvernd. Sjá nánar umfjöllun í kafla 4.1.7 Önnur náttúruvernd.

Niðurstöður og skilyrði í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum aðkomuvegar, aðstöðu til skoðunar þjónustubygginga, dags. 28. desember 2012, skal setja fram sem skipulagsákvæði fyrir svæðið. Þar kemur m.a. fram að við framkvæmdaleyfisveitingu verði sett skilyrði varðandi hámarks umferðarhraða 60-70 km/klst á aðkomuvegi. Þá kemur jafnframt fram í álitinu að mikilvægt er að meðal mótvægisaðgerða verði markvissar aðgerðir sem miða að því að lágmarka áhrif á yfirborð Þríhnúkagígs, gróður og jarðmyndanir, með því að koma í veg fyrir átroðning gangandi fólks.

Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá því álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir, eða í árslok 2022, mun Kópsvogsbær óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt í samræmi við 1. mgr. 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Helstu gögn:

- Fyrir liggur matsskýrsla frá nóvember 2012 (unnin af VSÓ) og álit Skipulagsstofnunar dags. 28.12.2012.

Einnig liggja fyrir eftirtalin gögn um Þríhnúkagíg og skíðasvæði í Bláfjöllum:

- Dreifireikningar vegna áhættumats uppbyggingar og starfsemi. Greinargerð Vatnaskila sem unnin var fyrir Kópavogsbæ í maí 2017.
- Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll. Áhættumat gagnvart vatnsvernd. Greinargerð Mannvits unnin fyrir Kópavogsbæ, desember 2017.
- Áhættumat vegna starfsemi á skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugaðrar starfsemi við Þríhnúkagíg gagnvart vatnsvernd og grunnvatnsmálum. Greinargerð starfshóps Kópavogsbæjar, febrúar 2018.
- Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, undirritað af framkvæmdastjórum sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins í maí 2018.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Endurskoðað deiliskipulag skíðasvæðisins í Bláfjöllum, uppdráttur, greinargerð og umhverfismat samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 25. september 2018. Deiliskipulagið tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda 16. nóvember 2018.
- Bláfjallavegur og Bláfjallaleið. Mat á umfangi endurbóta. Greinargerð VSÓ ráðgjafar unnin fyrir Vegagerðina, nóvember 2018.
- Bláfjöll – skíðasvæði í Kópavogi. Fyrirspurn um matskyldu. Umsagnir og athugasemdir. Viðbrögð stjórnar skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins, desember 2018.



Mynd 3-11. Punktalína sýnir gönguleið að Þríhnúkagíg.
nr. 8 Áætlaður vegur að Þríhnúkagíg.
nr. 9 Bláfjallavegur lokaður til vesturs vegna vatnsverndar, sjá nánar kafla 5.1.2.

Tafla 3-10. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
AF-1	Þríhnúkar	Þríhnúkar er mjög sérstök eldstöð í Bláfjallafólkvangi sem er þrjú eldvörp ásamt hraunum. Tveir austari hnúkarnir eru frá nútíma en þriðji gígurinn er úr móbergi frá ísöld. Í austasta gígnum er 120 metra djúpur gígketill og er hann dýpsti lóðrétti hraunhellirinn á Íslandi svo vitað sé. Á botni gígsins tekur við um 115 metra langur hellir. Árið 2005 var gengið frá samningi um leyfi til rannsókna á gígnum og um 40 ha svæðis umhverfis hann. Unnið var að því að gera svæðið öruggara fyrir göngufólk, gerðir voru afmarkaðir göngustígar og settar upp merkingar og öryggisgirðingar. Jafnframt voru boraðar rannsóknarholur til að kanna jarðlög og grunnvatnsstöðu. Þríhnúkagígur hefur verið aðgengilegur á sumrin á vegum þjónustuaðila. Aðgengi er takmarkað, m.a. þar sem fyrirkomulag er þannig að þeir sem skoða gíginn ganga frá Bláfjallavegi um stíg að gígnum. Fram hafa komið hugmyndir um að opna Þríhnúkagíg fyrir almenningi, m.a. um jarðgöng í gíginn og móttökuaðstöðu til að auðvelda fólki að fræðast um jarðfræði og staðhætti svæðisins. Allar framkvæmdir innan Bláfjallafólkvangs eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlits vegna vatnsverndar. Skíðasvæðið er á vatnsverndarsvæði og á öll starfsemi að vera á forsendum vatnsverndar. Vinna skal deiliskipulag af svæðinu í samræmi við umfjöllun í kafla þessum 3.2.7 Afþreyingar og ferðamannasvæði. Við gerð deiliskipulags skal m.a. **unnið út frá skilmálum Kópavogs** hér að framan. Jafnframt skal taka mið af helstu gögnum, s.s. áhættumati vegna vatnsverndar sem einnig eru talin upp hér að framan. Stærð: 18,7 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

MIKILVÆGUSTU HEIMSMARKMIÐIN FYRIR ATVINNULÍF Í KÓPAVOGI

8. STUÐLA AÐ VIÐVARANDI SJÁLFBÆRUM HAGVEXTI OG ARÐBÆRUM MANNSÆMANDI ATVINNUTÆKIFÆRUM FYRIR ALLA

8.3 Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölga mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálaþjónustu.

9. BYGGJA UPP VIÐNÁMSÞOLNA INNVIÐI FYRIR ALLA, STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI IÐNVÆÐINGU OG HLÚA AÐ NÝSKÖPUN

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

12. SJÁLFBÆR NEYSLU- OG FRAMLEIÐSLUMYNSTUR VERÐI TRYGGÐ

12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.

13. GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

3.3 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM ATVINNU

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með framfylgd stefnunnar.

Stefnumið kafla um atvinnulíf falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Kópavogur er staðsettur í miðju höfuðborgarsvæðisins og hefur byggt upp atvinnusvæði í svæðiskjarnanum í Smáranum á síðustu árum sem er á góðum stað með tilliti til samgangna. Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu á Dalvegi og í Glaðheimum. Stefnumörkun um áframhaldandi uppbyggingu á þessum svæði styður við stefnumið um vistvænar samgöngur og dregur þannig úr áhrifum á andrúmsloft. Slík stefnumið geta einnig haft í för með sér jákvæð áhrif á samfélag þar sem boðið er upp á visthæfara umhverfi. Stefnan er einnig í samræmi við markmið Landsskipulagsstefnu um samkeppnishæf samfélög og atvinnusvæði. En þar er horft til þess að sérstaklega verði hugað að fjölbreyttu atvinnulífi með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Ekki er stefnt að því að brjóta nýtt land undir atvinnusvæði og áhrif á náttúrufar því hverfandi. Kópavogsbær stefnir áfram að aukinni endurvinnslu og að draga úr myndun úrgangs frá atvinnusvæðum og bæta þannig nýtingu auðlinda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4 UMHVERFI

4.1 MEGINMARKMIÐ:

Stefnt skal að því að nýta með nærgætni þá fjölbreyttu möguleika sem bæjarlandið býður upp á til útivistar og að samskipti manns og náttúru verði í anda sjálfbærrar þróunar. Verði það gert með þeim hætti að ekki spillist að óþörfu líf og land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Stefnumörkun bæjarins og stofnana hans í umhverfismálum verði vel kynnt og aukin áhersla lögð á vöktun þeirra.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu í aðalskipulagi þessu í öllum köflum greinargerðarinnar - 2. Byggð, 3. Atvinnulíf, 4. Umhverfi, 5. Grunnkerfi, 6. Samfélag og 7. Rammahluta aðalskipulags. Unnin var mikilvægisgreining út frá áherslum aðalskipulagsins, þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við sjálfbærni og stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna.



Mynd 4-1. Kafli 4. Umhverfi. Landnotkun, verndarsvæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4.1.1 Loftslag, landslag, lýðheilsa

Aukin áhersla er á málefni sem tengjast loftslagi, landslagi og lýðheilsu í skipulagi almennt og aðalskipulagi þessu. Það er í samræmi við áherslu landsskipulagsstefnu og í samræmi við niðurstöðu mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna fyrir aðalskipulag Kópavogs. Sjá umfjöllun um mikilvægisgreiningar í viðauka greinargerðar þessarar.

Þær niðurstöður leiddu af sér ný stefnumið um **loftslag** en einnig var skerpt á stefnumiðum um **lýðheilsu** í samfélagskafla aðalskipulags, þ.e. í kafla 6. Samfélag í greinargerð þessari. Einnig er í greinargerðinni umfjöllun og markmið um **landslag** í kafla 3.2.7, Afþreyingar og ferðamannasvæði, víða í kafla 4, Umhverfi og í kafla 2, Byggð er m.a. fjallað um byggðarmynstur, staðaranda og almannarými. Þetta er í samræmi við landsskipulagsstefnu og landslagsverndarákvæði náttúruverndarlaga.

Landslag. Sjá kafla 4.1.1.2 Landslag.

Lýðheilsa. Sjá kafla 6.3.11 Heilbrigðismál, lýðheilsa.

4.1.1.1 Loftslag

Skipulag hefur mikil áhrif á loftslag innan sveitarfélags, meðal annars í tengslum við þróun landnotkunar, byggðar, samgangna og uppbyggingar almennt. Niðurstöður mikilvægisgreiningar sem unnin var út frá áherslum aðalskipulags, og fjallað er um í umhverfisskýrslu, styðja mikilvægi loftslagsmála. Kópavogsbær hefur innleitt Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu sína en í einu markmiðanna, heimsmarkmið 13, er lögð áhersla á aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga. Þannig hafa loftslagsmálin og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verið tvinnuð inn í stefnu aðalskipulags í köflum greinagerðarinnar - byggð, atvinnulíf, umhverfi, grunnkerfi og samfélag auk þess sem horft til þeirra í markmiðum hverfanna í 7. kafla. Nánar er hægt að lesa um þau í hverjum kafla;

- Í 5. kafla um grunnkerfi er meðal annars lögð áhersla á vistvæna og virka samgöngumáta, orkuskipti í samgöngum og blágrænar ofanvatnslausnir sbr. tilvísun í kafla.
- Í 2. kafla um byggð er meðal annars lögð áhersla á blöndun byggðar og umhverfisvænt efnisval, hvatt til notkunar blágrænna ofanvatnslausna og áhættumats vegna áhrifa loftslagsbreytinga sbr. tilvísun í kafla.
- Í 3. kafla um atvinnulíf er meðal annars lögð áhersla á lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun sbr. tilvísun í kafla.
- Í 6. kafla um samfélag er sterk vísun í græn svæði og aðkomu samfélagsins að stefnumótun í loftslagsmálum sbr. tilvísun í kafla.

Sveitarfélagið mun móta stefnu í loftslagsmálum og árlega leggja fram aðgerðaráætlun í umhverfis- og loftslagsmálum. Í **stefnu um loftslagsmál** er fjallað um helstu uppsprettur losunar í sveitarfélaginu og mörkuð stefna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Stuðst skal m.a. við áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist „Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029“. **Í loftslagsbókhaldi** er haldið utan um losun gróðurhúsalofttegunda innan sveitarfélagsmarkanna og í rekstri sveitarfélagsins. Með loftslagsbókhaldi verður haldið utan um framgang sveitarfélagsins að markmiðum sínum.

Ríkistjórn Íslands hefur sett markmið um kolefnishlutleysi Íslands fyrir árið 2040 og mun Kópavogsbær leggja sitt af mörkum svo að það markmið geti náðst.

Lögð er áhersla á þátttöku allra í loftslagsmálunum. **Íbúar, fyrirtæki og hagsmunasamtök** innan bæjarfélagsins eru hvött til að vinna að umhverfismálum, lágmarka úrgang, draga úr losun og stuðla að umhverfisvænum lífsháttum. Allar aðgerðir hafa áhrif á framgang sveitarfélagsins að loftslagsmarkmiðum sínum. Lögð er áhersla á að landnotkun hvetji til virkra og vistvænna ferðamáta auk þess sem hvatt er til bættrar auðlindanýtingar og aukinnar endurvinnslu og endurnýtingar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Áhættumat vegna loftslagsbreytinga

Ekki aðeins er lögð áhersla á að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda heldur einnig að gerð sé grein fyrir yfirvonandi/mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga við skipulagsgerð sveitarfélagsins. Í öllum köflum greinagerðarinnar er þannig lögð áhersla á **áhættumat vegna loftslagsbreytinga**.

Áhættumat felur í sér að lagt er mat á hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga og hvort að aðgerða sé þörf til þess að tryggja öryggi og ástand mannvirkja til framtíðar. Í þeim tilfellum þar sem niðurstaða áhættumats er að loftslagsbreytingar hafi neikvæð áhrif eru settar fram aðgerðir til þess að lágmarka þau áhrif.

Áhættumati vegna áhrifa loftslagsbreytinga er betur lýst í umhverfisskýrslu, fylgiskjali greinargerðar, í kafla 9.14 Fylgiskjal; Áhættugreining vegna loftslagsbreytinga.

MARKMIÐ

- Stuðla skal að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.
- Markvisst verður unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan marka sveitarfélagsins og í rekstri þess í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Horft sé til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga á sveitarfélagið í samræmi við heimsmarkmið 13.2. um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

LEIÐIR

- Haldið er loftslagsbókhald fyrir sveitarfélagið og losun frá rekstri þess kolefnisjöfnuð í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Unnin verði stefna í loftslagsmálum þar sem áhersla er meðal annars lögð á breyttar ferðavenjur, fjölbreytta samgöngumáta, vistvænan ferðamáta, deilibílakerfi til að draga úr bílaeign, skipulag þjónustu, atvinnu, umhverfis og þéttingu byggðar í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Gróðursetning í upplandi Kópavogs, innan þéttbýlis og þéttingarmarka sem stuðlar að kolefnisjöfnun og kolefnisbindingu í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbærni skóga og heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Við skipulag nýrra svæða sé markvisst horft til þéttingar og blöndunar byggðar, meðal annars með því markmiði að draga úr ferðaþörf og losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-2. Vífilsfell og Bláfjallavegur í upplandi Kópavogs. Ljósm. V.G.

4.1.1.2 Landslag

Þegar skipulagt er með tilliti til landslags er jafnt átt við skipulag í þéttbýli (borgarlandslag) þar sem viðfangsefnið er byggðamynstur og skipulag almannarýmis og skipulag í dreifbýli þar sem horft er til náttúrlegs landslags og óbyggða.

Stefnumið um byggðarmynstur og skipulag almannarýmis eru sett fram í umfjöllun um byggð, atvinnu og umhverfi.

Í upplandi Kópavogs eru stór óbyggð svæði sem sum hver falla undir verndarákvæði náttúruverndarlaga en í þeim lögum eru m.a. fjallað um landslagsvernd. Á skógræktarsvæðum er lögð áhersla á að í skógræktaráætlunum verði m.a. horft til landslagsgerða. Sjá m.a. kafla 3.2.7 Afþreyingar og ferðamannasvæði (umfjöllun um Þríhnúkagíg), kafla 4.1.3 Óbyggð svæði, landslag, kafla 4.1.12 Skógrækt og uppgræðsla.

Almennt er lögð áhersla á að í deiliskipulagi, við gerð skógræktaráætlana og við alla mannvirkjagerð hvort heldur sem er í þéttbýli eða dreifbýli verði hugað að staðbundnum gæðum sem felast í landslagi viðkomandi svæðis. Á þetta einnig við um lagningu stíga og vega og gróðursetningu í þéttbýli.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 4-3. Kópavogur, uppland og nágrannasveitarfélög. Heimild: Niðurhal af vef LMÍ og kortagrunnur frá Esri.



Mynd 4-4. Þjóðlenda í upplandi Kópavogs. Heimild: Landupplýsingakerfi Kópavogs.

4.1.2 Uppland Kópavogs

Í upplandi Kópavogs er stór hluti lands skilgreindur sem óbyggt svæði og mörg svæði ætluð til útivistar. Má þar nefna Bláfjallafólkvang, Lækjarbotna, Selfjall og Reykjanesfólkvang.

UPPLAND KÓPAVOGS

Í lögsögu Kópavogs austan Elliðavatns voru áður tveir all stórir landgeirar ofan Heiðmerkur og upplandi var áður tvískipt. Lögsagan hefur breyst og stækkað samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 16. nóvember 2017.

Upplandið austan Heiðmerkur er svæði sem tilheyrir lögsögu Kópavogs um 9.295 ha að stærð. Stór hluti þess lands er þjóðlenda eða um 7.880 ha. Afmörkun uppands nær frá;

- Heiðmörk og Hólmsá við Gunnarshólma í vestri að sýslumörkum Ölfuss við Vatnaöldur og Vífilsfell í austri.
- Lyklafelli og mörkum Mosfellsbæjar í norði að Vífilsfelli og suður fyrir Þríhnúkagíg og skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Landssvæðið er um 9.300 ha að stærð og aðeins lítill hluti þess hefur verið deiliskipulagður.

Samþykktir um Bláfjallafólkvang, vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, friðlýstar náttúruminjar, ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (gr. 61 *Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja)* um verndun sérstakra landgerða, s.s. eldhrauna, eldvarpa o.fl. frá síðjökultíma, verndun votlendis o.fl. setja einnig skilyrði fyrir skipulagi og framkvæmdum. Skipulag og framkvæmdir þessa hluta lögsögunnar verða að einhverju leyti samstarfsverkefni með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Stórt svæði, innan þjóðlendu, þar sem skipulagi var frestað í aðalskipulaginu 2012-2024, er nú skipulagt. Minnt er á, eins og fram kemur í kafla 1.8.3 Þjóðlendur, að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Gerð er tillaga að stækkun skógræktarsvæðis til austurs að Bláfjallavegi, að Suðurlandsvegi í norðri, hraunjaðri og hlíðum Sandfells í suðri. Flugvöllurinn Sandskeiði er afmarkaður landnotkunarkorti /sveitarfélagsuppdrætti og stór hluti upplandsins skilgreindur sem óbyggt svæði enda liggur nútímahraun þar um á stóru svæði.

Stór hluti upplands Kópavogs er á vatnsverndarsvæði og gilda sérstakar reglur um hvernig haga skal ræktun, framkvæmdum og umgengni.

NYRÐRI HLUTI UPPLANDS

Nyrðri hluti svæðisins nær frá Hólmsá og Lækjarbotnum austur í sýslumörk við Vatnaöldur og Vífilsfell. Á svæðinu eru jarðirnar Gunnarshólmi og Geirland, norðan Suðurlandsvegar, sem eru í einkaeign ásamt Núpstúni og Miðmundamýri.

Í Lækjarbotnum er m.a. starfsemi Waldorfskólans á samfélagsþjónustusvæði, S-31. Sjá sveitarfélagsuppdrátt og kafla 6.3.2 Leikskólar, töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla og kafla 6.3.3 Grunnskólar, töflu 6-3. Yfirlit yfir grunnskóla. Sumarhús eru í Lækjarbotnum en miðað er við að frístundabyggð (sumarhús) verði víkjandi sjá kafla 2.1.3 í greinargerð þessari.

Selfjallið (269 m hátt) er sunnan Selhóla en austur af því er Sandfell. Bæði fjöllin ásamt Selhólum eru úr gömlu móbergi. Á svæðinu er einnig eldra grágrýti sem hraun hafa að nokkru runnið yfir. Sameiginlegt beitarhólf fyrir sauðfé úr Kópavogi, Reykjavík, Mosfellsbæ og Grafningi er á Miðdalsheiðinni norðan Suðurlandsvegar og er svæðið milli Fossvallaklifs (Lögbergsbrekku) og Lyklafells í lögsögu Kópavogs. Þar eru m.a. Efri- Fóelluvötn og Vatnaás.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-5. Þríhnúkagígur. Ljósm. V.G.

Mynd 4-6. Við Selfjall í Læjarbotnum. Ljósm. F.B.

Austan við Lækjarbotna er að mestu berangurslegt svæði sem nær austur að Sandskeiði við Bláfjallaveg en þar eru Lakheiði, Lakadalur og Mosar. Á svæðinu var áður fyrr mikill uppblástur en unnið hefur verið að uppgræðslu þess. Næst Bláfjallavegi eru Neðri - Fóelluvötn og Arnarnípur (Arnarþúfur). Sandskeið er að mestu örfoka land og sendið. Unnið hefur verið að uppgræðslu og skógrækt á svæðinu. Þar er Sandskeiðsflugvöllur sem er notaður fyrir svifflug og vélflug. Við vestanvert Vífilsfell og Bláfjallaveg var töluvert jarðrask vegna malarnáms. Vífilsfell er 655 metra hátt og er myndað úr móbergi og hraunum og er afar vinsælt til gönguferða. Eina eiginlega náman í Kópavogi er í Bolaöldu í norðanverðu Vífilsfelli og er stór hluti hennar í lögsögu Ölfuss. Efnistöku í þessari námu innan lögsögu Kópavogs er nú lokið en námuvinnsla er enn í lögsögu Ölfuss. Efnislosun fer þó enn fram á svæðinu.

Lækjarbotnaland nær frá hraunjaðri Hólmshrauna austur fyrir Fossvallarétt við gamla Suðurlandsveginn en réttin er sameiginleg lögrétt Reykvíkinga og Kópavogsbúa. Norðan vegarins er Miðmundarmýri og Nátthagavatn sem Hólmsá rennur úr. Í Lækjarbotnalandi er fjölbreytt náttúra og landslag, grágrýtishvalbök, hraun, móar, melar og fjöll sem gerir svæðið kjörið fyrir útivist. Í Lækjarbotnum hefur verið starfræktur Waldorfskóli fyrir börn á grunn- og leikskólaaldri síðan 1990. Efnistaka hefur verið nokkur á svæðinu en á sjöunda áratug síðustu aldar var tekið úr hrauni fyrir neðan Selfjall og hrauni við veginn inn að Waldorfskóla. Þó nokkuð hefur verið um uppgræðslu og skógrækt í Lækjarbotnum og eru þar í dag nokkrir sumarbústaðir en reiknað er með að þeir víki fyrir útivist.

NÝTT LANDSVÆÐI Í UPPLANDI KÓPAVOGS

Lögsaga Kópavogs hefur stækkað samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 16. nóvember 2017. Landsvæðið, sem áður lá á milli landgeira Kópavogs og tilheyrði Reykjavík, er um 3000 ha landgeiri sem nær frá Heiðmörk upp í Bláfjöll. Landsvæði þetta er að mestu sögulegt hraun, Húsfellsbruni, runnið eftir landnám (heimild kortasjá Náttúrufræðistofnunar), landsvæði undir hlíðum Bláfjalla og nær upp í Bláfjöll. Svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði. Einnig er Eldborg á svæðinu, sunnan við Bláfjallaveg. Eldborg er einn þriggja gíga af eldborgargerð hjá Kóngsfelli. Eldborg var friðlýst sem náttúruvætti árið 1971.

SYÐRI HLUTI UPPLANDS

Syðri hluti upplandsins nær frá Heiðmörk í vestri að sýslumörkum Ölfuss í austri og sýslumörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar í suðri. Þar er Bláfjallafólkvangur, skíðasvæðið í Bláfjöllum, Þríhnúkagígar og hraun. Svæðið er á vatnsverndarsvæði og gilda um þau sérstakar reglur um hvernig haga skal ræktun, framkvæmdum og umgengni. Vesturhluti svæðisins er þakinn hrauni; Húsfellsbruna og Rjúpnadyngjuhrauni, einnig Þríhnúkahraun og Strompahraun (heimild kortasjá Náttúrufræðistofnunar). Mörg áhugaverð svæði eru í syðri hluta upplands Kópavogs:

BLÁFJALLAFÓLKVANGUR

Bláfjallafólkvangur var friðlýstur sem fólkvangur 1973 og voru ákvæði friðlýsingar endurskoðuð árið 1985. Heildarstærð hans er 8.400 ha og aðilar að rekstri hans eru Kópavogsbær, Garðabær, sveitarfélagið Suðurnesjabær (sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær sameinuðust 2018), Grindavíkurbær, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Reykjavík, Seltjarnarnes og sveitarfélögin Vogar og Mosfellsbær. Um 43% fólkvangsins, eða um 3.600 ha, eru innan lögsögu Kópavogs og því fer Kópavogur með stjórnsýslu fólkvangsins. Landslag Bláfjallafólkvangs er dæmigert fyrir eldfjallaland enda er fólkvangurinn á miðju virks gosbeltis eftir Reykjanesskaganum endilöngum. Bláfjöllin eru lítt gróin móbergsfjöll með hraunþekju á sléttlendi. Í Bláfjallafólkvangi er Skíðasvæðið í Bláfjöllum. Allar framkvæmdir innan Bláfjallafólkvangs eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlits vegna vatnsverndar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-7. Við Selfjall í Lækjarbotnum. Ljósm. F.B.

VATNSENDAKRIKAR

Um þrjá km sunnan við Elliðavatn við jaðar hraunsins Húsfellsbruna og í jaðri Heiðmerkur eru Vatnsendakrikar. Krikarnir eru vatnsverndarsvæði (brunnsvæði). Þar er neysluvatn Kópavogsbúa tekið. Reykjavík er með vatnsból við Gvendarbrunna og borholur við Myllulækjartjörn og Vatnsendakrika en í vatnsbólin rennur sinn hvor grunnvatnsstraumurinn.

Í Vatnsendakrikum voru boraðar fjórar vinnsluholur sem dælt er upp úr í vatnsgeymi. Á staðnum er stöðvarhús og 1000 m^3 vatnsgeymir. Lögð var á árinu 2006 um 5 km stofnlögn að 4000 m^3 miðlunargeymi í vestanverðri Vatnsendahlíð. Innan við 2,5 km af lögninni liggur innan Heiðmerkur.

VERNDUÐ /FRIÐLÝST SVÆÐI Í LÆKJARBOTNUM:

- Tröllabörn
- Gömlubotnar
- Túnhóll
- Botnalækur

VERNDAÐ SVÆÐI Í BLÁFJÖLLUM:

- Í Bláfjöllum er Eldborg friðlýst.

4.1.3 Óbyggð svæði, landslag

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum. (gr. 6.2.s í skipulagsreglugerð, Óbyggð svæði (ÓB)).***

Tafla 4-1. Yfirlit yfir óbyggð svæði.

Nr	Heiti	Lýsing
ÓB-1	Óbyggt svæði í heimalandi /Vatnsendaheiði	Óbyggð svæði í heimalandi á Vatnsendaheiði milli skógræktarsvæðis og fyrirhugaðrar byggðar. Svæði nær að mörkum Garðabæjar austan til og svæði þar sem skipulagi er frestað við Elliðavatn að vestan. Stærð: 80 ha.
ÓB-2	Óbyggt svæði í upplandi	Stór hluti upplands er óbyggt svæði og hraun. Sjá lýsingu í kafla 4.1.2 Uppland Kópavogs og í umfjöllun hér á eftir. Einnig er stór hluti upplands þjóðlenda, sjá kafla 1.8.3 Þjóðlendur. Stærð: um 7.410 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 4-8. Stór hluti upplandsins er óbyggt svæði og hraun.

MARKMIÐ

- Óbyggð svæði verði náttúruleg og sjálfbær og vöktuð og unnið að endurheimt ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Hvatt verði til aukinnar notkunar óbyggðra svæða í upplandinu með fræðsluefni svo að gestir og gangandi geti notið þessara svæða í enn ríkari mæli í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Umgengni um óbyggð svæði verði án þess að raska náttúru þeirra og lífríki.
- Unnið verði áfram að uppgræðslu á óbyggðum svæðum í upplandi Kópavogs og þess gætt að starfsemi á svæðinu skaði þau ekki.
- Óbyggð svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar og metin með hliðsjón af greinum náttúruverndarlaga sem fjalla um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (61.gr.) og landslagsverndarsvæði (50.gr.).

LEIÐIR:

- Unnin verði úttekt á ástandi óbyggðra svæða og unnið að endurheimt ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Framkvæmdir innan óbyggðra svæða taki tillit til náttúrulegs umhverfis og í samræmi við vöktun og heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Unnið verði að heildarskipulagi norðurhluta upplands Kópavogs í samræmi við vöktun og heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Unnið verði að skráningu og merkingu á náttúru- og söguminjum á óbyggðum svæðum og þau gerð aðgengileg til útivistar í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengilega græn svæði með áningarstöðum og stikuðum gönguleiðum í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Kópavogsbær leggi áherslu á samstarf við nágrannasveitarfélög varðandi skipulag og nýtingu upplands höfuðborgarsvæðisins í samræmi við heimsmarkmið 11.A um að styrkja áætlanir um byggðaþróun og 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Hlúð verði að náttúrulegu gróðurfari á óbyggðum svæðum og þau styrkt.
- Unnið verði að gerð gönguleiða í efri byggðum, Lækjarbotnum og víðar í upplöndum Kópavogs, þar sem hægt verði að fræðast um náttúru og sögu svæðisins í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Unnið verði að skipulagi útivistarsvæða í Lækjarbotnum.

Í upplandi Kópavogs er stór hluti lands skilgreindur sem óbyggt svæði og mörg svæði ætluð til útivistar. Má þar nefna Bláfjallafólkvang, Lækjarbotna, Selfjall og Reykjanesfólkvang.

Óbyggðu svæðin eru að mestu ósnortin (efnistökusvæði í Bolaöldu þó undaskilið) og ákveðið hefur verið að mannleg áhrif verði þar sem minnst. Um þessi óbyggðu svæði er gert ráð fyrir að gönguleiðir verði stikaðar til að auðvelda aðgengi íbúa að þeim og að bjóða upp á sem fjölbreyttasta möguleika til útivistar. Fyrrverandi efnistökusvæði í Bolaöldu innan Kópavogs er að mestu skilgreint sem óbyggt svæði. Þar er nú gert ráð fyrir efnislosunarsvæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Hraun í upplandi

Mörg hraun í upplandi njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. *„Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl.“* með vísan í 2. mgr. *„a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.“*

Sjá einnig kafla 4.1.7 Önnur náttúruvernd og mynd 4-16 um nútímahraun.

Mynd 4-6. Frá Kópavogskirkjugarði. Ljósm. B.S.G.

4.1.4 Kirkjugarðar

Svæði fyrir kirkjugarða. (gr. 6.2.k í skipulagsreglugerð, Kirkjugarðar og grafreitir (K))

Kirkjugarður er í Leirdal í Kópavogi, vígður árið 2006. Garðurinn er um 14 hektarar og reiknað er með að fjöldi grafa verði um 15 þúsund. Unnið er að endurskoðun áætlunar. Auk Kópavogskirkjugarðs eru tveir heimagrafreitir innan lögsögu bæjarins, annar við Vatnsenda og hinn í Lækjarbotnum. Þeir eru ekki auðkenndir sérstaklega á þéttbýlisuppdrætti og á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins.

Tafla 4-2. Yfirlit yfir kirkjugarða.

Nr	Heiti	Lýsing
K-1	Kópavogskirkju-garður	Garðurinn er um 14 hektarar og er reiknað með að fjöldi grafa verði um 15 þúsund. Unnið er að endurskoðun rýmisþarfar. Stærð: 14 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4.1.5 Opin svæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. (gr. 6.2.l í skipulagsreglugerð, Opin svæði (OP)).***

MARKMIÐ

- Öruggt aðgengi að opnum svæðum og þjónustu fyrir alla verði tryggt í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.
- Opin svæði verði innan hvers hverfis sem tryggi íbúum fjölbreytta aðstöðu til útivistar. Frágangur nýrra opinna svæða fylgi vexti og uppbyggingu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.
- Stefnt skal að því að opin svæði verði ekki skert enda bjóða þau upp á umhverfisleg gæði.
- Skjólsæld verði aukin og umhverfi Kópavogs fegrað með aukinni trjárækt.
- Í allri skipulagsvinnu skal lögð áhersla á góðar tengingar á milli útivistarsvæða.

LEIÐIR

- Haldin verður skrá um stærð opinna svæða og fjölda slysa á opnum svæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.
- Gerð verði úttekt á hvar aðgengi og þjónustu við útivistarsvæði er ábótavant og í kjölfar hennar unnin áætlun um úrbætur ef þörf er á í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.
- Áhersla verði lögð á trjárækt á opnum svæðum innan hverfa en breyta sem minnst náttúrulegu gróðurfari þar sem það á við í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði, 15.2 um sjálfbæra skóga og 15.9 um líffræðilega fjölbreytni.
- Samhliða uppbyggingu íbúðahverfa verði unnið að frágangi opinna svæða, leiksvæða og göngu- og hjólreiðastíga í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði og heimsmarkmið 11.2 öruggar og sjálfbærar samgöngur.
- Unnið verði heildarskipulag af útivistarsvæði við Elliðavatn sem tengist Guðmundarlundi, Heiðmörk og öðrum svæðum í nágrenninu í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Fylgst verði með ástandi opinna svæða og úr því verði bætt ef ástæða þykir til.
- Dregið verði úr hávaða- og sjónmengun frá nærliggjandi umferðaræðum með trjárækt og jarðvegsmönum í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbæra skóga.
- Hvatt verði til ræktunar matjurta og aðstaða til þess aukin eftir þörfum.
- Stuðlað verði að trjárækt í bæjarlandinu þar sem sérstök áhersla verði lögð á útivistarsvæði og svæði meðfram hjólreiða- og göngustígum og við aðalgatnakerfi bæjarins.

Mynd 4-10. Fossvagsdalur, þrektæki. Ljósm. F.B.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Í Kópavogi tilheyra stór svæði landnotkunarflokknum opin svæði, þ.e. strandlengja Kársness, Fossvogsdalur, Kópavogsdalur, Vatnsendahvarf, Vatnsendahlíð, Vatnsendaheiði og strönd Elliðavatns. Öll þessi svæði eru mikilvægir hlekkir í keðju opinna svæða í heimalandi Kópavogs. Út frá þeim teygjast grænir geirar inn í aðliggjandi byggð.

Þar sem gert er ráð fyrir útivist fyrir almenning er skógrækt heimil. Skógrækt skal falla vel að náttúru og landslagi.

Leiksvæði

Í Kópavogi eru fjölmörg leiksvæði innan íbúðarsvæða og opinna svæða en bæjaryfirvöld hafa markvisst byggt upp leiksvæði í íbúðahverfum. Leiksvæðin eru eins mismunandi og þau eru mörg en á flestum þeirra eru leiktæki fyrir börn og eru þau oft hluti af opnum útivistarsvæðum. En einnig má nefna sparkvelli, körfuboltavelli, hjólabrettavelli, tennisvelli og púttvelli. Leiksvæði eru táknuð með „**L**“ á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins til skýringar, staðsetning er leiðbeinandi.

Tafla 4-3. Yfirlit yfir opin svæði.

Nr	Heiti	Lýsing
Kársnes		
OP-1.01	Naustavör	Svæði liggur við enda Naustavarar að sjó til vesturs og spilda gengur út frá svæðinu vestan megin til norðurs meðfram strandlengjunni. Göngustígar og áningarstaðir liggja um svæðið. Stærð: 0,91 ha.
OP-1.02	Kársnesströnd	Ströndin frá vestasta enda Kársnesstrandar að smábátahöfn Siglingafélagsins Ýmis /Fossvogshöfn. Göngustígur/grænn geiri er meðfram sjónum/Bryggjuhverfi sem fer út á Kársnes. Stærð: 5,12 ha.
OP-1.03	Bryggjuhverfi	Svæði sem liggur fyrir miðju Bryggjuhverfis frá Fossvogshöfn að vestari enda byggðar í Bryggjuhverfi. Stærð: 0,87 ha.
OP-1.04	Vesturvör	Svæði sem liggur samsíða Vesturvör frá Urðarbraut til austurs að Naustavör til vesturs og umlykur Vesturvör beggja vegna. Stærð: 1,56 ha.
OP-1.05	Fossvogsströnd	Ströndin frá ósi Fossvogslækjar vestur að smábátahöfn Siglingafélagsins Ýmis /Fossvogshöfn. Á svæðinu frá Fossvogslæk að Fossvogshöfn/Ýmishöfn er m.a. að finna fjöru, leiksvæði og gönguleið með áningarstöðum. Á svæðinu er Höfði /tangi vestan við Landsrétt (áður Siglingastofnun), sem nýtur hverfisverndar, sjá HV-1. Stærð: 5,64 ha.
OP-1.06	Sæbólsmói	Brekka og mói við leikskólann Marbakka og liggur að byggð við Sæbólsbraut 55-61 til norðurs, bílastæði fyrir Sæbólsbraut 1-31 til austurs og bílastæðasvæði til suðurs. Stærð: 0,25 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-7. Í Guðmundarlundi. Ljósm. B.S.G.

OP-1.07	Sæbólsmön	Innan svæðis er fótboltavöllur, trjálundur og hljóðmön. Svæðið liggur meðfram Hafnarfjarðarvegi frá Fossvogslæk til norðurs að Kársnesbraut til suðurs. Stærð: 0.68 ha.
OP-1.08	Holtsvöllur /Stelluróló	Á svæðinu er Holtsvöllur, oft kallaður Stelluróló og Listatún. Þar eru leiktæki, grassvæði, gæsluvöllur og fótboltavöllur. Stærð: 0,50 ha.
OP-1.09	Rútstún	Á svæðinu er Rútstún þar sem er opið leiksvæði, sleðabrekka, árstíðabundnir fótboltavellir og þar hafa 17. júní hátíðarhöld bæjarins farið fram síðustu áratugina. Svæðið afmarkast við Sundlaug Kópavogs til norðurs, Kópavogsbraut til suðurs, Urðarbraut til vesturs og Skjólbraut til austurs. Stærð: 1,32 ha.
OP-1.10	Borgarholt	Borgarholt, einnig kallað Borgir, var friðlýst sem náttúruvætti árið 1981, sjá FS-1. Þar eru menjar um sjávarstöðu á höfuðborgarsvæðinu eins og hún var skömmu eftir lok síðustu ísaldar fyrir um 10.000 árum. Grágrýtishnullungar einkenna holtið og hin forna sjávarstaða sést við neðri mörk hnullunganna á holtinu. Á Borgarholti er einnig að finna fjölbreytt gróðurfar. Stærð: 3,30 ha.
OP-1.11	Hábraut	Svæðið afmarkast við Hábraut til vesturs og Ásbraut til austurs. Á svæðinu er gervigrasvöllur og leiksvæði. Stærð: 0,42 ha.
OP-1.12	Hafnarfjarðarvegur	Frárein frá Hafnarfjarðarvegi og nærliggjandi svæði. Stærð: 0,88 ha.
OP-1.13	Kópavogsströnd	Svæðið er strönd sem liggur frá svæði OP-1.14, neðan Sunnubrautar og Þinghólsbrautar og vestur að hafnarsvæði við Bakkabraut. Innan svæðis er hverfisvernd, sjá HV-24. Stærð: 5,66 ha.
OP-1.14	Kópavogstún	Svæði við Kópavog, vestan Hafnarfjarðarvegar að Sunnubraut. Þarna er heimatún Kópavogsbæjarins umhverfi Þinghóls og Hressingarhælisins, fjara við Kópavogsleiru, lóð ríkisins og starfsemi ríkisspítala, líknardeild Landspítalans, dvalar- og þjálfunaraðstaða fyrir þroskahefta og Hressingarhælið, Kópavogsbærinn og túnsvæði. Innan svæði er hverfisvernd, sjá HV-2, minjavernd, sjá MV-1, MV-3, MV-4 og MV-11. Miðað er við að ríkislandið ásamt svæðinu umhverfis verði skilgreint sem opið svæði „Kópavogsgarður“ þ.e. grænt svæði. Gert er ráð fyrir að í tímans rás geti byggingarnar á svæðinu fengið nýtt hlutverk eða þær fjarlægðar. Um svæðið liggur göngu- og hjólaleið. Stærð: 11,26 ha.
Digranes		
OP-2.01	Fossvogsdalur	Útivistarsvæði á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur sem nær frá Hafnarfjarðarvegi í vestri og að Víðigrund til austurs. Innan svæðis eru göngustígar, tjarnir, leiksvæði, fjölbreyttur gróður, Frisbígolfvöllur, skólagarðar og trjálundir. Einnig má nefna að Fossvogslækur og umhverfi er hverfisverndaður, sjá HV-3. Stærð: 8,04 ha.
OP-2.02	Túnsvæði við Fagralund	Túnsvæði sem afmarkast af íþróttasvæði Fagralundar til vesturs að bæjarmörkum við Reykjavík til norðurs, liggur austur að göngustíg milli Álfatúns til Reykjavíkur, liggur að OP.2.03. Hugmyndir hafa verið ræddar um sundlaug í Fossvogsdal í samvinnu Kópavogs og Reykjavíkurborgar - mögulega í nálægð við íþróttasvæði Víkings eða íþróttasvæði HK. Sundlaugin yrði fyrst og fremst hugsuð sem hverfislaug sem þjónaði skólasundi á daginn og almenningi eftir lok skóladags. Vegna legu má gera ráð fyrir að hún yrði töluvert nýtt af útvistarfólki sem leggur leið sína um dalinn. Lögð yrði áhersla á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-12. Vetrarstemning. Ljósm. H.M.

		vistvænar útfærslur í hvívetna. Aðgengi yrði að miðast aðallega við gangandi og hjólandi þó þannig að hægt yrði að nýta bílastæði við skólabyggingar og Fagralund. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um málið. Sjá einnig texta í kafla 6.2, töflu 6-1 um ÍÞ-3. Daltún liggur sunnan við svæðið. Stærð: 2,75 ha.
OP-2.03	Túnsvæði neðan við Álfatún og Kjarrhólma	Túnsvæði neðan við Álfatún og Kjarrhólma sem liggur að bæjarmörkum Reykjavíkur. Svæðið afmarkast við göngustíg milli Álfatúns og Reykjavíkur vestan megin og austur að Smiðjuhverfi. Innan svæðis er framræst votlendi, Yndisgarður, Rósagarður, garðlönd, árstíðabundnir fótboltavellir og Lómatjörn. Á svæðinu er hverfisvernd, sjá HV-9 og HV-23. Stærð: 22,93 ha.
OP-2.04	Fossvogsbrún	Svæði sem afmarkast af Smiðjuveg og er að mestu grassvæði við götur. Stærð: 0,38 ha.
OP-2.05	Furugrundargeiri	Geiri frá Nýbýlavegi að opnu svæði í Fossvogi, með tilheyrandi stígakerfi, áningar- og trjásvæði. Stærð: 0,73 ha.
OP-2.06	Daltúnsgeiri	Geiri frá Nýbýlavegi að opnu svæði í Fossvogi, með tilheyrandi stígakerfi, áningar- og trjásvæði. Stærð: 0,68 ha.
OP-2.07	Álfatúnsgeiri	Geiri frá Nýbýlavegi að opnu svæði í Fossvogi, með tilheyrandi stígakerfi, áningar- og trjásvæði. Stærð: 0,34 ha.
OP-2.08	Fossvogsgeiri	Geiri frá Nýbýlavegi að opnu svæði í Fossvogi, með tilheyrandi stígakerfi, áningar- og trjásvæði. Stærð: 1,67 ha.
OP-2.09	Einbúalundur	Svæði sem nær frá Skemmuvegi, bleikri götu, niður að hverfisvernduðu svæði Einbúa, sjá HV-4. Stærð: 0,68 ha.
OP-2.10	Nýbýlavegur /Auðbrekka	Opið svæði meðfram Nýbýlavegi og til norðurs meðfram vestari hluta Lundar og Hafnarfjarðarvegar. Stærð: 3,86 ha.
OP-2.11	Nýbýlavegur	Opið svæði sunnan við Nýbýlavegi og norðan við Lundabrekku. Stærð: 1,34 ha.
OP-2.12	Nýbýlavegur /Dalvegur	Opið svæði meðfram Nýbýlavegi sem liggur til suðurs inn Dalveg. Stærð: 3,08 ha.
OP-2.13	Víghólasvæði	Á reitnum er opið svæði milli Lyngheiðar og Melaheiðar og í vesturhluta þess er Víghóll sem er friðlýst náttúruvætti. Þar er hringsjá. Allnokkur trjárækt er á hluta svæðisins en þar er einnig leiksvæði og sparkvellir, auk göngustíga. Stærð: 3,07 ha.
OP-2.14	Digranessvæði	Austan við lóð Álfhólsskóla-Digraness er opið svæði sem nær frá Álfhólsvegi að Skálaheiði. Nyrst á svæðinu er Álfhóllinn en syðst, suðaustan við Digranes, íþróttahús HK, standa tóftir lögbýlisins Digraness. Þar má sjá bæjarhlað ásamt gömlum túngarði. Stærð: 0,86 ha.
OP-2.15	Valahjallasvæði	Svæði sem liggur frá vestri við verslunarsvæði við Engihjalla 8 og að Valahjalla til norðurs og Engihjalla til austurs og suðurs. Stærð: 0,27 ha.
OP-2.16	Hlíðargarður	Hlíðargarður er fyrsti almenningsgarðurinn í Kópavogi og eini eiginlegi skrúðgarðurinn. Hann er staðsettur á milli íbúðarhúsa við Hlíðarhvamm og Lindarhvamm og er aðkoma að garðinum frá báðum götunum. Hlíðargarður var skipulagður í klassískum stíl evrópskra hallargarða og á hann fáa sína líka hér á landi. Innan svæðis er leiksvæði, grillaðstaða, og vatnssvæði. Nýtt hverfisverndarsvæði, sjá HV-26. Stærð: 0,45 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

OP-2.17	Digraneskirkjusvæði	Opið svæði umhverfis Digraneskirkju sem liggur niður að Kópavogsdal og til austurs inn að Hjallahverfi. Afmarkast við verndarsvæði í Kópavogsdal. Innan svæðis er hverfisvernd, HV-8. Stærð: 4,45 ha.
OP-2.18	Heiðarhjallageiri	Geiri sem liggur frá Kópavogsdal upp að Heiðarhjalla og upp að íþróttahúsi Digraness. Stærð: 1,32 ha.
OP-2.19	Hlíðarhjallageiri	Geiri sem liggur frá frá Kópavogsdal upp Hlíðarhjalla. Stærð: 0,66 ha.
OP-2.20	Engihjallasvæði	Svæði þar sem er Malarvöllur sem liggur frá Kópavogsdal til austurs að Nýbýlavegi. Svæðið afmarkast við Engihjalla til norðurs. Stærð: 1,11 ha.
OP-2.21	Kópavogsdalur -vestur	Svæðið afmarkast frá Hafnarfjarðarvegi til vesturs og liggur austur að Digranesvegi. Á svæðinu eru gróðurlundir, göngustígar, leiksvæði, púttvöllur, trjálundir, gróðurþekja, grassvæði, Fífuhvammur 20, tjörn, Kópavogslækur, æfingatæki og gert er ráð fyrir íþrótta- og lýðheilsugarði. Sjá einnig umfjöllun um lýðheilsugarð í kafla 6.2, Íþróttamál, íþróttasvæði, töflu 6-1 um ÍÞ-4. Innan svæðis er hverfisvernd, sjá HV-8, og minjavernd, sjá MV-12. Stærð: 11,02 ha.
OP-2.22	Kópavogsdalur -austur	Svæði afmarkast við Digranesveg til vesturs og Dalveg til suðurs og Lækjarhjalla til austurs. Á svæðinu er leiksvæði, frisbígolfvöllur, göngustígar, húsnæði Hjálparsveitar skáta í Kópavogi, Digranesvegur 89, æfingatæki, árstíðabundinn fótboltavöllur, trjálundir (lerkitré), gróðurþekja, grassvæði og tjarnsvæði. Innan svæðis er hverfisvernd, sjá HV-27. Stærð: 15,96 ha.
Smárar		
OP-3.01	Hafnafjarðar-vegarspilda	Opið svæði við Hafnafjarðarveg. Stærð: 0,28 ha.
OP-3.02	Fífuhvammsvegur /Arnarnesvegur	Opið svæði við Fífuhvammsveg sem liggur frá vestri til austurs og svæði sem liggur til suðurs að Arnarnesvegi við bæjarmörk Garðabæjar. Stærð: 9,64 ha.
OP-3.03	Arnarsmárageiri	Opið svæði með leiksvæðum í Smárahverfi sunnan Fífuhvammsvegar og norðan Arnarsmára. Stærð: 2,91 ha.
Fífuhvammur		
OP-4.01	Lindarvegur	Opið svæði meðfram Lindarvegi til norðurs og suðurs. Stærð: 3,07 ha.
OP-4.02	Selhryggur norður (að Reykjanesbraut)	Opið svæði á milli Reykjanesbrautar og Lindarhverfis, á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Stígur liggur eftir svæðinu og tengir það á mörgum stöðum inn í aðliggjandi hverfi. Á Selhrygg er nokkur trjárækt, leiksvæði og áningarstaðir. Stærð: 4,58 ha.
OP-4.03	Fífuhvammsvegar /Lindir/Salir	Opið svæði við Fífuhvammsveg sem liggur frá Lindarvegi að Arnarnesvegi. Stærð: 7,99 ha.
OP-4.04	Hvammsvæði	Opið svæði milli Selhryggs og Lindaskóla, alls um 6,3 ha. Þarna er hinn eiginlegi hvammur sem jörðin dró nafn sitt af (Hvammur, Hvammkot, Fífuhvammur) enda stóð bærinn þar í grennd. Á svæðinu eru merkar minjar, bæði sögulegar og jarðfræðilegar. Þar eru m.a. leiksvæði, garðlönd og sleðabrekkur. Stærð: 6,11 ha.
OP-4.05	Selhryggur	Opið svæði um 2,3 km á lengd á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Seljahverfi er annars vegar og Lindir og Salir hins vegar. Stígur liggur eftir svæðinu og tengir það á mörgum stöðum inn í aðliggjandi hverfi. Norðurhluti svæðisins liggur að

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-8. Í Smalaholti í Rjúpnahæð. Ljósm. F.B.

		útivistarsvæðinu í Kópavogsdal og í suðaustri heldur stígurinn áfram yfir í Kóra. Á Selhrygg er nokkur trjárækt, leiksvæði og áningarstaðir. Stærð: 5,61 ha.
OP-4.06	Hádegishólar	Opið svæði milli Lindahverfis og Kópavogskirkjugarðs. Innan svæðis eru Hádegishólar og er svæðið verndað sem hverfisverndarsvæði, sjá hverfisvernd 10. Stærð: 3,76 ha.
OP-4.07	Salir	Opið svæði innan Salahverfis. Þar eru ýmis leiksvæði og göngustígar innan svæðisins sem liggja að mörgum götum hverfisins milli hverfishluta. Stærð: 7,38 ha.
OP-4.08	Arnarnesvegur	Svæði sem liggur norðan við Arnarnesvegi og liggur samsíða veginum frá vestri til austurs. Stærð: 5,95 ha.
OP-4.09	Öldusalir	Svæði sem liggur norðan Öldusala og vestan við Golfvöll Kópavogs- og Garðabæjar í Leirdal. Stærð: 1,96 ha.
Vatnsendi		
OP-5.02	Austurkór	Svæðið milli golfvallar í Leirdal og íbúðarbyggðar á Rjúpnahæð, Smalaholti og við Álmakór. Svæðið var áður að stórum hluta landgræðsluskógasvæði sem gróðursett var í árin 1990-1991. Stígar hafa verið lagðir um hluta svæðisins og þar er m.a. gert ráð fyrir leiksvæðum. Stærð: 11,45 ha.
OP-5.03	Austurkórsgeiri	Svæði sunnan megin við götuna Austurkór við hringtorg og fyrirhugaða umferðartenginu við Garðabæ. Stærð: 0,41 ha.
OP-5.04	Austurkórslundur	Svæði sunnan megin við götuna Austurkór við fyrirhugað leiksvæði við bæjarmörk Garðabæjar. Stærð: 0,45 ha.
OP-5.05	Austurkórstungur	Stórt svæði sem liggur innan Austurkórs með göngustígum sem tengja hverfið saman og liggja milli hverfishluta. Stærð: 7,67 ha.
OP-5.06	Arnarnesvegur /Reykjavík	Svæði sem liggur norðan megin meðfram Arnarnesvegi milli bæjarmarka Reykjavíkur við Breiðholt og Kórahverfi. Svæðið liggur frá Markasteini og að Vetrargarði í Reykjavík og fyrirhugaðri brú fyrir virka ferðamáta. Stærð: 3,56 ha.
OP-5.07	Arnarnesvegur /Kórar	Svæði sem liggur sunnan megin meðfram Arnarnesvegi milli bæjarmarka Reykjavíkur við Breiðholt og Kórahverfi. Svæðið liggur frá Markasteini og að Vetrargarði í Reykjavík og fyrirhugaðri brú fyrir virka ferðamáta. Stærð: 3,61 ha.
OP-5.08	Baugakór	Opið svæði, púttvöllur við Baugakór og nágrenni. Stærð: 4,66 ha.
OP-5.09	Vatnsendavegur	Svæði sem liggur frá bæjarmörkum Garðabæjar, meðfram Vatnsendavegi að Kóravegi. Stærð: 5,25 ha.
OP-5.10	Tröllakórssvæði	Opið svæði sem umlykur Tröllakór og liggur norðan megin við Kjóavelli og vestan megin við Kórinn og aðliggjandi íþróttasvæði. Stærð: 4,02 ha.
OP-5.11	Baugakórsgeiri	Tunga sem liggur frá Vatnsendavegi inn að Baugakór milli Hörðuvallaskóla og leikskólans Kórs. Stærð: 0,59 ha.
OP-5.12	Kóravegur	Svæði sem liggur samsíða Kóravegi og Kambavegi að Arnarnesvegi milli Vatnsendahæðar og Kleifakórs. Stærð: 3,07 ha.
OP-5.13	Vatnsendahvarf	Opið svæði í tengslum við nýja byggð í Vatnsendahvarfi (-hæð). Þar eru fyrirhugaðir stígar sem tengja hverfin saman. Stærð: 6,39 ha.
OP-5.14	Turna- og Tónahvarf	Svæði sem liggur frá hringtorgi við Vatnsendaveg til vesturs að Turna- og Tónahvarfi og til austurs að Ögurhvarfi og norður að Arnarnesvegi. Stærð: 5,18 ha.
OP-5.15	Arnarnesvegur /Breiðholtsbraut	Svæði sem liggur sunnan megin við Breiðholtsbraut og liggur inn að Arnarnesvegi. Stærð: 1,35 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

OP-5.16	Dimma-austur	Svæði sem er austan megin við Dimmu og liggur að Elliðavatni og að bæjarmörkum Reykjavíkur. Innan svæðis er hverfisvernd, sjá HV-13, Skyggnir og Vatnsendakrikar. Vaxtarmörk svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins eru skilgreind innan svæðis. Innan svæðis liggja reiðstígar. Stærð: 19,36 ha.
OP-5.17	Dimma-vestur	Svæði sem er vestan megin við Dimmu og liggur að Ögurhvarfi og að Elliðavatni. Innan svæðis eru Dimmuhvarf 4-14 og Fornahvarf 1-3. Innan svæðis liggja reiðstígar og þar er hlutii af hverfisverndarsvæði, HV-13. Innan svæðis liggja einnig reiðstígar. Stærð: 7,35 ha.
OP-5.18	Vatnsendageiri	Svæði sem liggur frá Vatnsendahvarfi til norðvesturs að OP-5.14. Stærð: 2,00 ha.
OP-5.19	Elliðavatnssvæði	Svæði sem liggur um Vatnsenda að Elliðavatni. Stærð: 13,59 ha.
OP-5.20	Elliðahvammur	Strönd Elliðavatns býður upp á mikla útivistarmöguleika en er mjög óaðgengileg eins og er. Fyrirhugað er að leggja þar göngustíg sem bæta mun úr þessu. Í tengslum við stíginn verða misstór og fjölbreytt opin svæði. Til þeirra telst m.a. Þingnes sem er friðlýst skv. lögum um menningarminjar. Strönd Elliðavatns, innan lögsögu Kópavogs, er alls um 5 km að lengd. Stærð: 8,10 ha.
OP-5.21	Fróðaþingssvæði	Svæði sem liggur til suðvesturs frá Vatnsendavegi að Boðaþingi. Stærð: 4,46 ha.
OP-5.22	Fagrabrekkugeiri	Svæði sem liggur austan megin Elliðahvammsvegar frá Lindarhvammi til norðurs að suðurenda Hólmaþings og að Elliðavatni. Stærð: 1,37 ha.
OP-5.23	Gulaþingssvæði	Svæði milli Hólmaþings og Gulaþings að Vatnsendablettum til suðurs. Stærð: 1,23 ha.
OP-5.24	Boðaþingssvæði	Svæði sem liggur sitt hvorum megin við þjónustumiðstöð í Boðaþingi og til norðurs að Vallakór. Stærð: 4,80 ha.
OP-5.25	Rjúpnadalshlíð /Smalaholt	Milli Þinga og Vatnsendahlíðar er opið svæði sem liggur frá vestri til austurs. Reiðstígur liggur um svæðið frá Kjóavöllum og göngustígur er fyrirhugaður. Stærð: 9,15 ha.
OP-5.26	Vatnsendahlíð	Svæði sem liggur frá suðvestri til norðausturs að Elliðavatni frá Guðmundarlundi. Stærð: 1,60 ha.
OP-5.27	Guðmundarlundur	Árið 1997 fékk Skógræktarfélag Kópavogs til umsjónar landsspildu við Stórabás á Vatnsenda sem þá var 6,5 ha. Guðmundarlundur er nú um 11 ha að stærð. Þar er m.a grillaðstaða, leiksvæði og garður sem tileinkaður er Hermanni Lundholm, fyrsta garðyrkjumanninum sem ráðinn var til Kópavogsbæjar. Þar er einnig umhverfissetur sem er sameign Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs. Guðmundarlundur er hverfisverndaður HV-18. Stærð: 17,96 ha.
OP-5.28	Eyjur/Elliðavatni	Eyjur í Elliðavatni. Stærð: 2,38 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4.1.6 Friðlýst svæði

Skilgreining takmörkunar á landnotkun: ***Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar. (gr. 6.3.d í skipulagsreglugerð, Friðlýst svæði (FS)).***

MARKMIÐ

- Fræðslu um náttúru- og sögulegar minjar í bænum verði sinnt í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Mikilvægar náttúruminjar í Kópavogi skulu njóta verndar í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.

LEIÐIR

- Upplýsa skal íbúa um staði eða svæði innan bæjarlandsins sem eru mikilvægir vegna náttúru, menningar og / eða sögu, t.d. með fróðleiksskiltum og fræðsluefni á vefsíðu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Á hverju ári verði valinn staður sem þykir mikilvægur sökum náttúru, sögu- eða menningar og fróðleiksskilti sett upp í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Tekin verði saman náttúru- og söguminjaskrá fyrir Kópavog þar sem m.a. kemur fram afmörkun og lýsing á vernduðum stöðum og svæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar sem og almennar reglur um umgengni um staðina eða svæðin.
- Unnin verði verndaráætlun fyrir lífríki við Elliðavatn og leirurnar í Kópavogi og Fossvogi í samstarfi við aðliggjandi sveitarfélög í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa og 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Kópavogsbær beiti sér fyrir því meðal sveitarfélaga er eiga lögsögu í Skerjafirði að unnin verði úttekt á stöðu fjarðarins með tilliti til náttúruverndar og mögulegrar byggðaþróunar á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Sérstök áhersla verði lögð á kynningu og fræðslu á friðlýsingu hluta Skerjafjarðar innan lögsögu Kópavogs.
- Unnið verði að stækkun á friðlýstu svæði við Tröllabörn í Lækjarbotnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

FRIÐLÝST SVÆÐI SAMKVÆMT LÖGUM UM NÁTTÚRUVERND

Í aðalskipulagi eru tilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar friðunar samkvæmt *lögum um náttúruvernd nr. 60/2013*. Flokkar friðlýstra svæða samkvæmt *VIII kafla. Flokkar friðlýstra svæða* eru:

- Náttúruvé
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Náttúruvætti
- Friðlönd
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda
- Náttúruminjar í hafi
- Fólkvangar
- Friðlýsing svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar
- Starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis
- Friðlýsing heilla vatnakerfa

Í Kópavogi eru sex staðir eða svæði friðlýst samkvæmt ofangreindri flokkun samanber töflu 4-3 Yfirlit yfir friðlýst svæði:

Mannvirkjagerð og jarðrask innan þessara svæða er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt friðlýsingarskilmálum. Aðalskipulag þetta markar ekki stefnu um framkvæmdir utan friðlýstra svæða sem geta haft áhrif á friðlýst svæði sbr. 54. gr. laga um náttúruvernd.

Tafla 4-4. Yfirlit. Friðlýst svæði. Upplýsingar um friðlýst svæði má m.a. finna á vef Umhverfisstofnunar. Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila.

Nr	Heiti	Lýsing
Kársnes		
FS-1	Borgir á Kársnesi	Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 269/1981. Stærð náttúruvættisins er 2,8 ha. Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði: 1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins eftir föngum. Hvers konar rask, er breytt getur útliti þess, er óheimilt nema til komi samþykki Umhverfisstofnunar. 2. Umferð gangandi fólks er heimil um svæðið. Þá er heimilt, að höfðu samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd, að leggja gangstíga um svæðið og koma fyrir öðrum búnaði, svo sem bekkjum, í þágu útivistar á svæðinu. Hreyfihömluðu fólki skal gert kleift að njóta útivistar á svæðinu. 3. Öllum er skylt að ganga vel um hið friðlýsta svæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		Heimild: https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/borgir_kopavogi_269_1981.pdf Umhverfis friðlýsta svæðið afmarkast svokallað jaðarsvæði og er stærð þess 1,3 ha.
FS- 2	Skerjafjörður Sjá einnig strandsvæði VS-1 í kafla 4.1.11	Hluti Fossvogs og Kópavogs. Friðlýst sem búsvæðavernd 2012. Hið friðlýsta svæði skiptist í tvo hluta, annars vegar eru 39 hektarar í Kópavogi og hinsvegar 24 ha í Fossvogi. Stærð búsvæðis er 62,6 ha. Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla. Heimild: https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridlysingar/Skerjafjordur/K%c3%b3pavogur%20stj%c3%b3rnart%c3%ad%c3%b0indi.pdf
Digranes		
FS-3	Víghólar á Digraneshálsi	Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Stærð náttúruvættisins er 1,4 ha. Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði: 1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunarar. 2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Þá er bæjarstjórn heimilt, að höfðu samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd, að láta planta skjólgróðri, leggja gangstíga, setja upp bekki og annan búnað í þágu útivista á svæðinu. 3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu. Heimild: https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/vigholar_778_1983.pdf
Uppland		
FS-4	Tröllabörn í Lækjarbotnalandi	Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð náttúruvættisins er 4,7 ha. Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði: 1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar. 2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Skylt er að hlíta nánari reglum sem bæjarstjórn kann að setja um umferð og umgengni með samþykki Umhverfisstofnunar. 3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		Heimild: https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/trollaborn_294_1983.pdf
FS-5	Bláfjöll	Fyrst friðlýst sem fólkvangur árið 1973 en friðlýsingin var endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 173 árið 1985. Umsjón með fólkvanginum er í höndum samvinnunefndar sem skipuð er fulltrúum Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Sandgerðis, Grindavíkur, Sveitarfélagsins Garðs, Sveitarfélagsins Voga, Reykjanesbæjar og Mosfellsbæjar. Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur: 1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið, og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg að umferð fólks torveldist. 2. Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. 3. Stefnt skal að því, að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til, en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Heimild: https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/blafjoll_173_1985.pdf Stjórn fólksvangsins er heimilt að takmarka eða banna umferð vélknúinna farartækja innan marka fólkvangsins. Allar framkvæmdir innan Bláfjallafólkvangs eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlits vegna vatnsverndar. Stærð fólkvangsins er 8.400 ha og um 6.300 ha af landi Kópavogs eru innan Bláfjallafólkvangs.
FS-6	Eldborg í Bláfjöllum	Eldborg er einn þriggja gíga af eldborgargerð hjá Kóngsfelli. Eldborg var friðlýst sem náttúruvætti árið 1971. Stærð náttúruvættisins er 34,8 ha. Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði: 1. Óheimilt er að ganga um hlíðar og barma gígsins utan merktra göngusóða. Enn fremur er hvers konar akstur utan vega á hinu friðlýsta svæði bannaður. 2. Skylt er vegfarendum að sýna varúð, svo ekki spillist gróður eða aðrar minjar á hinu friðaða svæði í umhverfi eldstöðvarinnar. 3. Jarðrask allt og mannvirkjagerð á hinu friðaða svæði er háð leyfi Umhverfisstofnunar. https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Eldborg_blafjoll_121_1974.pdf Ekki má fara með hesta um svæðið utan vegar og stranglega er bannað að beita þeim innan þess.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 4-14. Tillaga NÍ (árið 2018) að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Framkvæmdaáætlun, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi ákveður að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun (til næstu fimm ára). Samsvarar náttúruverndaráætlun samkvæmt eldri lögum. Heimild: Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ.



Mynd 4-15. Tillaga NÍ (árið 2018) að C-hluta náttúruminjaskrár. Aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Heimild: Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ.

4.1.7 Önnur náttúruvernd

Skilgreining takmörkunar á landnotkun: ***Svæði á náttúruminjaskrá, þ.m.t. svæði í náttúruverndaráætlun, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun. (gr. 6.3.e í skipulagsreglugerð, Takmarkanir á landnotkun, Önnur náttúruvernd (ÖN)).***

Sjá umfjöllun um m.a. stefnu og framkvæmdir í UMSÖGN /STEFNA KÓPAVOGS aftast í þessum kafla.

NÁTTÚRUMINJASKRÁ – LÖG UM NÁTTÚRUVERND NR. 60/2013

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.

Í náttúruminjaskrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

- Friðlýstar náttúruminjar.
- Náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun.
- Aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins.

Heimild: Umhverfisstofnun, 31. mars 2020, https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/

Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta sem auðkenndir eru sem A, B og C-hluti.

- A-hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðaðar.
- B-hluti er tillaga NÍ (árið 2018) að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem lagt er til að Alþingi setji í forgang um friðlýsingu eða friðun til næstu fimm ára. Áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila.
- C-hluti er tillaga NÍ (árið 2018) að skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í lögum um náttúruvernd er lögð áhersla á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags.

Heimild: Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ. https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra

„X. Kafli. (Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl.) *(lög um náttúruvernd nr. 60/2013)*

(áður nutu þessar landslagsgerðir sérstakrar verndar skv. 37. grein þáverandi/fyrri náttúruverndarlaga)

„61. gr. Sérstök vernd tilekinna vistkerfa og jarðminja.“

„Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr. sbr. c- lið 3. gr.:

a. votlendi svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir 1.000 m² að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur.

b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.“ *(1.mgr. 61.gr.)*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 4-16. Nútímahraun. Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands, sérstök vernd, kortasjá NÍ.

„Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.

c. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,

d. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.“ (2.mgr. 61.gr.)

Jafnframt er í lögunum tekið fram í *3. mgr. 61. gr.*;

„Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. (hér að ofan) nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68 gr. (Gerð skipulagsáætlana) liggja fyrir.

B-HLUTI NÁTTÚRUMINJASKRÁR

Eftirfarandi svæði innan Kópavogs hafa verið tilnefnd á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár en eiga eftir að fá heildstæða málsmeðferð og afrgeiðslu Alþingis (2019).

Elliðavatn: Elliðavatn, 2,1 km^2. Svæðið er tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vatnavistgerðar. Vatnið, ásamt Elliðavatnsengjum, eyjum, hólmum og bökkum vatnsins. Í vatninu eru stór og samfelld svæði þar sem tjarnalaukur og álftalaukur vex. Ferskvatn, laukavötn. Bent er á að Elliðavatn er hverfisverndað í aðalskipulagi Kópavogs, **HV-14, Elliðavatn**. Sjá töflu í kafla 4.1.8 Hverfisverndarsvæði.

Álftanes – Skerjafjörður: Fjörur og grunnsævi frá Balatjörn á sunnanverðu Álftanesi að Gróttu á Seltjarnarnesi. Einnig fylgir Bessastaðanes og ysti hluti Seltjarnarness. Stærð svæðis 31,4 km^2. Svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða og fugla. Allt svæðið er á náttúruminjaskrá og IBA skrá og hefur hluti þess verið friðaður (friðlýst), þ.e. Skerjafjörður innan marka Kópavogs og Garðabæjar.

Umsögn Kópavogsbæjar: Fjallað er um friðlýsta svæðið í Skerjafirði innan bæjarmarka Kópavogs í aðalskipulagi þessu, **FS-2, Skerjafjörður,** í kafla 4.1.6 Friðlýst svæði, töflu 4-3. Yfirlit yfir friðlýst svæði. Um er að ræða tvö strandsvæði, annars vegar sem liggur sunnan byggðarinnar að Kópavogi og hins vegar norðan byggðarinnar að Fossvogi, samtals 62,6 hektarar.

SÉRSTÖK VERND TILTEKINNA VISTKERFA OG JARÐMINJA – LÖG UM NÁTTÚRUVERND

Hraun í upplandi: Á óbyggðu svæði í upplandi eru hraun sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 *„Sérstök vernd tilekinna vistkerfa og jarðminja“*.

Tafla 4-5. Yfirlit yfir aðra náttúruvernd.

Nr	Heiti	Lýsing
ÖN-1	Aðrar náttúruminjar Elliðaárdalur	Elliðaárdalur er í lögsögu Reykjavíkur og Kópavogs. Svæðið (nr. 124) sem er á náttúruminjaskrá er vatnasvið Elliðaáa í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. Svæðið státar af fjölbreyttu náttúrufari og er kjörið útivistarsvæði í þéttbýli. Svæðið er ekki merkt í uppdrætti (sem ÖN) en bent er á að svæði þetta er hverfisverndað í aðalskipulagi Kópavogs HV-13, Dimma. Sjá töflu í kafla 4.1.8 Hverfisverndarsvæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

UMSÖGN /STEFNA KÓPAVOGS

Almennt er stefna aðalskipulags að halda framkvæmdum utan svæða sem heyra undir tillögur NÍ (2018) að B- og C-hluta náttúruminjaskrár og sérstaka vernd samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga.

Vísað er til markmiða í kafla 4.1.3 Óbyggð svæði en þar stendur m.a. „Óbyggð svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar og metin með hliðsjón af greinum náttúruverndarlaga sem fjalla um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (61.gr.) og landslagsverndarsvæði (50.gr.).“

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda (umhverfis- og samgöngunefndar) áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér rask á landslagsgerðum.

Kársnes: Á Kársnesi er þéttingarsvæði og þróunarsvæði. Vestasti hluti nessins er landfylling. Tvær hafnir eru á nesinu **H-1,** Kópavogshöfn, smábátahöfn (geðprýðishöfn) og fiskihöfn og **H-2,** Ýmishöfn við Naustavör austan við Bryggjuhverfið **(**sem einnig er skilgreind sem íþróttasvæði, ÍÞ-1), austan við Bryggjuhverfið. Sjá umfjöllun um hafnir í kafla 5.1.8 Hafnarsvæði. Gert er ráð fyrir að 1. áfangi Borgarlínu fari um svæðið. Hún fari um brú yfir Fossvog, um Bakkabraut og Borgarholtsbraut að Hamraborg.

Ekki er talið að framkvæmdir og uppbygging á Kársnesi hafi neikvæð áhrif á svæðið „Álftanes-Skerjafjörður“ sem skilgreint er í tillögu (2018) að B-hluta náttúruminjaskrár.

Við gerð skógræktaráætlana er lögð áhersla á að skógrækt rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða/verndarsvæða, minja o.fl. Sjá einnig undirkafla „SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR“ í kafla 4.1.12 Skógrækt og uppgræðsla.

4.1.8 Hverfisverndarsvæði

Skilgreining takmörkunar á landnotkun: ***Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum. (gr. 6.3.i í skipulagsreglugerð, Hverfisvernd (HV)).***

MARKMIÐ

- Yfirbragði og einkennum byggðarinnar og stöðum sem hafa sérstöðu sökum náttúru, sögu eða umhverfis verði ekki raskað í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Fágæt tré og trjálundir í Kópavogi njóti verndar í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Mikilvægar náttúru- og menningarminjar í Kópavogi skulu njóta verndar og í þegar byggðum hverfum skal leggja mat á varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

LEIÐIR

- Huga að gerð verndaráætlunar og varðveislumats fyrir hverfi bæjarins, einstök hús, húsaraðir eða svæði innan hverfa.
- Í hverfisáætlunum komi fram varðveislugildi byggðar og rammaskilmálar um yfirbragð og byggðarþróun.
- Tryggja skal aðgengi að vernduðum svæðum ásamt því að íbúar verði upplýstir um sérkenni þeirra og gildi, t.d. með fróðleiksskiltum og fræðsluefni á heimasíðu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Settar verði reglur um trjávernd í Kópavogi. Merkileg og/eða fágæt tré verði mæld og skráð.

Vakin er athygli á að hverfisvernd var áður nefnd bæjarvernd. Hverfisvernd getur náð til einstakra mannvirkja, heilla hverfa, reits, götu, fornleifa og sögulegra eða náttúrulegra merkra staða. Ákvörðun um hverfisvernd byggir ekki á aldri mannvirkjanna og hún felur ekki í sér kvöð um að eigendur varðveiti eignir sínar óbreyttar eða færi þær í upprunalegt horf.

Skógrækt má þó ekki raska vernduðum svæðum sem eru skilgreind sem náttúru- og menningarminjar.

ÁKVÆÐI HVERFISVERNDAR (ÁÐUR BÆJARVERND)

Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á hverfisvernduðum (bæjarvernduðum) svæðum en þeim sem tengjast beint hlutverki svæðanna. Hér er átt við m.a. stíga, áningastaði og gróður. Framkvæmdir innan svæðanna mega þó ekki raska þeim þáttum sem verið er að vernda. Á stöðum sem eru á fornleifaskrá gilda einnig ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um friðhelgað svæði. Svæði sem njóta hverfisverndar (bæjarverndar) eru:

Tafla 4-6. Yfirlit yfir hverfisverndarsvæði. Sjá einnig töflur 4-7 og 4-8.

Nr	Heiti	Lýsing
Kársnes		
HV-1	Höfði. Tangi í Fossvogi vestan við Landsrétt	Útivistarsvæði og áningarstaður á norðurströnd Kársness. Á svæðinu eru jafnframt minjar frá síðari heimsstyrjöld. Meðfram Kársnesströndinni og fram hjá tanganum liggur aðalstígur. Stærð: 0,8 ha.
HV-2	Túnið sunnan við Kópavogsbæinn	Kópavogsbærinn, Hressingarhælið og túnið sunnan og austan við bæinn að Hafnarfjarðarvegi að sjó er hverfisverndað (bæjarverndað). Bærinn Kópavogur var eitt fjögurra lögbýla í Kópavogi og minnst þeirra. Bærinn var byggður á árunum 1903-1904. Í fornleifaskrá Kópavogs er mikilvægi Kópavogsbæjar og Kópavogsþingstaðar svona lýst: „Staðurinn býr yfir afar miklum upplýsingum sem ná frá nútíma allt aftur á landnámsöld. Ekki er mikið til ritað um staðinn og þeim mun mikilvægari eru þær heimildir sem geymdar eru undir sverðinum“. Stærð: 8,66 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Digranes		
HV-3	Fossvogslækur og umhverfi hans	Fossvogslækur frá Hafnarfjarðarvegi að mörkum Lundar í austri ásamt umhverfi hans er hverfisverndað (bæjarverndað). Aðalstígur liggur meðfram íbúðarhverfinu í Lundi við Fossvogsdal með tengingum niður í dalinn og við stíginn Reykjavíkurmegin. Stærð: 2,37 ha.
HV-4	Einbúi	Hóll austan Skemmuvegar sem var landamerki jarðanna Bústaða, Breiðholts og Digraness. Sunnan Einbúa er talsvert af tilhöggnu grjóti sem talið er vera ummerki um atvinnubótavinnu á fjórða áratug 20. aldar. Stærð: 0,614 ha.
HV-5	Álfhóll	Jökulsorfinn klapparhóll á Digraneshálsi og er talinn vera bústaður huliðsvætta. Stærð: 0,07 ha.
HV-6	Trjálundur ofan Aspar- og Birkigrundar	Ræktun trjálundarins hófst á fjórða áratug 20. aldar. Þetta er einn af elstu trjálundum bæjarins og dæmi um ræktun á erfðafestulöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Þarna eru nokkur af stærstu trjám bæjarins. Stærð: 0,18 ha.
HV-7	Trjálundur ofan Nýbýlavegar (Eilífsreiturinn)	Ræktun trjálundarins hófst á fimmta áratug 20. aldar. Þetta er einn af eldri trjálundum bæjarins og dæmi um ræktun á sumarbústaðalöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Stærð: 0,27 ha.
HV-8	Trjálundir milli Reynihvamms og Digranesvegar	Ræktun á lóðum sumarbústaðanna Dvalar, Barmahlíðar og Lækjarness hófst á fjórða áratug 20. aldar. Þetta eru þrír af elstu trjálundum bæjarins og dæmi um ræktun á sumarbústaðalöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Þarna eru nokkur af stærstu og sjaldgæfari trjám bæjarins. Stærð: 4,17 ha.
HV-9	Grjótnám norðan Smiðjuvegar	Minjar um atvinnubótavinnu frá fjórða áratug 20. aldar. Hefur svipað gildi og náman við hólinn Einbúa. Svæðið er fornminjasvæði. Stærð: 0,09 ha.
Fífuhvammur		
HV-10	Hádegishólar	Stakar grágrýtisklappir með áberandi jökulrákum vestan Kópavogskirkjugarðs. Milli hólanna er rúst sem ber að taka tillit til við framkvæmdir. Þar er einnig Búdda stúpa reist reist árið 1992. Aðalstígur liggur um svæðið. Stærð: 2,7 ha.
HV-11	Engjaborg við Fífuhvammsveg	Var landamerki milli Kópavogs, Digraness, Fífuhvamms og Arnarness. Þarna er hugsanlega rúst af fjárborg og gerði. Aðalstígur liggur meðfram Fífuhvammsvegi og meðfram Engjaborg að Lindasmára. Stærð: 0,11 ha.
HV-12	Sel í hlíð Rjúpnahæðar	Ofan golfvallarins í Leirdal norðan við Austurkór 74 er rúst sem talið er að sé sel frá bænum Fífuhvammi. Stærð: 0,10 ha.
Vatnsendi		
HV-13	Dimma	Efsti hluti Elliðaáa fyrir neðan stíflu við Elliðavatn og að Breiðholtsbraut heitir Dimma. Innan hverfisverndarsvæðisins (bæjarverndarsv.) er áin og umhverfi hennar. Markmiðið er að vernda lífríki hennar og vernda Elliðaár sem laxveiðiár. Stærð: 4,23 ha.
HV-14	Elliðavatn	Skilgreint sem hverfisverndað (bæjarverndað) svæði vegna fjölbreytts dýralífs sem þar þrífst og vegna mikilvægis vatnsins til útivistar. Verndin nær frá fjöruborði og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		að sveitarfélagamörkum Kópavogs og Reykjavíkur um miðbik vatnsins. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir aðalstíg meðfram vatninu og áningarstöðum við hann. Meðfram Elliðavatni er að jafnaði 50 metra breitt belti sem er eins konar helgunarsvæði vatnsins. Þar eru ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús. Landnotkun á helgunarsvæðinu einkennist af því að það er að mestu leyti óbyggt svæði, en að hluta til landbúnaðarland Vatnsenda, trjárækt og útivistarsvæði Sjálfsbjargar. Stærð: 92,11 ha.
HV-15	Trjálundur við Laxatanga	Ræktun hófst á fjórða áratug 20. aldar og eru til góðar og ítarlegar heimildir um ræktun þar frá upphafi. Trjágróður er fjölbreyttur, m.a. nokkur af elstu sitkagrenitrjám landsins. Stærð: 0,54 ha.
Uppland		
HV-16	Túnhóll (sjá sveitarfélags-uppdrátt)	Hóll sem stendur suðvestan Suðurlandsvegar. Á honum er heimagrafreitur, rúst og bæjarstæði. Svæðið er fornminjasvæði. Stærð: 5,17 ha.
HV-17	Botnalækur (sjá sveitarfélagsuppdrátt)	Botnalækur í Lækjarbotnum er hverfisverndaður (bæjarverndaður) ásamt umhverfi hans og hraunjaðri vestan við lækinn. Svæðið er fornminjasvæði. Stærð: 3,2 ha.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram að sveitarstjórnir geti í skipulagsáætlunum sínum sett ákvæði um hverfisvernd. Kópavogsbær hefur haft það að markmiði sínu að við endurskoðun aðalskipulags sé metið hvort tilefni sé til að fjölga hverfisvernduðum (bæjarvernduðum) svæðum og leitað leiða til þess að svo geti orðið. Í Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 voru átta svæði undir hverfisvernd (bæjarvernd). Í Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 var ellefu nýjum svæðum bætt við. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 var átta nýjum svæðum undir hverfisvernd (bæjarvernd) bætt við (sbr. töflu 4-6).

Í þessu aðalskipulagi er þremur nýjum svæðum bætt við undir hverfisvernd (sbr. töflu 4-8).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 4-17. Hverfisvernduð svæði í aðalskipulagi Kópavogs, HV. Töflur 4-5, 4-6 og 4-7.

Tafla 4-7. Yfirlit yfir hverfisverndarsvæði samþykkt í síðasta aðalskipulagi (2012-2024). Sjá einnig töflur 4-6 og 4-8.

Nr	Heiti	Lýsing
HV-18	Guðmundarlundur	Samkvæmt samningi við Skógræktarfélag Kópavogs 2006 hefur Skógræktarfélagið umsjón með landsspildunni og sér um gróðursetningu og umhirðu plantna en í náinni samvinnu við Kópavogsbæ. Guðmundarlundur er alls um 11 hektarar sem nýta ber til skógræktar og útivistar. Skógurinn er eitt af útivistar- og skógræktarsvæðum Kópavogs og er þar að finna ýmsa aðstöðu til útivistar. Lundurinn er í sífelldri uppbyggingu og er unnið að því að bæta hana til muna meðal annars með byggingu félags- og þjónustuhús fyrir Skógræktarfélag Kópavogs. Stærð: 10,82 ha.
HV-19	Steinn við gamla Suðurlandsveginn (sjá sveitarfélags-uppdrátt)	Í Lækjarbotnalandi er steinn við gamla þjóðveginn (Suðurlandsveginn) sem ártalið 1878 hefur verið klappað í. Það hefur að öllum líkindum verið gert þegar vegurinn var lagður árið 1878. Telst þessi steinn því vera fornminjar vegna ártalsins. Markmiðið með hverfisvernduninni (bæjarv.) er að vernda sögulegar minjar og merkja staðinn með fróðleiksskilti. Stærð: 0,67 ha.
HV-20	Hraunjaðar Hólmshrauns við Selfjall (sjá sveitarfélags-uppdrátt)	Hólmshraun eru í raun fimm hraun og öll talin hafa runnið fyrir um 4.600 árum úr Eldborg og Strompum. Hraunin sem runnu að hlíðum Selfjalls hafa myndað þar fallegar hraunmyndanir. Lagt er til að suðurhluti hraunjaðarsins við Selfjall verði hverfisverndaður vegna þess hve sérstakur hann er, brattur og hrjúfur. Vegna skógræktar- og uppgræðsluverkefnisins í Selfjalli er verið að bæta aðgengi með stíg meðfram svæðinu og þar verða sett upp fróðleiksskilti. Stærð: 69,41 ha.
HV-21	Magnúsarlundur	Þar voru áður tvær sumarbústaðalóðir og er lundurinn nefndur eftir eiganda annarrar lóðarinnar Magnúsi Sigmundssyni. Lundurinn er einn fárra sem eftir eru á þessu svæði og er hann verndaður vegna þessa og til að auka við fjölbreytileika útivistar fyrir íbúa. Búið er að gera þar aðstöðu fyrir leik- og grunnskóla til útikennslu og hefur lundurinn verði gerður aðgengilegur almenningi með göngustígum og reiðleið í gegn fyrir hestamenn. Svæðið er í umsjá Skógræktarfélags Kópavogs. Stærð: 1,91 ha.
HV-22	Markasteinn	Hann stendur við Rjúpnasali á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Markaði hann landamerki jarðanna Fífuhvamms, Vatnsenda og Breiðholts. Markmiðið með vernduninni er að vernda sögulegar minjar. Þar er búið að setja upp fræðsluskilti. Þetta er sami steinn og er skráður sem minjarverndarsvæði MV-8. Stærð: 0,12 ha.
HV-23	Trjásafn í Meltungu	Trjásafnið afmarkast af Víkingssvæðinu og gróðrarstöðinni Mörk í norðri, Stjörnugróf og Fossvogsbrún í austri, Smiðjuvegi, Kjarrhólma og malbikuðum aðalstíg í vestri. Byrjað var að gróðursetja í safnið 1997 og eru þar fjölmargar tegundir trjáa og runna og margar hverjar merktar. Hluti trjásafnsins er sk. Yndisgarður sem er sýnigarður í samstarfsverkefni Kópavogsbæjar, Landbúnaðarháskóla Íslands og fleiri aðila sem kallast Yndisgróður. Þar er einnig að finna ávaxtatrjágarð svo nokkuð sé nefnt. Í gegnum svæðið frá austri til vestur liggur aðalstígur um Fossvogsdal að Elliðaárdal og mikill fjöldi malar- og kurlstíga liggja um allt trjásafnið. Innan þess eru einnig matjurtagarðar (garðlönd) og hverfisverndaðar (bæjarverndaðar) minjar um grjótnám (HV-9). Stærð: 6,68 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 4-9. Hlíðargarður. Ljósm. ONNO.

Tafla 4-8. Yfirlit yfir ný hverfisverndarsvæði, tillaga árið 2019. Sjá einnig töflur 4-6 og 4-7.

Nr	Heiti	Lýsing
HV-24	Sólbyrgi	Hlaðið mannvirki við strönd Kársness, neðan við Þinghólsbraut 65. Gert 1940-50. Fróðleiksskilti á staðnum.
HV-25	Brunnur	Bankaselsbrunnur, neðan við Kópavogsbraut 10. Gerður um 1940.
HV-26	Hlíðargarður /Skrúðgarður Staðsettur á milli íbúðarhúsa við Hlíðar- og Lindarhvamm	Fyrsti skipulagði almenningsgarðurinn í Kópavogi í klassískum stíl, sérstakur á landsvísu. Fróðleiksskilti á staðnum. Í áranna rás hefur garðurinn breyst töluvert. Upprunalegt skipulag Hlíðargarðs er frá því um 1955 eftir Jóhann Schröder. Hermann Lundholm gróðursetti í garðinn en hann var garðyrkjuráðunautur Kópavogsbæjar frá 1958 og sá hann um garðinn allt til ársins 1989. Hlíðargarður var skipulagður í endurreisnarstíl evrópskra hallargarða og var hann endurnýjaður 2003 þar sem formfesta garðsins var undirstrikuð enn frekar með minni rýmismyndun og opnari svæðum, minni gróðurþekju og nútímalegra yfirbragði. Hann er staðsettur á milli íbúðarhúsa við Hlíðar- og Lindarhvamm. Garðurinn er samhverfur en það er þegar miðlína liggur í gegnum garðinn og báðar hliðar spegilmyndir hvor af annari. Í kringum garðinn var plantað skjólbelti og hefur það gert þennan garð að skjólsælli vin. Stærð: 0,45 ha.
HV-27	Kópavogsdalur vestan Digranesvegar	Lagt er til að Kópavogsdalur austan við Digranesveg verði hverfisverndaður fyrir útivist. Á svæðinu er og verður áfram m.a. skátahúsnæði og hluti af lóð Hlíðarhjalla 2a. Gert er ráð fyrir að m.a. megi leggja stíga og hjólaleiðir um svæðið. Stærð: 7,9 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-19. Kópavogsbærinn, gömul mynd. Ljósm. Kópavogsbær.

Mynd 4-20. Kópavogsbærinn í dag. Ljósm. K.H.K.

4.1.9 Minjavernd

Skilgreining takmörkunar á landnotkun: ***Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar, friðuð hús og þekktar minjar eldri en 100 ára sem ákveðið hefur verið að setja takmörkun á landnotkun um að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands. (gr. 6.3.f í skipulagsreglugerð, Minjavernd (MV)).***

MARKMIÐ

- Unnið verði áfram að verndun og fræðslu um menningarminjar í Kópavogi í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.

LEIÐIR

- Í samráði við Reykjavíkurborg verður umhverfi Þingness endurbætt og frekari athygli vakin á þeim sögu- og menningarminjum sem þar er að finna í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Leitað verði leiða til þess að bæta aðgengi að þingstaðnum við Þinghól og gera sögu staðarins sýnilegri.
- Fornleifar í upplandi Kópavogs verði skráðar og minjagildi þeirra metið.
- Lokið verði við skráningu merkra bygginga í Kópavogi með tilliti til sögu,- menningar- og byggingarlistar og niðurstöður um varðveislumat og verndarflokka kynnt.

Í lögunum (1. mgr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012) segir: *„Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“*

Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna til Minjastofnunar Íslands sem úrskurðar hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Bent er á að þjóðminjalög nr. 107/2001 og lög um húsafriðun nr. 104/2001 féllu úr gildi 1. janúar 2013 er núgildandi lög um menningarminjar nr. 80/2012 tóku gildi.

Í landi Kópavogs eru tvö svæði friðlýst samkvæmt þessum lögum, þ.e. Þinghóllinn við Kópavog, Þingnes við Elliðavatn og tvö hús, Hressingarhælið á Kópavogstúni og gamli Kópavogsbærinn.

Frá og með 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Skógrækt má ekki raska vernduðum svæðum sem eru skilgreind sem náttúru- og menningarminjar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-10. Hressingarhælið. Ljósm. A.B.



Mynd 4-22. Skráðar minjar í heimalandi. Fornleifaskrá Kópavogs 2020.

Tafla 4-9. Yfirlit yfir minjaverndarsvæði samkvæmt þjóðminjalögum og lögum um húsafriðun sem féllu úr gildi 1. janúar 2013 er núgildandi lög um menningarminjar nr. 80/2012 tóku gildi.

Nr	Heiti	Lýsing
MV-1	Kópavogs-þingstaður	Þingstaðurinn var friðlýstur árið 1938 með þinglýsingu þann 16. nóvember. Innan þessarar friðlýsingar fellur þinghústóft syðst á túninu og fangakofatóftir skammt frá. Dysjar austan túns, nefndar Hjónadysjar og Systkinaleiði. Hjónadysjar voru grafnar upp vegna vegagerðar árið 1988 og rannsakaðar en eru nú horfnar undir Hafnarfjarðarveg. Systkinaleiði hurfu undir veg án rannsókna á fyrri hluta 20. aldarinnar.
MV-2	Þingnes	Þingnes gengur út í Elliðavatn að sunnanverðu. Þingnes var friðlýst með þinglýsingu þann 16. nóvember árið 1938. Til friðlýsingarinnar teljast mannvirkjaleifar þar sem talið er að hinn forni Kjalarnesþingstaður hafi verið. Þingnes er einnig getið í fornleifaskrá Kópavogs sem minjar sem taldar eru hafa mest minjagildi.
MV-3	Hressingarhælið	Hressingarhælið eða Kópavogshæli var teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, snemma á síðustu öld. Konur í Reykjavík sem stofnuðu Kvenfélagið Hringinn 1906 sáu þörf fyrir hressingarhæli fyrir berklasjúklinga sem voru nýkomnir af Vífilstaðahæli og hófu að safna fé í byggingasjóð. Um 1925 töldu þær að sjóðurinn væri orðinn nægilega stór og hófust byggingarframkvæmdir það ár á þjóðjörðinni Kópavogi. Húsið var hið myndarlegasta og var tekið í notkun 14. nóvember 1926 og varð brátt nýtt sem venjulegt berklahæli. Kópavogsbær eignaðist húsið 2003. Það hefur verið endurgert í samvinnu við Húsafriðunarnefnd. Friðað af mennta- og menningarmálaráðherra 22. október 2012 með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin nær til ytra og innra byrðis hússins.
MV-4	Kópavogsbærinn	Friðað hús skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga. Eitt af lögbýlum Kópavogs. Bærinn var byggður á árunum 1902-1904 og stendur við Kópavogstún. Friðað af mennta- og menningarmálaráðherra 12. október 2012 með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin nær til ytra byrðis húsasamstæðunnar. Heimild: Minjasjá Minjastofnunar Íslands.

FORNLEIFASKRÁ KÓPAVOGS, ENDURSKOÐUÐ 2019/2020 – HEIMALAND OG UPPLAND

Hlutverk fornleifaskrár Kópavogs er að styðja bæjaryfirvöld við að standa vörð um fornleifar í bæjarlandinu og marka stefnu í skipulagsmálum og minjavernd með hliðsjón af þeim. Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 kemur fram að skylt sé að gera fornleifaskráningu áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Það verklag er viðhaft hjá Kópavogsbæ við deiliskipulag nýrra svæða að fara ítarlegra yfir umrætt svæði með skráningu mögulegra fornleifa í huga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 4-23. Skráðar minjar í upplandi. Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs, 2020.



Mynd 4-24. Minjavernduð svæði, MV, í aðalskipulagi Kópavogs. Tafla 4-9 og 4-10.

Á árunum 1999-2000 var unnið að fornleifaskráningu heimalandsins. Þar kemur fram að í þéttbýli Kópavogs og næsta nágrenni eru 53 staðir skráðir sem fornleifar og geyma þeir 75 stakar fornleifar. Í endurskoðaðri fornleifaskrá 2020 voru 61 staður skráður og á þeim voru meira en 87 fornleifar/minjar. (Heimild: Fornleifaskrá Kópavogs, 2020, kafli 6 Fornleifarnar 1. mgr.)

Fornleifaskrá Kópavogs var endurskoðuð árið 2019 til 2020. Fyrir liggur endurskoðuð útgáfa ,,Fornleifaskrá Kópavogs, endurskoðuð, Bjarni F. Einarsson, 2020“. Einnig liggur fyrir „Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs, Bjarni F. Einarsson, 2020“.

Enn er búið á Vatnsenda og geymir bæjarstæðið og nánasta umhverfi án efa mikið af upplýsingum um sögu bæjarins en hann kemur fyrst við sögu árið 1234 í Máldagaskrá Viðeyjarkirkju. Núverandi íbúðarhús stendur á bæjarhól en slíkir hólar hafa oft á tíðum að geyma mikið magn upplýsinga um búskaparhætti á liðnum öldum. Vatnsendabærinn og túnið umhvefis hann eru því talin hafa mikið minjagildi.

Taflan hér að neðan gefur yfirlit y fir þau svæði innan Kópavogs þar sem verndarákvæði gilda.

Í fornleifaskránni eru eftirtaldar minjar taldar hafa mest minjagildi og voru þær hverfisverndaðar (bæjarverndaðar) í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Þar af var þegar búið að hverfisvernda (bæjarvernda) Álfhól og Digranesbæinn og var þá lagt til að nokkrir staðir til viðbótar yrðu hverfisverndaðir (bæjarverndaðir) og hlutu þeir staðfestingu þá.

MINJASKRÁ KÓPAVOGS 2014 - SAMANTEKT Á MINJAVERNDUÐUM SVÆÐUM INNAN SVEITARFÉLAGSINS

Tafla 4-10. Yfirlit yfir minjaverndarsvæði, úr Fornleifaskrá Kópavogs, uppfærð 2020 og Minjaskrá Kópavogs 2014.

Nr	Heiti	Lýsing
MV-5	Álfhóll, staður tengdur þjóðtrú	Jökulsorfið klapparholt við Álfhólsveg. Staðurinn er talinn vera bústaður álfa í Kópavogi sem taldir eru hafa haft mikil áhrif á uppbyggingu vegarins síðan seint á fjórða áratug 20. aldar.
MV-6	Digranesbærinn, bæjarstæði	Digranesjörðin var ein af fjórum lögbýlum í Kópavogi og eru tóftir hússins við íþróttahúsið Digranes. Sökum ágangs var staðurinn hulinn með jarðvegi og tyrfður í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins árið 2007.
MV-7	Selstaða	Staðurinn er skammt frá bæjarstæði Fífuhvamms. Ekki er alveg ljóst hvert hlutverk hússins var en möguleiki er á að hér hafi verið selstaða.
MV-8	Markasteinn	Steinninn markaði landamerki jarðanna Fífuhvamms, Vatnsenda og Breiðholts. Sami steinn og HV-22.
MV-9	Rústir undir Vatnsendahvarfi	Líkur eru á að rústirnar séu beitarhús frá Vatnsenda og eru þær staðsettar við Álfkonuhvarf.
MV-10	Beitarhús suður af Litlabás	Beitarhús ekki langt frá landamerkjum Vífilsstaða og Vatnsenda.
MV-11	Hjónadysjar	Staðurinn var friðlýstur árið 1938 og rannsakaður árið 1988 áður en hann fór undir Hafnarfjarðarveginn.
MV-12	Systkinaleiði	Staðurinn hefur ekki verið rannsakaður en var friðlýstur árið 1938 og fór undir veg á fyrri helming 20. aldar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

AÐRAR BYGGINGAR

Aldursfriðun húsa

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús og mannvirki 100 ára og eldri friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Stofnuninni er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum. Unnið er að húsaskrá um byggingar sem munu falla undir þetta lagaákvæði á skipulagstímabilinu frá 2019 til 2040. Eftirtaldar byggingar í Kópavogi falla undir þetta lagaákvæði við upphaf skipulagstímabilsins:

Tafla 4-11. Aldursfriðun húsa við upphaf skipulagstímabils.

Heiti	Götuheiti og númer	Byggingarár í fasteignaskrá		Leiðrétt byggingarár	Heimildir v. leiðr. byggingarárs	Tegund friðunar
Birkihvammur 20 (Liverpool)	Birkihvammur 20	1957		1906	Húsaskrá Árbæjarsafns	Aldursfriðun skv. lögum nr. 80/2012
Vatnsendi	Við Elliðavatn, Kópavogi	1900				Aldursfriðun skv. lögum nr. 80/2012
Hlaðbrekka 22 (Bráðræði - Grandavegur 37)	Hlaðbrekka 22 - áður: Grandavegur 37, Reykjavík	1954		1921	Mbl. 27. ágúst 2000	Aldursfriðun skv. lögum nr. 80/2012

Útvarpsstöð Íslands á Vatnsendahæð, varðveislumat

Á Vatnsendahæð (Vatnsendahvarfi) er gamla Útvarpsstöðin á Vatnsenda en Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd hafa nýlega fjallað um sögulegt gildi byggingarinnar (haust 2020) og hafa bent á mikilvægi þess að varðveita húsið og ætla því verðugan stað í nýju skipulagi.

Minjastofnun Íslands leggur ríka áherslu á að stöðvarhús Útvarpsstöðvar Íslands á Vatnsendahæð verði varðveitt og að tekið verði tillit til þess í fyrirhuguðu deiliskipulagi fyrir svæðið. Krafa um verndun nær einkum til ytra borðs eldri hluta hússins. Einnig bendir Minjastofnun á að sjá megi fyrir sér að stöðvarhúsinu verði fundið nýtt hlutverk í tengslum við fyrirhugaða íbúðarbyggð á Vatnsendahæð. Ekkert mæli gegn því að leyfðar verði breytingar á húsinu til að mæta þörfum nýrrar starfsemi. Ekki er farið fram á að eldri tæknibúnaður inni í húsinu verði varðveittur.

Útvarpsstöð Íslands var reist á árið 1929 eftir uppdráttum Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins. Minjastofnun Íslands bendir á að stöðvarhúsið hafi listrænt gildi sem verk Guðjóns Samúelssonar, eitt þriggja í Kópavogi. Stöðvarhúsið hefur frá upphafi verið áberandi kennileiti efst á Vatnsendahæð. Á fjórða áratugnum var gerð viðbygging aftan við húsið til að hýsa öflugri sendibúnað. Var miðhluti þaksins hækkaður samhliða þeirri breytingu en þess gætt að ásýnd hússins að framanverðu héldi einkennum sínum. Settar hafa verið heilar rúður í stað ramma í glugga stöðvarhússins en að öðru leyti hefur útlit hússins haldist að mestu óbreytt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4.1.10 Vatnsvernd

Skilgreining á takmörkun á landnotkun: ***(gr. 6.3.g í skipulagsreglugerð):***

gr. 6.3.g Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF).
Vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF). Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

MARKMIÐ

- Tryggja nægt neysluvatn og gæði þess í lögsögu Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 3.9 um loft-, vatns- og jarðvegsmengun svo að ekki ekki verði þörf á meðhöndlun neysluvatns í framtíðinni.
- Koma í veg fyrir alla röskun á verndarsvæðum vatnsbóla sem getur haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar í samræmi við heimsmarkmið 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.

LEIÐIR

- Innan vatnsverndarsvæða verði komið í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa í samræmi við heimsmarkmið 3.9 um loft-, vatns- og jarðvegsmengun.
- Unnið verði áfram að grunnvatnsrannsóknum í lögsögu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.

Kópavogur fær vatn frá sínu eigin vatnsbóli (brunnsvæði) í Vatnsendakrikum í Heiðmörk og hefur einnig gert samning við Garðabæ um vatnsöflun. Sjá umfjöllun í kafla 5.1.11 Vatnsveita.

VATNSVERND Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins mynda eina heild og um þau gilda samræmdar reglur um verndarsvæði vatnsbóla, innan lögsagnarumdæma þeirra. Samþykktin hefur það að markmiði að vernda neysluvatn til framtíðar og koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna og starfsemi, t.a.m. aukinnar byggðar, landgræðslu og ræktunar, atvinnustarfsemi, umgengni og umferðar. Sérstök framkvæmdarstjórn heldur utan um eftirlit með vatnsverndarsvæðunum, t.d. með viðbragðsáætlunum vegna mengunarslysa.

Allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu samanstendur af samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla og afmörkun verndarsvæða samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 12. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, og 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu var endurskoðað og samþykkt árið 2015 á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

- Uppdráttur (Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu), SSH.
- Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, Greinargerð um heildarendurskoðun, febrúar 2015, Útgefandi: Stýrihópur um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.
- Samþykkt, nr. 555, 19. júní 2015, um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Aðalskipulag þetta 2019-2040 tekur mið af samþykkt hér að ofan.

Inngangur

„Frá fyrri samþykkt svæðisskipulags vatnsverndar hafa orðið ýmsar breytingar á lagaumhverfi og þróun landnýtingar í nágrenni vatnsverndarsvæða sem gefa tilefni til endurskoðunar. Áform eru um að auka nýtingu vatnsverndarsvæðanna til útivistar og ferðamennsku auk framkvæmda við eða í námunda við svæðið. Byggð hefur færst nær þeim, íbúum fjölgað og vatnstaka aukist.

Með þessari endurskoðun verður ekki lengur um sérstakt svæðisskipulag vatnsverndar að ræða heldur mun afmörkun vatnsverndar ásamt samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla verða hluti af svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.“

Heimild, Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, Greinargerð um heildarendurskoðun, Febrúar 2015, Inngangur.

Kópavogur

„Nokkur breyting er á afmörkun vatnsverndar við þéttbýli í Kópavogi. Vatnsverndarsvæði minnka talsvert þar sem fjarsvæði B við Elliðavatn og Vatnsendahverfi víkur. Grannsvæðismörk færast austar að Hjallamisgengi en afmarkað er öryggissvæði vegna hættu á mengun grunnvatns frá landnotkun vestan grannsvæðis. Á því svæði er skilgreint skógræktarsvæði og óbyggð svæði auk landsvæðis þar sem skipulagi er frestað, sunnan Vatnsvíkur. Í upplandi bæjarins verða einnig breytingar á afmörkun. Grannsvæði stækkar til norðurs og austurs, teygir sig nær Suðurlandsvegi, Bláfjallavegi og að flugvelli við Sandskeið. Vatnsvernd við Lækjarbotna, Geirland og Gunnarshólma breytist úr fjarsvæði B í öryggissvæði. Skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugað afþreyingar- og ferðamannasvæði við Þríhnúkagíg verða áfram innan fjarsvæðis. Bláfjallavegur er á grannsvæði að hluta við Sandskeið.“ Heimild, Greinargerð, bls. 59.

„Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, sem samanstendur af samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla og afmörkun þeirra samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 12. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn, hefur verið auglýst og samþykkt af sveitarstjórnum og heilbrigðisnefndum á svæðinu.“

Heimild, Vatnsverndaruppdráttur SSH

Flokkun verndarsvæðisins: Vatnsverndarsvæðinu er skipt í fjóra meginflokka eftir þeim kröfum sem gerðar eru til verndunar þess samanber eftirfarandi úr „Samþykkt nr. 555, 19. júní 2015“:

A. BRUNNSVÆÐI

*„**3.3 Brunnsvæði:** Sá hluti vatnsverndarsvæðis sem er í næsta nágrenni vatnsbóls. Lágmarksfjarlægð frá vatnstöku að ytri mörkum brunnsvæðis er 50 metrar og síðan 200 metra geisli frá miðju vatnsbóls í aðrennslisstefnu grunnvatns. Ef útmörk 50 daga aðrennslistíma lenda innan 200 m geislans marka þau lágmarksfjarlægð brunnsvæðismarka. Við*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

afmörkun brunnsvæða er einnig tekið tillit til jarðfræðilegra greininga og staðbundinna aðstæðna svo sem yfirborðsvatnaskila." (úr 3. gr. samþykktar)

„Brunnsvæði skal algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð, framkvæmdum og starfsemi annarri en þeirri, sem nauðsynleg er vegna vatnsveitunnar. Vatnsból og mannvirki skulu afmörkuð með girðingu eða öryggi tryggðu á jafngildan hátt." (8. gr. samþykktar).

Ítarleg ákvæði eru í kafla II, A Brunnsvæði í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 555, 19. júní 2015.

B. GRANNSVÆÐI

„3.5 Grannsvæði: *Grannsvæði tekur við af brunnsvæði á aðrennslissvæði vatnsbóls og liggur eftir aðrennslissvæði að reiknuðum útmörkum 400 daga aðrennslistíma grunnvatns að vatnsbóli miðað við 50 m þykkan vatnsleiðara. Við ákvörðun grannsvæðismarka er einnig tekið tillit til viðkvæmni svæða vegna sprungna, dýpis á grunnvatn, yfirborðsgerðar, lektar og misleitni." (úr 3. gr. samþykktar)*

„Á grannsvæði eru framkvæmdir og starfsemi sem ógnað geta öryggi vatnsöflunar bönnuð. Önnur landnot eru einkum til útivistar enda falli þau not að forsendum vatnsverndar." (15. gr. samþykktar)

Ítarleg ákvæði eru í kafla II, B Grannsvæði í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 555, 19. júní 2015.

C. FJARSVÆÐI

„3.4 Fjarsvæði: *Fjarsvæði tekur við af grannsvæði og nær frá mörkum grannsvæðis allt til enda aðrennslissvæðis vatnsbóls við grunnvatnsskil. Undantekning eru mörk verndarsvæðisins til austurs í átt að Hellisheiði þar sem skilgreint fjarsvæði nær aðeins að ytri mörkum höfuðborgarsvæðisins og Sveitafélagsins Ölfuss. Grunnvatnsskil liggja þar töluvert lengra til austurs." (úr 3. gr. samþykktar)*

„Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar." (39. gr. samþykktar).

Ítarleg ákvæði eru í kafla III, C Fjarsvæði í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 555, 19. júní 2015.

D. ÖRYGGISSVÆÐI

„3.13 Öryggissvæði: *Öryggissvæði eru utan aðrennslissvæða grunnvatns til vatnsbóla og liggja eftir jöðrum brunn-, grann- og fjarsvæða. Þau eru skilgreind á svæðum þar sem mengun er mögulega talin geta borist af yfirborði með írennsli til grunnvatns og dreifst með grunnvatnsstraumum til vatnsbóla. Gæta þarf viðunandi öryggis við ákvörðun um nýtingu svæðis sem og hönnun og gerð mannvirkja og mengunarvarna. Öryggissvæðum er skipt í tvo flokka eftir eðli svæðisins.* ***a) Öryggissvæði vegna grunnvatns****: Svæði þar sem talið er að efni sem berast í jörð geti mögulega borist í grunnvatn og þaðan inn á áhrifasvæði vatnstökustaða.* ***b) Öryggissvæði vegna yfirborðsvatns****: Svæði þar sem talið er að mengun á yfirborði geti mögulega borist inn á áhrifasvæði vatnstökustaða." (úr 3. gr. samþykktar)*

„Skipulag byggðar, þ.m.t. íbúðarbyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

ákvæði þessu ef metið er að lítil hætta sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.“ (56. gr. samþykktar).

Skoða þarf nánar mögulega byggð á svæði þar sem *skipulagi er frestað* sunnan Elliðavatns við Vatnsvík. Það svæði er að hluta afmarkað sem *öryggissvæði vegna grunnvatns* á vatnsverndarkorti.

Stefna bæjaryfirvalda er að hægt verði að samþætta nýja byggð og vatnsvernd sunnan vatnsins m.a. í Vatnsvík, sbr. ákvæði 2.2. í eignarnámssátt Kópavogsbær og ábúanda Vatnsenda frá 30. janúar 2007.



Mynd 4-25. Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Heimild, samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Niðurhal úr kortavefsjá SSH.
Sjá einnig mynd 3-10, Vatnsvernd, í kafla 3.2.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4.1.11 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Skilgreining á takmörkun á landnotkun: ***(gr. 6.3.h í skipulagsreglugerð):***

6.3.h í skipulagsreglugerð Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)

h. Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS). Svæði þar sem langtímamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum.

MARKMIÐ

- Vinna að flokkun strandsvæða og vatnasvæða í Kópavogi.

LEIÐIR

- Samkvæmt lögum og reglugerðum ber sveitarfélögum að láta flokka strandsvæði og vatnasvæði með tilliti til mengunar. Þessi flokkun fari fram á skipulagstímabilinu í samræmi við heimsmarkmið 14.1 um mengun í sjó.

Í VI. kafla reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns segir að heilbrigðisnefndir skuli flokka vatn eftir ástandi þess til að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu, þ.m.t. strandsjó. Á skipulagsuppdrætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið um verndun.

Í samræmi við vatnatilskipun og lög um stjórn vatnamála skal flokka yfirborðs- og grunnvatn í svokölluð vatnshlot og eiginleiki og ástand þeirra metið með það að markmiði að tryggja sem best verndun vatns innan sveitarfélagsins, sbr. Reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála. Í reglugerðinni er m.a. fjallað um hlutverk sveitafélaga sbr. eftirfarandi „5. gr. Hlutverk sveitarfélaga. Sveitarfélög og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga um stjórn vatnamála og reglugerða á sviði vatnsverndar.“

Umhverfisstofnun hefur flokkað vatnshlot og eru fjögur sem falla innan marka Kópavogsbæjar. Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit flokka vatnshlot, meta eiginleika þeirra og álagsgreina þau. Markmið með því er að tryggja verndun vatns, vatnavistkerfa og vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Ekki liggja fyrir upplýsingar um vatnshlotin í Kópavogi. Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að ítarlegri upplýsingar liggi fyrir um vatnshlotin og álag og verður horft til þeirra m.a. við ákvarðanir um landnotkun og framkvæmdir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

STRANDSVÆÐI:

Tafla 4-12. Yfirlit yfir strandsvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
	Strandsvæði /Fossvogur	**Flokkur I:** Strandsvæði mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útivistar. ○ Strandsvæðin við Kársnes tilheyra þeim flokki, sbr. friðlýsingu. Svæðið þetta er ekki merkt á uppdrætti (sem VS) en bent er á að svæðið er friðlýst og merkt sem slíkt, Sjá kafla 4.1.6, töflu 4-4, **FS-2**
VS-1	Strandsvæði /Elliðavatn	**Flokkur II:** Önnur strandsvæði. ○ Strandsvæðið við Elliðavatn tilheyrir þeim flokki.

VATNASVÆÐI:

Flokkur I: Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.

- Undir þann flokk fellur Elliðavatn ásamt Dimmu - en Elliðavatn er eina vatnið sem hefur verið flokkað í samræmi við reglugerðina og var það gert árið 2001-2002. Í skýrslunni *Mengunarstaða Elliðavatns 2001- 2002* voru lagðar fram tillögur um vöktun.

Flokkur II: Vötn, ár og lækir sem nýta má til afrennslis.

- Kópavogslækur og Fossvogslækur heyra undir þennan flokk og eru nýttir til afrennslis.

Samkvæmt 28.gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Tafla 4-13. Ákvæði skógræktar innan einstakrar landnotkunar.

Svæði	Ákvæði
Opin svæði	Þar sem gert er ráð fyrir útivist fyrir almenning er skógrækt heimil. Skógrækt skal falla vel að náttúru og landslagi.
Vernduð svæði	Skógrækt má þó ekki raska vernduðum svæðum sem eru skilgreind sem náttúru- og menningarminjar.
Landbúnaðarsvæði	Skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum en annars gilda ákvæði um verndun náttúru- og menningarminja.



Mynd 4-26. Græni trefillinn, heimaland Kópavogsbæjar og uppland. Heimild SSH.

4.1.12 Skógrækt og uppgræðsla

Skilgreining landnotkunar: Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjóbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. . *(gr. 6.3.r í skipulagsreglugerð, Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)).*

MARKMIÐ

- Bæta aðgengi að skógræktar- og útivistarsvæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði og 15.2 um sjálfbæra skóga.
- Vinna áfram að uppbygginu græna trefilsins og græna stígsins.
- Unnið verði að landgræðslu og skógrækt í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbæra skóga.

LEIÐIR:

- Unnið verði að endurskoðun á afmörkun græna trefilsins.
- Lögð verði áhersla á skógrækt í Selfjalli og víðar í upplandi Kópavogs og efri byggðum.

SKÓGRÆKTARSVÆÐI

Í Kópavogi er um 108 ha land í heimalandi skilgreint sem skógræktarsvæði og samtals um 890 í upplandi samkvæmt tillögu þessari. Lagt er til að svæði SK-4 í Lækjarbotnalandi verði stækkað og nýtt svæði skilgreint SK-5 innan þjóðlendu um 400 ha.

Á fyrri skipulagstímabilum hafa verið gerðar nokkrar breytingar á svæðunum samfara stækkun byggðar. Frá árinu 1990 hafa verið gróðursettar mörg hundruð þúsund trjáplöntur í Landgræðsluskóga á vegum Kópavogsbæjar, Skógræktarfélags Kópavogs og Skógræktarfélags Íslands.

Frá árinu 2000 hefur verið samstarfssamningur milli Skógræktarfélags Kópavogs og Kópavogsbæjar þar sem félaginu eru falin verkefni og fær styrki til þeirra. Það er í takt við þá stefnu bæjarins að fela áhugamannafélögum aukin verkefni og framkvæmd þeirra, t.d. íþróttafélögin. Í gildi eru samningar um Landgræðsluskóga á Vatnsendaheiði, í Lækjarbotnum og á Selfjalli.

GRÆNI TREFILLINN

Græni trefillinn er samheiti yfir skógræktar-, uppgræðslu- og útivistarsvæði ofan byggðar höfuðborgarsvæðisins samkvæmt svæðisskipulagi, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Með markvissri skógrækt í „Græna treflinum“ er unnið að því að bæta aðstöðu íbúa til útivistar, bæta skjól og jafnframt að græða upp land þar sem þess er þörf. Stefnt er að því að græni trefillinn verði heildstætt fallegt útivistarsvæði sem nær allt frá Undirhlíðum í suðri, til Mógilsár í norðri og að skógarmörkum á heiðum austur af höfuðborgarsvæðinu. Mörk græna trefilsins í Kópavogi liggja frá Kjóavöllum um Vatnsendaheiði að Heiðmörk í Reykjavík og Garðabæ.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 4-11. Skógræktarsvæði. Mynd sýnir:
Skógræktarsvæði Lækjarbotnum, SK-2, SK-3, SK-4 stækkað frá því sem var.
Nýtt skógræktarsvæði, SK-5, tillaga að svæði sem er innan þjóðlendu.

Í svæðisskipulagi, Höfuðborgarsvæðið-2040, var græni trefillinn tekinn til endurskoðunar og ekki jafn einskorðaður við skógræktarskilyrði og í upprunalegu skilgreiningunni sem gerði hann mjög „þunnan“ í norðurhlutanum. Trefillinn er nú þykktur í norðurendanum með því t.d. að bæta við hann Grímansfelli og umhverfi þess. Við þróun hugmynda um græna stíginn í græna treflinum, samfelldan útivistarstíg á jaðri byggðar milli Mógilsár og Kaldársels var lögð áhersla á græn hlið á helstu tengipunktum frá byggð inn á stíginn og trefilinn. Þar verði áningarstaðir með greinargóðum upplýsingum um náttúrufar og útivistartækifæri í græna treflinum.

Græni trefillinn fer að litlu leyti inn í á heimasvæði Kópavogs og uppland. Sjá mynd til hliðar.

NÚVERANDI SKÓGRÆKTARSVÆÐI:

- Vatnsendaheiði. Svæðið allt er um 100 ha. Skógræktarfélag Kópavogs hefur úthlutað um 30 ha svæði til félaga sinna og ýmissa félagasamtaka til ræktunar (landnemaspildum). Grunnskólar Kópavogs hafa frá 1992 fengið plöntur úr *Yrkju*- sjóði æskunnar til ræktunar “Skólaskóga”og hafa skólarnir til umráða 20 ha svæði á Vatnsendaheiði. Um 50 ha eru Landgræðsluskógasvæði.
- Lækjarbotnar: Gróðursett hefur verið í um 24 ha lands í Selhólum í samræmi við samning um Landgræðsluskóga. Frístundabyggð á svæðinu er víkjandi.
- Selfjall: Sumarið 2009 hófust framkvæmdir við skógrækt og uppgræðslu á um 143 ha lands.

Til skamms tíma takmarkaði fjárgirðingin um höfuðborgarsvæðið það land sem hægt var að stunda skógrækt á þar sem lausaganga sauðfjár var utan hennar. Nú fer allt fé í sameiginlegt beitarhólf á Miðdalsheiði og við það opnuðust stórauknir möguleikar til skógræktar og landgræðslu. Undanskilið er fé í landi Vatnsenda en landeigandi hefur beitarrétt í Lækjarbotnum samkvæmt samningi við Kópavogsbæ frá 30. janúar 2004. Hér skal þó áréttað að ábúandi Vatnsenda hefur skv. eignarnámssátt frá 30. janúar 2007 rétt til haustbeitar fyrir sauðfé innan Lækjarbotnalands frá Fossvallarétt og upp úr.

NÝ SKÓGRÆKTARSVÆÐI SKILGREIND ÁRIÐ 2019:

- Lækjarbotnar/Lakheiði: Skógræktarsvæði, SK-4, í landi Lækjarbotna hefur verið stækkað til austurs að mörkum þjóðlendu, til norðurs að Suðurlandsvegi og til suðurs að hlíðum Sandfells. Fjárrétt og beitarsvæði tengt henni eru undanskilin. Sjá töflu 4-14. Yfirlit yfir skógræktarsvæði.
- Lakheiði: Gerð er tillaga að nýju skógræktarsvæði, SK-5, innan þjóðlendu, frá Lækjarbotnalandi að Bláfjallavegi til austurs, Suðurlandsvegi til norðurs og jaðri hrauns og hlíðum Sandfells til suðurs. Sjá töflu 4-14. Yfirlit yfir skógræktarsvæði og mynd 4-27. Skógræktarsvæði.

SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á svæðum stærri en 200 ha framkvæmdarleyfisskyld og tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Það á einnig við ruðning á náttúrulegum skógi og skógrækt á vernduðum svæðum.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m .y.s. sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Samkæmt lögum um náttúruvernd 60/2013 skal skógrækt falla sem best að heildarsvipmóti lands og raska ekki náttúru- og menningarminjum. Jafnframt er lögð áhersla á að skógrækt rýri ekki verndargildi hrauna sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Samkvæmt samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins skulu allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á fjarsvæðum vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast.

Skógrækt er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Lögð er áhersla á að í skógræktaráætlunum verði, m.a. horft til landslagsgerða, náttúrulegra vistkerfa, friðlýstra svæða og verndarsvæða innan skógræktarsvæðanna. Lögð er áhersla á að skógrækt rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða og verndarsvæða. Sjá einnig 4.1.7 Önnur náttúruvernd, undirkafla „UMSÖGN KÓPAVOGS“.

UPPGRÆÐSLUVERKEFNI

Töluverð uppgræðsla hefur verið í landi Kópavogs á undanförnum áratugum m.a. í beitarhólfinu á Miðdalsheiði, norðan Suðurlandsvegarins við Bolaöldu, Sandskeið, í Bláfjöllum og Lækjarbotnum. Allt hey af opnum svæðum í heimalandinu er nýtt við uppgræðsluna.

Tafla 4-14. Yfirlit yfir skógræktarsvæði.

Nr	**Heiti**	Lýsing
SK-1	Vatnsendaheiði	Svæðið allt er rúmir 100 ha, aðallega sunnan og austan við sk. línuveg og liggur að Heiðmörk. Gróðursett hefur verið í svæðið skv. útivistar- og skógræktarskipulagi frá 1995. Ræktun samkvæmt samningi 1994-2019 milli Kópavogsbæjar, Skógræktarfélags Kópavogs og Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskógaverkefnis en helmingur svæðisins er Landgræðsluskógasvæði. Skógræktarfélag Kópavogs úthlutaði sk. landnemaspildum til félaga sinna og ýmissa félagasamtaka til ræktunar, alls er það um 30 ha svæði. Grunnskólar Kópavogs hafa til umráða 20 ha svæði á Vatnsendaheiði, svo nefnda Skólaskóga, en þeir hafa frá 1992 fengið plöntur úr *Yrkju- sjóði æskunnar til ræktunar landsins.* Sjá einnig SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan. Stærð: um 109 ha.
SK-2	Lækjarbotnar	Árið 1993 var gerður samningur um ræktun Landgræðsluskóga í Selhólum og er að mestu fullplantað í það svæði. Stærð þess er um 24 ha. Stærð skógræktarsvæðis sem er afmarkað á landnotkunaruppdrætti (sveitarfélagsuppdrætti) er stærra, allt svæðið samtals um 62 ha. Sjá einnig SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 4-28. Birkisáning í Lækjarbotnum. Ljósmynd, A.B.

SK-3	Selfjall	Sumarið 2009 hófst vinna við skógrækt og uppgræðslu á um 143 ha lands sem er Landgræðsluskógasvæði skv. samningi þar um. Unnið var skógræktarskipulag af svæðinu 2002. Árlega hafa verið gróðursettar 10-15.000 trjáplöntur í Selfjall og stór svæði grædd upp með heyi af opnum svæðum bæjarins. Stærð skógræktarsvæðis sem er afmarkað í landnotkunaruppdrætti (sveitarfélagsuppdrætti) er stærra, allt svæðið samtals um 287 ha. Sjá einnig SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan.
SK-4	Lakheiði /Lækjarbotnar og nágrenni	Svæðið nær frá núverandi skógræktarsvæði í Selfjalli og Waldorfskólareit í suðri og vestri, beitarhólfi við Fossvallarétt í norðri og mörkum Lækjarbotnalands að Tvísteinum á Lakheiði í austri. Unnið er að skógræktaráætlun svæðisins. Í aðalskipulagi þessu, 2019-2040, er skógræktarsvæði í Lækjarbotnalandi stækkað að þjóðlendumörkum til austurs að fjárrétt og Suðurlandsvegi til norðurs. Fjárrétt og beitarhólf eru undanskilin. Unnið er að skógræktaráætlun svæðisins. Taka skal tillit til minja og verndarsvæða í skógræktaráætlunum. Sjá einnig SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan. Stærð svæðis samtals um 99 ha.
SK-5	Lakheiði /þjóðlenda frá Lækjarbotnalandi að Bláfjallavegi, innan þjóðlendu	Tillaga er gerð að nýju skógræktarsvæði innan þjóðlendu frá Lækjarbotnalandi að Bláfjallavegi til austurs, Suðurlandsvegi til norðurs og mörkum Bláfjallafólkvangs og hlíðum Sandfells til suðurs (að Bláfjallafólkvangi). Undanskilin eru svæði með herminjum og votlendi við Bláfjallaveg. Við gerð skógræktaráætlunar skal taka tillit til m.a. minja, herminja, votlendis og/eða árfarvega o.fl. Svæðið er að mestu berangurslegt en þar eru Lakheiði, Lakadalur og Mosar. Á svæðinu var áður fyrr mikill uppblástur en unnið hefur verið að uppgræðslu þess. Næst Bláfjallavegi eru Neðri - Fóelluvötn sem tilheyra ekki svæðinu og Arnarnípur (Arnarþúfur) sem taka þarf tillit til við gerð skógræktaráætlunar. Stærð skógræktarsvæðis sem er afmarkað landnotkunaruppdrætti (sveitarfélagsuppdrætti) er samtals um 412 ha. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur og SKÓGRÆKT: ALMENNT UM SKILYRÐI OG TAKMARKANIR hér að framan.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

MIKILVÆGUSTU HEIMSMARKMIÐIN FYRIR UMHVERFI Í KÓPAVOGI

3. STUÐLA AÐ HEILBRIGÐU LÍFERNI OG VELLÍÐAN FYRIR ALLA FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR

3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.

6.TRYGGJA AÐGENGI AÐ OG SJÁLFBÆRA NÝTINGU, ALLRA Á HREINU VATNI OG SALERNISAÐSTÖÐU

6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.

11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

13. GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

15. VERNDA, ENDURHEIMTA OG STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VISTKERFA Á LANDI, SJÁLFBÆRRISTJÓRNUN SKÓGARAUÐLINDARINNAR, BERJAST GEGN EYÐUMERKURMYNDUN, STÖÐVA JARÐVEGSEYÐINGU OG ENDURHEIMTA LANDGÆÐI OG SPORNA VIÐ HNIGNUN LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNI

15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

4.2 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM UMHVERFI

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í Heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með að stefnunni verði framfylgt.

Stefnumið varðandi umhverfi falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Í þessari endurskoðun er bætt við stefnumiðum um loftslag í samræmi við landsskipulagsstefnu. Þótt loftslag sé ekki landnotkunarflokkur er sérstök umfjöllun í kafla um umhverfismál þar sem loftslagsmál ganga þvert á alla flokka. Við rýni á stefnumiðum með tilliti til heimsmarkmiða komu loftslagsmál upp í öllum landnotkunarköflum. Er almenna stefnan, sem sett er fram að við skipulagsgerð, að tillit verði tekið til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga. Í upplandi Kópvogs er umfangsmikið svæði sem skilgreint er sem óbyggt svæði. Innan þess svæðis eru einnig flest þau svæði sem hafa verndarskilgreiningu innan sveitarfélagsins með tilliti til náttúruverndar og vatnsverndar. Í stefnumörkun aðalskipulags er lögð áhersla á að standa vörð um þessi svæði sem er í samræmi við náttúruverndaráætlanir og svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og er lögð áhersla á fræðslu til almenning um nýtingu þessa svæðis. Slíkt hefur einnig jákvæð áhrif á náttúrufar og auðlindir enda um að ræða vatnsauðlind höfuðborgarsvæðisins. Stefna varðandi opin svæði innan marka sveitarfélagsins tekur mið af því að íbúar hafi jafnt aðgengi og þannig séu opin svæði innan hvers hverfis sveitarfélagsins. Slík stefnumörkun er í samræmi við lýðheilsumarkmið og hefur jákvæð áhrif á samfélagið. Stefna/stefnumið um skógrækt og uppgræðslu miðar að því að vinna áfram að uppbyggingu Græna trefilsins sem umlykur höfuðborgarsvæðið og að bæta aðgengi að skógræktar- og útivistarsvæðum í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins með jákvæðum áhrifum á samfélag og náttúrufar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

5 GRUNNKERFI

5.1 MEGINMARKMIÐ

Það er meginmarkmið Kópavogsbæjar hvað varðar grunnkerfi bæjarins að byggja upp gott, öflugt og öruggt þjónustukerfi sem taki mið af sjálfbærri þróun. Að samgöngur verði öruggar og greiðfærar og leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum bifreiðanotkunar. Efla skal notkun vistvænni samgöngumáta og tryggja öryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta.

Lögð er áhersla á breyttar ferðavenjur, góðar almenningssamgöngur og borgarlínu samhliða þéttingu byggðar.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu í aðalskipulagi þessu í öllum köflum greinargerðarinnar - 2. Byggð, 3. Atvinnulíf, 4. Umhverfi, 5. Grunnkerfi, 6. Samfélag og 7. Rammahluta aðalskipulags. Unnin var mikilvægisgreining út frá áherslum aðalskipulagsins, þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við sjálfbærni og stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna.



Mynd 5-1. Kafli 5. Grunnkerfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 5-2. Strætó, skiptistöð í Hamraborg. Ljósm. ONNO.

Mynd 5-3. Gatnamót í Vatnsenda, horft til austurs. Ljósm. V.G.

5.1.1 Samgöngur

Skilgreining landnotkunar: ***Vegir, götur, helstu göngu-, reið og hjólastígar og tengd mannvirki, þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegi utan þéttbýlis. (gr. 6.2.m í skipulagsreglugerð Vegir, götur og stígar (VE)).***

Framtíðarsýn og leiðarljós „Nýju línunnar", þ.e. samgönguáætlunar Kópavogs í vinnslu, er:

- Að innleiða vistvænar samgöngur sem ganga fyrir hreinni orku og stuðla að skilvirkum samgönguleiðum innan bæjarfélagsins í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um að allir geti ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum
- Að bjóða upp á fjölbreytta og vistvæna ferðamáta á öruggan hátt fyrir alla vegfarendur með hliðsjón af heilsu manna og vistkerfisins án þess að ganga á tækifæri komandi kynslóða í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um að allir geti ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum.
- Að fólksfjölgun verði mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli í samræmi við heimsmarkmið 9.1.

Ferðaþörf verður uppfyllt á skilvirkan* og fjölbreyttan máta. Fólksfjölgun verður mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. *Skilvirkni þéttbýlissamgangna felst í að uppfylla ferðaþarfir fólks með sem minnstum tilkostnaði og umhverfisáhrifum.

Í aðalskipulagi skal fjallað um samgöngu- og þjónustukerfi, s.s. flug, hafnir, stíga og vegi og helstu tengingar á milli þeirra og þar með lagður grunnur að gerð deiliskipulags vegna þessara þátta. Einnig er í aðalskipulagi fjallað um umferð um helstu vegi bæjarins og áætlaða þróun umferðar á tímabilinu. Breytingar á samgöngumannvirkjum eru oft háðar mati á umhverfisáhrifum og er því vísað í umhverfismat vegna þeirra.

MARKMIÐ

- Lögð er áhersla á skilvirk og örugg samgöngumannvirki.
- Kópavogsbær stuðli að notkun umhverfisvænni orkugjafa í samræmi við heimsmarkmið 7.2. um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku.
- Stuðlað verði að vistvænum samgöngum og möguleikar fólks til að velja á milli einkabílsins og annars ferðamáta auknir. Um leið verði reynt að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið í samræmi við heimsmarkmið 9.1. um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Stuðlað verði að vistvænum samgöngum, góðum almenningssamgöngum og Borgarlínu (hágæðaalmennings-samgöngum) samhliða þéttingu byggðar. Samtímis verði reynt að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið í

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-4. Arnarnesvegur frá Litla Leirdal, Rjúpnadal að Breiðholtsbraut.

Mynd 5-5. Bryggjuhverfi. Ljósm. F.B.

samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum og 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur.

- Við skipulag samgöngumannvirkja skal horft til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Samgöngur verði greiðar og öruggar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, almenningsvagna og einkabíla í samræmi við heimsmarkmið 3.6 um öruggar samgöngur, 9.1. um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum og 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur.
- Tryggt verði að stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins hindri ekki samgang íbúa milli hverfa í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Gæði innviða fyrir vistvænni ferðamáta verða aukin og reynt að samþætta þá, hvort sem um er að ræða aðstöðu gangandi, hlaupandi, hjólandi vegfarenda eða notenda almenningssamgangna.
- Aukin áhersla verður lögð á upplifun á mismunandi tegundum göturýmis og mörkin milli mismunandi tegunda gatna gerð skýrari til að ökumenn upplifi mun á umhverfi gatna og ökuhraða.
- Við uppbyggingu á samgöngumannvirkjum verði gert ráð fyrir sérstökum stígum fyrir hjólreiðamenn.
- Uppbygging samgöngumannvirkja taki mið af þörfum og óskum íbúa og annarra hagsmunaaðila í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Gert verði ráð fyrir samgöngumiðstöð á miðsvæðinu við Reykjanesbraut.

LEIÐIR

- Þjónustuaðilar bensínstöðva verði hvattir til að bjóða upp á vistvæna orkugjafa í samræmi við heimsmarkmið 7.2. um aukið hlutfall endurnýjanlegra orku.
- Hvatt verði til aukinnar rafvæðingar vegna notkunar rafbíla í samræmi við heimsmarkmið 7.2 um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku.
- Farartæki í eigu bæjarfélagsins skulu knúin vistvænu eldsneyti eða vera umhverfisvæn á annan hátt í samræmi við heimsmarkmið 7.2 um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku og 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.
- Gatnakerfið verði hannað með skilvirkni og öryggi vegfarenda og íbúa í huga og með góðum tengingum milli hverfa, þjónustusvæða, göngu- og hjólaleiða í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur. Unnið verði eftir umferðarskipulagi Kópavogs þar sem áhersla er lögð á 30 km hraða innan hverfa.
- Gæta skal samræmis við markmið í svæðisskipulagi, Höfuðborgarsvæðið 2040. „Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sett sér markmið að draga úr notkun einkabílsins þannig að
  *hlutdeild bílferða lækki úr 75% árið 2011 í 58% árið 2040,
  *hlutfall almenningssamgangna aukist úr 4% í 12% og að
  *samanlögð hlutdeild gangandi og hjólandi fari úr 21% í 30% árið 2040.“
- Unnið verði áhættumat fyrir samgöngumannvirki vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 13.2. um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-6. Fífuhvammsvegur við turninn, gangalýsing. Ljósm. V.G.

- Nýta á tækninýjungar og deilikerfi til að gera samgöngur greiðari, öruggari og hagkvæmari fyrir alla.
- Arnarnesvegur frá Rjúpnadal að Breiðholtsbraut verði lagður á skipulagstímabilinu.
- Ákvarðanir um uppbyggingu umhverfis og innviða eru teknar í kjölfar kostnaðar- og ábatagreininga.
- Við allar framkvæmdir skal tryggja aðgengi fyrir alla. Við tímabundnar framkvæmdir skal tryggja hjáleiðir og viðeigandi merkingar.
- Unnin verði ný umferðaröryggisáætlun fyrir Kópavog og á grundvelli hennar framkvæmdaráætlun til 10 ára.
- Áhersla verður lögð á upplýsingaflæði til íbúa um framkvæmdir og breytingar í sveitarfélaginu. Á framkvæmdatíma skal sérstaklega huga að merkingum á hjáleiðum.
- Þjónustustig aðalgatnakerfisins lækki ekki. Gatnaskipulag bæjarins skal byggt á flokkun gatna í húsagötur, safn-, tengi- og stofnbrautir.

5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar

Gatnakerfið í Kópavogi er flokkað í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur.

Í aðalskipulagi þessur eru einnig settar fram tillögur að bæjargötum hverfa í 7. kafla. Sjá einnig skilgreiningu í kafla 1.9, Hugtök og skilgreiningar.

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru stofnbrautir aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli.

Skilgreiningin tengibraut í 2. flokki hefur verið felld niður en skilgreiningin bæjargötur tekin upp. Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverju hverfi. Þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Í rammahluta aðalskipulagsins (7. kafla) í köflum um hverfin í Kópavogi eru kort/myndir sem sýna skilgreindar bæjargötur.

Stofnbrautir, innan Kópavogs, eru í umsjá Vegagerðarinnar samanber yfirlit hér á eftir og mynd 5-7.

Veghelgunarsvæði er 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnbrauta og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi Vegagerðarinnar skv. vegalögum nr. 80/2007.

STOFNBRAUTIR

- Reykjanesbraut — Í umsjá Vegargerðarinnar
- Hafnarfjarðarvegur — Í umsjá Vegargerðarinnar
- Arnarnesvegur — Í umsjá Vegargerðarinnar
- Suðurlandsvegur — Í umsjá Vegargerðarinnar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-7. Vegir í umsjá Vegagerðarinnar. Heimild, samráð við Vegagerðina, byggt á gögnum í vegasjá Vegagerðarinnar.

Bláfjallavegi frá Bláfjöllum til vesturs í átt að Hafnarfirði var lokað haustið 2019 sjá nánar „AÐRIR VEGIR Í UPPLANDI“ og mynd 5-9.

TENGIBRAUTIR

- Kársnesbraut
- Urðarbraut
- Nýbýlavegur — Skilavegur skv. vegalögum nr. 80/2007
- Túnbrekka
- Álfhólsvegur
- Brattabrekka
- Digranesvegur
- Dalvegur
- Smiðjuvegur
- Fífuhvammsvegur
- Smárahvammsvegur
- Silfursmári
- Lindarvegur
- Bæjarlind
- Glaðheimavegur
- Rjúpnavegur
- Vatnsendahvarf
- Vatnsendavegur
- Þingmannaleið

Safnbrautir, húsagötur og bæjargötur hverfa eru ekki skilgreindar sérstaklega á aðalskipulagsuppdrætti, þ.e. þéttbýlis-/ sveitarfélagsuppdrætti.

AÐRIR VEGIR Í UPPLANDI

- Suðurlandsvegur, þjóðvegur. — Í umsjá Vegargerðarinnar
- Sjá einnig kafla 5.1.2.1 Vegir í náttúru Íslands.
- Bláfjallavegur og Bláfjallaleið. — Í umsjá Vegargerðarinnar
- Bláfjallavegi frá Bláfjöllum til vesturs í átt að Hafnarfirði hefur verið lokað vegna vatnsverndarsjónarmiða, samanber mynd 5-9 og eftirfarandi: Afgreiðsla Kópavogs (ONE 1901656). Frá fundi skipulagsráðs 2. september 2019: *„Skipulagsráð fellst á að syðri hluti Bláfjallavegar nr. 417-02 verði lokað fyrir umferð bíla frá stöð 11.600 í vestri (við hellinn Leiðarenda) að vegamótum við Bláfjallaleið. Lokunin er liður í aðgerðum og úrbótum á Bláfjallavegi (þjóðvegur) innan vatnsverndarsvæðisins sem taldar eru æskilegar til að lágmarka áhættu af umferð innan þess. Skipulagsráð tekur undir með bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði að þörf sé á frekara umhverfis- og áhættumati á umræddum vegkafla og að það liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2021. Að því loknu verði teknar ákvarðanir um framtíð vegarins. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.*

  Á fundi bæjarstjórnar 10. september 2019 er afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.“

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-8. Yfirbygging (brú/lok) yfir Reykjanesbraut.



Mynd 5-9. Bláfjallavegi frá Bláfjöllum til vesturs í átt að Hafnarfirði (nr. 9) var lokað vegna vatnsverndar samkvæmt samþykkt haustið 2019. Bent er/var á þörf á frekara umhverfis- og áhættumati. Sjá „AÐRIR VEGIR Í UPPLANDI“.

VEGAKERFI, STOFNBRAUTIR, ÁÆTLANIR, FRAMKVÆMDIR, BREYTINGAR

Á skipulagstímabilinu eru fyrirhugaðar eftirtaldar breytingar/framkvæmdir á **stofnbrautakerfi** bæjarins:

- **Arnarnesvegur:** Gert er ráð fyrir tengingu Arnarnesvegar frá Rjúpnadal inn á Breiðholtsbraut í Reykjavík. Sjá mynd 5-4 framar. Kópavogsbær telur mikilvægt að bæta tengingar milli Reykjavíkur og Kópavogs.
- **Suðurlandsvegur:** Gert er ráð fyrir tvöföldun á veginum. Í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) var gert ráð fyrir mislægum gatnamótum eða hringtorgum á þremur stöðum. Áform um gatnamót eru eftirfarandi:
  - Gert er ráð fyrir að gatnamót við Lækjarbotna/Geirland og umhverfi verði mislæg. Mögulega verður þó byggð einfaldari útgáfa (planvegamót) fyrst. Sýnd eru mislæg gatnamót á uppdrætti.
  - Gert er ráð fyrir að gatnamót Suðurlandsvegar að/frá Waldorfskóla (S-31 á uppdrætti) og nágrenni verði lagfærð. Til að tryggja umferðaröryggi eru hugmyndir um að leyfa ekki vinstri beygjur þar.
  - Gert er ráð fyrir að gatnamót Suðurlandsvegar og Bláfjallavegar verði mislæg.
  - Gatnamót eru á Suðurlandsvegi að Bolaöldu. Lögð er áhersla á umferðaröryggi.

Stofnbrautir þessar eru taldar nauðsynlegar til að halda uppi núverandi þjónustustigi á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) var þróunarsvæðið (ÞR-6) skilgreint á miðsvæði við Reykjanesbraut í Smára, Glaðheimum og Lindum að hluta. Uppbygging er þegar hafin bæði í Glaðheimum og Smára. Stefnt er að því að tengja Glaðheima og Smárasvæðin betur með:

- **Tengibraut undir Reykjanesbraut** síðar. Þetta er í samræmi við fyrra aðalskipulag (2012-2024).
- **Yfirbyggingu (loki) yfir Reykjanesbraut** með góðum göngu- og hjólastígum ásamt bílaumferð. Þetta er breyting frá fyrra aðalskipulagi (2012-2024).

Þessar þveranir og yfirbyggingar eru um margt óútfærðar en verða unnar nánar í samráði við Vegagerðina. Í þeirri vinnu verður m.a. litið til greiðfærni, hagkvæmni og umferðaröryggis. Framkvæmdir þessar eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Aðrar áætlaðar breytingar/framkvæmdir á vegakerfi þar sem framkvæmdartími er óákveðinn:

- **Tenging frá Arnarnesvegi til suðurs í Garðabæ.** Samkvæmt samkomulagi Kópavogs og Garðabæjar 12. febrúar 2021: „Vorbraut verður sett í stokk framan við Þorrasali eða fundin ný lega við mótun deiliskipulags golfvallar- og útivistarsvæðis með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif Vorbrautar á íbúðarbyggð í Þorrasölum. *Jafnframt skal áfram tryggð góð tenging milli Leirdalsvallar í Kópavogi og Mýrarinnar í Garðabæ við hönnun vallarins.“*
- **Þríhnúkavegur, áætlun:** Gert er ráð fyrir vegi að Þríhnúkum frá Bláfjallaleið við skíðasvæðið í Bláfjöllum. Við útfærslu skal m.a. taka tillit til vatnsverndar og viðkvæmrar náttúru. Sjá einnig umfjöllun í kafla 3.2.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði um fyrirhugaða uppbyggingu við og í Þríhnúkagíg og fyrirhugaðan veg að gígnum o.fl. Þetta er í samræmi við fyrra aðalskipulag (2012-2024). Bent er á að öll starfsemi á vatnsverndarsvæði á að vera á forsendum vatnsverndar. Vísað er í skilyrði í kafla 3.2.7 Afþreyingar og ferðamannasvæði sem Kópavogsbær setur áður en kemur að frekari uppbyggingu í tengslum við Þríhnúka.
- **Tenging undir Hafnarfjarðarveg að Fífuhvammsvegi.** Tenging, innan Kópavogs - á mörkum Kópavogs og Garðabæjar. Þetta er í samræmi við fyrra aðalskipulag (2012-2024). Varðandi útfærslu verði haft samráð við Vegagerðina og Garðabæ.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Kópavogsgöng felld niður í skipulagi. Í síðustu skipulagsáætlun aðalskipulags (2012-2024) var gert ráð fyrir stofnbraut um göng frá Smáranum að Hafnarfjarðarvegi við Fossvog. Göngin voru felld niður með breytingu á aðalskipulagi Kópavogs árið 2018, til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040.

Aðrar hugmyndir sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um:

Vegagerðin hefur látið vinna, og kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélagsins, hugmyndir að mögulegri breikkun Reykjanesbrautar í gegnum Kópavog. Þær áætlanir miða við að mögulegt verði að koma fyrir þriðju akrein í hvora aksturssstefnu á Reykjanesbraut fyrir almennan akstur ásamt sérrein í hvora átt fyrir almenningssamgöngur. Ljóst er að slíkar hugmyndir þarf að ræða og skoða nánar í samráði við Vegagerðina og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt myndi slíkt kalla á breytingar á aðalskipulagi Kópavogs og aðliggjandi sveitarfélaga svo/og breytingar á fleiri skipulagsáætlunum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

5.1.2.1 Vegir í náttúru Íslands, vegaskrá

Aðalskipulagi þessu fylgir vegaskrá „Vegir í náttúru Íslands annarra en þjóðvega“ með vísan til 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Sjá mynd 5-10 hér til hliðar.

Vegi frá Bláfjallavegi til vesturs (til Hafnarfjarðar) hefur verið lokað að hellinum Leiðarenda í Hafnarfirði sökum vatnsverndar með vísan til samþykktar skipulagsráðs Kópavogs 2. september 2019. Sjá m.a. bókun ráðsins og umfjöllun um veginn hér að framan í kafla 5.1.2 AÐRIR VEGIR Í UPPLANDI.



Nr.	Lýsing	Vegfl.	Tegund og takmarkanir
1	Vegur að Eldborgargili	F0	
2	Malarvegur á Bláfjallasvæðinu	F0	Vetrarvegur
3	Bláfjallavegur	F0	Lokaður vegna vatnsverndar skv. bókun skipulagsráðs Kópavogs 2. sept. 2019 um m.a. að þörf sé á frekara umhverfis- og áhættumati á umræddum vegkafla og að það liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2021.
4	Vegur að gömlu ófrágengnu námusvæði	F2	
5	Vegur að flugvelli	F0	
6	Vegur að gömlu ófrágengnu námusvæði	F2	
7	Línuvegur meðfram háspennulínu	F2	Allur óviðkomandi akstur bannaður
8	Gamli þjóðvegurinn	F3	
9	Þjónustuvegur að skógræktarsvæði	F2	
10	Línuvegur meðfram háspennulínu	F2	Allur óviðkomandi akstur bannaður

Mynd 5-10. Vegaskrá: Vegir í náttúru Íslands annarra en þjóðvega, skv. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Kort dags. nóv. 2020, uppfært feb. 2021.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-11. Niðurstaða umferðarspár 2019 (grunnár) fyrir Kópavog.
Heimild: Umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 5-12. Niðurstaða umferðarspár 2030 fyrir Kópavog.
Heimild: Umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins.

5.1.2.2 Áætluð þróun umferðar

Í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins er ferðamyndun á höfuðborgarsvæðinu reiknuð út frá íbúafjölda og magni atvinnuhúsnæðis. Forsendur að baki umferðarspár er m.a. stefna um breyttar ferðavenjur, uppbygging Borgarlínu og styrking virkra ferðamáta.

- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa, undir hatti samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðu (SSH), komið sér saman um stefnu sem miðar að því að breyta ferðavenjum íbúa höfuðborgarsvæðisins. Sú stefna er sett fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Stór hluti þeirrar áætlunar er uppbygging Borgarlínu og er undirbúningur hennar kominn á fullan skrið.
- Breyttar ferðavenjur hins vegar miðast við að markmið svæðisskipulagsins um breytingu ferðahegðunar náist, þ.e. að veruleg uppbygging almenningssamgangna eigi sér stað og hlutdeild virkra ferðamáta (göngu/hjóla o.fl.) aukist verulega.
- Til að gera þessar breytingar mögulegar eru í svæðisskipulaginu skilgreind ákveðin miðsvæði og svokölluð samgöngumiðuð þróunarsvæðis þar sem gert er ráð fyrir að þétting byggðar verði mest. Skilgreind eru töluleg markmið fyrir mismunandi svæði sem sýna þá breytingu sem breyttar skipulagsforsendur eiga að koma til leiðar.
- Ef þróun umferðar verður með óbreyttum hætti eins og hún er í dag, þ.e. hlutdeild ferðamáta breytist ekki, þá mun umferð þyngjast verulega. Forsendur spár um breytingu ferðavenja eru m.a. þær að á miðsvæðum fækki ferðum einkabíla um 30% frá óbreyttri þróun. Það þýðir að gangi markmiðin eftir mun fjöldi ferða dragast saman um 30%.

Umferðarspá samanber myndir 5-11, 5-12 og 5-13.

- 2019. Núverandi ástand miðast við lok árs 2019 með 37.700 íbúa í Kópavogi (um 14.200 íbúðir) og um 230 þús. íbúa á öllu höfuðborgarsvæðinu.
- 2030. Í framtíðarspá er gert ráð fyrir á íbúar Kópavogs verði orðnir um 46.600 árið 2030.
- Til lengri tíma eða eftir 2031 (2038) er miðað við 52.000 íbúa í Kópavogi, sem miðað við óbreytta línulega íbúaþróun gæti orðið um 2038.

Heildarakstur innan Kópavogs er heldur styttri árið 2030 en árið 2019. Þetta eru bein áhrif af breyttum ferðavenjum með bættri þjónustu almenningssamgangna með tilkomu Borgarlínu og styrkingu virkra ferðamáta.

Aksturstími innan Kópavogs eykst. Þetta hangir vissulega saman með fyrrnefnda atriðinu og þýðir í stuttu máli að umferðin þyngist. Þrátt fyrir verulega uppbyggingu í almenningssamgöngum í því skyni að breyta ferðavenjum mun umferð einkabíla samt þyngjast frá því sem er í dag. Hún þyngist samt ekki eins mikið og hún mun óhjákvæmilega gera ef ekkert yrði að gert og haldið yrði áfram með óbreyttu sniði án þess að ferðahegðun breytist.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-13. Niðurstaða umferðarspár í Kópavogi til 2038/2040, á síðari hluta skipulagstímabilsins. Heimild: Umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins.

Áætluð þróun umferðar

Árið 2019 fóru daglega um 50.900 bílar (HVDU) um Hafnarfjarðarveginn við Kópavogslæk. Umferðarspá fyrir árið 2030 gerir ráð fyrir umferð þar vaxi um 10% og verði um 55.800 bílar. Ef engin breyting verður á ferðavenjum frá því sem er í dag sýnir spáin hins vegar að umferðin muni aukast umtalsvert meira, verði um 64.300 og vaxi því um 26%. Samkvæmt sviðsmyndinni á síðari hluta skpiulagstímabils (til 2038/2040) verður umferðin þarna 63.300 sem jafngildir um 24% vexti frá núverandi umferðarmagni. Miðað við óbreyttar ferðavenjur gerir spáin hins vegar ráð fyrir að umferðin þarna verði 71.900, sem jafngildir um 41% vexti frá núverandi umferðarmagni.

Á Reykjanesbraut við Smárann var umferð um 57.000 bílar árið 2019. Gangi forsendur skipulags eftir verður umferð þar um 55.200 árið 2030 og mun þannig minnka um 3% frá núverandi umferðarmagni og verður þessi samdráttur fyrst og fremst vegna breyttra ferðavenja. Ef engin breyting verður á ferðavenjum frá núverandi ástandi mun umferðin hins vegar aukast umtalsvert og verða um 66.300 (16% aukning frá núverandi umferð). Samkvæmt sviðsmyndinni fyrir síðari hluta skipulagstímabilsin (2031 til 2038/2040) verður umferðin um 61.900 bílar (8% aukning frá núverandi stöðu) ef markmið um breytingu ferðavenja nást. Verði engin breyting á ferðavenjum frá núverandi stöðu mun umferðin hins vegar verða um 75.400 (32% aukning frá núverandi stöðu).

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 5-14. Kársnesstígur. Ljósm. V.G.



Mynd 5-15. Stofnstíganet hjólreiða í Kópavogi. Heimild Kópavogsbær.

Stofnstíganetið er að hluta til kostað af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga. Stofnstígar eru alla jafna samgöngustígar í Kópavogi, þ.e. aðgreindir göngu- og hjólastígar. Vegagerðin stýrir þeim hluta uppbyggingar stofnstígakerfisins sem snýr að samgöngusáttmála í samstarfi við viðkomandi sveitarfélag.

Stofnstígar tengja saman sveitarfélög og hverfishluta á meðan tengistígar tengja saman almenna stígakerfið og stofnstígakerfið.

5.1.3 Göngu-, hjóla- og reiðstígar

Skilgreining landnotkunar: ***Vegir, götur, helstu göngu-, reið og hjólastígar og tengd mannvirki, þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegi utan þéttbýlis. (gr. 6.2.m í skipulagsreglugerð Vegir, götur og stígar (VE)).***

MARKMIÐ

- Tryggt verði aðgengi allra íbúa að öruggum hjóla- og göngustígum í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu göngu,- hjólastígakerfis um bæjarlandið og það tengt við útivistarsvæðin.
- Tryggja skal góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu reiðleiðakerfis innan bæjarlandsins og það tengt við samsvarandi leiðir.

LEIÐIR

- Við deiliskipulag nýrrar byggðar verði horft til þess að stígakerfi verði aðgengilegt, öruggt og víðfeðmt í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur og heimsmarkmið 3.6 um öruggar samgöngur.
- Markvisst verði unnið að bættri aðstöðu fyrir hjólafólk, t.d. með hjólagrindum og hjólaskýlum.
- Gerð verði úttekt á því hvar sé þörf á að bæta aðgengi fyrir alla að útivistarsvæðum sem og ferðaleiðir fyrir gangandi, fatlað fólk, hjólandi og ríðandi vegfarendur. 5 ára framkvæmdaráætlun í það minnsta verði gerð í kjölfarið.
- Unnin verði hjólreiðaáætlun fyrir Kópavogsbæ með áherslu á greiðfært og öruggt stofnstígakerfi og öruggar leiðir milli heimilis og skóla.
- Stígar í Fossvogsdal, um Kársnes, í Kópavogsdal, á Selhrygg og umhverfis Elliðavatn verði auðkenndir og varðaðir með stikum sem sýna vegalengdir til að merkja betur göngu- og hlaupaleiðir um bæjarlandið.
- Lagðir verði útivistarstígar á Vatnsendaheiði sem tengjast Heiðmörk.
- Byggðir verða upp útivistarstígar á jaðarsvæðum.
- Flokkun hjólastígakerfis í samgöngustíga, útivistar- og tómstundastíga, tengistíga skv. tillögum í drögum „Nýju línunnar“.
- Hjóla- og göngustígar verði aðskildir á stofnleiðum.
- Í samvinnu við borgaryfirvöld verði komið á göngu- og hjólatenginu frá Kársnesi yfir Fossvog í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Gerður verði útivistarstígur meðfram Elliðavatni. Stígarnir verði í samvinnu við borgaryfirvöld tengdir inn á stígakerfi Reykjavíkur í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Gerður verði gönguslóði á hverfisvernduðu svæði meðfram Dimmu sem tengist stígakerfi Elliðaárdals við Breiðholtsbraut.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-16. Græni vefurinn. Græni stígurinn.

Heimild: Fylgirit 8, Náttúra og útivist, bls 20, með svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Nú þegar hefur fyrsta hliðið verið opnað á höfuðborgarsvæðinu í Guðmundarlundi í Kópavogi og þar er einnig eini frágengni hluti *græna stígsins* enn sem komið er.

Innan hverfa er lögð áhersla á að stytta leiðir íbúa um svæðið og leiðir barna að skólum og leiksvæðum. Einnig eru stígar á milli bæjarhluta og á útivistarsvæðum. Á síðastliðnum árum hefur verið unnið að því að bæta tengingar við aðliggjandi sveitarfélög með góðu stígakerfi sem nýtist fyrir alla íbúa höfuðborgarsvæðisins. Til þess að ná því markmiði er mikilvægt að allt stígakerfi í Kópavogi sé aðgengilegt og öruggt.

Tengingar eru við stígakerfi Reykjavíkur í Fossvogi og á mörgum stöðum um Fossvogsdal til að mynda við Lundarhverfi undir Hafnarfjarðarveg á Kársnesbrautina. Bætt var við tengingu austast í dalnum um göngubrú yfir Reykjanesbraut í Elliðaárdal. Einnig eru undirgöng undir Breiðholtsbraut við Dimmu inn í Elliðaárdal.

Góður stígur er eftir Selhryggnum frá Kórum og niður að Reykjanesbraut með tengingum við Reykjavík.

Stígur er á milli Kópavogs og Garðabæjar um Arnarneshæð meðfram Hafnarfjarðarvegi. Göngustígar úr Smárahverfi á Nónhæð liggja að Arnarnesvegi ásamt undirgöngum.

Á svæði hestamanna á Kjóavöllum verður áhersla lögð á reiðleiðatengingu við útivistarsvæðin við Elliðavatn, Vatnsendahlíð og reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar en eldri reiðleiðum um Linda- og Salahverfi verður breytt í göngu- og hjólreiðastíga. Reiðleiðir eru sýndar í heimalandi og upplandi. Upplýsingar um reiðleiðir má finna í kortasjá á vef Landssambands hestamannafélaga http://map.is/lh/.

Þéttbýlis- sveitarfélagsuppdráttur - göng/brýr/leiðir(stígar). Á þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti má sjá leiðbeinandi legu helstu göngu- og hjólaleiða, reiðleiða og leiðbeinandi legu(r) brúa/undirganga fyrir gangandi, hjólandi og/eða ríðandi fólk eftir því sem við á. Varðandi útfærslu undirganga/brúa stíga o.fl. á mörkum sveitarfélaga verði haft samráð við Vegagerðina, Garðabæ og Reykjavík – Mosfellsbæ og Ölfus - eftir því sem við á. Skoða þarf staðsetningu undirganga/göngubrúa sérstaklega m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda vegna Borgarlínu.

GRÆNI STÍGURINN

Hugmyndir eru uppi um að á höfuðborgarsvæðinu verði lagður um 50 km langur malbikaður göngu- og hjólreiðastígur í græna treflinum. Um tveir km hans eru fyrirhugaðir innan lögsögu Kópavogs. Með stígnum er leitast við að auka enn frekar aðgengi fólks að upplandinu og bæta útivistarmöguleika íbúa alls höfuðborgarsvæðisins. Á græna stígnum verða svokölluð *grænn hlið* sem tengja saman svæðin og eru upphafspunktur fólks sem fer inn á græna stíginn. Hliðin eru yfirleitt kennileiti eða áhugaverðir staðir sem flestir þekkja. Nú þegar hefur fyrsta hliðið verið opnað á höfuðborgarsvæðinu í Guðmundarlundi í Kópavogi og þar er einnig eini frágengni hluti *græna stígsins* enn sem komið er.

Mynd 5-17. Hjólafólk. Ljósm. V.G.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-18. Markmið sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um breyttar ferðavenjur. Samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040 og samkomulagi sveitarfélaga.



Mynd 5-19. Samgöngu- og þróunarásar. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

5.1.4 Almenningssamgöngur, Strætó og Borgarlína

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sett markmið, sem fram kemur í svæðisskipulagi, að árið 2040 verði hlutdeild almenningssamgangna að minnsta kosti 12% af heildar ferðum innan höfuðborgarsvæðisins. Með tilliti til áætlaðrar fjölgunar íbúa þýðir það að minnsta kosti að fjórfalt fleiri munu nota almenningssamgöngur árið 2040 en 2016. (Heimild: Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi, Samgöngu- og þróunarásar fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu – Borgarlína, 2. Markmið og forsendur breytinga, bls. 4, nóvember 2017). Til að uppfylla þetta markmið er mikilvægt að þróað verði skilvirkt hágæða almenningssamgöngukerfi sem gerir fólki kleift að ferðast hratt um höfuðborgarsvæðið, óháð umferðartöfum í vegakerfinu. Ennfremur að tryggja gott aðgengi íbúa að samgöngukerfinu með uppbyggingu í grennd við biðstöðvar.

Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægur hluti grunnþjónustu fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Nauðsynlegt er að íbúar svæðisins hafi fleiri valkosti en einkabíl til að ferðast á milli staða. Mikilvægt er að almenningssamgöngur verði styrktar á þann veg að sem flestir geti nýtt þær.

MARKMIÐ

- Tryggt verði aðgengi allra íbúa að öruggum almenningssamgöngum í samræmi við heimsmarkmið 11.2.um öruggar og sjálfbærar samgöngur.
- Stefnt er að uppbyggingu Borgarlínu í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Almenningssamgöngur þjóni sem best þörfum íbúa Kópavogs vegna atvinnu, skóla- og frístundastarfs.
- Þétting byggðar greiðir fyrir betri nýtingu almenningssamgangna.
- Aðstaða á biðstöðvum verði bætt, bæði fyrir farþega og strætisvagna, og biðstöðvum gefið nafn.

LEIÐIR

- Við deiliskipulag nýrrar byggðar verði horft til þess að almenningssamgöngur verði aðgengilegar í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur.
- Gönguleiðir að biðstöðvum strætó verði greiðar og öruggar.
- Unnið verði að bættri þjónustu Strætó bs, t.d. með tíðari ferðum.
- Greina þarf hvar strætisvagnar verða helst fyrir töfum innan bæjarins og leysa úr þeim með breyttu skipulagi ef hægt er.
- Sérstök áhersla verði lögð á að þétta byggð nálægt almenningssamgöngum, strætó og borgarlínu.
- Við endurskoðun miðsvæðis við Reykjanesbraut verði hugað sérstaklega að almenningssamgöngum, m.a. mögulegri staðsetningu skiptistöðvar sem tengdist mögulegu lestarspori meðfram Reykjanesbraut.
- Unnið verði að því að veita almenningsvögnum forgang í umferðinni, t.d. með sér akreinum og forgangi á umferðarljósum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 5-20. Skýringarmynd. Borgarlína í Kópavogi. Lega og kjarnastöðvar. Stofnleiðir í nýju leiðarneti fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sinnir almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. í Kópavogi. Markmið byggðasamlagsins er að efla almenningssamgöngur, bæta þjónustu og auka hagkvæmni. Með endurnýjun leiðakerfis árið 2005 var í fyrsta sinn komið á sameiginlegu samræmdu leiðakerfi almenningssamgangna fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Aðalskiptisvæði strætó í Kópavogi er við Hálsatorg við Hamraborgina en þangað liggja leiðir allra vagna sem aka um bæinn sem og vagna til og frá nágrannasveitarfélögum.

Borgarlínan er nýtt og afkastamikið hágæðakerfi almenningssamgangna sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirbúa nú í sameiningu. Borgarlínan er forsenda þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og við línuna og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð utan skilgreindra vaxtarmarka. Með Borgarlínu verður hægt að byggja hagkvæmari rekstrareiningar með því að byggja þéttari byggð, t.d. með því að hafa færri bílastæði.

Borgarlínan mun ganga eftir samgöngu- og þróunarásum sem búið er að festa í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Nýtt stofnleiðanet Strætó verður grunnur að framtíðarskipan Borgarlínu. Stofnleiðir ná yfir ólík hverfi og sveitarfélög með það að markmiði að almenningssamgöngur verði tíðari og skilvirkari.

Kjarnastöðvar Borgarlínu í Kópavogi eru áætlaðar í Hamraborg og Smára. Kjarnastöð er mikilvægur tengipunktur við stofnleiðir Strætó og Borgarlínu, ásamt því að hafa góðar tengingar við aðra samgöngumáta.

Meginhlutverk Borgarlínu verður að flytja fólk hratt og örugglega milli helstu kjarna og þróunarsvæða. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að stöðvum og móta aðlaðandi umhverfi.

Stefnt er að skv. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, að skoða nánar möguleika á almenningssamgöngum innan höfuðborgarsvæðisins eins og sporvagna/borgarlínu og lestarsamgöngur á ákveðnum leiðum. Þar kemur einnig fram að sveitarfélögunum sé heimilt að sýna útfærslur í skipulagsáætlunum sínum eftir því sem tilefni gefst.

Borgarlínan er sýnd á landnotkunaruppdrætti /þéttbýlisuppdrætti og þemakorti. Gert er ráð fyrir að Borgarlína fari um brú yfir Fossvog, Bakkabraut og Borgarholtsbraut að Hamraborg. Mun sú stöð verða ein af 3 stærstu stöðvum 1. áfanga línunnar en hún er einnig skilgreind sem kjarnastöð í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040. Borgarlínuvagnarnir munu síðan halda áfram í blandaðri umferð að kjarnastöð í Smára og þaðan upp í Vatnsenda. Einnig er gert ráð fyrir að Borgarlínan fari til Garðabjæjar og Hafnarfjarðar annars vegar um Kringlumýrarbraut og Hafnarfjarðarveg og hins vegar um Reykjanesbraut um kjarnastöð í Smára og Smárahvammsveg í blandaðri umferð.

Gert er ráð fyrir að Borgarlínan fái aukið sérrými að Smáralind, leiðin mun að öllum líkindum liggja um Hafnarfjarðarveg og Fífuhvammsveg en einnig hefur verið rætt um hún fari Digranesveg, sá möguleiki er sýndur á þemakorti. Samanburður mun verða gerður síðar.

Lotur (áfangar) Borgarlínu verða kynntar/auglýstar í sérstökum rammahluta aðalskipulags. Sjá einnig kafla 2.2, Rammahluti aðalskipulags um þróunarsvæði, samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði, samgöngumiðað skipulag.

Svæðiskjarni. Smárinn og Glaðheimasvæðið liggja miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og eru ásamt Smiðjuhverfi, verslunar- og þjónustusvæði Dalvegar og Mjódd skilgreint sem „svæðiskjarni“ í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins Höfuðborgarsvæðið 2040. Jafnframt er Smárinn og Glaðheimasvæðið skilgreint sem samgöngumiðað svæði með áherslu á þétta blandaða byggð fyrir íbúðir og miðbæjarstarfsemi. Áætlað er að skiptistöð almenningssamgangna /Borgarlínu verði í Smáranum og mögulegt spor fyrir lestarsamgöngur meðfram Reykjanesbraut.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

5.1.5 Lestarsamgöngur

Hugmynd hefur verið rædd um að síðar gæti hraðlest farið í gegnum Kópavog frá Reykjavík að Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Hugmyndin hefur ekki verið útfærð og ekki ákveðið hvort hún verði ofanjarðar eða að hluta neðanjarðar. Í aðalskipulaginu er ekki tekið frá svæði fyrir lestarspor og því er umfjöllunin til skýringar. Líkleg stoppistöð fyrir lestina yrði miðsvæðis í Kópavogi. Nákvæmari útfærsla og staðsetning mun liggja fyrir á síðari stigum. Mun það krefjast breytinga á aðalskipulagi. Lagning sporbrautar milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins er háð lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (tl. 8 í 1. viðauka).

5.1.6 Flugvellir

Skilgreining landnotkunar: ***Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. (gr. 6.2.n í skipulagsreglugerð Flugvellir (FV)).***

MARKMIÐ

- Sandskeiðsflugvöllur verði áfram miðstöð æfinga-, svif og vélflugs á höfuðborgarsvæðinu.

LEIÐIR

- Vinna deiliskipulag af Sandskeiðsflugvelli. Bæta aðstöðu á athafnasvæði vallarins.

Mynd 5-21. Flugvöllurinn á Sandskeiði. Ljósm. V.G.

Á Sandskeiði er aðstaða fyrir Svifflugfélag Íslands. Byggir starfsemin á leyfi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps frá 1938 og samþykki bæjarráðs Kópavogs um stækkun athafnasvæðis árið 1993. Með árunum hefur félagið byggt upp aðstöðu sína þar í formi flugvallar, vélageymslu, flugskýlis og annars sem félagið hefur þörf á. Flugvöllurinn er innan vatnsverndarsvæðis sbr. samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Í reglum með samkomulaginu eru nokkur ákvæði sem varða atvinnurekstur og framkvæmdir og ber að hlíta þeim við skipulag og uppbyggingu við flugvöllinn.

Deiliskipulag svæðis skal vinna í samvinnu rekstraraðila og Kópavogsbæjar. Jafnframt skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar. Allar framkvæmdir og öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum skal vera á forsendum vatnsverndar.

Innanlandsflug er á Reykjavíkurflugvelli.

Aðflugslínur tveggja flugbrauta eru yfir byggð í Kópavogi, á Kársnesi og í Fossvogsdal sem hafa áhrif á útfærslu byggðarinnar. Aðflugslínur eru sýndar í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

Fylgja skal skipulagsreglum fyrir Reykjavíkurflugvöll sem tóku í gildi 7. ágúst 2009. Vakin er athygli á mynd 5-22 sem sýnir m.a. ,,II Yfirlitsuppdrátt skilgreindra hindranasvæða“ en sá uppdráttur fylgir umræddum skipulagsreglum.
Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

AÐFLUGSFLETIR:
Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.

FLUGTAKSFLETIR:
Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0 % (1:50).

SKÁFLETIR:
Liggja út frá öryggissvæðum til hliðar við brautir og enda við aðflugsfleti, halli 14,3 % (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að láréttafletinum.

LÁRÉTT SVÆÐI:
Svæði 55 m.y.s. sem nær í 4.000m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.

KEILUFLÖTUR:
Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útbrún lárétta svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.

Mynd 5-22. Skýringarmynd. Yfirlitsuppdráttur hindranasvæða skv. skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar (upprátt nr. II).
Heimild: https://www.samgongustofa.is/um/frettir/flugfrettir/nr/364

Tafla 5-1. Yfirlit yfir flugvelli.

Nr	Heiti	Lýsing
FV-1	Sandskeið, flugvöllur	Gert er ráð fyrir að Sandskeiðsflugvöllur verði áfram miðstöð æfinga-, svif- og vélflugs á höfuðborgarsvæðinu og skilgreina á hann sem flugvöllur án eldsneytisafgreiðslu. Vinna þarf deiliskipulag af svæðinu. Bent er á að deiliskipulag svæðisins skal vinna í samvinnu rekstraraðila flugvallarins og Kópavogsbæjar. Uppfylla skal öll skilyrði vatnsverndar og leita skal umsagnar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.3 Þjóðlendur. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis , dagsett 25.05.2021, kemur m.a. fram að „Heilbrigðissamþykktin heimilar ekki byggingu aðstöðu s.s. flugskýla fyrir véldrifnar flugvélar. Flugvöllurinn er samkvæmt mengunarvarnarreglugerðum skilgreindur sem flugvöllur án eldsneytisaðstöðu. Eldsneytissala til vélfluga ótengd rekstri svifflugvallar er óheimil. Aukin umsvif vélflugs, einnig í formi snertilendinga er áhætta fyrir öryggi vatnsverndar, er ekki á forsendum vatnsverndar og því ekki æskilegt að hvetja til aukinna umsvifa þar. Það þarf að koma fram að um er að ræða flugvöll án eldsneytisaðstöðu.“ Stærð svæðis er um 56 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

5.1.7 Bílastæði, bíla- og hjólastæðaviðmið

Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir bílastæðafjölda við íbúðar-, atvinnu og verslunarhúsnæði. Fylgja skal byggingarreglugerð 112/2012 um fjölda stæða fyrir hreyfihamlaða.

Bílastæðaviðmið eru skilgreind í kafla 2.2.2 Samgöngumiðað skipulag og samgöngumiðuð þróunarsvæði og kafla 2.2.3 Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum. Auk þess gilda ákvæði deiliskipulags þar sem við á hverju sinni.

5.1.8 Hafnarsvæði

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir. (gr. 6.2.o) í Skipulagsreglugerð Hafnir (H)).***

MARKMIÐ

- Glæða skal hafnarsvæðið nýju lífi og þróa starfsemi hafnarinnar í líflega útivistarhöfn fyrir báta og skip sem höfnin ber.
- Hafnarsvæðið verði aðlagað aðliggjandi byggð þar sem verða íbúðir, verslun og þjónusta og athafnastarfsemi.
- Kópavogshöfn og Fossvogshöfn/Ýmishöfn verði Bláfánahafnir, þ.e. umhverfisvottaðar.

LEIÐIR

- Grófari atvinnustarfsemi verði víkjandi.
- Við endurskipulagningu svæðisins verði horft til sjálfbærni byggðarinnar.

Hafnarsvæðið í Kársnesi hefur tekið breytingum, hafskipahöfn hefur verið breytt í geðprýðishöfn. Hafnarsvæðið er þróunarsvæði fyrir blandaða notkun fyrir íbúðir og atvinnustarfsemi. Endurbygging hófst á síðasta skipulagstímabili og nú er búið að deiliskipuleggja hluta svæðisins. Nokkra reiti á eftir að deiliskipuleggja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 5-23. Kópavogshöfn. Ljósm. ONNO.

Tafla 5-2. Yfirlit yfir hafnarsvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
H-1 (ÞR-1)	Kópavogshöfn	Smábátahöfn (geðprýðishöfn) og fiskihöfn. Stærð svæðis er um 4 ha. Núverandi hafnarmannvirki verða áfram til staðar. Með uppbyggingu blandaðrar byggðar er stefnt að því að byggja íbúðarsvæði (blandaða byggð samanber ÞR-1) við höfnina og glæða svæðið þannig meira lífi. Uppbygging er þegar hafin á þróunarsvæði á Kársnesi. Möguleiki er á ferðatengdri þjónustu frá höfninni. Mikilvægt er að huga vel að göngu- og hjólatengingum sem og bílaumferð, bílastæðum og aðgerðum til að draga úr umferðarhraða. Gert er ráð fyrir nýjum viðlegukanti til suðurs í suðurhluta hafnarinnar. Gera má ráð byggingum á/við höfnina. Vinna þarf deiliskipulag af svæðinu og meta umhverfisáhrif. Hugmyndir hafa verið settar fram um möguleika á „8 íbúðum í húsbátum“ í nýrri smábátahöfn. Bent er á að ef viðlegukantur er gerður úr opinni landfyllingu þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar til varps í hafið í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Kópavogshöfn verði Bláfánahöfn, þ.e. umhverfisvottuð. Á þróunarsvæðinu ÞR-1 er, m.a. gert er ráð fyrir íbúðum og atvinnustarfsemi svo sem verslun og þjónustu o.fl. Einnig er gert ráð fyrir möguleika á safni, stofnun/menningarstarfsemi síðar við hlið hafnarinnar (vestan megin). Sjá einnig umfjöllun í kafla 2.2 um þróunarsvæði.
H-2 /(ÍÞ-1)	Fossvogshöfn /Ýmishöfn	Smábátahöfn við Fossvog og bryggjuhverfið þar sem Siglingafélagið Ýmir er með aðstöðu. Athuga þarf að Fossvogshöfn/Ýmishöfn verður fyrir áhrifum af nýrri brú yfir Fossvog en þar undir munu bátar með segl og háreistir bátar ekki geta farið undir. Fossvogshöfn/Ýmishöfn verði Bláfánahöfn, þ.e. umhverfisvottuð. Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði fyrir siglingaíþróttir. Stærð svæðis um 1,0 ha.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

5.1.9 Varúðarsvæði

Skilgreining takmörkunar: ***Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og kjarr- og skógarelda. (gr. 6.3.b í skipulagsreglugerð, Varúðarsvæði (VA)).***

MARKMIÐ

- Mengun verði innan viðmiðunarmarka í samræmi við heimsmarkmið 3.9 um loft-, vatns- og jarðvegsmengun og 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.

LEIÐIR

- Gerðar verði áfram reglubundnar mælingar á hljóð- og loftmengun í Kópavogi og metið hvar þurfi að fara í úrbætur vegna þessa.
- Loft- og hávaðamengun vegna umferðar, s.s. bifreiða og flugvéla verði innan viðmiðunarmarka. Unnin verði samþykkt um hljóðvarnargler í íbúðarhús við umferðarmiklar götur.
- Sinubreiður, s.s. lúpínubreiður, verði metnar með tilliti til brunahættu vegna nálægðar við byggð.

Viðmiðunarmörk fyrir loftmengun og hávaða eru uppgefin í viðeigandi reglugerðum. Kópavogsbær á færanlega mælistöð sem mælir loftgæði. Er hún í umsjá Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Stefnt er að því að á skipulagstímabilinu verði fylgst með loftmengun á völdum stöðum í Kópavogi og niðurstöður bornar saman við viðmiðunarmörk.

Með aukinni umferð eykst hávaði frá umferð. Við uppbyggingu íbúðarhverfa og samgönguæða er mikilvægt að leitað verði leiða til að lágmarka hávaða frá umferð, t.a.m. að við gerð deiliskipulags verði horft til þess að draga úr hávaða með viðeigandi ráðstöfunum og kvöðum.

Engin svæði í Kópavogi eru skilgreind sérstaklega sem varúðarsvæði. Bent er á að ákveðin svæði eru vöktuð reglulega þar sem aðstæður er taldar vera þannig að mengun geti safnast í lofti við viðkvæmar veðuraðstæður, s.s. við Dalveg og í Lækjarbotnum í upplandi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-24. Fráveitulagnir, 2019. Heimild: Landupplýsingakerfi Kópavogs.



Mynd 5-25. Vatnsveitulagnir, 2019. Heimild: Landupplýsingakerfi Kópavogs.

5.1.10 Veitur og helgunarsvæði

Skilgreining: ***Stofnhluti grunnkerfa, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta, fráveitu og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við. (gr. 6.2.16 í skipulagsreglugerð).***

MARKMIÐ

- Veitur Kópavogsbæjar séu í hæsta gæðaflokki og valdi ekki skaða á lífríkinu í samræmi við heimsmarkmið 6.6. um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa og 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.

LEIÐIR:

- Eftirlit verði haft með vatnsverndarsvæðum og vöktun á neysluvatni í samræmi við heimsmarkmið 6.6. um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.
- Vinna markvisst að því að regnvatn af götum Kópavogs fari í settjarnir áður en það fer í viðtaka ásamt almennri innleiðingu annarra blágrænna ofanvatnslausna.
- Allir íbúar bæjarins geti tengst háhraða interneti.
- Stefna skal að því að háspennulínum innan svæðisins skuli ekki fjölgað en frekar horft til þess að setja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.
- Tryggja ber áfram reglubundna lekaleit á dreifikerfi Vatnsveitu Kópavogs.

Veitur Kópavogsbæjar sjá um hluta þeirrar grunnþjónustu sem bærinn býður upp á. Mikilvægt er að allar breytingar á veitunum verði vel ígrundaðar og í samræmi við sjálfbæra þróun og án þess að skaða náttúru- og menningarleg verðmæti bæjarins. Helgunarsvæði háspennulína er mismunandi breitt en því hærri sem spennan er á rafkerfinu því breiðara er helgunarsvæðið. Helgunarsvæðin koma fram á bæði þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins.

Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldra skipulagi verður þess gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi, stofn- og dreifikerfi þannig að þau anni eftirspurn eftir þjónustu. Meðal helstu veitukerfa má nefna: Nýjar aðveitustöðvar rafmagns, aukna flutningsgetu rafkerfis og lagningu afkastameiri hitaveitulagna.

Þróun byggðar, landnotkun og landnýting á einstökum svæðum ræður mestu um skipulagningu og uppbyggingu veitukerfa bæjarins. Meginverkefni veitustofnana tengjast því nýrri íbúðarbyggð og atvinnusvæðum, auk endurnýjunar eldri lagna.

Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldra skipulagi verður þess gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi, þ.e. stofn- og dreifikerfi, þannig að þau anni eftirspurn eftir nauðsynlegri þjónustu. Samvinna er við Veitur við skipulagsgerð frá upphafi skipulagsferilsins og allt til loka þess. Í aðalskipulagi þarf að huga að meginlagnaleiðum veitna, þörf á uppbyggingu innviða og í deiliskipulagi þarf að tryggja rými fyrir lagnaleiðir auk lóða fyrir veitumannvirki.

Varðandi framtíðarstefnumörkun um flutningskerfi raforku á svæðinu hefur Landsnet bent á að fyrirtækið þarf að fylgja ákvæðum raforkulaga, sem vísa til stefnumörkunar stjórnvalda um lagningu raflína og um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Einnig bendir fyrirtækið á að tæknilegir annmarkar eru á því hversu mikið er hægt að leggja af rafstrengjum á hærri spennu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 5-26. Stofnveitur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu, 2019. Heimild: Landupplýsingakerfi Kópavogs.

Mynd 5-27. Uppruni heita vatnsins. Heimild: veitur.is

5.1.11 Vatnsveita

Þann 23. nóvember 2007 tók Kópavogsbær í notkun sitt eigið vatnsból í Vatnsendakrikum í Heiðmörk og gerði einnig samning við Garðabæ um vatnsöflun næstu 40 ár. Boraðar voru fjórar vinnsluholur sem vatni er dælt uppúr. Vatnsveitunni tilheyra stofnlagnir, dreifikerfi, heimæðar og allur nauðsynlegur tækjabúnaður og mannvirki.

Við byggingu mannvirkjanna var reynt að laga frágang þeirra að umhverfinu til að sem minnst bæri á þeim.

5.1.12 Hitaveita

Kópavogsbúar kaupa heitt vatn af Veitum ohf. Veitur ohf. eiga og reka í hitaveitu í Kópavogi. Stofnæð frá Reykjavík liggur um Kópavog, meðfram Reykjanesbraut, að Vífilsstaðavegi og meðfram honum til vesturs til Hafnarfjarðar. Frá þessum stofnlögnum er hitaveitu dreift í öll hverfi Kópavogs. Helgunarsvæði stofnlagna hitaveitu geta verið allt að 5-10 metra breið (2,5 til 5 m frá miðlínu lagnar). Viðmið um helgunarsvæði verða skilgreind nánar á skipulagstímabilinu í samráði Veitna og Kópavogsbæjar.

Stefna Veitna er að bæta varmaorku dreifikerfi hitaveitu og að öll endurnýjun hitaveitu og lagning nýrra dreifikerfa séu með tvöfalt kerfi, þ.e. bakrásarkerfi. Með bakvatnskerfi er hitaveitu vatni úr húsunum safnað til blöndunar, nýtingar eða förgunar. Markmið Veitna er að leggja bakrásarkerfi hitaveitu samhliða endurnýjun á dreifikerfinu, og að öll ný dreifikerfi í nýjum hverfum verði með bakrás. Stærri og fleiri mannvirki fylgja tvöföldum hitaveitukerfum og gera þarf ráð fyrir slíkum mannvirkjum í skipulagi.

Meðal helstu verkefna á næstu árum er lagning afkastameiri hitaveitulagna og tvöföldun hitaveitu með tilheyrandi mannvirkjum.

5.1.13 Fráveita

Kópavogsbær á og rekur fráveitukerfi bæjarins. Þrýstilögn yfir í Reykjavík, dælustöðvar og yfirfalls útrásir í sjó eru í sameiginlegri eigu og rekstri með Reykjavíkurborg og Garðabæ.

Fráveitukerfi bæjarins hefur verið endurnýjað á undanförnum tuttugu og fimm árum og komið er tvöfalt kerfi, þ.e. aðskildar lagnir fyrir skolp frá húsum annars vegar og hitaveituvatn úr húsum og regnvatn frá götum og lóðum hins vegar að stórum Í Kópavogi eru tvö stofnræsi, Kársnesveita og Fossvogsræsi. Kársnesveita liggur um Kársnes og upp Kópavogsdalinn. Hún tekur við skólpi frá suðurhluta Vatnsenda í Kópavogsdal og út Kársnesið í dælistöð við Sunnubraut. Í dælistöðina kemur stofnlögn Garðabæjar inn á fráveitu Kópavogs og fer þaðan í dælistöðina við Hafnarbraut undir Fossvoginn í Skerjafjarðarveitu í Reykjavík. Fossvogsveita tekur við skólpi frá norðurhluta Vatnsenda og fer niður í Elliðaárdal og þaðan í Fossvog og beint í Skerjafjarðarveitu. Þaðan fer allt skolp í hreinsistöð við Ánanaust í Reykjavík. Öllu skolpi í Kópavogi er veitt í fullkomið fráveitukerfi og hreinsað áður en það fer út í sjó og eru því skilyrði mengunarvarnareglugerðar uppfyllt fyrir strendur í lögsögu Kópavogs.

Í Kópavogi hefur markvisst verið unnið að því að regnvatni verði veitt í settjarnir áður en það fer út í sjó. Það er gert til þess að óæskileg mengandi efni úr vatni sem runnið hefur eftir götum bæjarins fari fyrst í settjarnirnar þar sem efnið fellur til botns áður en vatninu er veitt út í sjó. Þessi vinna er vel á veg komin en nú fer aðeins regnvatn af Kársnesi beint út í sjó. Ofanvatn frá öðrum hverfum bæjarins fara í settjarnir. Regnvatnslögn liggur meðfram Elliðavatni og tekur við ofanvatni frá íbúðarhúsum í hverfunum í kring. Settjörn er komin við Vatnsendahvarf sem tekur við vatni frá atvinnusvæðinu og á áætlun er settjörn við stífluna við Elliðavatn og ána Dimmu. Einnig er sameiginleg settjörn með Reykjavík við mislægu gatnamótin við Smiðjuhverfið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Fylgst er með hugsanlegri mengun í fráveitukerfinu. Bærinn fylgir þeim stöðlum og kröfum í fráveitumálum sem settir eru í lögum og reglugerðum. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fylgist með viðtaka og leitar orsaka mengunar ef hún mælist.

Rotþrær og siturleiðslur

Þar sem fráveitulagnir bæjarins ná ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn (skolp) húseigna um rotþrær og siturleiðslur (tveggja þrepa hreinsun) að viðtaka. Þar sem viðtaki er staðsettur á viðkvæmu svæði, eða nýtur sérstakrar verndar, skal fara fram frekari hreinsun á skolpi en tveggja þrepa hreinsun, m.a. með vísun til vatnsverndar þar sem við á. Bent er á að öll starfsemi og allar framkvæmdri á vatnsverndarsvæðum skulu vera á forsendum vatnsverndar.



Mynd 5-28. Stofnlögn /háspennustrengur 132 kV, 2019. Heimild: Landupplýsingakerfi Kópavogs.

5.1.14 Rafveita

Liður 1a. Dreifikerfi rafveitu

Veitur ohf. eiga og reka rafdreifikerfi Kópavogs og sjá um dreifingu rafmagns til notenda. Uppbygging dreifikerfis fyrir raforku tekur sérstaklega mið af þróun byggðar og landnýtingu á einstökum svæðum. Ákvarðanir um staðarval nýrrar íbúðabyggðar, iðnaðar- og þjónustusvæða og hugsanlegra orkukrefjandi fyrirtækja hafa þannig veruleg áhrif á dreifikerfið og þörf fyrir uppbyggingu innviða. Gatnalýsing er í eigu Kópavogsbæjar.

Meðal helstu verkefna á næstu árum eru endurbætur á 132kV rofabúnaði í aðveitustöð A7 við Þorrasali og þétting byggðar veldur því að flutningsgeta rafdreifikerfisins mun víða verða fullnýtt sem leiðir til þess að styrkja og endurnýja þarf núverandi rafdreifikerfi (strengi – dreifistöðvar) í grónum hverfum og kallar m.a. á styrkingu dreifikerfis á Kársnesi, Digranesi og í Smárunum

Núverandi uppbygging rafdreifikerfisins gerir ekki ráð fyrir álagi vegna hleðslu umhverfisvænna farartækja, en gert er ráð fyrir jafnri aukningu á fjölda rafknúinna farartækja á skipulagstímabilinu, sem kallar á styrkingu rafdreifikerfisins.

Viðmið Veitna um helgunarsvæði háspennustrengja/háspennulagna (dreifikerfis rafmagns í jörðu í þéttbýli) er 2-5 metrar eftir stærð lagnar (1-2,5 m frá miðlínu lagnar). Viðmið um helgunarsvæði verða skilgreind nánar á skipulagstímabilinu í samráði Veitna og Kópavogsbæjar. Sjá einnig **lið 6**.

1b.Uppbygging aðveitu- og dreifikerfis

Uppbygging aðveitu- og dreifikerfis fyrir raforku tekur sérstaklega mið af þróun byggðar og landnýtingu á einstökum svæðum. Ákvarðanir bæjaryfirvalda (og annarra sveitarfélaga á veitusvæðinu) um staðarval nýrrar íbúðarbyggðar, iðnaðar- og þjónustusvæða og hugsanlegra orkukrefjandi fyrirtækja hafa þannig veruleg áhrif. Meðal helstu framkvæmda má nefna að skoða þarf stækkun á aðveituspennum í aðveitustöð í Hnoðraholti (A7) ásamt endurbótum á 132 kV rofabúnaði en einnig þarf að færa 132 kV strengi vegna gatnaframkvæmda við Arnarnesveg frá Reykjanesbraut að Fífuhvammsvegi.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir auknu álagi á rafdreifikerfi vegna fjölgunar á umhverfisvænum farartækjum. Núverandi uppbygging rafdreifikerfisins gerir ekki ráð fyrir álagi vegna hleðslu umhverfisvænna farartækja - en gert er ráð fyrir aukningu á fjölda rafknúinna ökutækja á skipulagstímabilinu sem kallar á styrkingu rafdreifikerfisins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-29. Flutningskerfi, háspennulínur o.fl. Heimild: Kortasjá Landsnets.

Liður 2. Flutningskerfi Landsnets /háspennulínur

Árið 2009 var samþykkt að bæta við tveimur háspennulínum á lagnaleið háspennulínu ofan Selfjalls 220 kV (þá nefnd Kolviðarhólslína 2), nýju línurnar 400 kV (þá nefnd(ar) Sandskeiðslína) og 400 kV (þá nefnd Búrfellslína). Allar ofan Selfjalls eins og áður segir.

Lagning háspennulínu(a) er matsskyld framkvæmd.

Liður 3. Staða 2020 og áætlanir um háspennulínur

Háspennulagnir ofan Selfjalls og Húsfells.

Kerfisáætlanir Landsnets gera ráð fyrir tveimur 220 kV línum, en til lengri tíma litið er gert ráð fyrir þeim möguleika að hækka spennu línanna í 400 kV.

- Búrfellslína 3, 220 kV /síðar allt að 400 kV.
- Ný háspennulína Lyklafellslína 1, að Stórhöfða í Hafnarfirði, 220 kV/ síðar allt að 400 kV.

Háspennulagnir við Lyklafell við Sandskeið (norðan Suðurlandsvegar).

Kerfisáætlanir Landsnets gera ráð fyrir þremur línum, en til lengri tíma litið er gert ráð fyrir þeim möguleika að hækka spennu þannig að allar línurnar verði 220 kV.

- Sogslína 132 kV / síðar allt að 220 kV.
- Búrfellslína 3 220 kV.
- Kolviðarhólslína 1, 220 kV.

Háspennulagnir í Heimalandi.

- Hamraneslínur (1 og 2) 220 kV. Hamraneslínur eru víkjandi og munu verða teknar niður þegar Lyklafellslína 1 er komin í rekstur.
- Hnoðraholtslína 1, 132 kV. Strengur á stuttum kafla að tengivirki.

Liður 4. Helgunarsvæði háspennulína, fjarlægðir

Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði háspennulína. Um er að ræða viðmið Landsnets. Sjá einnig **liði 5 og 6.**

Línubelti ofan Selfjalls og Húsfells, tvær allt að 400 kV línur:

- Helgunarsvæði 174-200 m.

Háspennulagnir við Lyklafell við Sandskeið (norðan Suðurlandsvegar), þrjár allt að 220 kV línur:

- Helgunarsvæði 260-290 m.

Hamraneslínur 1 og 2:

- Helgunarsvæði 65-85 m.

Hnoðraholtslína 1, strenghluti:

- Helgunarsvæði. Sjá **lið 6** þar sem fram kemur að skoða þurfi nánar helgunar- athafna- og öryggissvæði jarðstrengja og háspennulína á skipulagstímabilinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Liður 5. Byggingarbann eða „helgunarsvæði“ háspennulína

Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann, þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð. En ýmis önnur landnotkun er leyfð í samráði við Landsnet.

Helgunarsvæði eða byggingarbann við háspennulínur ákvarðast samkvæmt staðli ÍST EN 50341 – 1:2001. Nauðsynlegt helgunarsvæði þarf að ákveða í hverju tilviki fyrir sig þar sem tryggja verður lágmarks öryggisfjarlægðir miðað við staðhætti og aðstæður á hverjum stað. Þær stærðir sem taka þarf tillit til við ákvörðun á byggingarbanni hverju sinni eru eftirfarandi.

a) Fasabil, þ.e. fjarlægð milli fasa línunnar.
b) Útsveifla leiðara í 50 ára vindi.
c) Öryggisfjarlægð frá leiðara.

Bæði öryggisfjarlægð og fasabil eru háðar spennu og ákvarðast samkvæmt ofangreindum staðli og viðauka hans fyrir Ísland. Útsveifla leiðara í 50 ára vindi er háð leiðaragerð og staðháttum, sérstaklega haflengd á hverjum stað.

Tafla 5-3. Nafnspenna kerfis og breidd byggingarbanns við háspennulínu.

Nafnspenna kerfis	Dæmigerð breidd byggingarbanns við háspennulínu
66 kV	25 m
132 kV	35 – 45 m
220 kV	65 – 85 m
400 kV	75 – 90 m

Liður 6. Stefna Landsnets varðandi helgunar- og öryggissvæði jarðstrengja

Innan öryggissvæðis gildir byggingarbann og trjárækt er óheimil en hafa þarf samráð við Landsnet um aðrar framkvæmdir. Innan athafnasvæðis gildir einnig byggingarbann og trjárækt er takmörkunum háð en aðrar framkvæmdar eru heimilar í nánu samráði við Landsnet. Tryggja þarf aðgengi að strengjum.

Veitur og Landsnet hafa sett viðmið um breidd helgunarsvæða jarðstrengja sem og öryggis- og athafnasvæða, sjá einnig liði 1a, 4 og 5. Skoða þarf nánar skilgreiningar viðmiða þessara, m.a. innan byggðar í Kópavogi í samráði Kópavogsbæjar, Landsnets og Veitna.

Helgunarsvæði jarðstrengja: Helgunarsvæði jarðstrengja skiptist í tvennt, þ.e. öryggissvæði og athafnasvæði. Helgunarsvæði eru á bili 6 m til 14 m. Þar undir eru síðan öryggissvæði og athafnasvæði.

Öryggissvæði (jarðstrengja): Svæði næst jarðstreng til beggja átta, mismunandi breitt eftir spennustigi strengsins og fjölda strengsetta. Öryggissvæði er frá 2 m til 8 m – fer eftir spennu (kV) og fjölda strengsetta.

Athafnasvæði (jarðstrengja): Svæði, sem gera má ráð fyrir að verði fyrir röskun á framkvæmdatíma við lagningu strengs og í bilanatilvikum. Svæðið er í flestum tilvikum afmarkað beggja vegna öryggissvæðis strengsins en getur verið mismunandi breitt eftir aðstæðum. Athafnasvæði er frá 4 m til 6 m - fer eftir spennu (kV) og fjölda strengsetta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

5.1.15 Boðveita

Kópavogur sér ekki um ljósleiðarakerfi né önnur kapalkerfi í sveitarfélaginu en dreifikerfi fyrir fjarskiptalagnir eru í eigu tveggja fyrirtækja, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu.

5.1.16 Sorp

Kópavogsbær er aðili að Sorpu bs. sem er byggðarsamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sér hún um meðhöndlun á sorpi fyrir þau. Unnið er samkvæmt „Sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020“. Áætlunin var samþykkt árið 2009.

Móttöku- og flokkunarstöð Sorpu er í Gufunesi, þar er úrgangur meðhöndlaður og honum komið í endurnýtingu eða förgun. Stór hluti sorpsins er pressaður í bagga og hann urðaður í Álfsnesi.

Bent er á að í 2. kafla um byggð og 3. kafla um atvinnulíf (sjá kafla 3.2.4 um athafnasvæði) er komið inn á lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa og aukna endurvinnslu. Auk þess er í umhverfisskýrslu (aftast í kafla 9.6.1) sett fram tillaga að mælikvarða til þess að vakta frammistöðu.

Sjá einnig umfjöllun um dælustöðvar í kafla 3.2.5 Iðnaðarsvæði.

MARKMIÐ

- Draga skal úr myndun úrgangs og stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5. um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.

LEIÐIR

- Gert verði áfram ráð fyrir grenndargámum fyrir annað sorp en það sem verður sótt til íbúa í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Kópavogsbær vinni markvisst að því að minnka förgun á lífrænum og brennanlegum úrgangi samkvæmt markmiðum sameiginlegrar svæðisáætlunar sveitarfélaga á Suðvesturlandi um meðhöndlun úrgangs sem og aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum, í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5. um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Fylgst verði reglulega með sorpmagni og flokkun sorps með grænu bókhaldi og niðurstöðurnar verði birtar í ársskýrslu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.

Endurvinnslustöðvar

Ein endurvinnslustöð er í Kópavogi, við Dalveg 1 og er hún rekin af Sorpu bs. Þangað geta íbúar komið með flokkaðan úrgang frá heimilum en Sorpa bs. tekur við 27 flokkum til endurvinnslu. Fyrirtæki hafa sömu möguleika á að flokka úrgang.

Einungis er skylt að skila spilliefnum til Efnamóttökunnar h.f. í Gufunesi. Aðrar endurvinnslustöðvar Sorpu eru við Breiðhellu í Hafnarfirði, Jafnasel, Ánanaust og Sævarhöfða í Reykjavik og Blíðubakka í Mosfellsbæ.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Gert er ráð fyrir að starfsemi Sorpu við Dalveg 1 (endurvinnslustöð) **hætti eða verði flutt á skipulagstímabilinu.** Vegna þess er lóð Sorpu (sem var í fyrra aðalskipulagi 2012-2024 skilgreind sem lóð fyrir iðnaðarstarfsemi ,I-1) að Dalvegi, í skipulagi þessu skilgreind fyrir verslun og þjónustu (VÞ-22) og opið svæði (OP-10) sem tengist Kópavogsdal. Þegar endurvinnslustöðin hættir er gert ráð fyrir að íbúar Kópavogs noti aðrar endurvinnslustöðvar Sorpu t.d. þá sem er í Jafnaseli í Breiðholti og/eða við Breiðhellu 8-10 á Völlunum í Hafnarfirði.

Grenndarstöðvar og flokkun sorps

Árið 2006 tók Sorpa bs. við rekstri á grenndarstöðvunum og hefur það fyrirkomulag gengið vel. Í Kópavogi eru alls 11 stöðvar (haust 2019) fyrir grenndargáma og er þeim fjölgað samhliða stækkun byggðar og fjölgun íbúa. Stefnt er að því að efla starfsemi grenndarstöðva enn frekar.

Frá maí 2012 hefur verið farið í aukna flokkun á sorpi en settar hafa verið tvær tunnur við öll heimili í Kópavogi. Önnur tunnan er fyrir allan pappír (blöð, pappa, pappír og fernur) og hin fyrir almennt sorp. Einnig hefur verið ákveðið að skoða enn frekari flokkun ef þess reynist þörf.

Úrgangsflokkun – viðmið og samstarf

Unnið er að því að samræma úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu og aðlaga hana að nýrri löggjöf um meðhöndlun úrgangs sem er til meðhöndlunar á Alþingi vorið 2021 þ.e. „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi)“. 151 löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1187-708 mál.

Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir tímabilið 2020 – 2024 er lögð fram sú megináhersla að „samhæfa og bæta meðferð úrgangs“ (bls. 10) er kveðið á um að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vilji „skoða sameiginlega úrgangsflokkun“ (bls. 20) svo sú megináhersla nái fram að ganga. Jafnframt er kveðið á um að minnka urðun um 25% yfir tímabilið og að endurnýtingarhlutfall úrgangs frá heimilum verði 95% við lok árs 2024. Sóknaráætlun er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat höfuðborgarsvæðisins, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum.
Heimild: https://ssh.is/soknaraaetlun

https://ssh.is/images/stories/Soknaraaetlun/2020-2024/Soknaraaetlun_Hofudborgarsvaedisins_2020-2024.pdf

.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

5.1.17 Náttúruvá (NV)

Skilgreining takmörkunar: Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).“ *(gr. 6.3.a í skipulagsreglugerð, Náttúruvá (VA)).*

Sjá einnig umfjöllun í kafla 4.1.1.1 Loftslag

5.1.17.1 Sjávarflóð

Sjóvarnargarðar hafa verið byggðir meðfram ströndinni á Kársnesi að hluta og sérstaklega hafa landfyllingar og byggingarsvæði við Kársneshöfn og bryggjuhverfið við Naustavör verið varin með sjóvarnargörðum.

Í minnisblaði sem siglingasvið Vegagerðarinnar vann fyrir Umhverfissvið Kópavogs (dags. 19. maí 2016) kemur m.a. fram að nota skuli viðmið um að á næstu 100 árum hækki sjávarhæð um 0,5 m og að landsig með öryggisstuðli nemi um 0,15 m. Niðurstaða umfjöllunar fyrir hæð landfyllinga í Fossvogi voru því að eftir 100 ár í lok viðmiðunartímabils verði flóðahæð með 100 ára endurkomutíma um 3,91 m þar sem ölduhlaðanda gætir ekki, eins og á við um Fossvog. Lagt er til í minnisblaðinu að lágmarks gólfkótar húsa á landfyllingum séu um 0,3 m hærri en lágmarks hæð landfyllinga eða 4,21 m.

Í skýrslu VSÓ Ráðgjafar um hækkaða sjávarstöðu á höfuðborgarsvæðinu – áhrif og aðgerðir (maí 2016) er reynt að varpa ljósi á hvar 4 m sjávarflóða kann að gæta á höfuðborgarsvæðinu miðað við loftslagsbreytingar til ársins 2100. Skv. skýrslu þessari eru möguleg sjávarflóðssvæði í Kópavogi við Kársneshöfn og bryggjuhverfið við Naustavör. Eins og áður kom fram hafa þessi svæði verið varin sérstaklega með varnargörðum. Á þessum byggingarsvæðum er gert ráð fyrir að gólfkóti kjallarar verði ekki lægri en 2,8 m og á hæð ofan kjallara er lágmarksgólfkóti 5,6 m. Þar sem ekki er kjallari er lágmarksgólfkóti 4,6 m.[2]

Mynd 5-30. Möguleg sjávarflóðasvæði í Kópavogi miðað við 4 m flóð. Heimild: Skýrsla VSÓ, kafli 5.5.2. http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Haekkud-sjavarstada-a-hofudborgarsvaedinu-ahrif-og-adgerdir.pdf

5.1.17.2 Ofanflóð og skriðuhætta

Ekki er talin hætta á ofanflóðum og skriðum í byggð eða þéttbýlishluta Kópavogs.

Skíðasvæði í Bláfjöllum er í Kópavogi en samkvæmt reglugerð 636/2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum eru settar takmarkanir á nýtingu hættusvæða á skíðasvæðum. Þar segir „Við skipulagningu skíðasvæða skal leita til aðila sem hafa sérfræðiþekkingu á snjóflóðahættu. Jafnframt skal leitast við að hafa skíðasvæði utan snjóflóðahættusvæða og forðast skal að leggja lyftuleiðir, svig- og gönguskíðaleiðir undir upptakasvæði.“ Á Veðurstofu Íslands er unnið að hættumati fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum og verður gildandi deiliskipulag skíðasvæðisins yfirfarið ef niðurstaða hættumatsins kallar á slíkt. Staðbundið hættumat hefur verið unnið fyrir stakar nýjar lyftur og er stuðst við það við framkvæmdir þar til hættumat fyrir skíðasvæðið í heild tekur gildi.

[2] Allir kótar í hæðarkerfi Reykjavíkur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 5-31. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Heimild/höfundar: Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson 2009.

5.1.17.3 Eldgos

Samkvæmt skýrslu almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra „Áhættuskoðun almannavarna“ frá 2011 stafar höfuðborgarsvæðinu helst hætta af þremur eldstöðvakerfum á Reykjanesskaga og eru það Trölladyngjukerfið, Brennisteinsfjallakerfið (með Bláfjöllum) og Hengilskerfið.

Samkvæmt skýrslunni eru hverfandi líkur á því að hraun nái að renna að höfuðborginni. Eldgos í nágrenni við svæðið geta þó valdið margs konar hættu fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins svo sem vegna öskufalls og annarrar loftmengunar, auk þess sem gosmökkur getur ógnað og haft mikil áhrif á flugumferð. Óbein hætta getur einnig stafað af eldsumbrotum við aðfærsluæðar til og frá höfuðborgarsvæðinu. Afleiðingar eldsumbrota í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eru háðar staðsetningu og eðli umbrotanna, veðurfari á umbrotatímanum og árstíma.

5.1.17.4 Jarðskjálftar

Landinu hefur verið skipt niður í sex hönnunarhraðasvæði, sbr. kort Björns Inga Sveinssonar og Páls Halldórssonar 2009. Kortið sýnir lárétta hönnunarhröðun miðað við 10% líkur á 50 ára tímabili. Þéttbýlishluti sveitarfélagsins heyrir til þess álagssvæðis þar sem hröðunin er 0,15 og 0,20 g, þ.e. 15 og 20% af þyngdarhröðuninni en uppland sveitarfélagsins heyrir til þess álagssvæðis þar sem hröðunin er 0,20, 0,30 og 0,40 g, þ.e. 20%, 30% og 40% af þyngdarhröðuninni.

Við hönnun á mannvirkjum skal notast við hönnunarhröðun hvers svæðis.

Innan sveitarfélagsins eru helstu upptök jarðskjálfta á Suðurlandi og Reykjanesi. Þéttbýlishluti sveitarfélagsins er fremur langt frá upptökum skjálfta og því eru áhrif vegna þeirra talin fremur lítil. Uppland sveitarfélagsins er nær skjálftaupptökum og eru áhrifin þar meiri, en þó er ekki talin hætta á stórvægilegum skemmdum á mannvirkjum séu mannvirki hönnuð í samræmi við hönnunarhraða hvers svæðis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

MIKILVÆGUSTU HEIMSMARKMIÐIN FYRIR GRUNNKERFI Í KÓPAVOGI

6. TRYGGJA AÐGENGI AÐ OG SJÁLFBÆRA NÝTINGU, ALLRA Á HREINU VATNI OG SALERNISAÐSTÖÐU

6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.

7.TRYGGJA ÖLLUM AÐGANG AÐ ÖRUGGRI OG SJÁLFBÆRRI ORKU Á VIÐRÁÐANLEGU VERÐI

7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

9. BYGGJA UPP VIÐNÁMSÞOLNA INNVIÐI FYRIR ALLA, STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI IÐNVÆÐINGU OG HLÚA AÐ NÝSKÖPUN

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

13. GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

5.2 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM GRUNNKERFI

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í Heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með framfylgd stefnunnar.

Stefnumið um grunnkerfi falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er megin stefna sveitarfélagsins í samgöngumálum að stuðla að vistvænum samgöngum og að möguleikar til að velja á milli einkabílsins og annars ferðamáta verði auknir. Þetta er gert m.a. með því að gera ráð fyrir uppbyggingu Borgarlínu í stefnumörkun sem og að stuðla að þéttingu byggðar. Einnig verður áfram unnið að uppbyggingu stígakerfis og aðgengi að almenningssamgöngum verði áfram tryggt. Þessar leiðir eru áhrifaríkastar til þess að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið og þá einkum á andrúmsloft og að bæta samfélagsáhrif.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6 SAMFÉLAG

6.1 MEGINMARKMIÐ

Unnið verði markvisst að því að byggja upp samfélag sem einkennist af gæðum byggðar, góðum tengingum við útivistarsvæði og þjónustu við íbúa sem er byggð upp með hagsmuni allra að leiðarljósi, bæði núverandi og komandi kynslóða. Að íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að þjónustu í bænum og bæjarbúar geti notið sín við íþróttaiðkun og útivist í sínu hverfi.

Lögð er áhersla á lýðræðisþátttöku, almenna lýðheilsu, geðrækt og gott aðgengi fyrir alla.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu í aðalskipulagi þessu í öllum köflum greinargerðarinnar - 2. Byggð, 3. Atvinnulíf, 4. Umhverfi, 5. Grunnkerfi, 6. Samfélag og 7. Rammahluta aðalskipulags. Unnin var mikilvægisgreining út frá áherslum aðalskipulagsins, þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við sjálfbærni og stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna.



Mynd 6-1. Kafli 6. Samfélag. Landnotkun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 6-2. Himnastiginn í Kópavogsdal. Ljósm. V.G.

Mynd 6-3. Golfvöllur GKG í Leirdal. Ljósm. F.B.

6.2 ÍÞRÓTTAMÁL, ÍÞRÓTTASVÆÐI

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar. (gr. 6.2.j í skipulagsreglugerð, Íþróttasvæði (Íþ)).***

MARKMIÐ

- Allir íbúar hafi aðgang að góðum útivistarsvæðum í göngufæri frá heimilum sínum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.
- Skapaðar verði aðstæður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar, íþrótta- og tómstundarstarfs og útivistar.
- Börnum og unglingum verði gert kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf við sitt hæfi óháð búsetu.

LEIÐIR

- Boðið verði upp á fjölbreytta aðstöðu til útivistar og íþróttaiðkunar í tengslum við íbúðarhverfi bæjarins.
- Komið verði á almennum og traustum samgöngum á milli heimila og helstu íþrótta- og tómstundamannvirkja til að gera börnum og unglingum kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf við hæfi óháð búsetu.
- Yngstu börnunum verði gert kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf í sínu hverfi.

Í Kópavogi er aðstaða fyrir flestar íþróttagreinar hvort sem þær eru stundaðar innan- eða utanhús. Þar er hægt að stunda flestar inni íþróttagreinar allt árið. Í bænum eru tvær sundlaugar, golfvöllur, siglingarklúbbur, níu íþróttahús, við Kópavogsskóla, Kársnesskóla, Snælandsskóla og Lindaskóla, í Digranesi, Fagralundi, Smáranum, Versölum og Kórnum. Jafnframt eru tvö fjölnota knatt- og sýningarhús, Fífan í Smáranum og Kórinn í Vatnsendahverfi. Gert er ráð fyrir íþróttahúsi við Vatnsendaskóla. Einnig eru fleiri íþróttahús og líkamsræktarstöðvar sem reknar eru af einkaaðilum. Hesthúsasvæði Spretts er á Kjóavöllum. Þar eru reiðskemma og skeiðvellir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 6-4. Íþróttasvæði í Kópavogsdal. Ljósm. ONNO.

Tafla 6-1. Yfirlit yfir íþróttasvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
Kársnes		
(ÍÞ-1) /H-2	Fossvogshöfn /Ýmishöfn	Við Naustavör 20 er aðstaða Siglingafélagsins Ýmis sem byggð var 2009. Á svæðinu er félagsaðstaða, bátaskýli, bryggja og ölduvari. Athuga þarf að Ýmishöfn verður fyrir áhrifum af nýrri brú yfir Fossvog en þar undir munu bátar með segl og háreistir bátar ekki geta farið undir. Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði fyrir siglingaíþróttir. Stærð: 1,0 ha.
ÍÞ-2	Sundlaug Kópavogs	Sundlaug Kópavogs er staðsett við Borgarholtsbraut en þar er 50x25 m útilaug ásamt 25x15 m innilaug, heitum pottum, rennibraut, eimbaði og líkamsræktarstöð. Stærð: 1,1 ha.
Digranes		
ÍÞ-3	Fossvogsdalur	Í Fossvogsdal er Fagrilundur, íþróttasvæði HK. Þar er gervigrasvöllur, þrír æfingarvellir fyrir knattspyrnu, strandboltavellir og íþróttahús. Íþróttahús Snælandsskóla er einnig í Fossvogsdal. Stærð svæðis: 5,0 ha. Samkomulag er á milli Kópavogs og Reykjavíkur um að Kópavogur nýti land Reykjavíkur fyrir starfsemi HK og að Reykjavíkurborg nýti land í Kópavogi fyrir Víkingssvæðið. Gert er ráð fyrir nýrri sundlaug í dalnum í samvinnu við Reykjavíkurborg – mögulega í nálægð við íþróttasvæði Víkings eða íþróttasvæði HK. Staðsetning er ekki ákveðin. Sjá einnig texta í kafla 4.1.5 Opin svæði, töflu 4-3, um OP-2.02. Stærð samtals (tvö svæði): 7 ha.
ÍÞ-4	Kópavogsdalur	Kópavogsvöllur er í Kópavogsdal ásamt íþróttasvæði Breiðabliks. Þar eru íþróttahúsið Smárinn, fjórir æfingavellir fyrir knattspyrnu og kastvellir. Í dalnum er einnig fjölnotahúsið Fífan, tennishöll og tennisvellir, ásamt Smárahvammsvelli. Afmörkun svæðis breytist austast, norðan við Dalsmára, svæðið er stækkað um rúman ha til norðurs (austan við Dalsmára 9-13 /Tennishöll. Á móti kemur að svæðið er minnkað lítillega við Dalsmára vegna þess að svæði fyrir samfélagsþjónustu er stækkað (lítillega) til vesturs (inn á íþróttasvæðið). Breiðablik er stærsta íþróttafélag á landinu með yfir 2.000 iðkendur í 11 deildum. Félagið var stofnað 12. febrúar 1950. Vöxtur félagsins hefur verið mikill sérstaklega á liðnum áratug en iðkendafjöldi hefur nær fjórfaldast frá 2010. Allt bendir til þess að þessi þróun haldi áfram. Þar er tvennt sem vegur þungt, aukin íþróttaiðkun þá bæði ungra iðkenda en ekki síður eldri iðkenda sem og fjölgun íbúa á áhrifasvæði félagsins. Hjarta Breiðbliks og meginstarfsemi er í Smáranum og þrátt fyrir stefnu félagsins að sinna vel íbúum alls bæjarfélagsins, þá er nauðsynlegt að félagið hafi svigrúm til að vaxa til framtíðar í Kópavogsdal og nágrenni. Fleiri iðkendur kalla á stærra og endurskoðað athafnasvæði. Aðalstjórn Breiðabliks telur mikilvægt að félagið geti áfram vaxið og dafnað. Breiðablik

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		hefur gert þarfagreiningar innan deilda félagsins um þróun starfs og áætlanir til næstu framtíðar. Það er ljóst að þörf verður á að byggja út starfsemi félagsins bæði hvað varðar mannvirki og aðstöðu til íþróttaiðkunar og tengdrar starfsemi. Mikilvægt er að gera ráð fyrir svigrúmi félagsins til stækkunar. Gert er ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag af svæðinu, ÍÞ-4, á grundvelli þarfagreiningar félagsins þegar hún liggur fyrir. Einnig eru uppi hugmyndir um íþrótta- og lýðheilsugarð á opna svæðinu, OP-2.21, í Kópavogsdal. Sú starfsemi gæti hugsanlega tengst íþróttastarfi og menningarstarfsemi bæjarins. Skilgreina þarf umrædda starfsemi í deiliskipulagi. Sjá einnig umfjöllun um OP-2.21 í kafla 4.1.5 Opin svæði. Stærð: Um 17 ha.
Fífuhvammur		
ÍÞ-5	Litli-Leirdalur /Vetrarmýri	Golfvöllur Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar er í Vetrarmýri í landi Vífilstaða í Garðabæ og í Litla-Leirdal milli Salahverfis og Rjúpnahæðar í Kópavogi. Völlurinn er 27 holur. GKG sér um rekstur og uppbyggingu á vallarsvæðinu með aðstoð beggja sveitarfélaganna. Stærð svæðis er um 22 ha í Kópavogi og 46 ha í Garðabæ.
ÍÞ-6	Versalir	Í Íþróttamiðstöðinni Versölum er önnur af tveimur almenningssundlaugum bæjarins með 25x15 m útilaug, 16,7x10 m innilaug, auk íþróttahúss fyrir fimleika, líkamsræktarstöð og æfingasvæði fyrir knattspyrnu. Stærð: 3,7 ha.
Vatnsendi		
ÍÞ-7	Kjóavellir	Nýtt íþróttasvæði tengt hestaíþróttum á Heimsenda og Kjóavöllum. Svæðið var áður skilgreint sem verslun og þjónusta og var minna. Stærð svæðis um 3-4 ha. Afmarka þarf svæðið nánar og vinna deiliskipulag. Stærð: 6 ha.
ÍÞ-8	Kjóavellir	Hestamannafélagið Sprettur hefur aðsetur á Kjóavöllum og Heimsenda. Svæðið er í kvosinni á milli Vatnsendahlíðar, Rjúpnahæðar og Sandahlíðar. Auk hesthúsa og aðstöðu fyrir hestamenn er á svæðinu keppnishöll, útikeppnisvellir, skeiðbrautir, áhorfendapallar og dómarasvæði. Stærð: 20 ha.
ÍÞ-9	Kórinn	Íþróttamiðstöðin Kórinn. Þar er yfirbyggður knattspyrnuvöllur með áhorfendastúku og aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Íþróttamiðstöðin er með tveimur handboltavöllum í fullri stærð sem og þjónusturými. Undir áhorfendapöllum eru salir fyrir aðrar innanhúsíþróttir, s.s. golf og dans. Ófrágengin er sundlaug og líkamsræktarstöð í aðstöðunni. Stærð: 6,3 ha.
Uppland		
ÍÞ-10	Bláfjöll	Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er í Bláfjöllum og er rekið sameiginlega af sveitarfélögunum sem aðild eiga að Bláfjallafólkvangi. Þar er Skíðamiðstöð Kópavogs - Breiðablik. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er með aðstöðu fyrir gönguskíða-, svig- og snjóbrettaíþróttir. Stærð: 363 ha. Skíðasvæðið er á vatnsverndarsvæði. Öll starfsemi á vatnsverndarsvæðum á að vera á forsendum vatnsverndar. Sjá einnig ákvæði í kafla 1.8.2 Þjóðlendur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6.3 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Skilgreining landnotkunar: ***Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila. (gr. 6.2.d í Skipulagsreglugerð Samfélagsþjónusta (S)).***

Mynd 6-5. Sumarstarf í félagsmiðstöðinni Fönix. Ljósm. B.S.G.

6.3.1 Frítímaþjónusta

MARKMIÐ

- Félagsmiðstöðvar, æskulýðs- og tómstundastarf, verði í hverju hverfi í Kópavogsbæ í samræmi við heimsmarkmið 10.2 um aukinn jöfnuð við þátttöku í félagslífi, efnahagsmálum og stjórnmálum.

LEIÐIR

- Aldraðir hafi næg tækifæri til að stunda félagsstarf og sinna áhugamálum sínum í samræmi við heimsmarkmið 10.2 um aukinn jöfnuð við þátttöku í félagslífi, efnahagsmálum og stjórnmálum.
- Við uppbyggingu nýrra hverfa verði gert ráð fyrir félagsmiðstöð í tengslum við grunnskóla.
- Leitast verði við að varðveita menningararf milli kynslóða og koma á virku samstarfi milli þeirra. Stefna að því að nýta skóla sem miðstöð fyrir slíkt samstarf.
- Leitast verði við að auka tilboð/aðgengi enn frekar að frístundum í sumarfríi grunnskóla.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR BARNA OG UNGLINGA

Félagsmiðstöðvar eru tómstundavettvangur fyrir unglinga 13 til 16 ára en að auki er í vaxandi mæli boðið upp á tómstundastarf fyrir 10 til 12 ára börn. Félagsmiðstöðvarnar tilheyra Forvarna - og frístundadeild bæjarins en starfið fer fram innan húsnæðis grunnskóla bæjarins. Í Kópavogi eru starfræktar níu félagsmiðstöðvar. Þær eru Dimma í Vatnsendaskóla, Ekkó í Kársnesskóla, Fönix í Salaskóla, Igló í Snælandsskóla, Jemen í Lindaskóla, Kjarninn í Kópavogsskóla, Kúlan í Hörðuvallaskóla, Pegasus í Álfhólsskóla og Þeba í Smáraskóla.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR ELDRI BORGARA

Kópavogsbær rekur þrjár félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara , Gjábakka, Gullsmára og Boðann. Þær eru opnar fyrir fólk á öllum aldri enda þótt starfsemin þar sé sérstaklega ætluð eftirlaunafólki búsettu í Kópavogi. Í boði er fjölbreytt félags- og tómstundastarf og lögð er áhersla á að starfsemin byggi á þátttöku fólksins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6.3.2 Leikskólar

MARKMIÐ

- Tryggja skal jafnt aðgengi allra að leikskóla í samræmi við heimsmarkmið 4.2 um tækifæri til leikskólamenntunar.
- Vinna markvisst að metnaðarfullu og framsæknu leikskólastarfi þar sem velferð barna og starfsfólks er í fyrirrúmi.

LEIÐIR

- Í skipulagi er tekið mið af staðsetningu leikskóla þar sem öryggi barna er haft að leiðarljósi, tengsl við íbúðarbyggð, útivistarsvæði og grunnskóla í samræmi við heimsmarkmið 4.2 um tækifæri til leikskólamenntunar.
- Miða skal að jafnaði við að tveir leikskólar verði í hverju skólahverfi.
- Sköpuð verði aðstaða til umhverfisfræðslu í leikskólum meðal annars með útikennslu.
- Hönnun húsnæðis taki mið af þörfum starfseminnar hverju sinni.

Kópavogsbær rekur 19 leikskóla og auk þess eru 2 þjónustureknir og 2 einkareknir leikskólar í bæjarfélaginu.

Alls voru um 2.287 1-5 ára börn í Kópavogi í byrjun árs 2019.

Í hverfum fyrir um 3000 íbúa er almennt gert ráð fyrir tveimur leikskólum. Meta þarf þörf fyrir nýja leikskóla á nýrri svæðum, nýbyggingarsvæðum og þéttingarsvæðum eftir því sem þau byggjast upp en þegar er búið að gera ráð fyrir leikskólum í Vatnsendahlíð, Faxahvarfi og við Gulaþing. Einnig er gert er ráð fyrir leikskóla í bryggjuhverfinu/Naustavör, á lóð Kársnesskóla við Skólagerði/ Holtagerði, í Lundi, Kópavogsdal og stækkun á leikskólanum Núpi. Jafnframt er gert ráð fyrir leikskólum á nýju íbúðarsvæði á Vatnsendahæð (Vatnsendahvarfi), í Glaðheimum og Vatnsendahlíð. Þá verða skoðaðar, ef þörf þykir, ýmsar hugmyndir um fjölgun leikskólarýma að öðru leyti en með nýbyggingum, t.d. að nýta húsnæði sem til er eða bæta við lausum stofum.

Tafla 6-2. Yfirlit yfir leikskóla.

Nr	Heiti	Lýsing
Kársnes		
S-1	Bryggjuhverfi	Gert er ráð fyrir leikskóla í bryggjuhverfinu. Stærð 0,2 ha.
S-2	Marbakki	Leikskólinn Marbakki tók til starfa 1986. Hann er fimm deilda leikskóli. Byggt var við skólann árið 2009. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,65 ha.
S-3	Kópasteinn	Leikskólinn Kópasteinn var opnaður formlega 1964 og er hann fyrsti leikskólinn í Kópavogsbæ. Kópasteinn er fimm deilda leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,2 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

S-4	Undraland við Hábraut	Á reitnum er einkarekinn leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,4 ha.
S-5 og S-6	Urðarhóll	Urðarhóll var opnaður árið 2000. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,3 ha.
Digranes		
S-6	Urðarhóll/Skóla-tröð	Á reitnum eru tvær deildir leikskólans Urðarhóls. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,4 og 0,15 ha.
S-7	Lundur	Óbyggt svæði ætlað fyrir leikskóla. Stærð: 0,24 ha.
S-8	Kópahvoll	Leikskólinn Kópahvoll er við Bjarnhólastíg og stendur á hæð rétt við Víghólinn, sem er friðað svæði. Leikskólinn Kópahvoll var opnaður 11.maí 1970 og var hann fyrsti leikskólinn sem byggður er sem slíkur hér í Kópavogi. Byggð var ný álma við leikskólann 1993. Síðan var safnaðarheimili Digranessóknar breytt í leikskóladeild 1995. Í dag eru fjórar deildir við skólann. Stærð 0,43 ha.
S-9	Furugrund	Furugrund hóf starfsemi sína 1978. Furugrund er fjögurra deilda leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,36 ha.
S-10	Grænatún	Leikskólinn Grænatún tók til starfa 1984. Grænatún er þriggja deilda leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem þjónustustofnunar, eru heimilar. Stærð: 0,3 ha.
S-11	Fagrabrekka	Leikskólinn Fagrabrekka var opnaður 1976. Leikskólinn er fjögurra deilda. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,22 ha.
S-12	Álfaheiði	Leikskólinn Álfaheiði tók til starfa 1990 og er fjögurra deilda leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,92 ha.
S-13	Álfatún	Leikskólinn Álfatún tók til starfa í nóvember 2001 og er fimm deilda leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,46 ha.
S-14	Efstihjalli	Leikskólinn Efstihjalli tók til starfa 1982. Haustið 2002 var tveimur deildum bætt við leikskólann þannig að í dag er hann fimm deilda. Á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

		reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 1,16 ha.
Smárar		
S-15	Lækur	Á reitnum er leikskólinn Lækur við Dalsmára. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 1,33 ha.
S-16	Arnarsmári	Leikskólinn Arnarsmári tók til starfa í janúar 1998. Arnarsmári er fjögurra deilda skóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,6 ha.
Fífuhvammur		
S-17	Glaðheimar	Gert er ráð fyrir leikskóla í Glaðheimahverfinu. Stærð: 0,54 ha.
S-18	Núpur	Leikskólinn Núpur tók til starfa í janúar 2000. Bætt var við lausri stofu við skólann og er hann nú fimm deilda. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,5 ha.
S-19	Dalur	Leikskólinn Dalur tók til starfa 1998. og er fjögurra deilda leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,38 ha.
S-21	Fífusalir	Leikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli sem tók til starfa síðla árs 2001. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu. Stærð: 0,59 ha.
S-22	Rjúpnasalir	Á reitnum er sex deilda leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,53 ha.
Vatnsendi		
S-23	Austurkór	Leikskólinn Austurkór. Stærð: 0,58 ha.
S-24	Baugur við Baugakór	Leikskólinn Baugur opnaði haustið 2007 og er sex deilda leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,84 ha.
S-25	Kór við Baugakór	Leikskólinn Kór er sex deilda þjónusturekinn leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,70 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

S-26	Sólhvörf við Álfkonuhvarf	Leikskólinn Sólhvörf er sex deilda leikskóli, tekinn í notkun árið 2005. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,59 ha.
S-27	Vatnsendahvarf /Vatnsendahæð	Gert er ráð fyrir leikskóla í Vatnsendahvarfi. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir möguleika á að hafa skóla, kirkju og/eða aðra starfsemi, S-67. Ákvörðun verður tekin við gerð deilskipulags. Stærð: 0,41 ha.
S-28	Aðalþing	Leikskólinn Aðalþing er sex deilda þjónusturekinn leikskóli. Á reitnum er leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 0,41 ha.
S-29	Gulaþing	Svæði fyrir leikskóla. Stærð: 0,57 ha.
S-30	Vatnsendahlíð	Óbyggt svæði fyrir leikskóla. Stærð: 1,22 ha.
Uppland		
S-31	Ylur	Leikskólinn Ylur er einkarekinn leikskóli staðsettur í Lækjarbotnum. Á reitnum er leikskóli og grunnskóli. Stærð: 20,8 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6.3.3 Gæsluvellir

Í Kópavogi eru þrír gæsluvellir: Holtsvöllur/Stelluróló við Borgarholtsbraut, Lækjavöllur við Dalsmára og Hvammsvöllur við Hvammsveg. Gæsluvellir eru fyrir börn frá 20 mánaða aldri til 6 ára. Gæsluvellir eru aðeins starfræktir á sumrin.

6.3.4 Grunnskólar

MARKMIÐ

- Skólar í Kópavogi vinni áfram markvisst að metnaðarfullu og framsæknu skólastarfi með velferð barna og starfsfólks í fyrirrúmi.
- Skólahúsnæði og skólalóðir veiti góða aðstöðu til náms og starfs.
- Tryggja skal jafnt aðgengi allra að grunnskóla í samræmi við heimsmarkmið 4.1 um grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli.

LEIÐIR

- Grunnskólar skulu vera heildstæðir, byggðir samhliða íbúðarhverfunum í bænum og með góðri tengingu við íbúðarbyggð og útivistarsvæði.
- Kópavogsbær sjái til þess að skólahúsnæði, lóð og aðbúnaður allur sé í samræmi við gildandi reglugerðir og viðmið. Jafnframt verði hugað að aðstöðu fyrir útikennslu.
- Uppbygging skóla í nýjum íbúðarhverfum miðist við að gönguleiðir að þeim verði helst ekki lengri en um 1000 m.
- Í skipulagi er tekið mið af staðsetningu leikskóla (í nálægð við grunnskóla) þar sem haft er að leiðarljósi öryggi barna, tengsl við íbúðarbyggð, útivistarsvæði og leikskóla/grunnskóla. Við skipulag hverfa er miðað við að í 3000 manna hverfi verði byggður einn grunnskóli.
- Leitast verði við að bjóða upp á verknám í grunnskólum.

Kópavogsbær rekur níu grunnskóla og skammtímaúrræðið Tröð. Auk þess eru tveir einkareknir skólar í bæjarfélaginu, Arnarskóli við Kópavogsbraut og Waldorfskólinn í Lækjarbotnum (sjá umfjöllun um S-31 í kafla 6.3.2 Leikskólar, töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla svo og í töflu 6-3. Yfirlit yfir grunnskóla). Nemendum í bænum fjölgar milli ára og er útlit fyrir frekari fjölgun á næstu árum. Framan af var fjölgun nemenda helst í nýjustu skólum bæjarins, Hörðuvalla-, Vatnsenda-, og Salaskóla og nemendum fækkaði í eldri skólum. Nemendum hefur fjölgað aftur í eldri skólum.

Skólaárið 2018-2019 voru um 5.050 nemendur í grunnskólum bæjarins og haustið 2019 voru þeir 5.271. Grunnskólarnir eru Kópavogsskóli, Kársnesskóli, Snælandsskóli, Salaskóli, Smáraskóli, Lindaskóli, Hörðuvallaskóli, Vatnsendaskóli og Álfhólsskóli og skammtímaúrræðið Tröð. Samkvæmt gögnum Menntasviðs Kópavogs og Þjóðskrár voru íbúar Kópavogs í byrjun árs 2019 um 37.840 - þar af voru um 2.287 1-5 ára börn og 5.227 6-15 ára börn. Börn voru 15,3 % af mannfjölda árið 2000, þeim hafði fækkað í um 14% árið 2010 og þau voru enn um 14% af mannfjölda árið 2019.

Frá árinu 2000 hafa fimm nýir grunnskólar tekið til starfa í bænum. Hörðuvallaskóli tók til starfa haustið 2006, Vatnsendaskóli tók til starfa um 2005. Í skipulagi Vatnsendahlíðar er gert ráð fyrir grunnskóla. Við skipulag hverfa er það markmið haft að leiðarljósi að í 3000 manna hverfi verði byggður einn grunnskóli og sömu markmið eru höfð að leiðarljósi við staðsetningu grunnskóla eins og leikskóla. Unnið er að nýbyggingu Kársnesskóla við Skólagerði/Holtagerði. Gert er ráð fyrir möguleika á að byggja við Kópavogsskóla, Álfhólsskóla, Smáraskóla og Lindaskóla. Gert er ráð fyrir nýjum skóla síðar í óbyggðu hverfi í Vatnsendahlíð. Jafnframt er verið að skoða möguleika á að byggja við fleiri skóla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 6-7. Salaskóli. Ljósm. F.B.

Mynd 6-6. Smáraskóli. Ljósm. F.B.

Tafla 6-3. Yfirlit yfir grunnskóla.

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
Kársnes		
S-40	Kársnesskóli við Skólagerði	Ný skólabygging, íþróttahús. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 1,6 ha.
S-41	Kársnesskóli við Vallargerði	Kársnesskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 1,6 ha.
Digranes		
S-42	Kópavogsskóli	Á reitnum er Kópavogsskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 2,0 ha.
S-43	Snælandsskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Snælandsskóla og íþróttahús en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 2,3 ha.
S-44	Álfhólsskóli/ Digranes	Grunnskóli fyrir 1-4 bekk. Á reitnum eru núverandi skólabyggingar og íþróttahús en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 3,2 ha
S-45	Álfhólsskóli/ Hjalli	Grunnskóli fyrir 5-10 bekk. Á reitnum eru núverandi skólabyggingar en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 1,8 ha.
Smárar		
S-46	Smáraskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Smáraskóla og íþróttahús en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 2,7 ha.
Fífuhvammur		
S-47	Lindaskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Lindaskóla en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 2,3 ha.
S-48	Salaskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Salaskóla en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 2,1 ha.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 6-8. Kópavogsskóli. Ljósm. F.B.

Mynd 6-9. Menntaskólinn í Kópavogi. Ljósm. K.H.K.

Vatnsendi		
S-49	Hörðuvallaskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Hörðuvallaskóla en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 1,5 ha.
S-50	Vatnsendaskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Vatnsendaskóla en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 2,9 ha.
S-51	Vatnsendahlíð	Svæði fyrir skóla. Stærð: 1,1 ha.
Uppland		
Waldorfskóli. Leikskóli og grunnskóli. Sjá umfjöllun um S-31 í töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla í kafla 6.3.2 Leikskólar.		

6.3.5 Framhaldsskólar

MARKMIÐ

- Öllum grunnskólanemendum sem þess óska sé gefinn kostur á að stunda framhaldsnám í Kópavogi í samræmi við heimsmarkmið 4.3 um aðgengi allra að framhaldsnámi.
- Unnið verði að stofnun nýs framhaldsskóla í Kópavogi.

LEIÐIR

- Grunnskólanemendur séu vel upplýstir um námsframboð og möguleika að loknu grunnskólanámi og þeir hvattir til frekari menntunar í samræmi við heimsmarkmið 4.3 um aðgengi allra að framhaldsnámi.
- Skoðað verði hvort Menntaskólinn í Kópavogi hafi áhuga á að opna útibú skólans í efri byggðum og hvort möguleiki sé á samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framhaldsskóla á þessu svæði með sérstakar áherslur.

Einn framhaldsskóli er í Kópavogi, Menntaskólinn í Kópavogi við Digranesveg. Alls stunduðu 1000 nemendur nám í skólanum árið 2018 víða að af landinu. Í MK eru auk bóknámssviðs, ferðamála-, hótel- og veitingasvið.

Tafla 6-4. Yfirlit yfir framhaldsskóla.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S-52	Menntaskólinn í Kópavogi	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Menntaskólans en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 1,9 ha.
S-53	Vallakór	Gert er ráð fyrir nýjum framhaldsskóla í tengslum við Kórinn. Stærð: 1,1 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 6-10 Kópavogsdalur. Ljósm. F.B.

6.3.6 Aðrir skólar, kirkjur og trúfélög

MARKMIÐ

- Öllum grunnskólanemendum sem þess óska sé gefinn kostur á að stunda list- og verknám í Kópavogi.

LEIÐIR

- Skólahljómsveit Kópavogs og Tónlistarskóli Kópavogs hafi góða aðstöðu úti í hverfum til kennslu.
- Stuðlað verði að áframhaldandi tilvist Myndlistarskólans í Kópavogsbæ. Efld verði umfjöllun og aðgengi að myndlist almennt og gerðar kröfur um listræna og innihaldsríka kennslu, sem fylgir nútíma gildum.
- Nemendum verði gert kleift að stunda verknám á grunnskólastigi t.d. með samstarfi við Tækniskóla Íslands og/eða með smiðjum í grunnskólum.

Í Kópavogi er öflugt tónlistarstarf en í bænum eru starfrækt skólahljómsveit og tveir tónlistarskólar. Í bænum er einnig öflugt kórastarf. Kársneskórinn er t.a.m. landsþekktur. Sérhannaður æfingarsalur er fyrir kórinn í Kársnesskóla (Þinghólsskóla).

Tónlistarskóli Kópavogs er einn af stærri tónlistarskólum landsins og býður upp á heildstætt nám í öllum helstu greinum hljóðfæraleiks, söngs og tónfræða. Í skólanum eru um 530 nemendur, þar af um 80 í forskóla. Tónlistarskóli Kópavogs er staðsettur að Hamraborg 6.

Tónsalir er tónlistarskóli staðsettur í Ögurhvarfi. Tónsalir er einkarekinn, rytmískur tónlistarskóli sem stofnaður var árið 2005 en rytmísk tónlist er safnheiti yfir djass, rokk, blús og aðrar tónlistartegundir sem teljast ekki til klassískrar tónlistar.

Tafla 6-5. Yfirlit yfir aðra skóla, kirkjur og félög/samfélagsþjónustu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S-60	Kópavogskrikja	Á svæðinu er Kópavogskirkja. Stærð: 0,5 ha.
S-61	Tónlistarskóli Kópavogs	Skólinn tók til starfa 1963. Hann er staðsettur í Hamraborg, en um 550 nemendur stunda nám við skólann í hljóðfæraleik, söng, tónfræðum og tölvutónlist, auk forskóla. Auk hljóðfærakennslu í húsnæði skólans í Hamraborg er kennt í Kársnesskóla, Salaskóla og Snælandsskóla. Stærð: 0,2 ha.
S-62	Digraneskirkja	Á svæðinu er Digraneskirkja. Stærð: 1,4 ha.
S-63	Hjallakirkja	Á svæðinu er Hjallakirkja. Stærð: 0,6 ha.
S-65	Lindakirkja	Á svæðinu er Lindakirkja. Stærð: 0,7 ha.
S-66	Kefas	Fríkirkjan Kefas. Stærð: 0,3 ha.
S-67	Vatnsendahvarf/-hæð	Svæði fyrir samfélagsþjónustu s.s. skóla, kirkju og/eða aðra starfsemi. Tveir reitir (svæði) koma til greina og eru báðir merktir á uppdrætti (sama númeri). Á öðrum svæðinu er jafnframt gert ráð fyrir leikskóla, S-27. Ákvörðun verður tekin við gerð deilskipulags. Stærð: 1,8 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Myndlistarskóli Kópavogs er við Smiðjuveg og var stofnaður haustið 1988. Hann er einkarekinn með stuðningi frá Kópavogsbæ. Nemendum fjölgar hratt og voru þeir á árinu 2009 um 800 talsins að sumarnámskeiðum meðtöldum.

Í bænum eru þrjár kirkjur og önnur trúfélög sem og tónlistarskóli. Skólahljómsveit Kópavogs var stofnuð 1966. Nýbúið er að taka mikið æfingarhúsnæði fyrir Skólahljómsveit Kópavogs við Álfhólsskóla til notkunar. Að jafnaði eru um 150 hljóðfæraleikarar í hljómsveitinni sem er skipt í þrjár sveitir eftir aldri og getu. Hljómsveitirnar gegna veigamiklu hlutverki í bæjarsamfélaginu og koma þær oft fram á hátíðum og athöfnum í bænum.

6.3.7 Menningarmál

MARKMIÐ

- Í Kópavogi verði ætíð fjölbreytt og metnaðarfullt menningarstarf.

LEIÐIR

- Miðstöð menningar verði í Hamraborg.
- Aukin áhersla verði lögð á að menningarstarfsemi verði samtvinnuð skóla- og félagsstarfi.
- Í nýjum hverfum verði tekið frá svæði sem hentar fyrir menningarstarfsemi.

Mynd 6-11. Salurinn í Kópavogi. Ljósm. B.Ó.Ö.

Mikil gróska hefur verið í menningarlífinu í Kópavogi síðustu árin sem má ekki síst rekja til öflugrar starfsemi menningartorfunnar á Borgarholtinu.

Leikfélag Kópavogs, sem var stofnað 1957, hefur Funalind 2 til afnota. Einnig fer fram metnaðarfullt starf í kórum og Skólahljómsveit Kópavogs. Héraðsskjalasafn Kópavogs flutti árið 2012 í húsnæði að Digranesvegi 7. Í því húsnæði er aðgengi íbúa að safninu auðveldað með sýningarsal og lessal.

Tafla 6-6. Yfirlit yfir menningarstofnanir.

Nr	Heiti	Lýsing
S-68	Menningartorfan	Stofnanirnar eru: Salurinn, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa, Tónlistarskóli Kópavogs, Molinn – ungmennahús og Tónlistarsafn Íslands. Einnig hefur Kársnessókn reist glæsilegt safnaðarheimili við Kópavogskirkju á Borgarholtinu. Stærð: 0,2 ha. Sjá umfjöllun um miðsvæði kafla 3.2.2.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Tafla 6-7. Heildarfjöldi 65 ára og eldri á öllu landinu og spá til ársins 2050, yfirlit frá 2012.

	2010	2020	2030	2040	2050
Heildarfjöldi aldraðra	38.121	52.912	72.662	86.078	94.573
Hlutfall 65 ára og eldri	12%	16%	20%	22%	23%

6.3.8 Félagsþjónusta

MARKMIÐ

- Kópavogsbúar hafi jafnt aðgengi að félagslegri þjónustu óháð félagslegri stöðu í samræmi við heimsmarkmið 10.2. um aukinn jöfnuð við þátttöku í félagslífi, efnahagsmálum og stjórnmálum.
- Allir geti orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónusta standi öllum til boða í samræmi við heimsmarkmið 11.1 um aðgengi að öruggu húsnæði og grunnþjónustu.
- Unnið verði áfram að framtíðaráherslum í velferðarmálum þar með talið húsnæðismálum.

LEIÐIR

- Stefnt skal að því að gera fólki kleift að dvelja eins lengi og hægt er á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður, ásamt því að styðja viðkomandi til sjálfsbjargar og minnka þar með umfang velferðarþjónustu.
- Þegar keyptar eru leiguíbúðir skulu þær vera sem víðast í bænum.
- Stefnt er að því að sameina rekstur félagslegrar heimaþjónustu Félagsþjónustunnar og heimahjúkrunar Heilsugæslunnar.

FÉLAGSMÁL

Velferðarsvið vinnur að mótun markmiða í þeim málefnum sem því eru falin samkvæmt lögum, þ.e. húsnæðismálum, þjónustu við fatlaða, aldraða og unglinga, félagslega heimaþjónustu, fjárhagsaðstoð, barnavernd og almenna ráðgjöf.

ÍBÚÐIR OG SÉRRÚRRÆÐI

Kópavogsbær hefur yfir að ráða allmörgum íbúðum í bæjarfélaginu sem leigðar eru til fjölskyldna og einstaklinga. Búseturéttur í félagslegri leiguíbúð er að öllu jöfnu bundinn ákveðnum skilyrðum varðandi félagslegar og fjárhagslegar aðstæður leigutaka. Litið er á leigu á félagslegu leiguhúsnæði sem tímabundna úrlausn og geta breytingar til að mynda á hjúskaparstöðu, fjölskyldustærð eða fjárhagsstöðu leitt til endurskoðunar á leigurétti. Upplýsinga um þessa þætti er aflað á hverju ári.

Mikil umfram eftirspurn er á félagslegum íbúðum í Kópavogi líkt og hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Félagslegar leiguíbúðir voru 406 árið 2018. Þar af 319 almennar íbúðir og 87 íbúðir fyrir 60 ára og eldri. Íbúðirnar eru misstórar. Til viðbótar á bærinn 37 íbúðir sem eru ætlaðar fötluðu fólki, tvö herbergjasambýli fyrir 10 eintaklinga með fötlun og eitt áfangaheimili fyrir 8 karla og eina íbúð sem sérrúrræði í barnavernd vegna heimilisofbeldis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6.3.9 Málefni aldraðra

Kópavogsbær hefur með höndum umfangsmikla þjónustu fyrir aldraða. Felst hún í félagslegri heimaþjónustu, matarþjónustu, vistunar- og búsetumálum, rekstri til hjúkrunarheimila, dagþjálfun, ásamt upplýsinga- og ráðgjafaþjónustu til aldraðra.

Mannfjöldaþróun gerir ráð fyrir að fólki yfir sextugt fjölgi hlutfallslega mest á næstu árum og er því mikil þörf á því að Kópavogur búi vel í haginn fyrir íbúa í þessum aldurhópi. Það er meðal annars gert með þjónustuíbúðum við Sunnuhlíð og Boðaþing. Einnig er gert ráð fyrir nýju hjúkrunarheimili sunnan við Kópavogsbraut. Enn fremur er lögð áhersla á að aldraðir geti búið á heimilum sínum sem lengst.

Árið 2019 voru alls 205 hjúkrunar-, dvalar og dagdvalarrými

Sjá einnig markmið og leiðir í kafla 6.3.8 Félagsþjónusta og 6.3.11 Heilbrigðismál, lýðheilsa.

HJÚKRUNARHEIMILI

Tafla 6-8. Yfirlit yfir hjúkrunarheimili.

Nr	Heiti	Lýsing
S-70	Sunnuhlíð	Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð er sjálfseignarstofnun sem er með 73 hjúkrunarrými. Sunnuhlíð hefur verið rekið frá árinu 1982. Í Sunnuhlíð er einnig rekin dagvist fyrir aldraða. Stærð 1.7 ha.
S-71	Gullsmári	Félagsheimili eldri borgara. Stærð: 0,1 ha.
S-72	Roðasalir	Hjúkrunarheimili fyrir minnissjúka aldraða. Þar er rými fyrir 10 einstaklinga og eitt hvíldarrými. Dagþjálfun fyrir minnissjúka aldraða, leyfi er fyrir 20 einstaklinga á dag. Stærð 0,2 ha
S-73	Boðaþing	Þjónustumiðstöð aldraðra við Boðaþing 9 er samtals 2704 m². Í Boðaþingi rekur Kópavogsbær þjónustumiðstöð/félagsmiðstöð fyrir aldraða Kópavogsbúa. Tengt þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar er hjúkrunarheimili Hrafnistu ásamt dagvist. Til stendur að bæta við 44 hjúkrunarrýmum á næstu árum svo alls verða 88 rými í fullbúnu hjúkrunarheimili. Stærð 2,3 ha.
S-74	Kópavogstún /Kópavogsbraut	Gert er ráð fyrir nýju hjúkrunarheimili sunnan við Kópavogsbraut. Gert er ráð fyrir að byggingar sem nú eru á reitnum verði rifnar. Stærð 1,5 ha.

FÉLAGSMIÐSTÖÐ ALDRAÐRA

Kópavogsbær rekur þrjár félagsmiðstöðvar, í Gjábakka, Gullsmára og í Boðaþingi. Sú síðastnefnda var opnuð í mars 2010. Þær eru fyrir fólk á öllum aldri enda þótt starfsemin þar sé sérstaklega ætluð eftirlaunafólki búsettu í Kópavogi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6.3.10 Málefni fatlaðs fólks

Þann 1. janúar 2011 tóku sveitarfélögin yfir þjónustu við fatlað fólk frá ríki samkvæmt samkomulagi þar um og sinna henni ásamt almennri þjónustu. Sjá einnig markmið og leiðir í kafla 6.3.8, Félagsþjónusta, og 6.3.11, Heilbrigðismál, lýðheilsa.

LEIGUÍBÚÐIR OG HEIMILI FYRIR FATLAÐ FÓLK

Félagslegar leiguíbúðir voru 406 árið 2018. Þar af 319 almennar íbúðir og 87 íbúðir fyrir 60 ára og eldri. Íbúðirnar eru misstórar. Til viðbótar á bærinn 37 íbúðir sem eru ætlaðar fötluðu fólki, tvö herbergjasambýli fyrir 10 eintaklinga með fötlun og eitt áfangaheimili fyrir 8 karla og eina íbúð sem sérrúrræði í barnavernd vegna heimilisofbeldis.

Í árslok (2018) voru 49 íbúar í Kópavogi í sérhæfðri búsetu. Kópvogsbær rekur fimm íbúðarkjarna og þrjú herbergjasambýli, þar af eitt sem rekið er af Styrktarfélaginu Ási samkvæmt þjónustusamningi.

Húsnæðisstefna í málefnum fatlaðra gerir ráð fyrir 62 nýjum búsetuúrræðum í mismunandi útfærslum; dreifðum félagslegum íbúðum, félagslegum leiguíbúðum í klasa og íbúðakjörnum með sólarhringsþjónustu.

Heimild: Ársskýrsla Velferdarsvið Kópavogsbæjar, 2018, bls 17-18, 32-33.

ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD FATLAÐRA

Hlutverk Þjónustu- og ráðgjafardeildar fatlaðs fólks í Kópavogi er að veita fötluðu fólki þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir. Samstarf er milli deildarinnar og ýmissa stofnana, ráðuneytis, hagsmunasamtaka og annarra sveitarfélaga varðandi einstök verkefni og mótun málaflokksins.

DVÖL

Dvöl er athvarf fyrir fólk með geðraskanir og er tll húsa í Reynihvammi 43. Athvarfð tók formlega tll starfa á alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október 1998 og var samstarfsverkefni Rauða krossins í Kópavogi, Kópavogsbæjar og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðs fólks á Reykjanesi en Kópavogsbær tók alfarið við rekstrinum í janúar 2013.

Í Dvöl koma gestir á eigin forsendum og oft með stuðningi til að njóta samveru við aðra. Í starfinu er áhersla lögð á að efla sjálfstæði og virkni gesta. Samstarf er við Kópavogsdeild Rauða krossins sem kemur að starfseminni með því að útvega sjálfboðaliða í athvarfð. Fjöldi gesta var að meðaltali níu á dag. Gestir geta keypt heitan mat í hádeginu og nýttu að meðaltali sjö gestir sér það daglega.

6.3.11 Heilbrigðismál, lýðheilsa

MARKMIÐ

- Tryggja skal sem bestan aðgang að heilbrigðisþjónustu í samræmi við heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan og 3.8. um aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu.
- Bæta skal lýðheilsu með heilsueflingu með áherslu á hreyfingu og hollt mataræði í samræmi við heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.
- Skapa skal umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar í samræmi við lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar og heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.
- Öruggt aðgengi að opnum svæðum og þjónustu fyrir alla verði tryggt í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

LEIÐIR

- Uppbygging heilsugæslustöðva verði í samræmi við aukinn íbúafjölda og að íbúar hafi greiðan aðgang að þeim í samræmi við heimsmarkmið 3.8 um aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu.
- Við nýbyggingar á vegum bæjarins sé tekið mið af vaxandi þörf fyrir aðstöðu vegna heilsugæsluþjónustu í stofnunum, einkum í skólum.
- Stuðlað að auknu samstarfi við heilsugæslustöðvar og aðra hagsmunaaðila innan bæjarfélagsins.
- Vinna ber að heilsueflingu sérstaklega í grunnskólum Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 3.4. um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.
- Heilsuefling verði sýnileg innan stofnana og fyrirtækja bæjarins óháð aldri eða getu þeirra sem þar starfa eða búa með margvíslegum leiðum. Hvatningarverðlaun Kópavogs verði veitt til fyrirtækja sem þykja standa sig best þegar kemur að heilsueflingu.
- Stuðla að betra aðgengi að hollri fæðu í húsnæði og á viðburðum bæjarins.
- Auka þekkingu á þeim þáttum sem hafa áhrif á geðheilsu. Lögð verður áhersla á fræðslu sem getur stuðlað að bættri vellíðan fyrir alla aldurshópa, einnig innan fyrirtækja og stofnana bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.
- Við gerð skipulags verði horft til útfærslu göngu- og hjólastíga, aðgengi að svæðum til útivistar og leikja út frá lýðheilsusjónarmiðum í samræmi við heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan og heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.
- Samþætta skal íþróttir við skólastarf. Hvetja ber til almennt bættrar heilsu með heilbrigðri hreyfingu.

Þrjár heilsugæslustöðvar eru í Kópavogi og rekur Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tvær þeirra, Hamraborg og Hvamm. Heilsugæslan Salahverfi er einkarekin. Heilsugæslustöðvarnar hafa umsjón með skólaheilsugæslu í hverfisskólum innan þjónustusvæðis. Auk þessa er rekin Læknavaktin ehf. að Háaleitisbraut í Reykjavík sem er opin utan opnunartíma heilsugæslustöðvanna.

Miðað við ætlaða íbúaþróun til ársins 2030 má áætla að þörf verði fyrir fjórðu heilsugæslustöðina eða að þær sem fyrir eru geti annað fleirum.

Tafla 6-9. Yfirlit yfir heilsugæslustöðvar.

Nr	Heiti	Lýsing
S-75	Heilsugæslustöðin Hamraborg	Þjónustusvæði til viðmiðunar er vestan Digranesvegar að Bröttubrekku, norðan Fífuhvamms- og Nýbýlavegar. Stærð: 0,13 ha.
S-76	Heilsugæslustöðin Hvammur	Þjónustusvæði til viðmiðunar er austan Digranesvegar og Bröttubrekku, sunnan Kópavogslækjar (Fífuhvamms) og sunnan Nýbýlavegar (með Hólmum). Stærð: 0,37 ha.
S-77	Heilsugæslan Salahverfi	Þjónustusvæði til viðmiðunar er Linda-, Sala- og Vatnsendahverfi. Stærð: 0,12 ha.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6.4 STJÓRNSÝSLA

MARKMIÐ

- Stjórnsýslan sé skilvirk og þess gætt að almenningur hafi góðan aðgang að upplýsingum um stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmdir í Kópavogi og tækifæri til virkrar þátttöku í samræmi við heimsmarkmið 16.6 um skilvirkar og ábyrgar stofnanir og 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.

LEIÐIR

- Samráð verði aukið við íbúa og aðra hagsmunaaðila í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Kópavogur hvetji til og styðji við íbúalýðræði í öllum bæjarhlutum, m.a. við gerð hverfisáætlana og í „Okkar Kópavogi“ í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Þjónusta við íbúa verði bætt með aukinni rafrænni stjórnsýslu.
- Stjórnsýslustofnanir bæjarins setji sér markmið í umhverfismálum og sýni þannig gott fordæmi.
- Unnið verði áfram eftir gæðakerfi Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 16.6 um skilvirkar og ábyrgar stofnanir.
- Stöðugt verði unnið að því að bæta aðgengi að upplýsingum og gögnum bæjarins.

Kópavogsbær leggur áherslu á góða samvinnu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila við ákvarðanatöku í málefnum bæjarins. Samráð og samvinna í skipulagsmálum verði skilvirk og aðgengi aðila að viðeigandi upplýsingum verði auðveld í samræmi við heimsmarkmið 16.6 um skilvirkar og ábyrgar stofnanir, 16.7 um víðtæka þátttöku að ákvörðunum og 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

MIKILVÆGUSTU HEIMSMARKMIÐIN FYRIR SAMFÉLAG Í KÓPAVOGI

3. STUÐLA AÐ HEILBRIGÐU LÍFERNI OG VELLÍÐAN FYRIR ALLA FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR

3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.
3.8 Komið verði á heilbrigðisþjónustu fyrir alla óháð fjárhagslegri stöðu, aðgengi veitt að góðri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og að öruggum, virkum og nauðsynlegum lyfjum og bóluefni á viðráðanlegu verði fyrir alla

4. TRYGGJA JAFNAN AÐGANG ALLRA AÐ GÓÐRI MENNTUN OG STUÐLA AÐ TÆKIFÆRUM ALLRA TIL NÁMS ALLA ÆVI
4.2 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri, fá umönnun og leikskólamenntun til að búa þau undir grunnskóla.

8. STUÐLA AÐ VIÐVARANDI SJÁLFBÆRUM HAGVEXTI OG ARÐBÆRUM OG MANNSÆMANDI ATVINNUTÆKIFÆRUM FYRIR ALLA
8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

10. DRAGA ÚR ÓJÖFNUÐI INNAN OG Á MILLI LANDA
10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR
11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.
11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

6.5 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM SAMFÉLAG

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í Heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með því að stefnunni sé framfylgt.

Samfélagsleg stefnumið falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Stefnumið um samfélag taka til mjög fjölbreyttrar landnýtingar helstu innviða sveitarfélagsins svo sem skóla, málefna aldraðra og málefna fatlaðs fólks. Í mörgum þessara málaflokka eru í gildi sértækar áherslur sem ekki eru teknar til umfjöllunar í aðalskipulagi sem er fyrst og fremst stefnumótun um nýtingu lands til framtíðar. Því eru stefnumið um aðgengi að skóla, aðgengi að íþróttum og útivist og stærð skólasvæða til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á samfélag sem og andrúmsloft, að því marki að hægt sé að draga úr notkun einkabíls með því að hafa vegalengdir stuttar innan hverfis og eins að boðið sé áfram upp á framhaldsnám innan Kópavogs. Í aðalskipulagi eru sett fram ný markmið um lýðheilsu í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og landsskipulagsstefnu. Horft er til þess að gætt verði að því við skipulag byggðar að skapa einnig umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar og aðgengi að opnum svæðum verði tryggt fyrir alla hópa.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-1. Hverfaskipting í Kópavogi.

7 RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS

INNGANGUR

Í aðalskipulagi Kópavogs er lögð rík áhersla á að færa skipulagið nær íbúum bæjarins. Viðfangsefni rammahluta aðalskipulagsins eru rammákvæði og hverfin fimm í Kópavogi; Kársnes, Digranes, Smárinn, Fífuhvammur og Vatnsendi.

Í kafla þessum er fjallað um eftirfarandi:

a) **Almenn rammaákvæði** sem höfð eru til hliðsjónar þegar sótt er um breytingar og/eða uppbyggingu á ódeiliskipulögðum svæðum jafnt sem deiliskipulögðum – að undanskildum þróunarsvæðum.
b) **Rammaákvæði** fyrir Kársnes og Digranes á ódeiliskipulögðum svæðum.
c) **Sértæk rammaákvæði** fyrir heildstæða byggð á afmörkuðum svæðum á Kársnesi og Digranesi
d) **Markmið um uppbyggingu og þróun hverfanna** fimm í Kópavogi en þau eru: Kársnes, Digranes, Smárar, Fífuhvammur (Lindir og Salir) og Vatnsendi (Kórar, Hvörf og Þing).
e) **Kort sem sýna helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi í** hverfum og upplandi.

Í þessum kafla, 7. kafla, aðalskipulagsins er farið nánar í einstakar breytingar sem fyrirhugaðar eru í einstökum hverfum og eru þær hluti aðalskipulags þessa.

7.1 MEGINMARKMIÐ

Markmið rammahluta aðalskipulags er að útfæra nánari markmið fyrir hverfin fimm í takt við meginstefnu aðalskipulags. Hverfin skapa umgjörð utan um daglegt líf íbúa og eiga að vera góður staður að búa á. Áhersla er lögð á að styrkja sérkenni hvers hverfis og byggðarmynstur ásamt því að auka gæði hins byggða umhverfis.

Markmiðið að skapa sjálfstæðar hverfiseiningar með háu þjónustustigi þar sem þörf fyrir ferðir út úr hverfinu minnkar. Í hverfunum skal stuðla að því að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og stuðla að aukinni sjálfbærni með vistvænum áherslum.

Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla- og gönguleiðir og almenningssamgöngur. Stefnt er að greiðum og öruggum samgönguleiðum milli heimila, skóla, verslana, leikskóla, og biðstöðva almenningssamgangna.

Markmiðið er að viðhalda kostum og sérkennum hverfanna. Samtímis er gert ráð fyrir breytingum og þróun:

- Með hliðsjón af **almennum rammaákvæðum.**
- Með hliðsjón af **almennum** og **sértækum rammaákvæðum** á Kársnesi og Digranesi.
- Með hliðsjón af markmiðum fyrir hverfin fimm í Kópavogi.
- Með hliðsjón af uppbyggingu og endurbyggingu á skilgreindum þróunarsvæðum innan hverfa sjá 2. kafla.

Markmið um fjölgun íbúða í rað-, par- og einbýlishúsahverfum verða sett fram í hverfisáætlunum hvers hverfis fyrir sig (skv. markmiði í kafla 2.1.1.1 í greinargerð þessari). Skoðaðir verða möguleikar á að fjölga íbúðum (séríbúðum og aukaíbúðum) í þegar byggðum hverfum með áherslu á greiningu á reitum þar sem par-, rað- og einbýlishús eru ríkjandi. Ávallt skal meta áform um fjölgun íbúða á grundvelli markmiða og viðmiða sem sett eru í aðalskipulagi þessu, m.a. um gæði byggðar og fjölda bílastæða.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu í aðalskipulagi þessu í öllum köflum greinargerðarinnar - 2. Byggð, 3. Atvinnulíf, 4. Umhverfi, 5. Grunnkerfi, 6. Samfélag og 7. Rammahluta aðalskipulags. Unnin var mikilvægisgreining út frá áherslum aðalskipulagsins, þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við sjálfbærni og stuðlar að markmiðum heimsmarkmiðanna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 7-2. Tuttugu mínútna hverfið er skilgreint í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2020. Innan 20 mínútna hverfisins er gott framboð af fjölbreyttum húsakosti og öll helsta þjónusta. Nærþjónusta dreifist þannig að íbúar eigi kost á nauðsynlegustu þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, íþrótta- og tómstundastarfsemi og matvöruverslun í göngufjarlægð.

7.2 HVERFISÁÆTLANIR - RAMMAÁKVÆÐI AÐALSKIPULAGS

7.2.1 Hverfisáætlanir – greiningar, samráð, mat - markmið

Greiningar, samráð

Í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) stóð til að vinna hverfisskipulag fyrir hvern bæjarhluta / hvert hverfi. Þegar leið á skipulagstímabilið var ákveðið að vinna hverfisáætlanir í stað hverfisskipulags.

Í hverfisáætlun er gerð grein fyrir stöðu hverfis, ástandi byggðar og sett eru fram markmið um mögulega framtíðaruppbyggingu og þróun í hverfunum. Jafnframt eru settar fram tillögur að framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna.

Unnið hefur verið að gerð hverfisáætlana frá árinu 2014 og er sú vinna langt komin:

- Kársnes, drög langt komin.
- Digranes, drög langt komin.
- Smárinn, hverfisáætlun samþykkt 2015.
- Fífuhvammur (Lindir/Salir), hverfisáætlun samþykkt 2019.
- Vatnsendi (Kórar, Hvörf, Þing), vinna ekki hafin.

Hverfisáætlanir má nálgast á heimasíðu Kópavogs *https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/hverfisaaetlun-og-hverfisskipulag.*

Við gerð hverfisáætlana er lögð áhersla á samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila í hverju hverfi. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu sem íbúar hafa á sínu nærumhverfi til að kortleggja styrkleika og veikleika hverfanna.

Markmið og leiðarljós hverfisáætlana er m.a. að skoða hvernig auka megi gæði hverfisins, þróa verklagsreglur um hvernig fella megi nýja byggð að eldri byggð í hverfunum, stuðla að fjölbreyttri íbúðarbyggð, verslun og þjónustu og stuðla að vistvænum samgöngumátum.

Markmið hverfisáætlana eru í anda 20 mínútna hverfisins sem skilgreint er í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, þ.e skapa sjálfstæðar hverfiseiningar þar sem þörf fyrir ferðir út úr hverfinu minnkar.

Í vinnu við hverfisáætlanir er notaður gátlisti til að meta gæði byggðar, umhverfi og skipulag út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu. Núverandi staða hvers hverfis er metin og möguleg framtíðarþróun hverfisins. Matsþættir gátlistans eru:

- Samfélag
- Athafnir daglegs lífs
- Efnahagur
- Manngert umhverfi
- Náttúrulegt umhverfi

Úrvinnsla greiningarvinnu (við gerð hverfisáætlana), og mat á hinu byggða umhverfi í hverfunum liggur til grundvallar **markmiðum og rammaákvæðum sem sett eru fram í rammahluta aðalskipulags -** bæði í rammaákvæðum og markmiðum um uppbyggingu og mögulega þróun hverfanna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-3. Skýringarmynd. Dvalarsvæði. Dvalarsvæði eru skilgreind svæði sem henta til útivistar, hvíldar og leikja.



Mynd 7-4. Skýringarmyndir. Byggingarreitur. Byggingarlína og hæð nýbygginga skal taka mið af nærliggjandi byggð. Einbýlishús/parhús og fjölbýlishús.

7.2.2 Rammaákvæði aðalskipulags

Í aðalskipulagi þessu eru sett fram

- **A. Almenn rammaákvæði nr. 1** fyrir öll hverfi Kópavgos.
- **B. Rammaákvæði nr. 2, 3 og 4** fyrir Digranes og Kársnes á ódeiliskipulögðum svæðum.
- **C. Sértæk rammaákvæði nr. 5** fyrir heildstæða byggð á fjórum afmörkuðum svæðum á Kársnesi og Digranesi.

Almennt um rammaákvæðin og hvar þau gilda

Rammaákvæðin hér á eftir eru stefnumótandi. Þetta eru almenn ákvæði sem gilda um þegar byggð hverfi.

Þegar óskað er eftir breytingum samkvæmt 43. og 44. greinum skipulagslaga nr. 123/2010, um breytingar á deiliskipulagi og grenndarkynningar, „43. gr. Breytingar á deiliskipulagi“ og „44 gr. Grenndarkynning“ skipulagslaga nr. 123/2010 skulu rammaákvæðin höfð til hliðsjónar.

Rammaákvæðin eiga ekki við á þróunarsvæðum né heldur þegar unnið er nýtt deiliskipulag.

Komi fram óskir um breytingar í núverandi byggð, hvort sem hún er deiliskipulögð eða ekki, skal liggja fyrir greinargerð með skýringarmyndum þar sem ítarlega er greint frá mögulegum áhrifum breytingarinnar á þá byggð sem fyrir er. Einkum skal horft til hluta eins og hvernig breytingin fellur að aðliggjandi byggð og yfirbragði hverfisins hvað varðar stærð og hlutföll, umferð, bílastæðaþörf, útsýni og skuggamyndun.

A. Almenn rammákvæði nr. 1 (1a, 1b, 1c) fyrir öll hverfi Kópavogs

Þegar óskað er eftir breytingum samkvæmt *43. gr. Breyting á deiliskipulagi* og *44. gr. Grenndarkynning* skipulagslaga nr. 123/2010 gilda eftirfarandi rammaákvæði **1a, 1b og 1c**.

Rammaákvæði nr. 1

1a. Ef fyrirhugaðar eru nýbyggingar á einstökum lóðum þannig að byggingarmagn lóðarinnar eykst skal nýtingarhlutfall hennar að jafnaði ekki vera hærra en meðaltal nýtingarhlutfalls nærliggjandi lóða.

1b. Hæð nýbygginga skal að jafnaði ekki vera hærri en sú lína sem dregin er á milli þeirra húsa í götunni sem eru sitt hvoru megin við.

1c. Nýbygging á lóð skal að jafnaði liggja innan línu sem dregin er milli húsa sitt hvoru megin við.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-5. Kort sem sýnir hvar rammaákvæði 2, 3 og 4 gilda. Ákvæðið á ekki við þegar unnið er að nýju deiliskipulagi né heldur á skilgreindum þróunarsvæðum.

B. Rammaákvæði nr. 2, 3 og 4 fyrir Kársnes og Digranes á ódeiliskipulögðum svæðum

Þegar óskað er eftir breytingum, samkvæmt 44. gr. Grenndarkynning skipulagslaga nr. 123/2010, á ódeiliskipulögðum svæðum á Kársnesi og Digranesi gilda eftirfarandi rammaákvæði auk rammaákvæðis nr 1 (1a, 1b og 1c).

Ákvæðið á ekki við þegar unnið er að nýju deiliskipulagi né heldur á skilgreindum þróunarsvæðum.

Rammaákvæði nr. 2, 3 og 4

2. Stærð og umfang viðbygginga og bílageymslna sem sótt er um skulu að jafnaði ekki yfirgnæfa upphaflega byggingu á lóðinni.
3. Vanda skal frágang á lóð þegar fjölga þarf bíla- og hjólastæðum á lóð. Viðmið um fjölda bíla- og hjólastæða eru í kafla 2.2.2 *Samgöngumiðað skipulag og samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði* (skipting í svæði) og kafla 2.2.3 *Bíla- og hjólastæðaviðmið á samgöngumiðuðum svæðum/þróunarsvæðum*. Gera skal ráð fyrir gróðri eða öðru uppbroti á hluta lóðarmarka við götu til að viðhalda grænu yfirbragði í götumyndinni.
4. Gera skal ráð fyrir garði/dvalarsvæði á lóð sem hentar til útivistar, hvíldar og leikja. Dvalarsvæði skulu staðsett og gerð með tilliti til skjóls, sólar- og birtuskilyrða, hljóðvistar og annarra umhverfisáhrifa.



Mynd 7-6. Kort sem sýnir hvar sértæk rammaákvæði nr. 5 gilda.
a) Hlégerði b) Sunnubraut 10, 8, 6 c) Hlíðargarður og húsin umhverfis (SÍS-húsin).
d) Hrauntunga 31-115 og Brattatunga 1-9 (Sigvaldahúsin).

C. Sértæk rammákvæði nr. 5 fyrir heildstæða byggð á afmörkuðum svæðum á Kársnesi og Digranesi

Sértæk rammaákvæði gilda á fjórum afmörkuðum svæðum á Kársnesi og Digranesi sem sýnd eru á mynd 7-6. Þessi svæði eru húsaraðir, götumyndir og svæði sem byggð eru samkvæmt fastmótaðri skipulagshugmynd og þar er útlit einstakra húsa mikilvægur þáttur í heildarmynd. Áhersla skal lögð á að svipmóti húsa verði sem minnst raskað, t.d. hvað varðar þak, efnisval og gluggagerð. Við breytingu á húsum innan marka svæðisins skal reynt að varðveita og styrkja upprunalega heildarmynd svæðisins sem mótar ásýnd þess og við blasir frá götu.

Þegar óskað er eftir breytingum samkvæmt 44. gr. Grenndarkynning skipulagslaga nr. 123/2010 á þessum afmörkuðu svæðum gildir eftirfarandi rammaákvæði auk rammaákvæða hér að framan þ.e. nr. 1, 2, 3 og 4.

Rammaákvæði nr. 5

5. Leggja skal áherslu á að hið heilsteypta yfirbragð raskist ekki við breytingar eða ytra viðhald húsa. Viðbyggingar og bílskúrar skulu ekki spilla yfirbragði húsanna eða götumyndinni.

   a) Hlégerði. **b)** Sunnubraut 10, 8, 6. **c)** Hlíðargarður og húsin umhverfis (SÍS-húsin).

   d) Hrauntunga 31-115 og Brattatunga 1-9 (Sigvaldahúsin).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mynd 7-7. Hlégerði. Ljósmynd Kópavogur. Ljósmynd KHK.



Mynd 7-8. Sunnubraut. Ljósmynd ONNO ehf.

Mynd 7-9. Hlíðargarður og húsin umhverfis. Ljósmynd ONNO ehf.

Mynd 7-10. Hrauntunga og Brattatunga (Sigvaldahúsin). Ljósmynd ONNO ehf.

KÁRSNES

Tvær heilsteyptar götumyndir hafa verið auðkenndar á Kársnesi með því markmiði að sérstaklega beri að viðhalda upprunalegu yfirbragði;

a) Hlégerði 8, 12, 14, 16, 20, 22, 21, 23, 25, 27, 29, 31, 33 og 35

Götumyndin í Hlégerði er einkar heilsteypt og fögur. Húsin vestan megin sem eru byggð eftir sömu grunnteikningu liggja eftir bogadreginni götunni og mynda fallega heild. Húsin eru dæmigerð fyrir byggð í Kópavogi á 6. áratugnum og segja má að Hlégerði hafi verið fyrsta gatan á Kársnesi sem byggðist upp á fáum árum. Grunnflötur húsanna er frekar lítill, en húsin samt reisuleg steinhús með háu risi, kvistum og svölum, sum hver með íbúð i kjallara eða á jarðhæð. Fínleg pílaragrindverk setja skemmtilegan svip á götuna. Norðan götunnar eru dæmi um pallahús sem urðu mjög vinsæl á þessum tíma og eru víða í Kópavogi.

b) Sunnubraut 10, 8 og 6

Umrædd hús á Sunnubraut eru byggð á 6. áratug 20. aldar og eru markverð fyrir einstaklega góða hönnun í anda fínlegra funkishúsa frá þessu tímabili. Sérstaklega ber að nefna létta útveggi suðurhlíða með vel útfærðum og léttum þakkanti. Götumyndin er heilsteypt og húsin standa á einkar fallegum stað við sjávarsíðuna.

DIGRANES

Tvær heilsteyptar götumyndir hafa verið auðkenndar á Digranesi með því markmiði að sérstaklega beri að viðhalda upprunalegu yfirbragði.

c) Hlíðargarður og húsin umhverfis (SÍS-húsin)

Hlíðargarður er hannaður af Jóhannesi Schröder og aðliggjandi byggð er skipulögð af Sigvalda Thordarson arkitekt. Flest húsin umhverfis garðinn eru einnig hönnuð af Sigvalda í módernískum stíl og risu á 6. áratug síðustu aldar. Svæðið í heild er góð ímynd þess tímabils frá skipulagslegu og fagurfræðilegu sjónarmiði.

Hlíðargarður er eini eiginlegi skrúðgarðurinn í Kópavogi. Hann var skipulagður í stíl evrópskra hallagarða og aðliggjandi byggð fellur einkar vel að garðinum. Hlíðargarður er alveg samhverfur, þ.e. miðlína liggur í gegnum hann og eru báðar hliðar spegilmyndir hvor af annarri. Á árunum 2003-2004 var Hlíðargarður endurgerður í upphaflegri mynd.

d) Hrauntunga 31-115 og Brattatunga 1 til 9 (Sigvaldahúsin)

Raðhúsabyggðin er hönnuð af Sigvalda Thordarson og reis á 6. áratug síðusta aldar. Sigvaldi var fenginn til að skipuleggja og nýtt íbúðarhverfi við Hrauntungu og Bröttutungu sem enn þann dag í dag eru kölluð Sigvaldahúsin. Sigvaldi Thordarson er einn af kunnustu arkitektum Íslands og var að mörgu leyti brautryðjandi á sínu sviði. Byggðin í Hvömmunum er allsérstæð keðjuhús í tólf lengjum. Heildaryfirbragð reitsins er svipsterkt og formfast þar sem húsin eru öll eins. Sum hver eru enn máluð í upprunalegum litum svokölluðum Sigvaldalitum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Bæjarhluti 1

Kársnes

Ljósmynd, ONNO ehf.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10.2026



Mynd 7-11. Íbúaþróun á Kársnesi. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 7-12. Aldursskipting íbúa á Kársnesi 1992-2019. Heimild: Hagstofa Íslands.

7.3 KÁRSNES

Meginhluti Kársnes byggðist á árunum 1950-1970. Í fyrstu var byggð mjög dreifð en upp úr 1940 var ráðist í gatnagerð og farið í skipulagða úthlutun á lóðum. Innan eldri hluta hverfisins eru nokkrar heilsteyptar götumyndir og hafa tvær þeirra verið auðkenndar með því markmiði að sérstaklega beri að viðhalda upprunalegu yfirbragði.

Á níunda áratugnum byggðist Sæbólslandið og síðan byggðin við Marbakkabraut og Helgubraut. Á tíunda áratugnum þéttist byggð á athafnasvæði við Kársnesbraut, Vesturvör og síðan Hafnarbraut. Eftir aldamót bættist við fjölbýlishúsabyggð á Kópavogstúni og í Bryggjuhverfinu. Með uppbyggingu í hverfinu hafa skapast aðstæður til að flytjast innan hverfisins því talsverð aukning hefur verið á íbúðum í fjölbýli í seinni tíð.

Ekki er hægt að tala um einkennandi byggingarstíl á Kársnesi þar sem hverfið byggðist upp á löngum tíma sem gerir það að verkum að fjölbreytileiki byggðarinnar er mikill. Eldri byggðin á Kársnesi er að mestu ódeiliskipulögð þó nokkrar einbýlishúsalóðir og minni reitir hafi verið deiliskipulagðir í seinni tíð, en í þeirri vinnu var megináhersla lögð á að skipuleggja byggð sem samræmdist þeirri byggð sem fyrir var.

Hverfisvernd, friðlýstar fornleifar/menningarminjar, friðlýstar náttúruminjar. Sjá einnig umfjöllun i 4. kafla:

- Tvö hverfisvernduð svæði eru á Kársnesi; Tanginn Höfði við Fossvog (HV-1) og Kópavogstún (HV-2). Í aðalskipulagi þessu er gerð tillaga að tveimur nýjum hverfisverndarsvæðum á Kársnesi; Sólbyrgi (HV-24) og Bankaselsbrunni (HV-25).
- Tvær friðlýstar byggingar eru á Kársnesi; Hressingarhælið (MV-3) og gamli Kópavogsbærinn (MV-4). Hjónadysjar (MV-4) og Kópavogsþingstaður (Þinghóll) (MV-1) eru friðlýstar fornleifar.
- Skerjafjörður í Kópavogi og í Fossvogi (FS-2) ásamt Borgum (FS-1)) eru friðlýstar náttúruminjar.

Á Kársnesi er margvísleg félagsleg þjónusta. Íbúðir fyrir aldraða eru við Kópavogsbraut og þar er einnig hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð. Á lóð ríkisspítalanna er rekin dvalar- og þjálfunaraðstaða fyrir þroskahefta og líknardeild Landspítalans. Leikskólar á Kársnesi eru Kópasteinn við Hábraut, Marbakki við Sæbólsbraut og gert er ráð fyrir möguleika á nýjum leikskóla í Naustavör í Bryggjuhverfinu. Kársnesskóli er heilsetinn grunnskóli með um 600 nemendur árið 2019. Kennt er í lausum kennslustofum á Vallargerðisvelli þangað til að nýr skóli fyrir yngsta stig og miðstig grunnskólabarna rís við Skólagerði.

Í aðalskipulaginu er miðað við áframhaldandi uppbyggingu á hafnarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir að hafnarstarfsemi víki með tímanum fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Fyrirhuguð brú yfir Fossvog er í hönnunarferli og er áætlað að byggingu hennar verði lokið árið 2024. Á brúnni er gert ráð fyrir hjóla- og göngustíg ásamt akreinum fyrir almenningssamgöngur sem tengja stíga- og gatnakerfi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar. Ekki er gert ráð fyrir almennri umferð yfir brúna heldur einungs fyrir almenningssamgöngur.

Á Kársnesi bjuggu í árslok 2019 um 5.530 íbúar sem er um 15% bæjarbúa. Fjöldi íbúða á Kársnesi var um 2.190 (í lok árs 2019) sem samsvarar um 11,3 íbúðum á hektara að meðaltali. Að meðaltali búa um 2,5 íbúar í hverri íbúð. Þegar aldursdreifing í hverfinu er skoðuð kemur í ljós að meðalaldur íbúa fer hækkandi, íbúum í eldri aldursflokkum hefur fjölgað hlutfallslega á síðastliðnum árum og yngri íbúum hefur hlutfallslega fækkað á sama tíma. Alls voru um 107.000 m² í atvinnuhúsnæði í bæjarhlutanum árið 2019.

Í aðalskipulaginu er miðað við áframhaldandi uppbyggingu í hverfinu aðallega á vestanverðu nesinu. Á þróunarsvæðinu á Kársnesi er gert ráð fyrir blandaðri byggð, aðallega íbúðabyggð en einnig verslun- og þjónustu ásamt atvinnuhúsnæði. Uppbygging í Bryggjuverfinu heldur áfram og gert er ráð fyrir að næsta nágrenni verði skipulagt fyrir íbúðarbyggð m.a. á svokölluðum Ora-reit og reit austan við byggingu Landsréttar. Einnig er gert ráð fyrir að brú yfir Fossvog verði byggð á skipulagstímabilinu eins fram kemur hér að framan.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-14. Ódeiliskipulögð svæði á Kársnesi 2019.

Mynd 7-13. Opin svæði og göngustígar á Kársnesi.



Mynd 7-15. Minjavernd, huliðsvættir, hverfisvernduð svæði, friðlýst svæði og svæði fyrir sértæk rammaákvæði.

Mynd 7-16. Gatnakerfi á Kársnesi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-17. Miðbæjarkjarni, hverfiskjarnar og skilgreindar bæjargötur.

7.3.1 Markmið fyrir Kársnes

Í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins og hverfisáætlanir um sjálfbærni hverfa, vistvænar samgöngur og aukin gæði byggðar eru eftirfarandi markmið sett fram um Kársnes:

- Vistvænt og lýðheilsuvænt Kársnes

Á Kársnesi skal stuðla að því að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og auka sjálfbærni með vistvænum áherslum. Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla- og gönguleiðir og almenningssamgöngur. Stefnt er að greiðum og öruggum samgönguleiðum milli heimila, skóla, verslana, leikskóla, biðstöðva strætó og borgarlínu svo að þörf fyrir akstur innan hverfisins verði sem minnst.

- Hverfiskjarnar/nærþjónusta á Kársnesi

Stuðla skal að aukinni þjónustu og verslun innan hverfisins. Við staðarval fyrir þjónustu í hverfinu njóti skilgreindir hverfiskjarnar forgangs. Þrír hverfiskjarnar eru skilgreindir á Kársnesi, sjá mynd 7-17. Leggja skal áherslu á gott aðgengi fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur að hverfiskjörnum. Hugað skal að hjólastæðum í góðum gæðum við hverfiskjarna og aðra nærþjónustu. Markmiðið er að verslun, þjónusta og/eða önnur atvinnustarfsemi í umræddum kjörnum verði áfram til staðar á jarðhæðum. Ekki er mælt með að atvinnuhúsnæði á jarðhæðum í hverfiskjörnum verði breytt í íbúðir.

- Borgarholtsbraut/Bakkabraut skilgreind(ar) sem bæjargötur.

Borgarholtsbraut/Bakkabraut eru skilgreindar sem bæjargötur á Kársnesi. Á bæjargötum er lögð áhersla á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverfinu og þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Við endurhönnun bæjargatna og umhverfis þeirra er æskilegt að skoða þær heildstætt.

- Yfirbragði byggðar og sérkennum hverfisins viðhaldið á afmörkuðum götureitum á Kársnesi

Fyrirhugaðar breytingar, á einstökum lóðum eða hluta götureita á Kársnesi, skulu ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar þar sem m.a. er gætt samræmis hvað varðar götumynd, hlutföll bygginga. Þetta á hvorki við um þróunarsvæði né þar sem unnið er að nýju deiliskipulagi.

Tvær heilsteyptar götumyndir hafa verið auðkenndar á Kársnesi með því markmiði að sérstaklega beri að viðhalda upprunalegu yfirbragði. Sjá umfjöllun í rammaákvæði nr. 5 í kafla 7.2.2 Rammaákvæði aðalskipulags.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.3.2 Áætlun um uppbyggingu íbúða á Kársnesi

Gert er ráð fyrir að heildarfjölgun íbúða á Kársnesi á skipulagstímabilinu geti orðið um 1.400 íbúðir.

Gert er ráð fyrir að meðalstærð íbúða minnki á Kársnesi eða verði um 103 m^2 - en er um 130 m^2 í dag án bílakjallara.

Hér að neðan er skrá yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m^2 á Kársnesi.

- Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir síðla árs 2019 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands.
- Áætlun um uppbyggingu íbúða er byggð á áætlun skipulagsdeildar Umhverfissviðs Kópavogs, SBK.

Sjá einnig kafla 2. Byggð.

Tafla 7-1. Áætlun um uppbyggingu íbúða á Kársnesi.

	Íbúar	**Íbúðir**	**Íbúar/íbúð**	**m^2 íb, heild */*****	**m^2/íbúa */*****	**meðalst. m^2/íbúða */*****
Núverandi byggð 2019.	5.534	2.190	2,5	321.014	58	147
Samantekt fyrir núverandi byggð 2019 og samþykkta og áætlaða byggð til 2040.	9.000	3.580	2,5	464.000	52	130
Áætluð fjölgun íbúa og íbúða 2019-2040. - Miðað er við 2,5 íbúa í nýjum íbúðum.	**3.475**	**1.390****	2,5	143.000	41	103
Þar af áætlun til 2030; Íbúðir byggðar fyrir 2030 eða komnar í byggingu þá.		**1.100****				

*Alla jafna er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum fermetratölum til 2040.

****Vikmörk** á fjölda íbúða geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%.

Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

Tekið er fram að áætlun þessa þarf að endurskoða reglulega, t.d. í tengslum við þróunaráætlun SSH. Hlutfall milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður endurskoðað á skipulagstímabilinu.

***Ef misræmi er á milli áætlaðs svæðisnýtingarhlutfalls og áætlaðrar uppbyggingar í töflum (m^2) gildir áætlað svæðisnýtingarhlutfall.

Áætlun um uppbyggingu er miðuð við stöðu íbúða í lok árs 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.3.3 Helstu breytingar aðalskipulags á Kársnesi



Mynd 7-18. Helstu breytingar á Kársnesi á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 með staðfestingu þessa skipulags 2019-2040.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026
AFLI: Rammahluti aðalskipulags

Bæjarhluti 2

Digranes

Ljósmynd, ONNO ehf.

Skjal sótt af '000 000000 Lags: 25.10 2026



Mynd 7-19. Íbúaþróun á Digranesi. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 7-20. Aldursskipting íbúa á Digranesi 1992 -2019. Heimild: Hagstofa Íslands.

7.4 DIGRANES

Eins og Kársnes telst Digranes til eldri hverfa Kópavogs. Upp úr 1950 tók byggð að þéttast á Digranesi, fyrst í Tröðunum og Hvömmunum og um 1970 var eldri hluti hverfisins svo gott sem fullbyggður. Á áttunda áratug síðustu aldar byggjast Grundirnar, Engihjalli og Smiðju- og Skemmuhverfi og loks Suðurhlíðarnar. Digraneshlíðar byggðust síðan á tíunda áratugnum. Nýjasta svæðið er Lundur í Fossvogsdal en svæðið var skipulagt á árunum 2003-2005.

Eldri byggðin á Digranesi er að mestu ódeiliskipulögð þó einstaka lóðir og svæði i hafa verið deiliskipulögð í seinni tíð. Innan þessa elsta hluta hverfisins eru nokkrar heilsteyptar götumyndir og hafa tvær þeirra verið auðkenndar með því markmiði að sérstaklega beri að viðhalda upprunalegu yfirbragði. Sjá umfjöllun í **rammaákvæði nr. 5** í kafla 7.2.2 Rammaákvæði aðalskipulags.

Hverfisvernd, friðlýstar fornleifar/menningarminjar, friðlýstar náttúruminjar. Sjá einnig umfjöllun i 4. kafla:

- Átta svæði eru hverfisvernduð, Fossvogslækur og umhverfi hans (HV-3), Einbúi (HV-4), Álfhóll (HV-5), trjálundur ofan Aspar- og Birkigrundar (HV-6), trjálundur ofan Nýbýlavegar (Eilífsreiturinn) (HV-7), trjálundur milli Reynihvamms og Digranesvegar (HV-8), grjótnám norðan Smiðjuvegar (HV-9). Í aðalskipulagi þessu er einnig lagt til að Hlíðargarður fái hverfisvernd (HV-26).
- Álfhóll (MV-5), Digranesbærinn (MV-6) og Systkinaleiði (MV-12) eru friðlýstar fornminjar.
- Víghólar (FS-3) á Digraneshálsi er friðlýst náttúruvætti skv. náttúruverndarlögum.

Verslun og þjónusta er nokkuð víða í hverfinu, m.a. í Engihjalla, við Hjallabrekku, Auðbrekku, Nýbýlaveg, Smiðju- og Skemmuhverfi og í Hamraborg, en Hamraborgarsvæðið er skilgreint sem miðsvæði og bæjarkjarni Kópavogs.

Á Digranesi eru stór og smá útivistarsvæði sem bjóða upp á fjölbreytta möguleika á útivist. Þar ber að nefna dalina tvo, Kópavogsdal og Fossvogsdal, auk Hlíðargarðs og Víghólasvæðisins. Á Digranesi er eini menntaskóli bæjarins, Menntaskóli Kópavogs. Snælandsskóli, Álfhólsskóli og Kópavogsskóli eru grunnskólar hverfisins. Þar eru jafnframt sex leikskólar en einnig gert ráð fyrir nýjum leikskóla í Lundi.

Í aðalskipulaginu er miðað við uppbyggingu á Hamraborgarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir byggð íbúða, verslunar- og þjónustuhúsnæðis.

Digranes er um 340 hektarar að flatarmáli og er fjölmennasta hverfi Kópavogs en þar bjuggu í árslok 2019 liðlega 13.600 manns eða 36% allra bæjarbúa. Fjöldi íbúða er um 4.970 talsins sem gerir að meðaltali um 14,6 íbúðir á hektara. Að meðaltali voru 2,7 íbúa í hverri íbúð árið 2019. Þegar aldursdreifing í hverfinu er skoðuð kemur í ljós að meðalaldur íbúa er að hækka, íbúum í eldri aldursflokkum hefur fjölgað hlutfallslega og yngri íbúum hefur fækkað hlutfallslega á síðastliðnum árum. Alls voru um 267.000 m^2 í atvinnuhúsnæði í bæjarhlutanum árið 2019.

Í aðalskipulaginu er miðað við áframhaldandi uppbyggingu í hverfinu aðallega á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum í Hamraborg, Auðbrekku, Traðareit-eystri og Háveg. Gert er ráð fyrir þéttri byggð á þessums svæðum og blandaðri starfsemi. Einnig er gert ráð fyrir að kjarnastöð borgarlínu í Hamraborg á skipulagstímabilinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-22. Ódeiliskipulögð svæði á Digranesi 2019.



Mynd 7-21. Opin svæði og göngustígar á Digranesi.

Mynd 7-23. Minjavernd, huliðsvættir, hverfisvernduð svæði, friðlýst svæði og svæði fyrir sértæk rammaákvæði.



Mynd 7-24. Gatnakerfi á Digranesi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-25. Miðbæjarkjarni, hverfiskjarnar og skilgreindar bæjargötur.

7.4.1 Markmið fyrir Digranes

Í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins og hverfisáætlanir um sjálfbærni hverfa, vistvænar samgöngur og aukin gæði byggðar eru eftirfarandi markmið sett fram um Digranes:

- Vistvænt og lýðheilsuvænt Digranes

Á Digranesi skal stuðla að því að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og og auka sjálfbærni með vistvænum áherslum. Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla- og gönguleiðir og almenningssamgöngur. Stefnt er að greiðum og öruggum samgönguleiðum milli heimila, skóla, verslana, leikskóla og biðstöðva strætó svo að þörf fyrir akstur innan hverfisins verði sem minnstur.

- Hamraborg

Hamraborg er skilgreind sem bæjarkjarni í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Bæjarkjarnar eiga að gegna lykilhlutverki í þjónustu við nálæga byggð. Nauðsynlegt er að starfsemi sem ýtir undir fjölbreytta verslun og þjónustu sé beint inn í Hamraborgina. Við gerð deiliskipulags í og við Hamraborgina skal setja kröfur um hámarksfjölda bílastæða og aðra skipulagsskilmála sem styðja við notkun almenningssamgangna í ferðum að og frá svæðinu.

- Hverfiskjarnar/nærþjónusta á Digranesi

Fimm hverfiskjarnar eru skilgreindir á Digranesi (sjá mynd 7-25). Til að stuðla að aukinni þjónustu og verslun innan hverfisins skulu hverfiskjarnar hafa forgang við staðarval á þjónustu. Leggja skal áherslu á gott aðgengi fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur að hverfiskjörnum. Huga skal að hjólastæðum í góðum gæðum við hverfiskjarna og aðra nærþjónustu. Markmiðið er að verslun, þjónusta og/eða önnur atvinnustarfsemi í umræddum kjörnum verði áfram til staðar á jarðhæðum. Að jafnaði er ekki er mælt með að atvinnuhúsnæði á jarðhæðum í hverfiskjörnum verði breytt í íbúðir.

- Bæjargötur

Álfhólsvegur, Engihjalli, Digranesvegur og Furugrund (sjá mynd 7-25) eru skilgreindar sem bæjargötur á Digranesi. Á bæjargötum er lögð áhersl a á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverfinu og þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Við endurhönnun bæjargatna og umhverfis þeirra er æskilegt að þær séu skoðaðar heildstætt.

- Yfirbragði byggðar og sérkennum hverfisins viðhaldið á afmörkuðum götureitum á Digranesi

Fyrirhugaðar breytingar á einstökum lóðum eða hluta götureita í eldri hverfum bæjarins skulu ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar þar sem m.a. er gætt samræmis hvað varðar götumynd, hlutföll bygginga og byggingarstíl.Tvær heilsteyptar götumyndir hafa verið auðkenndar á Digranesi með því markmiði að sérstaklega beri að viðhalda upprunalegu yfirbragði. Sjá umfjöllun í **rammaákvæði nr. 5** í kafla 7.2.2 Rammaákvæði aðalskipulags.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.4.2 Áætlun um uppbyggingu íbúða á Digranesi

Gert er ráð fyrir að heildarfjölgun íbúða á Digranesi, á skipulagstímabilinu, geti orðið um 1.600 og fjölgun íbúa um 4.000.
Árið 2030 gætu íbúar á Digranesi verið um 17.500 miðað við 2,5 íbúa á íbúð.
Gert er ráð fyrir að meðalstærð nýrra íbúða minnki á skipulagstímabilinu. Sjá töflu 7-2 hér á eftir.

Hér að neðan er skrá yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m^2 á Digranesi.

- Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir, haustið 2019, eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands.
- Áætlun um uppbyggingu íbúða er byggð á áætlun skipulagsdeildar Umhverfissviðs Kópavogs, SBK.

Sjá einnig kafla 2. Byggð.

Tafla 7-2. Áætlun um uppbyggingu íbúða á Digranesi.

	Íbúar	**Íbúðir**	**Íb/íbúð**	**m^2 íb */*****	**m^2/íbúa */*****	**meðalst.m^2 /íbúða */*****
Núverandi byggð 2019.	13.601	4.968	2,7	653.751	48	132
Samantekt fyrir núverandi byggð 2019, samþykkta og áætlaða byggð til 2040.	17.581	6.570	2,7	842.592	48	128
Áætluð fjölgun íbúa og íbúða 2019-2040. Miðað er við 2,5 íbúa í nýjum íbúðum.	**3.980**	**1.600****	2,5	188.841	47	118
Þar af áætlun til 2030; Íbúðir byggðar fyrir 2030 eða komnar í byggingu þá.		**1.000****				

*Alla jafna er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum fermetratölum til 2040.

****Vikmörk** á fjölda íbúða geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%.
Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

Tekið er fram að áætlun þessa þarf að endurskoða reglulega, t.d. í tengslum við þróunaráætlun SSH. Hlutfall milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður endurskoðað á skipulagstímabilinu.
***Ef misræmi er á milli áætlaðs svæðisnýtingarhlutfalls og áætlaðrar uppbyggingar í töflum (m^2) gildir áætlað svæðisnýtingarhlutfall.

Áætlun um uppbyggingu er miðuð við stöðu íbúða í lok árs 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.4.3 Helstu breytingar aðalskipulags á Digranesi



Mynd 7-26. Helstu breytingar á Digranesi á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 með staðfestingu þessa skipulags 2019-2040.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Bæjarhluti 3

Smárar



Ljósmynd, ONNO ehf.

Skjal sótt af Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 25.10.2026



Mynd 7-27. Íbúaþróun í Smárahverfi. Heimild Hagstofa Íslands.



Mynd 7-28. Aldursskipting íbúa 2014- 2019. Heimild Hagstofa Íslands.

7.5 SMÁRAR

Smárahverfi er deiliskipulagt frá grunni, ólíkt eldri hverfum Kópavogs. Í deiliskipulagsvinnunni var meginánhersla lögð á að bjóða upp á annars vegar fjölbreytta byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa og hins vegar verslunar-, þjónustu- og atvinnuhúsnæði. Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa reis í Smárahverfi að mestu á árunum 1992-2008.

Íbúðarhverfin eru tvö í hverfinu, á Nónhæð og í Kópavogsdal. Smáraskóli þjónar báðum íbúðarsvæðunum og tengist þeim með greiðfærum umferðaræðum, bæði fyrir akandi, hjólandi og gangandi umferð.

Hæðin sunnan dalsins nefnist frá fornu fari Nónhæð og er hæsti hluti hverfisins í um 80 metra hæð yfir sjávarmáli. Bæjarhlutinn er í miðju höfuðborgarsvæðisins, á milli tveggja stofnbrauta, Hafnarfjarðarvegar í vestri og Reykjanesbrautar í austri.

Á árunum 1993-4 fluttu fyrstu íbúarnir inn í Smárahverfið. Á árinu 1995 voru þeir liðlega 850 talsins og fjölgaði hratt. Fjölmennast var hverfið í byrjun árs 2002 alls 3.535 íbúar.

Helstu sérkenni Smára eru Kópavogsdalurinn, íþróttaaðstaðan í Kópavogsdal, fjölbreytt byggðarmynstur ásamt fjölbreyttri verslun og þjónustu sem þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu. Austast í hverfinu er mikil þjónusta, annars vegar við Dalveg og hins vegar í Smáralind og þjónustusvæðinu sunnan við hana. Þar er allt frá matvöruverslun, smávöruverslunum, lögreglustöð og pósthúsi að bílaverkstæðum, málningarverslun og málningarverslun.

Íþróttasvæði Breiðabliks, er í Kópavogsdal og nær það yfir um 17 ha svæði. Þar er íþróttahúsið Smárinn, fjórir æfingarvellir og kastvöllur ásamt fjölnotahúsinu Fífunni, tennishöll og tennisvöllum og Smárahvammsvelli.

Hverfisvernd: Í hverfinu eru tvö hverfisvernduð svæði; Engjaborg við Fífuhvammsveg (HV-11) og trjálundir milli Reynihvamms og Digranesvegar (HV-8). Trjálundirnir eru meðal elstu trjálunda bæjarins og eru góð dæmi um ræktun á sumarbústaðalöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Sjá einnig umfjöllun i 4. kafla.

Smárahverfið er um 154 ha að stærð og er minnsta hverfið í Kópavogi og með fæstu íbúana. Í hverfinu bjuggu í lok árs 2019 rúmlega 3.200 íbúar eða liðlega 8,3% allra bæjarbúa.

Þéttleiki byggðar er um 9,6 íbúðir á hektara en fjöldi íbúða haustið 2019 var um 1.470. Að meðaltali voru 2,2 íbúar í hverri íbúð. Hlutfall 65 ára og eldri er hátt í Smára í samanburði við önnur hverfi í Kópavogi eða um 20%. Alls voru um 248.000 m^2 í atvinnuhúsnæði í bæjarhlutanum árið 2019.

Í aðalskipulaginu er miðað við áframhaldandi uppbyggingu í hverfinu aðallega innan miðsvæðisins við Reykjanesbraut sunnan Smáralindar og við Dalveg. Gert er ráð fyrir þéttri, blandaðri byggð sunnan Smáralindar og verslun- og þjónustu við Dalveg. Einnig er gert ráð fyrir að kjarnastöð Borgarlínu í/við Smáralind á skipulagstímabilinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-29. Yfirlit yfir deiliskipulögð svæði í Smárahverfi.



Mynd 7-30. Opin svæði og göngustígar í Smárahverfi.

Mynd 7-31. Minjavernd, huliðsvættir, hverfisvernduð svæð og friðlýst svæði.



Mynd 7-32. Gatnakerfi Smárans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-33. Svæðiskjarni, hverfiskjarni og skilgreindar bæjargötur.

7.5.1 Markmið fyrir Smára

Í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins og hverfisáætlanir um sjálfbærni hverfa, vistvænar samgöngur og aukin gæði byggðar eru eftirfarandi markmið sett fram um Smárahverfi:

- Vistvænt og lýðheilsuvænt Smárahverfi

Í Smárahverfi skal stuðla að því að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og auka sjálfbærni með vistvænum áherslum. Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla- og gönguleiðir og almenningssamgöngur.

Sérstök áhersla skal lögð á að bæta tengingar fyrir gangandi og hjólandi yfir í Lindahverfi. Við gerð deiliskipulags verði settar kröfur um hámarksfjölda bílastæða og aðra skipulagsskilmála sem styðja við notkun almenningssamgangna í ferðum að og frá svæðinu.

- Fjölbreyttar íbúðategundir

Huga þarf að fjölbreytileika í húsnæði og góðri aldursdreifingu í hverfinu við gerð deiliskipulags. Við suðursvæði Smáralindar þarf sérstaklega að huga að millistærð íbúða fyrir fjölskyldufólk og ungt fólk. Við þéttingu byggðar þarf að huga að góðum leik-og útivistarsvæðum fyrir alla aldurshópa til að laða að fjölskyldufólk.

- Smáralind svæðiskjarni

Smáralind og nágrenni hennar er svæði sem skilgreint er sem svæðiskjarni höfuðborgarsvæðisins í gildandi svæðisskipulagi - og miðsvæði (M) og verslunar- og þjónustusvæði (VÞ) í aðalskipulagi Kópavogs. Gert er ráð fyrir þéttbyggðu svæði með fjölbreytilegri starfsemi, stofnunum, samfélagsþjónustu og afþreyingu. Tryggja ber að visst hlutfall íbúða verði á viðráðanlegu verði á þessu svæði. Sérstök áhersla skal lögð á að hanna gott aðgengi fyrir hjólandi og gangandi að verslunum og annarri þjónustu innan miðsvæðisins. Stefna skal að hágæða hjólastæðum við Smáralind.

- Hverfiskjarni/nærþjónusta í Smáranum

Einn hverfiskjarni er skilgreindur í hverfinu (sjá mynd 7-33). Leggja skal áherslu á gott aðgengi fyrir hjólandi og gangandi að hverfiskjarnanum. Hugað skal að hjólastæðum í góðum gæðum við hverfiskjarna og aðra nærþjónustu.

- Bæjargötur

Smárahvammsvegur, Hlíðarsmári, og Hagasmári (sjá mynd 7-33) eru skilgreindar sem bæjargötur í Smárahverfi. Á bæjargötum er lögð áhersla á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverfinu og þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Við endurhönnun bæjargatna og umhverfis þeirra er æskilegt að þær séu skoðaðar heildstætt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.5.2 Áætlun um uppbyggingu íbúða í Smárahverfi

Gert er ráð fyrir að heildarfjölgun íbúða í Smárahverfi á skipulagstímabilinu (frá 2019 til 20140) geti orðið um 760 íbúðir á þróunarsvæði /miðsvæði sunnan Smáralindar og á Nónhæð. Í lok árs 2019 er uppbygging komin vel á veg á þróunarsvæðinu í Smáranum (201 Smári).

Hér að neðan er skrá yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m^2.

- Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir haustið 2019 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands.
- Áætlun um uppbyggingu íbúða er byggð á áætlun skipulagsdeildar Umhverfissviðs Kópavogs, SBK.

Sjá einnig kafla 2. Byggð.

Tafla 7-3. Áætlun um uppbyggingu íbúða í Smárahverfi.

	Íbúar	**Íbúðir**	**Íb/íbúð***	**m^2 íb */*** **	**m^2/íbúa */*** **	**meðalst.m^2 /íbúða */*** **
Núverandi byggð 2019.	3.215	1.471	2,2	171.583	53	117
Samantekt fyrir núverandi byggð 2019, samþykkta og áætlaða byggð til 2040.	5.065	2.231	2,3	259.283	51	116
Áætluð fjölgun íbúa og íbúða 2019-2040. Miðað er við 2,5 íbúa í nýjum íbúðum.	**1.850**	**760****	2,5	88.000	46	115
Þar af áætlun til 2030; Íbúðir byggðar fyrir 2030 eða komnar í byggingu þá.		**760****				

*Alla jafna er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum fermetratölum til 2040.

****Vikmörk** á fjölda íbúða geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%.

Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

Tekið er fram að áætlun þessa þarf að endurskoða reglulega, t.d. í tengslum við þróunaráætlun SSH. Hlutfall milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður endurskoðað á skipulagstímabilinu.

***Ef misræmi er á milli áætlaðs svæðisnýtingarhlutfalls og áætlaðrar uppbyggingar í töflum (m^2) gildir áætlað svæðisnýtingarhlutfall.

Áætlun um uppbyggingu er miðuð við stöðu íbúða í lok árs 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.5.3 Helstu breytingar aðalskipulags í Smára



Mynd 7-34. Helstu breytingar í Smárahverfi á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 með staðfestingu þessa skipulags 2019-2040.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Bæjarhluti 4 Fífuhvammur

Ljósmynd, ONNO ehf.

Skjal: 2118.000000000 dags: 25.10.2026



Mynd 7-35. Íbúaþróun í Fífuhvammi. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 7-36. Aldursskipting íbúa 2012-2019. Heimild: Hagstofa Íslands.

7.6 FÍFUHVAMMUR

Fífuhvammur er fjórða hverfið sem byggðist upp í þéttbýli Kópavogs og var það skipulagt frá grunni á árunum 1991-2001. Áður höfðu Kársnes, Digranes og Smárinn byggst upp. Íbúðarhverfin eru tvö, Lindir og Salir, en atvinnusvæðin eru við Bæjarlind, Álalind, Akralind og Skógarlind. Hverfið afmarkast af Reykjanesbraut í vestri, bæjarmörkum Reykjavíkur og Kópavogs í norðri og Arnarnesvegi ásamt bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs í suðri. Saman mynda Smárahverfi og Fífuhvammur miðju Kópavogs með mikilli verslunar- og þjónustumiðju sem er hluti af svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins, tengt aðalgatnakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Í bæjarhlutanum er margvísleg félagsleg þjónusta sem dreifist um hverfið. Grunnskólarnir tveir eru fyrir miðju í hvoru íbúðarhverfi en íþróttasvæðið er austast í hverfinu við Fífuhvamms- og Arnarnesveg, ásamt Salalaug, íþróttahúsi Gerplu, Versalavelli og golfvelli GKG. Fjórir leikskólar eru í hverfinu, og Heilsugæslan Salahverfi. Opin svæði eru Selhryggur, Hvammshlíð og Rjúpnadalshlíð/Smalaholt.

Hverfisvernd, minjavernd skv. fornleifaskrá. Sjá einnig umfjöllun i 4. kafla:

- Í Fífuhvammi eru þrjú hverfisvernduð svæði. Hádegishólar (HV-10), Engjaborg við Fífuhvammsveg (HV-11) og Sel í Rjúpnalækjarhlíð (HV-12).
- Í aðalskipulaginu er gamalt sel við Fífuhvammsbæinn (MV-7)og Markasteinn (MV-8) minjavernduð svæði með vísan til Fornleifaskrár Kópavogs 2020.

Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa einkennir bæjarhlutann. Fífuhvammur er um 227 hektarar að stærð og í lok árs 2019 bjuggu þar um 6.500 íbúar eða um 17% allra bæjarbúa. Fjöldi íbúða í lok árs 2019 var um 2.540 og þéttleiki byggðar um 11,2 íbúðir á hektara. Alls voru um 100.000 m^2 í atvinnuhúsnæði í bæjarhlutanum árið 2019.

Landnotkun í Fífuhvammi er að stórum hluta íbúðarhúsnæði ásamt íþrótta- og útivistarsvæði. Kirkjugarður Kópavogs er í bæjarhlutanum. Vestast er miðsvæði með verslun- og þjónustustarfsemi, auk íbúða. Við Arnarnesveg er athafnasvæði.

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Fífuhvammi. Helsta nýbyggingarsvæðið er á þróunarsvæði í Glaðheimum þar sem áður var athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts. Svæðið er deiliskipulagt, hluti þess nú þegar byggður og hluti þess í byggingu. Vorið 2020 var unnið að breytingum á deiliskipulaginu þar sem hlutfall íbúðarbyggðar var aukið. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð verslunar, þjónustu og íbúða.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-37. Deiliskipulögð svæði í Fífuhvammi.



Mynd 7-38. Opin svæði og göngustígar í Fífuhvammi.



Mynd 7-39. Minjavernd, huliðsvætti, hverfisvernd og friðlýst svæði.

Mynd 7-40. Gatnakerfi í Fífuhvammi.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-41. Svæðiskjarni, hverfiskjarni og skilgreindar bæjargötur.

7.6.1 Markmið fyrir Fífuhvamm

Í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins og hverfisáætlanir um sjálfbærni hverfa, vistvænar samgöngur og aukin gæði byggðar eru eftirfarandi markmið sett fram um Fífuhvamm:

- Vistvænn og lýðheilsuvænn Fífuhvammur

Í Fífuhvammi skal draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og auka sjálfbærni með vistvænum áherslum. Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla- og gönguleiðir og almenningssamgöngur.

Sérstök áhersla skal lögð á að bæta tengingar fyrir gangandi og hjólandi yfir í Smárahverfið til að tengja miðsvæðið yfir Reykjanesbrautina. Við gerð deiliskipulags verða settar kröfur um hámarksfjölda bílastæða og aðra skipulagsskilmála sem styðja við notkun almenningssamgangna í ferðum að og frá svæðinu.

- Fjölbreyttar íbúðategundir

Huga þarf að fjölbreytileika í húsnæði og góðri aldursdreifingu í hverfinu við gerð deiliskipulaga. Við Glaðheima þarf sérstaklega að huga að millistærð íbúða fyrir fjölskyldufólk og ungt fólk. Við þéttingu byggðar þarf að huga að góðum leik-og útivistarsvæðum fyrir alla aldurshópa til að laða að fjölskyldufólk.

- Hverfiskjarni/nærþjónusta í Fífuhvammi

Þrír hverfiskjarnar eru skilgreindir í hverfinu (sjá mynd 7-41). Leggja skal áherslu á gott aðgengi fyrir hjólandi og gangandi að hverfiskjarna og miðsvæði. Huga skal að hjólastæðum í góðum gæðum við hverfiskjarna og aðra nærþjónustu.

- Bæjargötur

Salavegur (sjá mynd 7-41) er skilgreind sem bæjargata. Á bæjargötum er lögð áhersla á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverfinu og þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Við endurhönnun bæjargatna og umhverfis þeirra er æskilegt að þær séu skoðaðar heildstætt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.6.2 Áætlun um uppbyggingu íbúða í Fífuhvammi

Gert er ráð fyrir að heildarfjölgun íbúða í Fífuhvammi á skipulagstímabilinu geti orðið um 600.

Hér að neðan er skrá yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m^2 í Fífuhvammi.

- Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir haustið 2019 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands.
- Áætlun um uppbyggingu íbúða er byggð á áætlun skipulagsdeildar Umhverfissviðs Kópavogs, SBK.

Sjá einnig kafla 2. Byggð.

Tafla 7-4. Áætlun um uppbyggingu íbúða í Fífuhvammi.

	Íbúar	**Íbúðir**	**Íb/íbúð**	**m^2 íb */*****	**m^2/íbúa */*****	**meðalst.m^2 /íbúða */*****
Samantekt fyrir núverandi byggð 2019.	6.502	2.540	2,6	339.987	52	134
Samantekt fyrir núverandi byggð 2019, samþykkta og áætlaða byggð til 2040.	7.977	3.126	2,5	404.887	51	129
Áætluð fjölgun íbúa og íbúða 2019-2040. Miðað er við 2,5 íbúa í nýjum íbúðum	**1.475**	**590****	2,5	82.000	56	139
Þar af áætlun til 2030; Íbúðir byggðar fyrir 2030 eða komnar í byggingu þá.		**540****				

*Alla jafna er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum fermetratölum til 2040.

****Vikmörk** á fjölda íbúða geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%.

Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

Tekið er fram að áætlun þessa þarf að endurskoða reglulega, t.d. í tengslum við þróunaráætlun SSH. Hlutfall milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður endurskoðað á skipulagstímabilinu.

***Ef misræmi er á milli áætlaðs svæðisnýtingarhlutfalls og áætlaðrar uppbyggingar í töflum (m^2) gildir áætlað svæðisnýtingarhlutfall.

Áætlun um uppbyggingu er miðuð við stöðu íbúða í lok árs 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.6.3 Helstu breytingar aðalskipulags í Fífuhvammi



Mynd 7-42. Helstu breytingar í Fífuhvammi á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 með staðfestingu þessa skipulags 2019-2040.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Bæjarhluti 5 Vatnsendi

Ljósmynd, ONNO ehf.

Skjal sótt af 0000000 - Ágs. 25.10.2026



Mynd 7-43. Íbúaþróun í Vatnsenda. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 7-44. Aldursskipting 2002-2019. Heimild: Hagstofa Íslands.

7.7 VATNSENDI

Vatnsendi er um 700 ha að flatarmáli og er nýjasta og er stærsta hverfi Kópavogs að flatarmáli. Vatnsendahverfi afmarkast af sveitarfélagamörkum Reykjavíkur og Kópavogs í vestri og norðri, Elliðavatni og Heiðmörk í austri og sveitarfélagamörkum Garðabæjar og Kópavogs í suðri. Byggð í Vatnsenda er deiliskipulögð að mestu frá grunni. Íbúðarhverfin eru þrjú og skiptist í Hvörf, Þing og Kóra. Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa einkennir bæjarhlutann sem byggður er að mestu á árunum 1990-2012.

Í Vatnsenda eru stór útivistarsvæði. Þar ber að nefna Guðmundarlund, Magnúsarlund ásamt, Rjúpnahæð og opnu svæðin við Akurhvarf, Grandahvarf og Dimmuhvarf. Einnig er stígur og svæði umhverfis Elliðarvatn vinsælt útivistarsvæði í hverfinu.

Hverfisvernd, verndaðar fornleifar, friðlýstar fornleifar/menningarminjar. Sjá einnig umfjöllun i 4. kafla:

- Í Vatnsenda eru fimm hverfisvernduð svæði; Dimma (HV-13), Elliðavatn (HV-14), Tjálundur við Laxatungu (HV-15), Guðmundarlundur (HV-18), Magnúsarlundur (HV-21) og Markasteinn (HV-22).
- Minjar í Fornleifaskrá Kópavogs, merktar inn á uppdrátt aðalskipulags, eru; Markasteinn (MV-8), rústir undir Vatnsendahvarfi (MV-9) og beitarhús suður af Litlabás (MV-10).
- Þingnes (MV-2) sem gengur út í Elliðavatn að sunnanverðu er friðlýst samkvæmt þinglýsingu árið 1938. Til friðlýsingar teljast mannvirkjaleifar þar sem talið er að hinn forni Kjalarnesþingstaður hafi verið. Þingness er einnig getið í Fornleifaskrá Kópavogs sem minja sem taldar eru hafa mest minjagildi.

Í bæjarhlutanum er margvísleg þjónusta sem dreifist vel um hverfið. Grunnskólarnir tveir eru fyrir miðju í íbúðarhverfunum og leikskólar eru fjórir í hverfinu. Íþróttamiðstöðin er staðsett í Kórnum með góða aðstöðu til íþróttaiðkunar, Hestamannafélagið Sprettur hefur aðsetur á Kjóavöllum. Í Boðaþingi er þjónustumiðstöð og félagsmiðstöð fyrir aldraða Kópavogsbúa o.fl. Hjúkrunarheimilið Hrafnista er tengt þjónustumiðstöðinni. Ýmsa verslun og þjónustu er að finna í austast í hverfinu í Vatnsendahvarfi.

Íþróttasvæði HK er í Vallarkór og nær það yfir um 19 ha svæði. Þar er íþróttahúsið Kórinn sem er knatthús og fullgildir handknattleiksvellir. Þessari aðstöðu er hægt að breyta í tónleikahöll. Utandyra er gervigrasvöllur og tveir æfingavellir með náttúrulegu grasi.

Vatnsendi er um 490 ha að stærð að undanskildu óbyggðu svæði og skógræktarsvæði á Vatnsendaheiði. Fjöldi íbúa í lok árs 2019 var um 8.870 eða liðlega 23% allra bæjarbúa. Fjöldi íbúða í árslok 2019 var um 3.037 og þéttleiki byggðar um 6,2 íbúðir á hektara.

Í Vatnsenda eru að meðaltali um 2,9 íbúar í hverri íbúð. Í hverfinu eru hlutfallslega fáir í aldurshópnum 65 ára eldri en þeim hefur fjölgað mikið á seinustu árum. Alls voru um 140.000 m^2 í atvinnuhúsnæði í bæjarhlutanum árið 2019.

Hluti hverfisins er enn óbyggður, þar á meðal Vatnsendahvarf (Vatnsendahæð) og Vatnsendahlíð auk hluta reits við Vatnsendablett. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í hverfinu á næstu árum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-45. Deliskipulögð svæði í Vatnsenda



Mynd 7-46. Opin svæði og göngustígar Vatnsenda.

Mynd 7-47. Minjavernd, hverfisvernd og friðlýst svæði.



Mynd 7-48. Gatnakerfi í Vatnsenda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 7-49. Hverfiskjarnar og skilgreindar bæjargötur.

7.7.1 Markmið fyrir Vatnsenda

Í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins og hverfisáætlanir um sjálfbærni hverfa, vistvænar samgöngur og aukin gæði byggðar eru eftirfarandi markmið sett fram um Vatnsendahverfi.

- Vistvænt og lýðheilsuvænt Vatnsendahverfi

Í Vatnsenda skal draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og auka sjálfbærni með vistvænum áherslum. Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla- og gönguleiðir og almenningssamgöngur.

- Hverfiskjarni/nærþjónusta Vatnsenda

Tveir hverfiskjarnar eru skilgreindir í hverfinu (sjá mynd 7-49). Leggja skal áherslu á gott aðgengi fyrir hjólandi og gangandi að hverfiskjarnanum. Hugað skal að hjólastæðum í góðum gæðum við hverfiskjarna og aðra nærþjónustu.

- Bæjargötur

Þingmannaleið, Víkurhvarf og Ögurhvarf (sjá mynd 7-49) eru skilgreindar sem bæjargötur í Vatnsenda. Á bæjargötum er lögð áhersla á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverfinu og þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræðar fyrir alla ferðamáta. Við endurhönnun bæjargatna og umhverfis þeirra er æskilegt að þær séu skoðaðar heildstætt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.7.2 Áætlun um uppbyggingu íbúða í Vatnsenda

Gert er ráð fyrir að heildarfjölgun íbúða í Vatnsenda á skipulagstímabilinu geti orðið um 1.420 íbúðir.

Hér að neðan er skrá yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m² fyrir Vatnsenda.

- Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir síðla árs 2019 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands.
- Áætlun um uppbyggingu íbúða er byggð á áætlun skipulagsdeildar Umhverfissviðs Kópavogs, SBK.

Sjá einnig kafla 2. Byggð.

Tafla 7-5. Áætlun um uppbyggingu íbúða á Vatnsenda.

VATNSENDI						
	Íbúar	**Íbúðir**	**Íb/íbúð**	**m² íb */*****	**m²/íbúa */*****	**meðalst.m² /íbúða */*****
Samantekt fyrir núverandi byggð 2019.	8.878	3.037	2,9	491.085	55	162
Samantekt fyrir núverandi byggð 2019, samþykkta og áætlaða byggð til 2040.	12.436	4.460	2,8	668.960	54	150
Áætluð fjölgun íbúa og íbúða 2019-2030. Miðað er við 2,5 íbúa í nýjum íbúðum.	**3.558**	**1.420****	2,5	177.875	50	125
Þar af áætlun til 2030; Íbúðir byggðar fyrir 2030 eða komnar í byggingu þá.		**400****				

*Alla jafna er ekki gert ráð fyrir bílakjöllurum í áætluðum fermetratölum til 2040.

****Vikmörk** á fjölda íbúða geta verið -10/+20% og miðast þau við hverfin fimm. Miða skal við að vikmörk í heildina verði ekki meiri 10%.

Vikmörk fyrir einstök hverfi eru ekki sjálfgefin. Þau eru háð samþykki skipulagsráðs á hverjum tíma.

Tekið er fram að áætlun þessa þarf að endurskoða reglulega, t.d. í tengslum við þróunaráætlun SSH. Hlutfall milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður endurskoðað á skipulagstímabilinu.

***Ef misræmi er á milli áætlaðs svæðisnýtingarhlutfalls og áætlaðrar uppbyggingar í töflum (m²) gildir áætlað svæðisnýtingarhlutfall.

Áætlun um uppbyggingu er miðuð við stöðu íbúða í lok árs 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.7.3 Helstu breytingar aðalskipulags í Vatnsenda



Mynd 7-50. Helstu breytingar í Vatnsenda á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 með staðfestingu þessa skipulags 2019-2040.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.8 UPPLAND KÓPAVOGS

7.8.1 Helstu breytingar aðalskipulags í upplandi



Mynd 7-51. Helstu breytingar í upplandi á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 með staðfestingu þessa skipulags 2019-2040.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

8 HELSTU HEIMILDIR OG RÝNI

HELSTU HEIMILDIR - YFIRLIT ER EKKI TÆMANDI

Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lög um náttúruvernd 60/2013.

Skipulagslög. 123/2010. Alþingi 2013: Skipulagsreglugerð 90/2013.

Tillaga um 34 aðgerðir sem eiga að stuðla að minnkun losunar og aukinni kolefnisbindingu.

Byggðastofnun: Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2020-2030.

Náttúruverndaráætlanir:

- Náttúruverndaráætlun Alþingis 2004-2018.
- Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013.

Fornleifafræðistofan:

- Fornleifaskrá Kópavogs endurskoðuð, 2020 (maí).
- Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs, 2020 (maí).

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá.

Minjastofnun Íslands: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir.

Minjasjá Minjastofnunar Íslands.

Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028.

Lyklafellslína 1 og Ísallína 3. Tillaga að matsáætlun, Landsnet, nóvember 2020.

Kópavogsbær:

- Aðalskipulag Kópatvogs 2012-2024.
- Stefna Kópavogs.
- Ársskýrsla Velferðarssviðs Kópavogs, 2018.
- Stefnur Kópavogs, Nýja línan, samgöngustefna Kópavogs, umhverfisstefna, lýðheilsustefna o.fl.

Loftmyndir ehf.

Náttúruminjaskrá – sjá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík 7. útgáfa.

Reykjavíkurborg (e.d.), Blágrænar ofanvatnslausnir: https://reykjavik.is/ofanvatnslausnir

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

- Vatnsverndarsamþykkt nr. 555/2015.
- Vatnsverndarkort, uppdráttur, vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, 2015.
- Greinargerð vatnsverndar, Stýrihópur um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, . Greinargerð um heildarendurskoðun, febrúar 2015, verkfræðistofan Vatnaskil.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Samgönguáætlun. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.

Samgöngusáttmáli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undirritaður í september 2019: https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/samgonguaaetlun/sattmali-um-samgongur-a-hofudborgarsvaedinu/

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040 o.fl.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.

- Höfuðborgarsvæðið 2040.
- Fylgirit 8, Náttúra og útivist, bls 20, með svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.
- Verk- og matslýsing aðalskipulagsbreytinga í Kópavogi og Reykjavík. Borgarlína Ártún-Hamraborg. Febrúar 2020.
- o.fl.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024.

Samgöngustofa /Siglingastofnun Íslands 2004:

- Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004.
- Yfirlitsuppdráttur hindranasvæða, skv. skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar (uppráttur nr. II).Heimild: https://www.samgongustofa.is/um/frettir/flugfrettir/nr/364

Skýrsla VSÓ. Hækkuð sjávarstaða á höfuðborgarsvæðinu, Áhrif og aðgerðir, Unnið með styrk úr rannsóknar- og þróunarsjóði Skipulagsstofnunar, Maí 2016. Skýrsla VSÓ, kafli 5.5.2. http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Haekkud-sjavarstada-a-hofudborgarsvaedinu-ahrif-og-adgerdir.pdf

Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Kort. Heimild/höfundar: Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson 2009.

Skipulagsstofnun:

- Landsskipulagsstefna 2015-2016. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerd.pdf
- Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu, Loftslag, landslag, lýðheilsa Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 Mars 2019 https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Lysing_landsskipulagsstefnu_mars-2019_loka.pdf
- Tillaga að landsskipulagsstefnu: Loftslag, landslag, lýðheilsa Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 Nóvember 2020 https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2016.pdf
- Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags. https://www.skipulag.is/media/skipulagsmal/Gerd_ask_ferli_og_adf.pdf https://www.skipulag.is/skipulagsmal/adalskipulag/
- Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Útgefið í desember 2005. https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatta_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf
- Um nýtingarhlutfall: https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/nytingahlutfall-breytt-skilgreining-i-reglugerd

Talnagrunnur Kópavogs. Byggt á gögnum úr Þjóðskrá og áætlun skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs Kópavogs.

Gögn Menntasviðs Kópavogs um skóla og fjölda nemenda.

Veðurstofa Íslands. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson (2003). Hröðunarkort.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Vegagerðin:

- Vegir og skipulag, leiðbeiningar Vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda.
- Vegasjá.
- Ólöf Kristjánsdóttir (2019), samgönguskipulag og sjálfbærni: https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/samgonguskupulag_sjalfbaerni/$file/Samg%C3%B6nguskipulag%20og%20sj%C3%A1lfb%C3%A6rni-Mannvit-Apr%C3%ADl%202019.pdf

Aðgengi að Þríhnúkagíg, Kópavogi. Mat á umhverfisáhrifum. VSÓ-ráðgjöf. 2012.

Umferðarspá. Aðalskipulag Kópavogs 2019-2031+. VSÓ-ráðgjöf. 2020.

Umerðarlíkan höfuðborgarsvæðisins.

Þjóðskrá.

Hagstofa Íslands.

Framkvæmdasýsla ríkisins (e.d.), vistvæn bygging: https://www.fsr.is/umhverfismal

Grænni byggð (áður Vistbyggðarráð).

- Grænni byggð (2014), Vistvænt skipulag þéttbýlis: https://cfb5f439-74b6-493e-a7fd-f59376383508.filesusr.com/ugd/54e708_73c0ceb9946e4b8b841388cd07561166.pdf

VEFSÍÐUR OG KORTASJÁR

Byggðastofnun: https://www.byggdastofnun.is/

Félag Sameinuðu þjóðanna UNA Iceland: https://www.un.is/heimsmarkmidin/

Frjálsa alfræðiritið: http://is.wikipedia.org

Hagstofa Íslands: https://hagstofa.is/

Isavia: https://www.isavia.is/

Kópavogur: https://www.kopavogur.is/

Landsvirkjun: https://www.landsvirkjun.is/

Landsnet: https://www.landsnet.is/

Minjastofnun Íslands: http://www.minjastofnun.is/

Náttúrufræðistofnun: https://www.ni.is/

Náttúrufræðistofnun: Kortasjá.

Orkustofnun: https://orkustofnun.is/

Samgöngustofa: https://www.samgongustofa.is/

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: http://ssh.is/

Skipulagsstofnun: https://www.skipulag.is/

Umhverfisstofnun: https://www.ust.is/

Veðurstofa Íslands: https://www.vedur.is/

Vegagerðin: https://www.vegagerdin.is/

Grænni byggð: https://www.graennibyggd.is/

Framkvæmdasýsla ríkisins: https://www.fsr.is/

Landssamband hestamannafélaga: http://map.is/lh/

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

RÝNI, SAMRÁÐ, RÁÐGJÖF

Drög vinnslutillögu voru rýnd af ráðgjafarfyrirtækinu Alta. Ráðgjöf og rýni.

Vinnslutillaga var unnin í samvinnu við ráðgjafa verkfræðistofunnar Mannvit. Þeir unnu einnig umhverfisskýrslu og voru ráðgjafar í vinnu við aðlögun aðalskipulags og heimsmarkmiðanna, m.a. þriggja vinnustofa um mikilvægisgreingar, úrvinnslu og niðurstöður þeirrar vinnu. Ráðgjafar Mannvits lásu einnig yfir gögnin.

Vinnslutillaga var rýnd af verkefnastjóra stefnumótunar Auði Finnbogadóttur og Önnu Elísabetu Ólafsdóttur sérfræðings í lýðheilsumálum.

Tillögur að mælikvörðum, í umhverfisskýrslu, voru unnar í samráði við Stjórnsýslusvið Kópavogs, upplýsingatæknideild og stefnumótun. Auði Finnbogadóttur, Jakob Sindra Þórsson og Ingimar Þór Friðriksson.

Ráðgjöf og aðstoð við yfirlestur og umbrot greinargerðar í word veitti Sigrún María Kristinsdóttir, Stjórnsýslusvið Kópavogs.

Prófarkalestur var unninn af Skafta Þ. Halldórssyni.

Náttúruvá var unnin af Finni Kristinssyni og Ómari Ívarssyni, Landslagi.

LJÓSMYNDIR

Anton Brink, A.B.

Birgitta Ósk Örvarsdóttir, B.Ó.Ö.

Björg Steinunn Gunnarsdóttir, B.S.G.

Friðrik Baldursson, F.B.

Hreinn Magnússon, H.M.

Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, K.H.K.

ONNO ehf.

Sigríður Björg Tómasdóttir, S.B.T.

Sirgrún María Kristinsdóttir, S.M.K.

Vilhelm Gunnarsson, V.G.

Myndir Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Viðauki 1
Umhverfisskýrsla

Ljósmynd, ONNO ehf.

Skjal sótt af '00000000'0 25.10.2026

9 VIÐAUKI 1. UMHVERFISSKÝRSLA

UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGS KÓPAVOGS

2019-2040

UMHVERFISSKÝRSLA

NÓVEMBER 2020

UPPFÆRÐ Í FEBRÚAR 2021

TILLAGA

Umhverfisskýrsla var unnin af Mannviti í samráði við skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Umhverfismat áætlana er unnið í samræmi við lög nr. 105/2006. Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Í samræmi við þau markmið er umhverfismat unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins og nýtist því sem innlegg í aðalskipulagsgerðina og stuðlar að upplýstri og gegnsærri ákvarðanatöku. Í meðfylgjandi skýrslu er greint frá niðurstöðum matsvinnu sem var liður í vinnu við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.

9.1 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfimat áætlana þar sem áætlunin:

- markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- er undirbúin og samþykkt af stjórnvaldi og unnin skv. lögum.

Tilgangur umhverfismats Aðalskipulags Kópavogs er:

- Að tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við endurskoðun aðalskipulagsins í því skyni að stuðla að umhverfisvernd og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum byggðaþróunar.
- Að meta umhverfisáhrif mismunandi valkosta um byggðaþróun og stuðla þannig að upplýstri og gegnsærri ákvarðanatöku við mótun aðalskipulagsins.

9.2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við gerð umhverfisskýrslu var tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Horft var einnig til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.

Áætlanir	Tenging	Samræmi/ósamræmi
Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.	Friðlýst svæði innan Kópavogs og svæði á náttúrminjaskrá. Svæði sem heyra undir sérstaka vernd skv. 61.gr. laganna.	Í aðalskipulagi er tekið mið af náttúruverndarlögum. Svæði sem skilgreind eru sem friðlýst svæði eða eru á náttúruminjaskrá eru skilgreind sem slík eða sem hverfisverndarsvæði. Svæði sem heyra undir sérstaka vernd í upplandi Kópavogs eru skilgreind sem óbyggð svæði og er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu þar.
Samgönguáætlun. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.	Vegaframkvæmdir innan sveitarfélagsins sem og framkvæmdir tengdar almenningssamgöngum, hjóla og göngustígum í samræmi við samgöngusáttmálann.	Tillagan er í samræmi við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2020-2034. Samgöngur, sem sérstaklega snerta Kópavogsbæ, eru m.a. Framkvæmdir við Arnarnesveg á milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar. Uppbygging Borgarlínu.
Samgöngusáttmáli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undirritaður í september 2019.	Samkomulagið tryggir að brýnar samgönguframkvæmdir á stofnvegum, Borgarlínu, hjóla- og göngustígum auk aðgerða á sviði öryggis og flæðis nái fram að ganga á styttri tíma en annars væri mögulegt.	Í tillögunni er gert ráð fyrir rými fyrir Borgarlínu og öðrum framkvæmdum sem getið er í samkomulaginu.
Landsskipulagsstefna 2015-2026.	Markar stefnu á landsvísu um skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar, loftslag, landslag og lýðheilsu.	Tillagan tekur mið af landsskipulagsstefnu. Fjallað er sérstaklega um tengsl við stefnuna í greinargerð og eins eru stefnumið sem samræmast landsskipulagsstefnu dregin fram sérstaklega.
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.	Markar stefnu um skipulag á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040. Unnið eftir 6 leiðarljósum.	Tillagan tekur mið af svæðisskipulagi. Fjallað er sérstaklega um tengsl við stefnu svæðisskipulags í viðkomandi köflum í greinargerð. Einnig eru stefnumið sem samræmast svæðisskipulagi dregin fram sérstaklega.
Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk aðliggjandi sveitarfélaga, bæði í heimalandi sem og upplandi Kópavogs.	Tillagan er í samræmi við skipulagsáætlanir eftirfarandi aðliggjandi sveitarfélaga: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 (heimaland). Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 (Heimaland). Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 (Uppland). Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 (Uppland).
Deiliskipulagsáætlanir.	Deiliskipulagsáætlanir byggðar á gildandi	Deiliskipulag byggir á stefnu aðalskipulags. Ef stefna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Áætlanir	Tenging	Samræmi/ósamræmi
	aðalskipulagi sem og þær sem unnar verða vegna nánari útfærslu skipulagsins.	aðalskipulags kallar á breytingar á núgildandi deiliskipulagsáætlunum verður unnið að því.
Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028.	Loftlínur Landsnets staðsettar í upplandi.	Tekið er mið af Kerfisáætlun í aðalskipulagi.
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Tillaga um 48 aðgerðir sem eiga að stuðla að minnkun losunar og aukinni kolefnisbindingu.	Höfð til hliðsjónar við gerð aðalskipulags og umhverfismats.	Horft til aðgerðaráætlunar við stefnumörkun aðalskipulags, einkum í umfjöllun um loftslag í kafla um umhverfi.
Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029. Áætlunin hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“. Leiðarljósið er að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið.	Höfð til hliðsjónar við gerð aðalskipulags og umhverfismats.	Horft til áætlunar um loftgæði við stefnumörkun aðalskipulags, einkum í umfjöllun um loftslag í kafla um umhverfi.

9.2.1 Alþjóðlegir samningar

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykkta liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Kópavogs.

Alþjóðlegir samningar	Tenging
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd. (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar og hvað varðar vargfugla.
Ramsarsamningur Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi. (Ramsar 1971).	Ekkert svæði nýtur verndar á grundvelli samningsins innan Kópavogs. En aðalskipulagið tekur mið af samningnum með að raska sem minnst votlendi.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni. (Ríó 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Parísarsamkomulagið (París 2015).	Aðildarríki skuldbinda sig til að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum innan 2°C og ná því marki fyrir árið 2030. Ísland hefur lögfest samstarf vð Noreg og Evrópusambandið um 40% heildarsamdrátt ríkjanna í losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2030, miðað við losun ársins 1990.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995) http://whc.unesco.org	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.

9.3 AÐFERÐIR

Umhverfismatið er unnið af Mannviti í samvinnu við skipulags- og byggingardeild Kópavogs. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis sem fjallað er um í köflum 2-7 í greinargerð aðalskipulags. Umhverfismatið byggir að hluta á þeirri greiningu sem fram fór við undirbúning aðalskipulags 2012-2024. Kópavogsbær hefur um nokkurt skeið unnið að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í stefnumörkun í helstu stjórnkerfum sveitarfélagsins. Ákveðið var að sú innleiðing

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

myndi einnig ná til aðalskipulagsvinnunnar enda aðalskipulag eitt af mikilvægustu tólum í stjórnkerfinu hvað varðar möguleikann á innleiðingu sjálfbærnimarkmiða. Vegna þessa var unnin mikilvægisgreining fyrir Kópavogsbæ sem lýst er nánar í viðauka 2. Niðurstöður mikilvægisgreiningarinnar eru nýttar við yfirferð og mat á stefnumiðum í hverjum kafla aðalskipulags.

9.3.1 Umfang og valkostir

Í samræmi við efni áætlunar er umfjöllun í umhverfisskýrslu skipt í tvo megin þætti. Þessir þættir eru mótaðir út frá áætlaðri byggðaþróun til ársins 2040.

Fjallað er um megin stefnumörkun sem sett er fram í fimm köflum aðalskipulagsáætlunarinnar. Stefnumið eru rýnd út frá mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Metið er í hverjum kafla hvort markmið áætlunar séu í samræmi við mikilvægisgreiningu og gerð tillaga að nýjum stefnumiðum þar sem vantar upp á samræmið. Með þessari rýni er séð til þess að þau málefni sem talin eru mikilvægust fyrir sjálfbæra þróun í Kópavogi verði hluti af aðalskipulaginu og að þeim sé fylgt eftir með reglulegum mælingum. Þess fyrir utan er stefna aðalskipulags einnig borin saman við skilgreinda umhverfisþætti.

Annar megin hluti umhverfismats snýr að samanburði valkosta og mati á helstu umhverfisáhrifum þeirra. Í því mati er litið til viðeigandi umhverfisþátta, eftir því hvers eðlis landnýting er og hver staðsetningin er. Þeir valkostir sem metnir eru sérstaklega eru eftirfarandi:

Vatnsendaheiði. Uppbygging íbúðarhúsnæðis.

Vatnsendahvarf. Uppbygging íbúðarhúsnæðis.

Þétting byggðar með tilvísun í Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Reykjanesbraut á milli Glaðheima og Smáralindar.

Skógrækt í upplandi.

Flugvöllur á Sandskeiði.

Óbyggt svæði í upplandi.

Valkostir sem bornir eru saman í umhverfismati snúa jafnt að uppbyggingu húsnæðis innan Kópavogs og þá einkum fyrirkomulagi þess en einnig að annars konar landnýtingu á ýmsum svæðum. Þétting byggðar hefur verið leiðarstef í stefnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á liðnum árum. Slíkt hefur jafnan í för með sér jákvæð umhverfisáhrif m.t.t. minni þarfar á nýtingu einkabílsins sem leiðir af sér minni loftmengun og áhrif sem tengjast umferð. Kópavogsbær hefur einnig boðið upp á húsnæði í jaðri byggðar þar sem meiri áhersla er lögð á umhverfisleg gæði.

Ef stefna aðalskipulagsáætlunar hefur í för með sér framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum verða áhrif þeirra á umhverfið metin á seinni stigum og er slíkt mat á ábyrgð framkvæmdaraðila og þarf að vinna áður en framkvæmdaleyfi verður veitt. Þær framkvæmdir sem eru matsskyldar eru tilgreindar í kafla 9.12 í umhverfisskýrslu þessari.

9.3.2 Þættir sem taldir eru valda áhrifum

Í umhverfismati er lögð áhersla á að greina hvaða þættir í stefnumörkun aðalskipulags geta valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum. Meginmarkmiðið er að koma í veg fyrir stefnumörkun sem fyrirséð er að hafa muni í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Við framþróun og skipulag hins byggða umhverfis eru áhrif á umhverfið hins vegar óumflýjanleg. Hlutverk umhverfismats er þá að varpa ljósi á möguleg áhrif og ef fyrirséð er að þau geti valdið umtalsverðum áhrifum að leita leiða til að lágmarka áhrif með mótvægisaðgerðum og þar sem þörf krefur að fylgjast með áhrifum með vöktun og mælingum. Eftirfarandi þættir aðalskipulagsins eru helst taldir geta valdið umhverfisáhrifum:

- Stefnumörkun sem getur leitt af sér athafnir og/eða uppbyggingu sem hefur áhrif á umhverfið.
- Breyting á landnotkun þar sem óraskað land er brotið undir nýja landnotkun. Getur átt við ný uppbyggingarsvæði, skógræktarsvæði, útivistarsvæði.
- Uppbygging eða breyting á landnýtingu á þegar byggðum svæðum, s.s þétting byggðar, blöndun byggðar, breyting úr atvinnunotum í íbúðarbyggð eða aðra nýtingu.
- Uppbygging samgöngumannvirkja til að auka aðgengi og umferðarrýmd. Getur átt við um vegi, stíga, flugvelli og hafnir.

9.3.3 Umhverfisþættir

Með hugtakinu umhverfisþættir er átt við þá þætti umhverfisins sem stefnumið aðalskipulagsins geta hugsanlega haft áhrif á. Við greiningu umhverfisþátta fyrir áætlunina var tekið mið af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Einnig var tekið mið af Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og umhverfismati þess. Umhverfisþættir sem stefnumið og samræmi þeirra við aðrar áætlanir og valkostir eru metin gagnvart eru eftirfarandi:

(I) Náttúrufar: Lífríki (gróður og dýr), vatnafar, sjór- og strandlengja, jarðfræði og jarðmyndanir, náttúruminjar.

(II) Samfélag: Félagslegt umhverfi, heilsa, öryggi, menningarminjar, yfirbragð byggðar.

(III) Hagrænir þættir

(IV) Auðlindir: Landrými og landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, sorpförgun, orku- og jarðefnanotkun.

(V) Andrúmsloft: Loftgæði, losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisþættirnir voru valdir með hliðsjón af þeim breytingaráformum sem skipulagstillagan boðar. Þar sem um stefnumörkun er að ræða í mörgum landnotkunar- og málaflokkum er mismunandi hvaða umhverfisþættir eiga við í hverju tilviki. Fjallað er um viðkomandi þætti í hverjum undirkafla.

9.3.4 Umhverfisviðmið

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við mælikvarða sem lagður er á hugsanleg umhverfisáhrif stefnu áætlunarinnar til að geta tekið afstöðu til umfangs og vægis áhrifa þeirra. Skýrt verður frá hver stefna bæjaryfirvalda er varðandi þá umhverfisþætti sem talið er að geti orðið fyrir verulegum áhrifum. Einnig verður tekið mið af samráði ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem munu koma fram við samráð og kynningu áætlunar og umhverfisskýrslu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

9.3.5 Einkenni og vægi áhrifa

Einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa verður lýst í samræmi við hlutverk þessarar áætlunar og hversu nákvæm hún er. Við mat á stefnumiðum áætlunar er metið hvort þau samræmist þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar með tilliti til hversu nákvæmt umhverfismat áætlana er. Viðmiðin hvað stefnumiðin varðar eru þau sem fram komu í mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem lýst er nánar í aðferðafræði í þessari umhverfisskýrslu sem og í viðauka 2. Þar sem það á við er tilgreint samræmi viðeigandi heimsmarkmiða við stefnumið aðalskipulags.

Við umfjöllum um þá kosti sem til greina koma er metið hvort áhrif þeirra framkvæmda sem áætlun leiðir af sér verði jákvæð, neikvæð, óveruleg eða hvort óvissa ríkir um hugsanleg áhrif og/eða hvort þau séu háð nánari útfærslu framkvæmda í mati á umhverfisáhrifum og/eða í deiliskipulagi og gerð grein fyrir tíðni og varanleika áhrifanna, samlegð og sammögnun áhrifa. Einnig verður stuðst við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunnar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi.

Vægi áhrifa	Skýring	Vægi áhrifa
Jákvæð	+	Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óveruleg	0	Stefna áætlunar hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð	-	Stefna áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óljós áhrif, háð útfærslu	?	Óvissa er um áhrif stefnu áætlunar á viðkomandi umhverfisþátt og/eða áhrif háð því hvernig stefnan verður útfærð nánar í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

9.4 UMHVERFISMAT

Markmið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Jafnframt stuðli þau að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Með þeirri aðferðafræði sem notuð er við umhverfismat aðalskipulags Kópavogs er unnið greiðlega að þessum markmiðum. Með því að nýta þau sjálfbærnimarkmið og viðmið sem falin eru í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og innleiða inn í stefnumörkun sveitarfélagsins er stuðlað að sjálfbærri þróun á áhrifaríkan hátt og þannig unnið að því að tillit sé tekið til umhverfisáhrifa.

Hér á eftir er gerð grein fyrir samræmi stefnumiða við þau Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem talin voru mikilvægust hvað varðaði sjálfbærni í Kópavogi og settir fram mælikvarðar til þess að mæla og vakta frammistöðu. Umfjöllunin tengist þeim fimm málaflokkum sem aðalskipulagsáætlunin byggir á sem eru eftirfarandi:

- Byggð
- Atvinna
- Umhverfi
- Grunnkerfi
- Samfélag

Í hverjum málaflokki voru fyrirliggjandi stefnumið greind og samræmi við viðkomandi heimsmarkmið skoðað. En þau heimsmarkmið sem talin voru mikilvægust voru mismunandi eftir málaflokkum. Nánar er fjallað um þau í köflunum hér á eftir. Mat á umhverfisáhrifum valkosta er undir viðeigandi málaflokkum og við það mat er stuðst við hefðbundna nálgun í umhverfismati áætlana og lýst er hér á undan í köflum um áhrifa- og umhverfisþætti. Þeir umhverfisþættir sem talið er að orðið geti fyrir áhrifum eru eftirfarandi en þó mismunandi eftir landnýtingu:

- *Náttúrufar:* Undirþættir eru jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar, lífríki (gróður og dýr), sjór og strandlengja, jarðfræði og jarðmyndanir og náttúruminjar.
- *Andrúmsloft:* Undirþættir eru loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda.
- *Samfélag:* Undirþættir eru félagslegt umhverfi, heilsa, öryggi, menningarminjar og yfirbragð byggðar.
- *Hagrænir þættir:* Undirþættir eru efnahagur og atvinnulíf, íbúaþróun, byggð, efnisleg verðmæti, samgöngur og veitur.
- *Auðlindir:* Undirþættir eru landrými, landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, sorpförgun, orku- og jarðefnanotkun.

Viðmið eru ýmist stefna sveitarstjórnar, lög og reglugerðir eða stefna íslenskra stjórnvalda. Einnig voru skuldbindingar Íslands vegna aðildar að alþjóðasamningum hafðar til hliðsjónar.

9.5 BYGGÐ

9.5.1 Stefna aðalskipulags um byggð

Stefna aðalskipulags um byggð er sett fram í kafla 2 í greinargerð aðalskipulags.

Við greiningu á sjálfbærni Kópavogs með tilliti til byggðar voru ýmsir þættir sem komu fram við mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þau heimsmarkmið sem þóttu vera mikilvægust fyrir þennan málaflokk voru eftirfarandi (Heimsmarkmið og undirmarkmið):

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG, VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR **11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.** **11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.**
	12. SJÁLFBÆR NEYSLU- OG FRAMLEIÐSLUMYNSTUR VERÐI TRYGGÐ **12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.** **12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.**
	13. GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA **13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.**

Unnið var að rýni á stefnumiðum sveitarfélagsins út frá þeim áherslum sem fram komu í mikilvægisgreiningu. Niðurstaða þeirrar rýni leiddi til breytinga á stefnumiðum og einnig nýjum stefnumiðum. Að auki var unnið að því að fá fram mælikvarða svo unnt verði að mæla frammistöðu stefnumörkunar á skipulagstímabilinu og eru mælikvarðar sem við eiga um skilgreind heimsmarkmið sett fram í lok þessa kafla. Í aðgerðaráætlun aðalskipulags er svo yfirlit yfir alla þá mælikvarða sem Kópavogsbær hefur greint í vinnu við þessa endurskoðun aðalskipulags sem og í fyrri vinnu við Staðardagskrá 21. Aðgerðaráætlunin er unnin í kjölfar aðalskipulags. Eftirfarandi er stefna aðalskipulags um byggð með áorðnum breytingum eftir rýni út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ný markmið eru auðkennd með rauðum lit sem og breytingar á markmiðum fyrra aðalskipulags (2012-2024). Engar breytingar voru gerðar á stefnumörkun um landnotkunarflokkana frístundabyggð og landbúnaðarland.

ÍBÚÐARBYGGÐ

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

- Dregið verði úr skaðlegum umhverfisáhrifum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.
- Við skipulag íbúðarbyggðar skal horft til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Við skipulag svæða verði horft til sjálfbærni og skilvirkrar nýtingar náttúruauðlinda í samræmi við heimsmarkmið 12.2 um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda.
- Leitast verði við að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa. Allir geti orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Grunnþjónusta standi öllum til boða í samræmi við heimsmarkmið 11.1 um aðgengi að öruggu húsnæði og grunnþjónustu og markmið 5.2 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, um fjölbreyttan húsnæðismarkað sem uppfyllir þarfir íbúa.
- Dregið verði úr sóun með forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu í samræmi við heimsmarkmið 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Stefnt er að því að uppbygging þjónustu verði sem mest samhliða byggingu íbúðarhverfa í samræmi við heimsmarkmið 11.1 um aðgengi að öruggu húsnæði og grunnþjónustu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Hvert hverfi verði aðlaðandi, sérkenni þess njóti sín og hafi miðkjarna ef þess er kostur.
- Byggingarland verði nýtt með hagkvæmum hætti, byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu.
- Horfa skal til þéttingar byggðar í anda stefnu um sjálfbært skipulag þéttbýlis.
- Þéttleiki byggðarinnar verði mestur næst miðju en næst jaðrinum verði byggðin strjálli og tengsl við ósnortna náttúru meiri.
- Lögð er áhersla á gæði í byggðu umhverfi: Byggðarmynstur og staðarandi, göngufjarlægðir, götuna sem borgarrými, almenningsrými, rými milli bygginga, skjól, útvistarsvæði, hönnun og arkitektúr.
- Breytingar, á einstökum lóðum eða hluta götureita í eldri hverfum bæjarins, skulu ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar þar sem m.a. er gætt samræmis hvað varðar götumynd, hlutföll bygginga og byggingarlist. Breytingar á fullbyggðum svæðum, jafnt deiliskipulögðum svæðum sem ódeiliskipulögðum, skulu vera í takt við rammaákvæði aðalskipulags í 7.kafla greinargerðar þessarar.
- Stuðla skal að verndun og viðhaldi þess menningarsögulega arfs sem fólginn er í sögu og þróun byggðar í Kópavogi á þann hátt að einstök hús, húsaraðir og götumyndir verði vernduð samkvæmt viðmiðum rammaákvæða aðalskipulags í 7. kafla greinagerðar þessarar í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru- og menningararfleifðar.
- Við skipulag byggðar verði leitast við að jafna dreifingu aldurs- og þjóðfélagshópa og horft til lýðheilsusjónarmiða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Á íbúðarsvæðum verði heimil minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu.
- Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverfinu og þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Við endurhönnun bæjargatna og umhverfis þeirra er æskilegt að þær séu skoðaðar heildstætt.
- Markmið um þéttleika byggðar um þróunarsvæði Borgarlínu, samgöngumiðuð þróunarsvæði og vaxtarmörk byggðar verði í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.
- Þétting byggðar fyrir íbúðir er skilgreind á þróunarsvæðum þar sem lögð er áhersla á blandaða landnotkun íbúða og atvinnu- og/eða miðbæjarstarfsemi.
- Huga skal að sjálfbærum lausnum og bent á blágrænar ofanvatnslausnir meðal annars til að stuðla að náttúrulegri endurhleðslu grunnvatns, minnka álag á fráveitukerfi, draga úr mengun og vernda vatnsgæði viðtaka. Taka skal tillit til aðstæðna á hverjum stað svo sem undirlagi, landhalla og mögulegum viðtaka ofanvatns.
- Greining hverfa og markmið um fjölgun íbúða í rað-, par- og einbýlishúsahverfum verða sett fram Í hverfisáætlunum. Sjá meginmarkmið í 7. kafla um hverfisáætlanir (kafla 7.1 Meginmarkmið).

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu lóðaframboði í samræmi við kröfur íbúðarmarkaðarins hverju sinni í samræmi við heimsmarkmið 11.1 um aðgengi að öruggu húsnæði og grunnþjónustu.
- Lögð verði áhersla á að frágangur á nýbyggingarsvæðum sé góður og að skapað verði aðlaðandi umhverfi fyrir íbúa í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Lögð verði áhersla á góða umgengni á nýbyggingarsvæðum og framkvæmdasvæðum, endurvinnslu byggingarúrgangs og vöktun vatns- og raforkunotkunar í samræmi við heimsmarkmið 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Götureitir eldri hverfa bæjarins teljast að mestu fullbyggðir og skulu því áhrif breytinga eða nýrra bygginga metin út frá svipmóti þeirrar byggðar sem fyrir er þannig að hún falli sem best að yfirbragði hverfisins.
- Lagt er mat á varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga í rammahluta aðalskipulags í 7. kafla í samræmi við heimsmarkmið 11.4. um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Lögð verði áhersla á uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi hverfum og á auðum lóðum.
- Við endurskoðun skipulags í svæðiskjarnanum við Reykjanesbraut verði áfram lögð áhersla á blandaða landnotkun og á byggðarmynstur sem byggir á samspili gatna, torga, garða og bygginga.
- Unnið verði deiliskipulag fyrir þróunarsvæðin með sjálfbæra þróun og gæði byggðar að leiðarljósi.
- Í allri skipulagsvinnu verði lögð áhersla á góðar tengingar á milli útivistarsvæða.
- Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags. Horft verði til gæða húsnæðis og nærumhverfis, s.s. birtuskilyrða, dýpt húsnæðis, hljóðgæða og loftgæða í íbúðum. Einnig verði hugað að inngörðum og nærumhverfi, hæð bygginga, fjarlægð á milli bygginga. Hugað verði að torgum og útisvæðum til leiks og dvalar þar sem sólar nýtur.
- Gerðar verði leiðbeiningar/viðmið um gæði byggðar sem höfð verði til hliðsjónar við skipulagsgerð.
- Gæði byggðar eru m.a. skilgreind í hverfisáætlunum og gátlistum þeim tengdum.
- Í hverfisáætlunum eða deiliskipulagi skal kveða nánar á um mögulegar takmarkanir fyrir minniháttar atvinnustarfsemi á íbúðarsvæðum.
- Þétting byggðar verði í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins *Höfuðborgarsvæðið 2040* að lágmarki 66% í miðkjörnum og á örðum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum/svæðum. Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni. Þróunarsvæði og samgöngumiðuð (þróunar)svæði eru skilgreind í kafla 2.2 í greinargerð þessari.

<u>Mælikvarðar</u>

Í aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar sem unnin er í kjölfar aðalskipulags er að finna yfirlit yfir þær aðgerðir og mælingar sem bærinn mun fylgjast með til að styðja við framfylgd aðalskipulags. Vegna markmiða og leiða um byggð verður fylgst reglulega með eftirfarandi mælikvörðum:

- Fylgst verður með hlutfalli úrgangs sem fer til endurvinnslu í samræmi við heimsmarkmið 11.6 (11.6.1).
- Fylgst verður með mælingum á svifryki í samræmi við heimsmarkmið 11.6 (11.6.2).
- Fylgst verður með hlutfalli íbúa sem búa í ósamþykktu húsnæði í samræmi við heimsmarkmið 11.1.
- Fylgst verður með magni úrgangs á íbúa í samræmi við heimsmarkmið 12.5.
- Haldin verður skrá yfir þau hverfi Kópavogs þar sem áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga hefur farið fram í samræmi við heimsmarkmið 13.2.

<u>SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ</u>

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Lækjarbotnar. Styrkja útivist á svæðinu. Miðað er við að frístundabyggð í Lækjarbotnum verði víkjandi.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Að vinna heildarskipulag fyrir Lækjarbotna þar sem fram kæmi heildarstefna svæðisins.

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Engin sértæk markmið eða leiðir sett fram.

ÞRÓUNARSVÆÐI

Markmið

- Umhverfi verði bætt, búsetugæði og efnahagsleg umgjörð eldri byggðar í Kópavogi með aukinni blöndun byggðar sem miðar að sjálfbærri þróun borgarumhverfisins.
- Jafnvægi í dreifingu atvinnusvæða og íbúðarsvæða verði aukið og þannig sköpuð aukin atvinnutækifæri nær íbúðarhverfum.
- Hljóðvist verði bætt vegna aukinnar umferðar.
- Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Hugað verði að aðgengi að stígum, opnum svæðum og leiksvæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um aðgengi að öruggum grænum svæðum.

Leiðir

- Með þróunarsvæðum verði m.a. lagður grunnur að fjölbreyttari tækifærum fyrir íbúa bæði hvað varða íbúðarform og atvinnu út frá skilgreindum þörfum í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum. Gæði byggðarinnar verði aukin, kostum fjölgað, nýting verði betri og umhverfi bætt. Hljóðvarnir miðist við að uppfylla kröfur reglugerðar fyrir mismunandi landnotkun.
- Lögð er áhersla á gæði byggðar við gerð deiliskipulags, samanber m.a. markmið og leiðir í kafla 2.1.1.1.

9.5.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð

Umfjöllun um valkosti varðandi stefnumörkun um íbúðarbyggð snýr að samanburði á uppbyggingu í útjaðri byggðar á Vatnsendaheiði og Vatnsendahvarfi annars vegar og á þéttingu byggðar á þróunarsvæðum miðsvæðis í Kópavogi hins vegar. Til langs tíma hefur verið horft til þess að þétta byggð og byggja upp á skilgreindum þróunarsvæðum í eldri byggð bæjarins og hefur stefnumörkun tekið mið af því. Kópavogur hefur einnig lagt áherslu á að bjóða upp á þann möguleika að nýta það land í útjaðri byggðar sem enn er til ráðstöfunar til uppbyggingar íbúðarbyggðar.

Vatnsendaheiði

Lögð er til uppbygging um 900 íbúða á Vatnsendaheiði. Miðað er við blandaða byggð, einbýlishús, raðhús, parhús og fjölbýlishús. Gert er ráð fyrir að 180 íbúðir verði byggðar upp til 2030 en 720 eftir árið 2030. Gert er ráð fyrir leikskóla í hverfinu. Gert var ráð fyrir sömu afmörkun fyrir íbúðarsvæði í núgildandi skipulagi. Megin breytingin núna snýr að afléttingu vatnsverndar.

Vatnsendaheiði	A) Uppbygging íbúðarsvæðis	B) Núllkostur -íbúðarsvæði og vatnsvernd
Náttúrufar	Engar þekktar jarðminjar með sérstakt verndargildi eru innan uppbyggingarsvæðis. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið gróið mólendi og lúpína. Einnig er vistgerðin lyngmóavist á hluta svæðis, en hún hefur miðlungs verndargildi og er algengt búsvæði mófugla. Ekki eru skrásett náttúruminjasvæði innan uppbyggingarsvæðis. Áhrif á náttúrufar eru metin neikvæð án mótvægisaðgerða. Lagt er til að áður en til uppbyggingar komi verði gerð úttekt á fuglalífi á svæðinu og metið hvort frekari aðgerða verði þörf.	Sama og A)
Andrúmsloft	Stefna um uppbyggingu í útjaðri byggðar getur haft neikvæð áhrif á þennan umhverfisþátt þar sem aðgengi að almenningssamgöngum og fjarlægð í atvinnusvæði getur valdið meiri notum á einkabílnum. Uppbygging almenningssamgöngukerfisins og stígakerfis sem og efling atvinnusvæða í Hvörfum getur dregið úr þessum áhrifum.	Sama og A
Samfélag	Engin áhrif á menningarminjar. Yfirbragð byggðar verður í samræmi við það sem nú er á nálægum íbúðarsvæðum með blöndun íbúðagerða. Uppbygging í útjaðri byggðar með góðri tengingu	Sama og A)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vatnsendaheiði	A) Uppbygging íbúðarsvæðis	B) Núllkostur -íbúðarsvæði og vatnsvernd
	í útivistarsvæði og stígakerfi styður við markmið um heilsu og öryggi og hefur jákvæð áhrif á þennan umhverfisþátt.	
Hagrænir	Uppbygging á þessu svæði kemur til með að styðja við þá íbúðarbyggð sem fyrir er og bjóða upp á fjölbreyttara úrval íbúðagerða en víða annars staðar í Kópavogi með góð tengsl við náttúruna. Svæðið er nokkuð frá megin samgönguæðum.	Sama og A)
Auðlindir	Uppbyggingarsvæði er utan verndarsvæða og liggur að útivistarsvæði sem gæti aukið nýtingu þess svæðis án þess að skerða það. Svæðið býður upp á náttúrupplifun í útjaðri byggðar.	Uppbyggingarsvæði er að stórum hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins sem kallar á stífari umgengniskröfur. Svæðið liggur að útivistarsvæði sem gæti aukið nýtingu þess svæðis án þess að skerða það. Svæðið býður upp náttúrupplifun í útjaðri byggðar.

Vatnsendahvarf

Lögð er er til uppbygging um 500 íbúða í Vatnsendahvarfi. Miðað er við blandaða byggð einbýlishús, raðhús, parhús og fjölbýlishús. Gert er ráð fyrir að 200 íbúðir verði byggðar upp til 2030 en 300 eftir árið 2030. Gert er ráð fyrir leikskóla í hverfinu. Auk þess er gert ráð fyrir uppbyggingu rúmlega 20 íbúða fyrir 2030 á þegar deiliskipulögðu svæði við Vatnsendablett.

Vatnsendahvarf	Uppbygging íbúðarsvæðis	Núllkostur - Stofnanasvæði
Náttúrufar	Engar þekktar jarðminjar með sérstakt verndargildi eru innan uppbyggingarsvæðis. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið gróið mólendi og lúpína. Einnig er vistgerðin lyngmóavist á hluta svæðis, en hún hefur miðlungs verndargildi og er algengt búsvæði mófugla Ekki eru skrásett náttúruminjasvæði innan uppbyggingarsvæðis. Áhrif á náttúrufar eru metin neikvæð án mótvægisaðgerða. Lagt er til að áður en til uppbyggingar komi verði gerð úttekt á fuglalífi á svæðinu og metið hvort frekari aðgerða verði þörf.	Engar þekktar jarðminjar með sérstakt verndargildi eru innan uppbyggingarsvæðis. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið gróið mólendi og lúpína. Einnig er vistgerðin lyngmóavist á hluta svæðis, en hún hefur miðlungs verndargildi og er algengt búsvæði mófugla. Ekki eru skrásett náttúruminjasvæði innan stofnanasvæðis. Áhrif á náttúrufar eru metin óveruleg.
Andrúmsloft	Stefna um uppbyggingu í útjaðri byggðar getur haft neikvæð áhrif á þennan umhverfisþátt þar sem aðgengi að almenningssamgöngum og fjarlægð í atvinnusvæði getur valdið meiri notum á einkabílnum. Uppbygging almenningssamgöngukerfisins og stígakerfis sem og efling atvinnusvæða í Hvörfum getur dregið úr þessum áhrifum.	Áhrif á andrúmsloft eru óveruleg í dag þar sem gott sem engin byggð er innan skipulagssvæðis.
Samfélag	Rúst er skráð undir Vatnsendahvarfi (MV-9). Gert er ráð fyrir að yfirbragð byggðar verði í samræmi við aðliggjandi íbúðarsvæði. Mikilvægt er að góðar tengingar verði við opin svæði í samræmi við stefnumið aðalskipulags sem hefði um leið jákvæð áhrif á heilsu- og öryggi.	Svæðið er að hluta skilgreint sem opið svæði þar sem liggja stígar sem tengja aðliggjandi svæði saman. Nýting á svæðinu er lítil og hefur þannig neikvæð áhrif samfélag.
Hagrænir	Uppbygging á þessu svæði kemur til með að styðja við þá íbúðarbyggð sem fyrir er. Stutt er í atvinnusvæði og megin samgönguæðar.	Afmakað svæði er verðmætt svæði sem stendur hátt og útsýni mikið. Núverandi nýting tekur ekki mið af þeim umhverfisgæðum.
Auðlindir	Uppbyggingarsvæði er utan verndarsvæða og liggur hátt og því er útsýni þaðan víðfeðmt. Að	Afmakað svæði er verðmætt svæði sem stendur hátt og útsýni mikið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vatnsendahvarf	Uppbygging íbúðarsvæðis	Núllkostur - Stofnanasvæði
	því leyti er mikilvægt að vel takist til við hönnun húsnæðis. Stutt er í útivistarsvæði í Elliðaárdal og við Elliðavatn og mikilvægt er að tengingar við þau svæði verði góðar.	Núverandi nýting tekur ekki mið af þeim umhverfisgæðum.

Þétting byggðar

Kópavogsbær hefur unnið markvisst að þéttingu byggðar og þá einkum á þróunarsvæðum þar sem íbúðarsvæði hefur komið að hluta í stað eldra atvinnu- og eða íbúðarhúsnæðis. Þessari stefnu er haldið áfram í endurskoðuðu aðalskipulagi og er þar einkum horft til þéttingar á Hamraborgarsvæði og í Smáranum. Slíkt er í samræmi við markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins þar sem lagt er upp með að meginþunga vaxtar verði beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði og að hlutfall íbúðarbyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66%. Stefnt er að sambærilegu hlutfalli á þéttingarsvæðum í aðalskipulagi Kópavogs sem miðar við línu sem dregin er á milli Linda- og Salahverfa (Hádegishólar).

Þétting byggðar	Þéttingarsvæði	Núllkostur (óbreytt byggð)
Náttúrufar	Þéttingarsvæði eru nú þegar á röskuðu landi og hafa ekki áhrif á náttúrufar.	Þéttingarsvæði eru nú þegar á röskuðu landi og hafa ekki áhrif á náttúrufar.
Andrúmsloft	Þétt blönduð byggð getur stytt vegalengdir frá heimili í vinnu og einnig stutt við net almenningssamgangna. Þannig getur hún stuðlað að því að fleiri nýti vistvænni fararmáta sem gæti dregið úr eða minnkað aukningu loftmengunar.	Minni þéttleiki byggðar styður ekki eins vel við vistvæna ferðamáta.
Samfélag	Aukin þétting byggðar getur stutt við félagslegt umhverfi með almenningsrýmum og göngu- og hjólasvæðum sem unnt er að njóta samveru og eflir heilsu og öryggi. Slíkt getur gert að verkum að gæði byggðar verði meiri en áður var.	Minni þéttleiki byggðar styður ekki eins vel undir gæði byggðar.
Hagrænir	Aukin þétting styður betur við nýtingu á grunnkerfum og eykur nýtingu lands í verðmætum bæjarhlutum.	Minni þéttleiki byggðar styður ekki eins vel undir nýtingu grunnkerfis.
Auðlindir	Þéttingarsvæði eru almennt ekki á verndarsvæðum. Áhrif á aðliggjandi íbúa og land eru háð útfærslu í deiliskipulagi.	Þéttingarsvæði eru almennt ekki á verndarsvæðum.

9.5.3 Niðurstaða samanburðar

Uppbyggingarkostir á Vatnsendaheiði og í Vatnsendahvarfi eru báðir í útjaðri byggðar í Kópavogi þó að uppbygging í Vatnsendahvarfi sé nær núverandi samgönguæðum og atvinnusvæðum. Þar með munu þeir valda raski á svæði sem ekki hefur áður verið nýtt til byggðar, nema að hluta í Vatnsendahvarfi. Náttúrufar á þessum svæðum hefur lítið verndargildi en bent er á að æskilegt sé að gera úttekt á fuglalífi áður en til framkvæmda komi. Bent er á að áhrif á andrúmsloft gætu aukist vegna uppbyggingar, sérstaklega ef ekki verður hugað að eflingu vistvænna samgöngumáta. Stefna aðalskipulags um eflingu vistvænna samgöngumáta með uppbyggingu Borgarlínu og áherslu á lagningu stígakerfis hefur áhrif til minnkunar. Bæði hverfi falla vel að núverandi byggð og í Vatnsendahvarfi tengjast tvö byggðasvæði saman. Gott aðgengi er í útivistarsvæði á Vatnsendaheiði sem hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu. Bent er á mikilvægi þess að hugað sé að góðum tengingum í núverandi útivistarsvæði úr nýju hverfi í Vatnsendahvarfi.

Kópavogsbær hefur haft að stefnu að þétta byggð á skilgreindum þróunarsvæðum. Í umhverfismati er stefna borin saman við að þétta ekki. Þéttingarsvæði eru almennt ekki á náttúrufarslega verðmætum svæðum. Þétting byggðar samræmist stefnu Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 um byggð og samgöngur. Það að þétta byggð nýtir betur þau grunnkerfi sem eru nú þegar til staðar og styður við eflingu almenningssamgangna sem tengjast uppbyggingu Borgarlínu. Þétting byggðar styður einnig við nýtingu á vistvænum samgöngumátum sem dregur úr áhrifum á andrúmsloft og hvetur að sama skapi til aukinnar hreyfingar og útiveru sem hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu.

9.5.4 Heildarniðurstaða stefnu varðandi byggð

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með því hvernig stefnunni er framfylgt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Stefnumið byggðar falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Sú meginstefna Kópavogs að þétta byggð á þróunarsvæðum og bæta við íbúðum á þeim svæðum ásamt að blanda með atvinnusvæðum, samfara stefnu um skilvirkari almenningssamgöngur, hefur í för með sér bætta nýtingu lands og jákvæð áhrif á samfélagið. Áhersla á almenningsrými og göngu- og hjólasvæði þar sem unnt er að njóta samveru, bætir öryggi, eflir heilsu og stuðlar að góðu umhverfi og betri byggð. Þétting byggðar á þróunarsvæðum styður einnig við markmið Landsskipulagsstefnu um sjálfbært skipulag og gæði hins byggða umhverfis. Við hönnun slíkra svæða þarf að taka mið af nærliggjandi byggð hvað varðar möguleg áhrif, s.s. hljóðvist og skuggavarp, en einnig þarf að gæta að öryggi ungmenna og aðgengi fatlaðra. Þessi stefna hvetur til þess að dregið sé úr umferð einkabílsins og örvar notkun annarra og vistvænni samgöngumáta sem hefur í för með jákvæð áhrif á andrúmsloft. Stefna um gæði byggðar og minni fjarlægðir í almenna grunnþjónustu og almenningsrými styður við vistvæn markmið.

Stefna um uppbyggingu nær útjaðri byggðar fellur að markmiðum um fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta. Kópavogur hefur vaxið mikið á undanförnum árum og hafa myndast byggðakjarnar á nokkrum stöðum þar sem blöndun á sér stað í íbúðarhverfum og á atvinnusvæðum. Í Vatnsendahvarfi er að myndast heild sem getur til framtíðar orðið góð blanda íbúða- og atvinnusvæða og gefur þannig möguleika á að draga úr ferðum, bæta nýtingu lands og hafa jákvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Ekki er talið að stefnumið aðalskipulags varðandi frístundabyggð eða landbúnaðarsvæði hafi umtalsverð áhrif í för með sér.

9.6 ATVINNULÍF

9.6.1 Stefna aðalskipulags varðandi atvinnulíf

Stefna aðalskipulags um atvinnulíf er sett fram í kafla 3 í greinargerð aðalskipulags. Við greiningu á sjálfbærni Kópavogs með tilliti til atvinnulífs voru ýmsir þættir sem komu fram við mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þau heimsmarkmið sem þóttu vera mikilvægust fyrir þennan málaflokk voru eftirfarandi (Heimsmarkmið og undirmarkmið):

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	8. STUÐLA AÐ VIÐVARANDI SJÁLFBÆRUM HAGVEXTI OG ARÐBÆRUM MANNSÆMANDI ATVINNUTÆKIFÆRUM FYRIR ALLA **8.3 Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölga mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálaþjónustu.**

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	9. BYGGJA UPP VIÐNÁMSÞOLNA INNVIÐI FYRIR ALLA, STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI IÐNVÆÐINGU OG HLÚA AÐ NÝSKÖPUN **9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.**
	11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG, VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR **11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.**
	12. SJÁLFBÆR NEYSLU- OG FRAMLEIÐSLUMYNSTUR VERÐI TRYGGÐ **12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.**
	13. GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA **13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.**

Unnið var að rýni á stefnumiðum sveitarfélagsins út frá þeim áherslum sem fram komu í mikilvægisgreiningu. Niðurstaða þeirrar rýni leiddi til breytinga á stefnumiðum og einnig nýjum stefnumiðum. Að auki var unnið að því að fá fram mælikvarða svo unnt verði að mæla frammistöðu stefnumörkunar á skipulagstímabilinu og eru mælikvarðar sem við eiga um skilgreind heimsmarkmið sett fram í lok þessa kafla. Í aðgerðaráætlun aðalskipulags er svo yfirlit yfir alla þá mælikvarða sem Kópavogsbær hefur greint í vinnu við þessa endurskoðun aðalskipulags sem og í fyrri vinnu við Staðardagskrá 21. Aðgerðaráætlunin er unnin í kjölfar aðalskipulags. Eftirfarandi er stefna aðalskipulags um atvinnulíf með áorðnum breytingum eftir rýni út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ný

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

markmið eru auðkennd með rauðum lit sem og breytingar á markmiðum núgildandi aðalskipulags (2012-2024). Engar breytingar voru gerðar á stefnumörkun um landnotkunarflokkinn efnistöku- og efnislosunarsvæði.

MIÐSVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Engin markmið sett fram sem taka mið af mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Að uppbygging miðsvæðis (svæðiskjarna) við Reykjanesbraut haldi áfram að þróast sem miðstöð verslunar og þjónustu.
- Að efla áfram hlutverk Hamraborgarsvæðisins með tilliti til sérstöðu miðsvæðisins sem miðstöð menningar og stjórnsýslu.
- Að hvatt verði til fjölbreyttra menningarviðburða á miðsvæðum.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Engar leiðir settar fram sem taka mið af mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Áfram er unnið að þróun svæðiskjarna við Reykjanesbraut. Gert er ráð fyrir að Borgarlína fari um Smárann í síðari áföngum. Í Smára er gert ráð fyrir kjarnastöð borgarlínu.
- Stefnt er að því að tengja Glaðheima- og Smárasvæðin betur með a) tengibraut undir Reykjanesbraut og síðar b) yfirbyggingu (loki) yfir Reykjanesbraut með góðum göngu- og hjólastígum ásamt bílaumferð.
- Skipulag miðsvæðisins í Hamraborg er í endurskoðun. Þar er tekið á landnotkun og landnýtingu, samgöngu- og gatnakerfi, yfirbragði byggðar, opnum svæðum, tengingum á milli svæða, göngu og hjólaleiðum, gatnakerfi, almenningssamgöngum og mögulegri áfangaskiptingu í uppbyggingu.
- Gert er ráð fyrir að 1. áfangi borgarlínu fari um fyrirhugaða brú yfir Fossvog, um Kársnes að Hamraborg. Í Hamraborg er gert ráð fyrir kjarnastöð borgarlínu .
- Lögð er áhersla á *mannlífsás* í miðbæ Hamraborgar, tengir hann saman ólík svæði. Mannlífsás mun liggja um miðbæ í Hamraborg og tengja miðbæinn við aðliggjandi byggð með áherslu á vistvænar samgöngur.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

- Uppbygging og staðsetning svæða fyrir verslun og þjónustu taki mið af sérstöðu bæjarins í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins með góðar tengingar við stofnvegakerfi samgangna, almenningssamgangna og Borgarlínu í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Kópavogsbær stuðli að nýsköpun í atvinnumálum, skapi umhverfi og tækifæri fyrir frumkvöðla til að setjast að með starfsemi sína innan bæjarmarkanna í samræmi við heimsmarkmið 8.3 um nýsköpun og meðbyr við lítil og meðalstór fyrirtæki.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

Engin viðbótarmarkmið sett fram.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

- Fegrun og endurbætur núverandi verslunar- og þjónustusvæða með gróðri og bættu aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Efla almenningssamgöngur innan verslunar- og þjónustusvæða sem valkost við einkabílinn í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Huga að ásýnd verslunar- og þjónustusvæða frá stofnbrautum, þ.e. frá Hafnarfjarðarvegi, Breiðholtsbraut, Reykjanesbraut, Nýbýlavegi, Dalvegi, Skemmuvegi og Smiðjuvegi. Vanda skal sérstaklega hönnun húsa/mannvirkja og frágang sem liggja næst þessum stofnbrautum.

ATHAFNASVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

- Uppbygging og staðsetning athafnasvæða taki mið af sérstöðu bæjarins í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins með góðar tengingar við stofnvegakerfi samgangna í samræmi við Heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Dregið verði úr skaðlegum umhverfisáhrifum tengdum atvinnurekstri, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Umgengni og frágangur við athafnasvæði verði ávallt til fyrirmyndar. Komið verði í veg fyrir að starfsemi á atvinnusvæðum ógni heilsu manna og umhverfi í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.
- Við skipulag atvinnusvæða skal horft til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Eldri atvinnusvæði verði styrkt með endurskipulagningu.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Gengið verði eftir því með reglubundinni vöktun og hvatningu að umgengni og frágangur á atvinnusvæðum verði til fyrirmyndar í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Athafnasvæði bæjarins verði skipulögð með áherslu á snyrtilegt umhverfi og gott aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem og almenningssamgöngur í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Athafnasvæði bæjarins verði afmörkuð og unnið verði að endurbótum, s.s. á vesturhluta Kársness, Auðbrekku, Dalvegi og Smiðjuhverfi.

IÐNAÐARSVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Engin markmið sett fram.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Fylgst er með hugsanlegri mengun í fráveitukerfinu.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Engar leiðir settar fram.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Bærinn fylgir þeim stöðlum og kröfum í fráveitumálum sem settir eru í lögum og reglugerðum.
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fylgist með viðtaka og leitar orsaka mengunar ef hún mælist.

EFNISTÖKUSVÆÐI OG EFNISLOSUNARSVÆÐI

Efnistökusvæði ekki skilgreind innan sveitarfélaga marka Kópavogs en efnislosun er í Bolöldu.

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Engin markmið sett fram sem taka mið af mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Móta skal áherslur í ferðaþjónustu fyrir Kópavog í samræmi við heimsmarkmið 8.9 um sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Sérstök áhersla verði lögð á ferðamennsku til uppbyggingar á sviði menningar, útivistar, íþrótta og viðskipta.
- Gera Þríhnúkagíg aðgengilegan almenningi og byggja upp aðstöðu til fræðslu og þjónustu ferðamanna í Bláfjallafólkvangi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Engar leiðir settar fram sem taka mið af mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið

- Hálsatorg verði nýtt til menningar- og ferðatengdrar starfsemi í samræmi við heimsmarkmið 8.9 um sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Stefnt er að opnun Þríhnúkagígs fyrir almenning. Það felur í sér aðkomuveg að gígnum, móttökuaðstöðu og jarðgöng í gíginn. Fyrirhugaður aðkomuvegur að Þríhnúkagíg verður frá Bláfjallaleið og 2,7 km langur. Hann er sýndur á sveitarfélagsuppdrættinum.

Mælikvarðar

Í aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar sem unnin er í kjölfar aðalskipulags er að finna yfirlit yfir þær aðgerðir og mælingar sem bærinn mun fylgjast með til að styðja við framfylgd aðalskipulags. Vegna markmiða og leiða um atvinnulíf verður fylgst reglulega með eftirfarandi mælikvörðum:

- Fjöldi atvinnusvæða þar sem frágangur er til fyrirmyndar samkvæmt úttekt sem fram fer a.m.k. tvisvar á ári í samræmi við heimsmarkmið 11.6.
- Fylgst verður með hlutfalli úrgangs sem fer til endurvinnslu í samræmi við heimsmarkmið 11.6 (11.6.1).
- Fylgst verður með mælingum á svifryki í samræmi við heimsmarkmið 11.6 (11.6.2).
- Fylgst verður með magni úrgangs á íbúa í samræmi við heimsmarkmið 12.5. (12.5.1).
- Fylgst verður með hlutfalli óformlegra starfa í öðru en landbúnaði í samræmi við heimsmarkmið 8.3 (8.3.1).
- Haldin verður skrá yfir þau atvinnuhverfi Kópavogs þar sem áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga hefur farið fram í samræmi við heimsmarkmið 13.2.
- Hlutfall starfsfólks atvinnusvæða sem nýtir sér vistvæna samgöngumáta (almenningssamgöngur, gangandi eða hjólandi) í samræmi við heimsmarkmið 9.1 (9.1.2).

9.6.2 Valkostir fyrir atvinnulíf

Engir valkostir eru settir fram til samanburðar í grunnkaflanum um atvinnulíf.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

9.6.3 Heildarniðurstaða stefnu um atvinnulíf

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með að stefnunni sé framfylgt.

Stefnumið kafla um atvinnulíf falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Kópavogur er staðsettur í miðju höfuðborgarsvæðisins og hefur byggt upp atvinnusvæði í svæðiskjarnanum í Smáranum á síðustu árum sem er vel staðsettur með tilliti til samgangna. Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu á Dalvegi og í Glaðheimum. Stefnumörkun um áframhaldandi uppbyggingu á þessum svæði styður við stefnumið um vistvænar samgöngur og dregur þannig úr áhrifum á andrúmsloft. Slík stefnumið geta einnig haft í för með sér jákvæð áhrif á samfélag þar sem boðið er upp á visthæfara umhverfi. Stefnan er einnig í samræmi við markmið Landsskipulagsstefnu um samkeppnishæf samfélög og atvinnusvæði. En þar er horft til þess að sérstaklega verði hugað að fjölbreyttu atvinnulífi með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Ekki er stefnt að því að brjóta nýtt land undir atvinnusvæði og áhrif á náttúrufar því hverfandi. Kópavogsbær stefnir áfram að aukinni endurvinnslu og að draga úr myndun úrgangs frá atvinnusvæðum og bæta þannig nýtingu auðlinda.

9.7 UMHVERFI

9.7.1 Stefna aðalskipulags varðandi umhverfi

Stefna aðalskipulags varðandi umhverfi er sett fram í kafla 4 í greinargerð aðalskipulags. Við greiningu á sjálfbærni Kópavogs með tilliti til umhverfis voru ýmsir þættir sem komu fram við mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þau heimsmarkmið sem þóttu vera mikilvægust fyrir þennan málaflokk voru eftirfarandi (Heimsmarkmið og undirmarkmið):

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG, VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR **11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.** **11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.**

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	13. GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA **13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.**
	3.STUÐLA AÐ HEILBRIGÐU LÍFERNI OG VELLÍÐAN FYRIR ALLA FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR **3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.**
	6.TRYGGJA AÐGENGI AÐ OG SJÁLFBÆRA NÝTINGU, ALLRA Á HREINU VATNI OG SALERNISAÐSTÖÐU **6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.**
	15. VERNDA, ENDURHEIMTA OG STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VISTKERFA Á LANDI, SJÁLFBÆRRI STJÓRNUN SKÓGARAUÐLINDARINNAR, BERJAST GEGN EYÐUMERKURMYNDUN, STÖÐVA JARÐVEGSEYÐINGU, ENDURHEIMTA LANDGÆÐI OG SPORNA VIÐ HNIGNUN LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNI **15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.**

Unnið var að rýni á stefnumiðum sveitarfélagsins út frá þeim áherslum sem fram komu í mikilvægisgreiningu. Niðurstaða þeirrar rýni leiddi til breytinga á stefnumiðum og einnig nýjum stefnumiðum. Að auki var unnið að því að fá fram mælikvarða svo unnt verði að mæla frammistöðu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

stefnumörkunar á skipulagstímabilinu og eru mælikvarðar sem við eiga um skilgreind heimsmarkmið sett fram í lok þessa kafla. Í aðgerðaráætlun aðalskipulags er svo yfirlit yfir alla þá mælikvarða sem Kópavogsbær hefur greint í vinnu við þessa endurskoðun aðalskipulags sem og í fyrri vinnu við Staðardagskrá 21. Aðgerðaráætlunin er unnin í kjölfar aðalskipulags. Eftirfarandi er stefna aðalskipulags varðandi umhverfi með áorðnum breytingum eftir rýni út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ný markmið eru auðkennd með rauðum lit sem og breytingar á markmiðum núgildandi aðalskipulags (2012-2024). Engar breytingar voru gerðar á stefnumörkun um landnotkunarflokkinn önnur náttúruvernd.

LOFTSLAG

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Horft sé til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga á sveitarfélagið í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Markvisst verður unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan marka sveitarfélagsins og í rekstri þess í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin markmið sett fram.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Unnið verði áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Haldið er loftslagsbókhald fyrir sveitarfélagið og losun frá rekstri þess kolefnisjöfnuð í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Unnin verði stefna í loftslagsmálum þar sem áhersla er meðal annars lögð á breyttar ferðavenjur, fjölbreytta samgöngumáta, vistvænan ferðamáta, deilibílakerfi til að draga úr bílaeign, skipulag þjónustu, atvinnu, umhverfis og þéttingu byggðar í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Við skipulag nýrra svæða sé markvisst horft til þéttingar og blöndunar byggðar, meðal annars með því markmiði að draga úr ferðaþörf og losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Gróðursetning í upplandi Kópavogs, innan þéttbýlis og þéttingarmarka sem stuðlar að kolefnisjöfnun og kolefnisbindingu í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbærni skóga og heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

ÓBYGGÐ SVÆÐI, LANDSLAG

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Óbyggð svæði verði náttúruleg, sjálfbær og vöktuð og unnið að endurheimt ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Umgengni um óbyggð svæði verði án þess að raska náttúru þeirra og lífríki.
- Unnið verði áfram að uppgræðslu á óbyggðum svæðum í upplandi Kópavogs og þess gætt að starfsemi á svæðinu skaði þau ekki.
- Hvatt verði til aukinnar notkunar óbyggðra svæða í upplandinu með fræðsluefni svo að gestir og gangandi geti notið þessara svæða í enn ríkari mæli í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Óbyggð svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar og metin með hliðsjón af greinum náttúruverndarlaga sem fjalla um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (61.gr.) og landslagsverndarsvæði (50.gr.).

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Unnin verði úttekt á ástandi óbyggðra svæða og unnið að endurheimt ef þörf krefur í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Framkvæmdir innan óbyggðra svæða taki tillit til náttúrulegs umhverfis og í samræmi við vöktun og heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Kópavogsbær leggi áherslu á samstarf við nágrannasveitarfélög varðandi skipulag og nýtingu upplands höfuðborgarsvæðisins í samræmi við heimsmarkmið 11.A um að styrkja áætlanir um byggðaþróun og 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Unnið verði að heildarskipulagi norðurhluta upplands Kópavogs í samræmi við vöktun og heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.
- Unnið verði að skráningu og merkingu náttúru- og söguminja á óbyggðum svæðum og þau gerð aðgengileg til útivistar í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengilega græn svæði, með áningarstöðum og stikuðum gönguleiðum í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Hlúð verði að náttúrulegu gróðurfari á óbyggðum svæðum og þau styrkt.
- Unnið verði að skipulagi útivistarsvæða í Lækjarbotnum.
- Unnið verði að gerð gönguleiða í efri byggðum, Lækjarbotnum og víðar í upplöndum Kópavogs, þar sem hægt verði að fræðast um náttúru og sögu svæðisins í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.

OPIN SVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Öruggt aðgengi að opnum svæðum og þjónustu fyrir alla verði tryggt í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Opin svæði verði innan hvers hverfis sem tryggi íbúum fjölbreytta aðstöðu til útivistar. Frágangur nýrra opinna svæða fylgi vexti og uppbyggingu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.

- Stefnt skal að því að opin svæði verði ekki skert enda bjóða þau upp á umhverfisleg gæði.
- Skjólsæld verði aukin og umhverfi Kópavogs fegrað með aukinni trjárækt.
- Í allri skipulagsvinnu skal lögð áhersla á góðar tengingar á milli útivistarsvæða.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Haldin verður skrá um stærð opinna svæða og fjölda slysa á opnum svæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Áhersla verði lögð á trjárækt á opnum svæðum innan hverfa en breyta sem minnst náttúrulegu gróðurfari þar sem það á við í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði, 15.2 um sjálfbæra skóga og 15.9 um líffræðilega fjölbreytni.
- Unnið verði heildarskipulag af útivistarsvæði við Elliðavatn sem tengist Guðmundarlundi, Heiðmörk og öðrum svæðum í nágrenninu í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Samhliða uppbyggingu íbúðahverfa verði unnið að frágangi opinna svæða, leiksvæða og göngu- og hjólreiðastíga í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði og heimsmarkmið 11.2 og öruggar og sjálfbærar samgöngur.
- Dregið verði úr hávaða- og sjónmengun frá nærliggjandi umferðaræðum með trjárækt og jarðvegsmönum í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbæra skóga.
- Hvatt verði til ræktunar matjurta og aðstaða til þess aukin eftir þörfum.
- Fylgst verði með ástandi opinna svæða og úr því verði bætt ef ástæða þykir til.
- Stuðlað verði að trjárækt í bæjarlandinu þar sem sérstök áhersla verði lögð á útivistarsvæði og svæði meðfram hjólreiða- og göngustígum og við aðalgatnakerfi bæjarins.
- Gerð verði úttekt á hvar aðgengi og þjónusta við útivistarsvæði er ábótavant og í kjölfar hennar unnin áætlun um úrbætur ef þörf er á í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.

FRIÐLÝST SVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Mikilvægar náttúruminjar í Kópavogi skulu njóta verndar í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Fræðslu um náttúru- og sögulegar minjar í bænum verði sinnt í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Unnin verði verndaráætlun fyrir lífríki við Elliðavatn og leirurnar í Kópavogi og Fossvogi í samstarfi við aðliggjandi sveitarfélög í samræmi við heimsmarkmið 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa og 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Upplýsa íbúa um staði eða svæði innan bæjarlandsins sem eru mikilvægir vegna náttúru, menningar og / eða sögu t.d. með fróðleiksskiltum og fræðsluefni á vefsíðu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Sérstök áhersla verði lögð á kynningu og fræðslu á friðlýsingu hluta Skerjafjarðar innan lögsögu Kópavogs.
- Kópavogsbær beiti sér fyrir því meðal sveitarfélaga er eiga lögsögu í Skerjafirði að unnin verði úttekt á stöðu fjarðarins með tilliti til náttúruverndar og mögulegrar byggðaþróunar á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Unnið verði að stækkun á friðlýstu svæði við Tröllabörn í Lækjarbotnum.
- Tekin verði saman náttúru- og söguminjaskrá fyrir Kópavog þar sem m.a. kemur fram afmörkun og lýsing á vernduðum stöðum og svæðum, í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar, sem og almennar reglur um umgengni við staðina eða svæðin.
- Á hverju ári verði valinn staður sem þykir mikilvægur sökum náttúru, sögu- eða menningar og fróðleiksskilti sett upp í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.

ÖNNUR NÁTTÚRUVERND

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram í skipulagi.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin markmið sett fram í skipulagi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram í skipulagi.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar leiðir settar fram í skipulagi.

HVERFISVERND

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Mikilvægar náttúru- og menningarminjar í Kópavogi skulu njóta verndar og í þegar byggðum hverfum skal leggja mat á varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Yfirbragði og einkennum byggðarinnar og stöðum sem hafa sérstöðu sökum náttúru, sögu eða umhverfis verði ekki raskað í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Fágæt tré og trjálundir í Kópavogi njóti verndar í samræmi við heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem taka mið af mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Huga að gerð verndaráætlunar og varðveislumats fyrir hverfi bæjarins, einstök hús, húsaraðir eða svæði innan hverfa.
- Í hverfisáætlunum komi fram varðveislugildi byggðar og rammaskilmálar um yfirbragð og byggðarþróun.
- Tryggja skal aðgengi að vernduðum svæðum ásamt því að íbúar verði upplýstir um sérkenni þeirra og gildi, t.d. með fróðleiksskiltum og fræðsluefni á heimasíðu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Settar verði reglur um trjávernd í Kópavogi. Merkileg og/eða fágæt tré verði mæld og skráð.

MINJAVERND

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem taka mið af mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Unnið verði áfram að verndun og fræðslu um menningarminjar í Kópavogi í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem taka mið af mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Í samráði við Reykjavíkurborg verður umhverfi Þingness endurbætt og frekari athygli vakin á þeim sögu- og menningarminjum sem þar er að finna í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.
- Leitað verði leiða til þess að bæta aðgengi að þingstaðnum við Þinghól og gera sögu staðarins sýnilegri.
- Fornleifar í upplandi Kópavogs verði skráðar og minjagildi þeirra metið.
- Lokið verði við skráningu merkra bygginga í Kópavogi með tilliti til sögu-, menningar- og byggingarlistar og niðurstöður um varðveislumat og verndarflokka kynnt.

VATNSVERND

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Tryggja nægt neysluvatn og gæði þess í lögsögu Kópavogs svo að ekki verði þörf á meðhöndlun neysluvatns í framtíðinni í samræmi við heimsmarkmið 3.9 um loft-, vatns- og jarðvegsmengun.
- Koma í veg fyrir alla röskun á verndarsvæðum vatnsbóla sem getur haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar í samræmi við heimsmarkmið 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin markmið sem ekki tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Unnið verði áfram að grunnvatnsrannsóknum í lögsögu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.
- Innan vatnsverndarsvæða verði komið í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa í samræmi við heimsmarkmið 3.9 um loft-, vatns- og jarðvegsmengun.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar leiðir sem ekki tengjast mikilvægisgreiningu.

VERNDARSVÆÐI VEGNA STRANDMENGUNAR OG MENGUNAR Í ÁM OG VÖTNUM

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Vinna að flokkun strandsvæða og vatnasvæða í Kópavogi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Samkvæmt lögum og reglugerðum ber sveitarfélögum að láta flokka strandsvæði og vatnasvæði með tilliti til mengunar. Þessi flokkun fari fram á skipulagstímabilinu í samræmi við heimsmarkmið 14.1 um mengun í sjó.

SKÓGRÆKT OG UPPGRÆÐSLA

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Bæta aðgengi að skógræktar- og útivistarsvæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði og 15.2 um sjálfbæra skóga.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Vinna áfram að uppbyggingu Græna trefilsins og Græna stígsins.
- Unnið verði að landgræðslu og skógrækt í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbæra skóga.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Unnið verði að endurskoðun á afmörkun Græna trefilsins.
- Lögð verði áhersla á skógrækt í Græna treflinum í upplandi Kópavogs og efri byggðum.

Mælikvarðar

Í aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar sem unnin er í kjölfar aðalskipulags er að finna yfirlit yfir þær aðgerðir og mælingar sem bærinn mun fylgjast með til að styðja við framfylgd aðalskipulags. Vegna markmiða og leiða um umhverfi verður fylgst reglulega með eftirfarandi mælikvörðum:

- Hlutfall lands innan óbyggðra svæða sem heyrir undir sérstaka vernd samkvæmt náttúruverndarlögum í samræmi við heimsmarkmið 15.1 (15.1.2).
- Fylgst verði með umfangi friðlýstra svæða innan Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 15.1.
- Fylgst verði með fjölda skipta á ári sem vatnsgæði eru ófullnægjandi í samræmi við heimsmarkmið 3.9.
- Vatnsgæði og lífríki í Elliðavatni og leirum í Kópavogi og Fossvogi verði vöktuð í samræmi við heimsmarkmið 6.6.
- Haldin verður skrá yfir þau hverfi Kópavogs þar sem áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga hefur farið fram í samræmi við heimsmarkmið 13.2.
- Stærð opinna, grænna svæða innan Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 11.7 (11.7.1).
- Fjöldi skráðra slysa á opnum svæðum innan Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 11.7 (11.7.2).

9.7.2 Valkostir fyrir umhverfi

Skógrækt í upplandi

Um 157 ha land er skilgreint sem skógræktarsvæði í Lækjarbotnalandi í upplandi Kópavogs. Komið hafa fram hugmyndir um frekari skógrækt í upplandinu. Í umhverfismati eru bornir saman tveir valkostir.

Annar kosturinn felur í sér stækkun á skógræktarsvæði í Lækjarbotnalandi um 120 ha. Svæðið yrði utan við Fossvallarétt og beitarhólf tengd henni. Hinn valkosturinn er mun umfangsmeiri eða um 431 ha svæði sem afmarkast af mörkum Lækjarbotnalands í vestri, um 50 m meðfram Suðurlandsvegi og Neðri Fóelluvötnum í norðri, upp með Bláfjallavegi og hraunjaðri í austri og suðri og rótum Sandfells í suðvestri.

Skógrækt	A) Skógræktarsvæði stækkað í Lækjarbotnalandi	B) Frekari stækkun á skógræktar- og uppgræðslusvæði að Bláfjallavegi, að hluta innan þjóðlendu
Náttúrufar	Útfrá núverandi gögnum er ekki augljóst hvort einhverjar takmarkanir eru fyrir hendi varðandi náttúrufar.	Sama og A) auk þess sem skoða þarf takmarkanir á skógrækt við Neðri Fóelluvötn og nærri farvegi Fossvallaár þar vestur af.
Andrúms-loft	Stefna um skógrækt hefur í för með sér bindingu kolefnis og því jákvæð áhrif á andrúmsloft.	Sama og A)
Samfélag	Stefna hefur ekki áhrif á samfélag.	Stefna hefur ekki áhrif á samfélag.
Hagrænir	Taka þarf tillit til háspennulínu sem liggur í gegnum svæðið og er skilgreint helgunarsvæði vegna þess.	Taka þarf tillit til háspennulínu sem liggur í gegnum svæðið og er skilgreint helgunarsvæði vegna þess.
Auðlindir	Skógræktarsvæði yrði innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar sem er ekki breyting frá núverandi skógræktarsvæði í Lækjarbotnum. Uppgræðsla er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við samþykkt um vatnsvernd.	Sama og A) nema hvað umtalsvert stærra svæði er undir. Herminjar eru innan svæðis sem taka þarf tillit til við nánari útfærslu.

Óbyggt svæði í upplandi

Kópavogur hefur yfir að ráða umfangsmiklu svæði í upplandi. Svæðið hefur verið skilgreint að mestu sem óbyggt svæði enda vel út fyrir skilgreind vaxtarmörk þéttbýlis og einnig er svæðið ekki ákjósanlegt til uppbyggingar húsnæðis vegna hæðar yfir sjávarmáli og staðsetningar innan vatnsverndarsvæðis. Komið hefur til tals að staðsetja opið svæði nálægt Bláfjöllum og breyta þannig landnotkun. Í umhverfismati eru þessir valkostir metnir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Óbyggð svæði	a) Nýtt landsvæði í Kópavogi- óbyggt svæði	b) Opið svæði til útivistar við hliðina á skíðasvæðinu í Bláfjöllum
Náttúrufar	Meginþorri svæðis er hraun og stór hluti þess heyrir undir sérstaka vernd skv. náttúruverndarlögum. Það að halda svæðinu sem óbyggðu hefur jákvæð áhrif á verndargildi.	Yrði að hluta á eldhrauni sem heyrir undir sérstaka vernd skv. náttúruverndarlögum. Gæta þyrfti varúðar við skipulag nýtingar. Þannig eru áhrif háð útfærslu.
Andrúms-loft	Stefna hefur óveruleg áhrif á andrúmsloft.	Stefna hefur óveruleg áhrif á andrúmsloft.
Samfélag	Stefna hefur óveruleg áhrif á samfélag.	Stefna býður upp á möguleika á nýtingu svæðis til útivistar. Áhrif fara þó eftir útfærslu.
Hagrænir	Stefna hefur óveruleg áhrif á hagræna þætti.	Stefna hefur óveruleg áhrif á hagræna þætti.
Auðlindir	Stefna hefur jákvæð áhrif á auðlindir þar sem svæðið er að mestu skilgreint sem vatnsverndarsvæði en kvaðir eru á nýtingu og uppbyggingu mannvirkja.	Opið svæði er staðsett innan fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins. Um umgengni á því svæði gildir samþykkt um vatnsvernd og eru allar framkvæmdir háðar leyfi heilbrigðisnefndar. Áhrif eru háð útfærslu.

9.7.3 Niðurstaða samanburðar

Borin eru saman áform um umtalsverða stækkun skógræktar- og landgræðslusvæði í upplandi Kópavogs í framahaldi af núverandi svæði í Lækjarbotnum. Töluverður stærðarmunur er á tillögunum. Uppgræðsla lands hefur jákvæð áhrif á andrúmsloft með bindingu kolefnis. Skoða þarf betur áhrif á náttúrufar og hvort þar séu takmarkanir. Taka þarf tilliti til helgunarsvæðis háspennulínu sem liggur um svæðið sem og minja. Megin takmarkanir snúa að vatnsvernd en skógræktarsvæðið yrði staðsett innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar og þarf að sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar. Frekari uppbygging skógræktar er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda í samræmi við lög nr. 106/2000.

Kópavogur hefur yfir að ráða stóru landsvæði í upplandinu. Meirihluti þess landssvæðis er þakinn nútímahrauni sem einnig er ákomusvæði ofanvatns og er um leið vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Um það gilda því kvaðir um notkun sem settar eru fram í samþykkt um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins. Nútímahraun sem slíkt fellur einnig undir sérstaka vernd samkvæmt náttúruverndarlögum og ber að forðast að raska því. Í umhverfismati eru bornir saman þeir kostir að nýtt landsvæði Kópavogs í upplandinu muni verða skilgreint sem óbyggt svæði eða að hluti þess við Bláfjöll fái skilgreininguna opið svæði. Samanburður sýnir að áhrif á náttúrufar og auðlindir eru jákvæð ef svæðið verður skilgreint sem óbyggt svæði með lágmarksafnot vegna þeirra kvaða sem eru um nýtingu svæðisins. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin óveruleg. Skilgreining hluta svæðis sem opins svæðis til útivistar hefur í för með sér nýtingu svæðis og mögulega uppbyggingu aðstöðu samfara á því. Slíkt getur haft neikvæð áhrif í för með sér en áhrif eru þó metin óviss og háð nánari útfærslu svæðis.

9.7.4 Heildarniðurstaða stefnu um umhverfi

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér að framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með að stefnunni sé framfylgt. Stefnumið umhverfis falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Í þessari endurskoðun er bætt við stefnumiðum um loftslag í samræmi við landsskipulagsstefnu. Þótt loftslag sé ekki landnotkunarflokkur er sérstök umfjöllun í kafla um umhverfismál þar sem loftslagsmál ganga þvert á alla flokka. Við rýni á stefnumiðum með tilliti til heimsmarkmiða komu loftslagsmál upp í öllum landnotkunarköflum og er almenna stefnan sem sett er fram að við skipulagsgerð verði tekið tillit mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga. Í upplandi Kópvogs er umfangsmikið svæði sem skilgreint er sem óbyggt svæði. Innan þessa svæðis eru einnig flest þau svæði sem hafa verndarskilgreiningu innan sveitarfélagsins, með tilliti til náttúruverndar og vatnsverndar. Í stefnumörkun aðalskipulags er lögð áhersla á að standa vörð um þessi svæði sem er í samræmi við náttúruverndaráætlanir og svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og er lögð áhersla á fræðslu til almenning um nýtingu þessa svæðis. Slíkt hefur einnig jákvæð áhrif á náttúrufar og auðlindir, enda um að ræða vatnsauðlind höfuðborgarsvæðisins. Stefna um opin svæði innan marka sveitarfélagsins tekur mið að því að íbúar hafi jafnt aðgengi og þannig séu opin svæði innan hvers hverfis sveitarfélagsins. Slík stefnumörkun er í samræmi við lýðheilsumarkmið og hefur jákvæð áhrif á samfélag. Stefna um skógrækt og uppgræðslu miðar að því að vinna áfram að uppbyggingu græna trefilsins sem umlykur höfuðborgarsvæðið og að bæta aðgengi að skógræktar- og útivistarsvæðum í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins með jákvæðum áhrifum á samfélag og náttúrufar.

9.8 GRUNNKERFI

9.8.1 Stefna aðalskipulags um grunnkerfi

Stefna aðalskipulags um grunnkerfi er sett fram í kafla 5 í greinargerð aðalskipulags. Við greiningu á sjálfbærni Kópavogs með tilliti til grunnkerfa voru ýmsir þættir sem komu fram við mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þau heimsmarkmið sem þóttu vera mikilvægust fyrir þennan málaflokk voru eftirfarandi (Heimsmarkmið og undirmarkmið):

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG, VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR **11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.** **11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.**
	13. GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA **13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.**
	6.TRYGGJA AÐGENGI AÐ OG SJÁLFBÆRA NÝTINGU, ALLRA Á HREINU VATNI OG SALERNISAÐSTÖÐU **6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.**
	7.TRYGGJA ÖLLUM AÐGANG AÐ ÖRUGGRI OG SJÁLFBÆRRI ORKU Á VIÐRÁÐANLEGU VERÐI **7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.**

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	9. BYGGJA UPP VIÐNÁMSÞOLNA INNVIÐI FYRIR ALLA, STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI IÐNVÆÐINGU OG HLÚA AÐ NÝSKÖPUN **9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.**

Unnið var að rýni á stefnumiðum sveitarfélagsins út frá þeim áherslum sem fram komu í mikilvægisgreiningu. Niðurstaða þeirrar rýni leiddi til breytinga á stefnumiðum og einnig nýjum stefnumiðum. Að auki var unnið að því að fá fram mælikvarða svo unnt verði að mæla frammistöðu stefnumörkunar á skipulagstímabilinu og eru mælikvarðar sem við eiga um skilgreind heimsmarkmið sett fram í lok þessa kafla. Í aðgerðaráætlun aðalskipulags er svo yfirlit yfir alla þá mælikvarða sem Kópavogsbær hefur greint í vinnu við þessa endurskoðun aðalskipulags sem og í fyrri vinnu við Staðardagskrá 21. Aðgerðaráætlunin er unnin í kjölfar aðalskipulags. Eftirfarandi er stefna aðalskipulags um grunnkerfi með áorðnum breytingum eftir rýni út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ný markmið eru auðkennd með rauðum lit sem og breytingar á markmiðum núgildandi aðalskipulags (2012-2024). Engar breytingar voru gerðar á stefnumörkun um landnotkunarflokkana gatnakerfi, lestasamgöngur, flugvellir, bílastæði, hafnarsvæði og varúðarsvæði.

SAMGÖNGUR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Stuðlað verði að vistvænum samgöngum og möguleikar fólks til að velja á milli einkabílsins og annars ferðamáta auknir. Um leið verði reynt að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Samgöngur verði greiðar og öruggar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, almenningsvagna og einkabíla í samræmi við heimsmarkmið 3.6 um öruggar samgöngur, 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum og 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur.
- Kópavogsbær stuðli að notkun umhverfisvænni orkugjafa í samræmi við heimsmarkmið 7.2 um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku.
- Við skipulag samgöngumannvirkja skal horft til mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.
- Stuðlað verði að vistvænum samgöngum, góðum almenningssamgöngum og Borgarlínu (hágæðaalmenningssamgöngur) samhliða þéttingu byggðar. Samtímis verði reynt að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum og 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Aukin áhersla verður lögð á upplifun á mismunandi tegundum göturýmis og mörkin milli mismunandi tegunda gatna gerð skýrari til að ökumenn upplifi mun á umhverfi gatna og ökuhraða.
- Gert verði ráð fyrir samgöngumiðstöð á miðsvæðinu við Reykjanesbraut.
- Tryggt verði að stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins hindri ekki samgang íbúa milli hverfa í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Við uppbyggingu á samgöngumannvirkjum verði gert ráð fyrir sérstökum stígum fyrir hjólreiðamenn.
- Gæði innviða fyrir vistvænni ferðamáta verða aukin og samþættingu þeirra hvort sem um er að ræða gangandi/hlaupandi, hjólandi vegfarendur eða almenningssamgöngur.
- Uppbygging samgöngumannvirkja taki mið af þörfum og óskum íbúa og annarra hagsmunaaðila í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Lögð er áhersla á skilvirk og örugg samgöngumannvirki.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Gatnakerfið verði hannað með öryggi vegfarenda og íbúa í huga og góðum tengingum milli hverfa, þjónustusvæða, göngu- og hjólaleiða í samræmi við heimsmarkmið 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur. Unnið verði eftir umferðarskipulagi Kópavogs þar sem áhersla er lögð á 30 km hraða innan hverfa.
- Farartæki í eigu bæjarfélagsins skulu knúin vistvænu eldsneyti eða vera umhverfisvæn á annan hátt í samræmi við heimsmarkmið 7.2 um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku og 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.
- Hvatt verði til aukinnar rafvæðingar vegna notkunar rafbíla í samræmi við heimsmarkmið 7.2 um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku.
- Þjónustuaðilar bensínstöðva verði hvattir til að bjóða upp á vistvæna orkugjafa í samræmi við heimsmarkmið 7.2 um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku.
- Unnið verði áhættumat fyrir samgöngumannvirki vegna áhrifa loftslagsbreytinga.Þar sem niðurstaða áhættumats er „veruleg neikvæð áhrif“ verði gripið til aðgerða í samræmi við heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Þjónustustig aðalgatnakerfisins lækki ekki. Gatnaskipulag bæjarins skal byggt á flokkun gatna í húsagötur, safn-, tengi- og stofnbrautir.
- Unnin verði ný umferðaröryggisáætlun fyrir Kópavog og á grundvelli hennar framkvæmdaráætlun til 10 ára.
- Arnarnesvegur frá Rjúpnadal að Breiðholtsbraut verði lagður á skipulagstímabilinu.
- Ákvarðanir um uppbyggingu umhverfis og innviða eru teknar í kjölfar kostnaðar- og ábatagreininga.
- Við allar framkvæmdir skal tryggja aðgengi fyrir alla. Við tímabundnar framkvæmdir skal tryggja hjáleiðir og viðeigandi merkingar.
- Nýta á tækninýjungar og deilikerfi til að gera samgöngur greiðari, öruggari og hagkvæmari fyrir alla.
- Áhersla verður lögð á upplýsingaflæði til íbúa um framkvæmdir og breytingar í sveitarfélaginu. Á framkvæmdatíma skal sérstaklega huga að merkingum á hjáleiðum.
- Gæta skal samræmis við markmið svæðisskipulags „Höfuðborgarsvæðið 2040“. „Sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu hafa sett sér markmið að draga úr notkun einkabílsins þannig að:
  - hlutdeild bílferða lækki úr 75% árið 2011 í 58% árið 2040
  - hlutfall almenningssamgangna aukist úr 4% í 12% og að
  - samanlögð hlutdeild gangandi og hjólandi fari úr 21% í 30% árið 2040.“

GATNAKERFI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið um gatnakerfi sett fram í aðalskipulagi.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin markmið um gatnakerfi sett fram í aðalskipulagi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir um gatnakerfi settar fram í aðalskipulagi.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar leiðir um gatnakerfi settar fram í aðalskipulagi.

GÖNGU-, HJÓLA- OG REIÐSTÍGAR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Tryggt verði aðgengi allra íbúa að öruggum hjóla- og göngustígum í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Unnið verði áfram að uppbyggingu göngu,- hjólastígakerfis um bæjarlandið og það tengt við útivistarsvæðin.
- Tryggja skal góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu reiðleiðakerfis innan bæjarlandsins og það tengt við samsvarandi leiðir.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Við deiliskipulag nýrrar byggðar verði horft til þess að stígakerfi verði aðgengilegt, öruggt og víðfeðmt í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Gerð verði úttekt á því hvar er þörf á að bæta aðgengi að útivistarsvæðum, sem og ferðaleiðum, fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur. 5 ára framkvæmdaráætlun í það minnsta verði gerð í kjölfarið.
- Unnið verði eftir hjólreiðaáætlun fyrir Kópavogsbæ með áherslu á greiðfært og öruggt stofnstígakerfi og öruggar leiðir milli heimilis og skóla.
- Í samvinnu við borgaryfirvöld verði komið á göngu- og hjólatenginu frá Kársnesi yfir Fossvog í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Gerður verði útivistarstígur meðfram Elliðavatni. Stígarnir verði í samvinnu við borgaryfirvöld tengdir inn á stígakerfi Reykjavíkur í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Stígar í Fossvogsdal um Kársnes, í Kópavogsdal, á Selhrygg og umhverfis Elliðavatn verði auðkenndir og varðaðir með stikum sem sýna vegalengdir til að merkja betur göngu- og hlaupaleiðir um bæjarlandið.
- Markvisst verði unnið að bættri aðstöðu fyrir hjólafólk t.d. með hjólagrindum og hjólaskýlum.
- Gerður verði gönguslóði á hverfisvernduðu (bæjarvernduðu) svæði meðfram Dimmu sem tengist stígakerfi Elliðaárdals við Breiðholtsbraut.
- Lagðir verði útivistarstígar á Vatnsendaheiði sem tengjast Heiðmörk.
- Byggðir verða upp útivistarstígar á jaðarsvæðum.
- Flokkun hjólastígakerfis í samgöngustíga, útivistar- og tómstundastíga, tengistíga.
- Hjóla- og göngustígar verði aðskildir á stofnleiðum.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR – STRÆTÓ OG BORGARLÍNA

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Tryggt verði aðgengi allra íbúa að öruggum almenningssamgöngum í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Almenningssamgöngur þjóni sem best þörfum íbúa Kópavogs vegna atvinnu, skóla og frístundastarfs.
- Þétting byggðar greiðir fyrir betri nýtingu almenningssamgangna.
- Stefnt er að uppbyggingu Borgarlínu í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Aðstaða á biðstöðvum verði bætt, bæði fyrir farþega og strætisvagna, og biðstöðvum gefið nafn.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Við deiliskipulag nýrrar byggðar verði horft til þess að almenningssamgöngur verði aðgengilegar í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur.
- Unnið verði að bættri þjónustu Strætó bs, t.d. með tíðari ferðum.
- Gönguleiðir að biðstöðvum strætó verði greiðar og öruggar.
- Unnið verði að því að veita almenningsvögnum forgang í umferðinni, t.d. með sér akreinum og forgangi á umferðarljósum.
- Greina þarf hvar strætisvagnar verða helst fyrir töfum innan bæjarins og leysa úr þeim með breyttu skipulagi ef hægt er.
- Sérstök áhersla verði lögð á að þétta byggð nálægt almenningssamgöngum, strætó og borgarlínu.
- Við endurskoðun miðsvæðis við Reykjanesbraut verði hugað sérstaklega að almenningssamgöngum, m.a. mögulegri staðsetningu skiptistöðvar sem tengdist mögulegu lestarspori meðfram Reykjanesbraut.

LESTARSAMGÖNGUR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið um lestarsamgöngur sett fram í aðalskipulagi.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin markmið um lestarsamgöngur sett fram í aðalskipulagi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir um lestarsamgöngur settar fram í aðalskipulagi.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar leiðir um lestarsamgöngur settar fram í aðalskipulagi.

FLUGVELLIR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Sandskeiðsflugvöllur verði áfram miðstöð æfinga-, svif og vélflugs á höfuðborgarsvæðinu.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Vinna deiliskipulag af Sandskeiðsflugvelli. Bæta aðstöðu á athafnasvæði vallarins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

BÍLASTÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin markmið sett fram um bílastæði í aðalskipulagi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar leiðir settar fram um bílastæði í aðalskipulagi.

HAFNARSVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Glæða skal hafnarsvæðið nýju lífi og starfsemi hafnarinnar þróist í líflega útivistarhöfn fyrir báta og skip sem höfnin ber.
- Hafnarsvæðið verði aðlagað aðliggjandi byggð þar sem verða íbúðir, verslun og þjónusta og athafnastarfsemi.
- Kópavogshöfn og Fossvogshöfn/Ýmishöfn verði Bláfánahafnir þ.e. umhverfisvottaðar.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Grófari atvinnustarfsemi verði víkjandi.
- Við endurskipulagningu svæðisins verði horft til sjálfbærni byggðarinnar.

VARÚÐASVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Mengun verði innan viðmiðunarmarka í samræmi við heimsmarkmið 3.9 um loft-, vatns- og jarðvegsmengun og 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Gerðar verði áfram reglubundnar mælingar á hljóð- og loftmengun í Kópavogi og metið hvar þurfi að fara í úrbætur vegna þessa.
- Loft- og hávaðamengun vegna umferðar, s.s. bifreiða og flugvéla verði innan viðmiðunarmarka. Unnin verði samþykkt um hljóðvarnargler í íbúðarhús við umferðarmiklar götur.
- Sinubreiður, s.s. lúpínubreiður verði metnar með tilliti til brunahættu vegna nálægðar við byggð.

VEITUR OG HELGUNARSVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Veitur Kópavogsbæjar séu í hæsta gæðaflokki og valdi ekki skaða á lífríkinu í samræmi við heimsmarkmið 6.3 um aukin vatnsgæði, 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa og 9.1 um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin önnur markmið sett fram um veitur og helgunarsvæði í aðalskipulagi

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Eftirlit verði haft með vatnsverndarsvæðum og vöktun á neysluvatni í samræmi við heimsmarkmið 6.6 um verndun og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Stefna skal að því að háspennulínum innan svæðisins skuli ekki fjölgað en frekar horft til þess að setja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.
- Allir íbúar bæjarins geti tengst háhraða interneti.
- Tryggja ber áfram reglubundna lekaleit á dreifikerfi Vatnsveitu Kópavogs.
- Vinna markvisst að því að regnvatn af götum Kópavogs fari í settjarnir áður en það fer í viðtaka ásamt almennri innleiðingu annarra blágrænna ofanvatnslausna.

SORP

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Draga skal úr myndun úrgangs og stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu í samræmi við heimsmarkmið 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin markmið sett fram.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Kópavogsbær vinni markvisst að því að minnka förgun á lífrænum og brennanlegum úrgangi samkvæmt markmiðum Landsáætlunar Umhverfisstofnunar og sameiginlegri svæðisáætlun sveitarfélaga á suðvesturlandi um meðhöndlun úrgangs í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Fylgst verði reglulega með sorpmagni og flokkun sorps með grænu bókhaldi og niðurstöðurnar verði birtar í ársskýrslu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.
- Gert verði áfram ráð fyrri grenndargámum fyrir annað sorp en það sem verður sótt til íbúa í samræmi við heimsmarkmið 11.6 um lágmörkun skaðlegra umhverfisáhrifa og 12.5 um minni úrgang, aukna endurvinnslu og minni sóun.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar leiðir settar fram.

Mælikvarðar

Í aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar sem unnin er í kjölfar aðalskipulags er að finna yfirlit yfir þær aðgerðir og mælingar sem bærinn mun fylgjast með til að styðja við framfylgd aðalskipulags. Vegna markmiða og leiða um grunnkerfi verður fylgst reglulega með eftirfarandi mælikvörðum:

- Vatnsgæði og lífríki í Elliðavatni og leirum í Kópavogi og Fossvogi verði vöktuð í samræmi við heimsmarkmið 6.6.
- Fylgst verði með hlutfalli umhverfisvænna bíla af heildarfjölda skráðra bíla í Kópavogi í samræmi við heimsmarkmið 7.2.
- Fylgst verði með hlutfalli farþega sem nýta sér mismunandi samgönguferðamáta í samræmi við heimsmarkmið 9.1.
- Fylgst verði með hlutfalli íbúa með auðvelt aðgengi að hjóla- og göngustígum sem miðar við minni fjarlægð en 500 m frá heimili, skóla eða vinnu í samræmi við heimsmarkmið 11.2.
- Fylgst verði með hlutfalli íbúa með auðvelt aðgengi að almenningssamgöngum sem miðar við minni fjarlægð en 500 m frá heimili, skóla eða vinnu í samræmi við heimsmarkmið 11.2.
- Haldin verður skrá yfir þau samgöngumannvirki Kópavogs þar sem áhættumat vegna áhrifa loftslagsbreytinga hefur farið fram í samræmi við heimsmarkmið 13.2.

9.8.2 Valkostir fyrir grunnkerfi

Í umhverfismati er umfjöllun um valkosti beint að eftirfarandi framkvæmdum.

- Reykjanesbraut á milli Glaðheima og Smáralindar (stokkur):
- Flugvöllur á Sandskeiði.

Umfjöllun um valkosti snýr að samanburði á uppbyggingu nýrra samgöngumannvirkja sem talin eru upp í kafla 5.1.2 um gatnakerfi og áætlaða þróun umferðar og í kafla 5.1.6 um flugvöll.

Reykjanesbraut á milli Glaðheima og Smáralindar

Í svæðiskjarnanum í Smáranum hefur orðið mikill vöxtur og er stefnt að frekari uppbyggingu atvinnu- og íbúðarhúsnæðis til framtíðar. Á milli Glaðheima og Smáralindar er gert ráð fyrir tengingu. Til samanburðar í umhverfismati eru tillögur sem hafa verið til skoðunar um mismunandi tengingar á milli þessara svæða.

Smáralind-Glaðheimar. Tenging	A) Brú (gangandi, hjólandi, akandi) yfir núverandi Reykjanesbraut	B) Stokkur yfir Reykjanesbraut og undirgöng fyrir umferð	C) Reykjanesbraut niðurgrafin og flæði umferðar á milli svæða í núverandi legu
Náttúrufar	Borgarumhverfi og því óveruleg áhrif á náttúrfar.	Borgarumhverfi og því óveruleg áhrif á náttúrfar.	Borgarumhverfi og því óveruleg áhrif á náttúrfar.
Andrúmsloft	Aukin uppbygging húsnæðis hefur í för með sér aukna umferð. Með góðum tenginum og aðgengi að vistvænum samgöngum er unnt að draga úr umferð ökutækja og draga þannig úr neikvæðum áhrifum á þennan þátt.	Sama og A) nema hluti umferðar á milli hverfa fer um undirgöng og dregur þannig úr áhrifum á yfirborði á þeim kafla.	Sama og A) nema að Reykjanesbraut færi í lokaðan stokk sem hefði jákvæð áhrif á andrúmsloft á þessu svæði.
Samfélag	Hefur jákvæð áhrif að tengja saman tvö stór atvinnu- og íbúðarhverfi. Stytta þannig ferðaleiðir og gefa möguleika á að nýta vistvænar samgöngur. Slíkt hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu.	Sama og A) nema að jákvæð áhrif á lýðheilsu eru meiri þar sem hljóðvist á svæðinu batnar með byggingu stokks.	Sama og A) nema að nema að jákvæð áhrif á lýðheilsu eru meiri þar sem hljóðvist á svæðinu batnar með því að setja Reykjanesbraut í niðurgrafinn stokk.
Hagrænir	Þessi kostur yrði ódýrastur en gefur ekki möguleika á að þróa samhangandi byggð á	Með gerð stokks er mögulegt að þróa samhangandi byggð á milli svæða og nýta	Með gerð stokks er mögulegt að þróa samhangandi byggð á milli svæða og nýta

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Smáralind-Glaðheimar. Tenging	A) Brú (gangandi, hjólandi, akandi) yfir núverandi Reykjanesbraut	B) Stokkur yfir Reykjanesbraut og undirgöng fyrir umferð	C) Reykjanesbraut niðurgrafin og flæði umferðar á milli svæða í núverandi legu
	milli svæða. Háð útfærslu.	þannig landið betur. Er kostnaðarsamari en A). Háð útfærslu.	þannig landið betur. Er kostnaðarsamasta leiðin. Háð útfærslu.
Auðlindir	Ný brú kemur yfir Reykjanesbraut sem hefur ekki afgerandi áhrif á landrými og landslag í þéttbýlisumhverfi.	Stokkur og möguleg byggð á stokki, breytir útliti svæðis. Talsverð truflun á umferð verður við gerð stokks og undirganga.	Ásýnd svæðis breytist með uppbyggingu. Að öllum líkindum verður mest rask á umferðarstraumum á framkvæmdatíma þessarar tillögu.

Flugvöllur á Sandskeiði

Á Sandskeiði hefur verið aðstaða Svifflugfélags Íslands um árabil. Til stendur að sú aðstaða og nýting verði áfram í boði á því svæði. Einnig eru áform um að bæta aðstöðuna með uppbyggingu mannvirkja innan flugvallarsvæðis.

Flugvöllur á Sandskeiði	Frekari uppbygging	Núllkostur-engin frekari uppbygging
Náttúrufar	Við frekari mannvirkjagerð þarf að huga að þeim vistgerðum sem kortlagðar hafa verið af Náttúrufræðistofnun Íslands en sumar þeirra hafa hátt verndargildi.	Flugvöllurinn að mestu á graslendi í tæplega 200 m hæð.
Andrúmsloft	Ekki líklegt að frekari uppbygging hefði teljandi áhrif á andrúmsloft.	Umferð og starfsemi er í dag þannig að lítil áhrif eru á andrúmsloft.
Samfélag	Uppbygging gæti haft í för með sér fleiri mannvirki á svæðinu. Gæta þyrfti að yfirbragði og að þau falli vel að umhverfinu.	Fá mannvirki eru á svæðinu og ekki vitað um menningarminjar.
Hagrænir	Frekari uppbygging gæti stutt við þá starfsemi sem fyrir er.	Svæðið hefur verið nýtt um langt skeið og liggur vel við samgöngum.
Auðlindir	Vegna staðsetningar á vatnsverndarsvæði þarf að gæta sérstakrar varúðar við alla uppbyggingu og fara eftir þeim leiðbeiningum sem liggja fyrir í samþykkt um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins.	Staðsetning á vatnsverndarsvæði setur skorður.

9.8.3 Niðurstaða samanburðar

Í aðalskipulagi er sett fram stefna um tengingu Glaðheimahverfis og Smáralindar yfir Reykjanesbraut. Nánari útfærsla á tengingu bíður hönnunar og að öllum líkindum þarf að spyrjast fyrir um matsskyldu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Bornir voru saman þrír valkostir út frá fyrirliggjandi gögnum en samanburður byggir að hluta á frumathugun. Á framkvæmdatíma verður mikið rask á umferð um Reykjanesbraut, sama hvaða kostur verður fyrir valinu, en þó að öllum líkindum mest ef Reykjanesbraut verður grafin niður að hluta og sett í stokk. Eftir að framkvæmdum lýkur er munur á kostunum. Kostirnir sem gera ráð fyrir Reykjanesbraut í stokk gefa rými til uppbyggingar ofan á stokknum og þannig væri hægt að skipuleggja samhangandi byggð á milli svæða. Með uppbyggingu næðist kostnaður að hluta til baka. Slíkt hefði einnig í för með sér svæði sem hefði meiri umhverfisgæði þar sem gegnum umferð færi ekki um hverfið og þannig minni áhrif vegna bílaumferðar. Uppbygging þessa svæðis myndi einnig skapa betri tækifæri til þess að skipuleggja samgöngukerfið þannig að meiri áhersla væri lögð á vistvæna samgöngumáta sem um leið hefði jákvæð áhrif á lýðheilsu.

Í aðalskipulagi er áfram gert ráð fyrir flugvelli á Sandskeiði. Í umhverfismati er núverandi staða borin saman við mögulega frekari uppbyggingu. Bent er á að við mannvirkjagerð þurfi að huga að þeim vistgerðum sem hafa verið kortlagðar af Náttúrufræðistofnun Íslands á svæðinu. Æskilegt væri að takmarka rask á vistgerðum með háu verndargildi. Sá umhverfisþáttur sem getur verið takmarkandi varðandi frekari uppbyggingu eru möguleg áhrif á vatnsauðlindina en flugvöllurinn er staðsettur á fjarsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins. Um það gilda reglur um framkvæmdir og ber að vinna að þeim í samráði við heilbrigðisnefnd og heilbrigðiseftirlit.

9.8.4 Heildarniðurstaða stefnu varðandi grunnkerfi

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér að framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með að stefnunni sé framfylgt. Stefnumið, sem varða grunnkerfi, falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er megin stefna sveitarfélagsins í samgöngumálum að stuðla að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

vistvænum samgöngum og að möguleikar til að velja á milli einkabílsins og annars ferðamáta verði auknir. Þetta er gert m.a. með því að gera ráð fyrir uppbyggingu Borgarlínu í stefnumörkun sem og að stuðla að þéttingu byggðar. Einnig verður áfram unnið að uppbyggingu stígakerfis og aðgengi að almenningssamgöngum verði áfram tryggt. Þessar leiðir eru áhrifaríkastar til þess að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið, þá einkum á andrúmsloft og að bæta samfélagsáhrif.

9.9 SAMFÉLAG

9.9.1 Stefna aðalskipulags um samfélag

Stefna aðalskipulags varðandi samfélag er sett fram í kafla 6 í greinargerð aðalskipulags. Við greiningu á sjálfbærni Kópavogs með tilliti til byggðar voru ýmsir þættir sem komu fram við mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þau heimsmarkmið sem þóttu vera mikilvægust fyrir þennan málaflokk voru eftirfarandi (Heimsmarkmið og undirmarkmið):

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	11. GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG, VIÐNÁMSÞOLIN OG SJÁLFBÆR **11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.** **11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.** **11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.**
	10. DRAGA ÚR ÓJÖFNUÐI INNAN OG Á MILLI LANDA **10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.**

Heimsmarkmið	Undirmarkmið
	3.STUÐLA AÐ HEILBRIGÐU LÍFERNI OG VELLÍÐAN FYRIR ALLA FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR **3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.** **3.8 Komið verði á heilbrigðisþjónustu fyrir alla óháð fjárhagslegri stöðu, aðgengi veitt að góðri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og að öruggum, virkum og nauðsynlegum lyfjum og bóluefni á viðráðanlegu verði fyrir alla**
	4. TRYGGJA JAFNAN AÐGANG ALLRA AÐ GÓÐRI MENNTUN OG STUÐLA AÐ TÆKIFÆRUM ALLRA TIL NÁMS ALLA ÆVI **4.2 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri, fá umönnun og leikskólamenntun til að búa þau undir grunnskóla.**
	8. STUÐLA AÐ VIÐVARANDI SJÁLFBÆRUM HAGVEXTI OG ARÐBÆRUM OG MANNSÆMANDI ATVINNUTÆKIFÆRUM FYRIR ALLA **8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.**

Unnið var að rýni á stefnumiðum sveitarfélagsins út frá þeim áherslum sem fram komu í mikilvægisgreiningu. Niðurstaða þeirrar rýni leiddi til breytinga á stefnumiðum og einnig nýjum stefnumiðum. Að auki var unnið að því að fá fram mælikvarða svo unnt verði að mæla frammistöðu stefnumörkunar á skipulagstímabilinu og eru mælikvarðar sem við eiga um skilgreind heimsmarkmið sett fram í lok þessa kafla. Í aðgerðaráætlun aðalskipulags er svo yfirlit yfir alla þá mælikvarða sem Kópavogsbær hefur greint í vinnu við þessa endurskoðun aðalskipulags sem og í fyrri vinnu við Staðardagskrá 21. Aðgerðaráætlunin er unnin í kjölfar aðalskipulags. Eftirfarandi er stefna aðalskipulags um samfélag með áorðnum breytingum eftir rýni út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ný markmið eru auðkennd með rauðum lit sem og breytingar á markmiðum núgildandi aðalskipulags (2012-2024). Engar breytingar voru gerðar á stefnumörkun um landnotkunarflokkana gæsluvellir, grunnskólar, aðrir skólar, kirkjur og trúfélög, menningarmál, málefni aldraðra og málefni fatlaðs fólks.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

ÍÞRÓTTAMÁL – ÍÞRÓTTASVÆÐI

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Allir íbúar hafi aðgang að góðum útivistarsvæðum í göngufæri frá heimilum sínum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Skapaðar verði aðstæður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar, íþrótta- og tómstundarstarfs og útivistar.
- Börnum og unglingum verði gert kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf við sitt hæfi óháð búsetu.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Boðið verði upp á fjölbreytta aðstöðu til útivistar og íþróttaiðkunar í tengslum við íbúðarhverfi bæjarins.
- Komið verði á almennum og traustum samgöngum á milli heimila og helstu íþrótta- og tómstundamannvirkja til að gera börnum og unglingum kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf við hæfi óháð búsetu.
- Yngstu börnunum verði gert kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf í sínu hverfi.

FRÍTÍMAÞJÓNUSTA

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Félagsmiðstöðvar, æskulýðs- og tómstundastarf, verði í hverju hverfi í Kópavogsbæ í samræmi við heimsmarkmið 10.2 um aukinn jöfnuð við þátttöku í félagslífi, efnahagsmálum og stjórnmálum.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Aldraðir hafi næg tækifæri til að stunda félagsstarf og sinna áhugamálum sínum í samræmi við heimsmarkmið 10.2 um aukinn jöfnuð við þátttöku í félagslífi, efnahagsmálum og stjórnmálum.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Við uppbyggingu nýrra hverfa verði gert ráð fyrir félagsmiðstöð í tengslum við grunnskóla.
- Leitast verði við að varðveita menningararf milli kynslóða og koma á virku samstarfi milli þeirra. Stefna að því að nýta skóla sem miðstöð fyrir slíkt samstarf.
- Leitast verði við að auka tilboð/aðgengi enn frekar að frístundum í sumarfríi grunnskóla.

LEIKSKÓLAR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Tryggja skal jafnt aðgengi allra að leikskóla í samræmi við heimsmarkmið 4.2 um tækifæri til leikskólamenntunar.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Vinna markvisst að metnaðarfullu og framsæknu leikskólastarfi þar sem velferð barna og starfsfólks er í fyrirrúmi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Í skipulagi er tekið mið af staðsetningu leikskóla þar sem öryggi barna er haft að leiðarljósi, tengsl við íbúðarbyggð, útivistarsvæði og grunnskóla í samræmi við heimsmarkmið 4.2 um tækifæri til leikskólamenntunar.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Miða skal að jafnaði við að tveir leikskólar verði í hverju skólahverfi.
- Hönnun húsnæðis taki mið af þörfum starfseminnar hverju sinni.
- Sköpuð verði aðstaða til umhverfisfræðslu í leikskólum meðal annars með útikennslu.

GÆSLUVELLIR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin sértæk markmið um gæsluvelli sett fram í aðalskipulagi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar sértækar leiðir um gæsluvelli settar fram í aðalskipulagi.

GRUNNSKÓLAR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Skólar í Kópavogi vinni áfram markvisst að metnaðarfullu og framsæknu skólastarfi með velferð barna og starfsfólks í fyrirrúmi.
- Skólahúsnæði og skólalóðir veiti góða aðstöðu til náms og starfs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Tryggja skal jafnt aðgengi allra að grunnskóla í samræmi við heimsmarkmið 4.1 um grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Uppbygging skóla í nýjum íbúðarhverfum miðist við að gönguleiðir að þeim verði helst ekki lengri en um 1000 m.
- Grunnskólar skulu vera heildstæðir, byggðir samhliða íbúðarhverfunum í bænum og með góðri tengingu við íbúðarbyggð og útivistarsvæði.
- Kópavogsbær sjái til þess að skólahúsnæði, lóð og aðbúnaður allur sé í samræmi við gildandi reglugerðir og viðmið. Jafnframt verði hugað að aðstöðu fyrir útikennslu.
- Í skipulagi er tekið mið af staðsetningu leikskóla í nálægð við grunnskóla þar sem haft er að leiðarljósi öryggi barna, tengsl við íbúðarbyggð, útivistarsvæði og leikskóla/grunnskóla. Við skipulag hverfa er miðað við að í 3000 manna hverfi verði byggður einn grunnskóli.
- Leitast verði við að bjóða upp á verknám í grunnskólum.

FRAMHALDSSKÓLAR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Öllum grunnskólanemendum sem þess óska sé gefinn kostur á að stunda framhaldsnám í Kópavogi í samræmi við heimsmarkmið 4.3 um aðgengi allra að framhaldsnámi.
- Unnið verði að stofnun nýs framhaldsskóla í Kópavogi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Grunnskólanemendur séu vel upplýstir um námsframboð og möguleika að loknu grunnskólanámi og þeir hvattir til frekari menntunar í samræmi við heimsmarkmið 4.3 um aðgengi allra að framhaldsnámi.
- Skoðað verði hvort Menntaskólinn í Kópavogi hafi áhuga á að opna útibú skólans í efri byggðum og hvort möguleiki sé á samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framhaldsskóla á þessu svæði með sérstakar áherslur.

AÐRIR SKÓLAR, KIRKJUR OG TRÚFÉLÖG

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Öllum grunnskólanemendum sem þess óska sé gefinn kostur á að stunda list- og verknám í Kópavogi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Skólahljómsveit Kópavogs og Tónlistarskóli Kópavogs hafi góða aðstöðu úti í hverfum til kennslu.
- Stuðlað verði að áframhaldandi tilvist Myndlistarskólans í Kópavogsbæ. Efld verði umfjöllun og aðgengi að myndlist almennt og gerðar kröfur um listræna og innihaldsríka kennslu, sem fylgir nútíma gildum.
- Nemendum verði gert kleift að stunda verknám á grunnskólastigi t.d. með samstarfi við Tækniskóla Íslands og/eða með smiðjum í grunnskólum.

MENNINGARMÁL

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Í Kópavogi verði ætíð fjölbreytt og metnaðarfullt menningarstarf.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Miðstöð menningar verði í Hamraborg.
- Aukin áhersla verði lögð á að menningarstarfsemi verði samtvinnuð skóla- og félagsstarfi.
- Í nýjum hverfum verði tekið frá svæði sem hentar fyrir menningarstarfsemi.

FÉLAGSÞJÓNUSTA

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Kópavogsbúar hafi jafnt aðgengi að félagslegri þjónustu óháð félagslegri stöðu í samræmi við heimsmarkmið 10.2 um aukinn jöfnuð við þátttöku í félagslífi, efnahagsmálum og stjórnmálum.
- Allir geti orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónusta standi öllum til boða í samræmi við heimsmarkmið 11.1 um aðgengi að öruggu húsnæði og grunnþjónustu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Unnið verði áfram að framtíðaráherslum í velferðarmálum þar með talið húsnæðismálum.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Stefnt skal að því að gera fólki kleift að dvelja eins lengi og hægt er á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður, ásamt því að styðja viðkomandi til sjálfsbjargar og minnka þar með umfang velferðarþjónustu.
- Stefnt er að því að sameina rekstur félagslegrar heimaþjónustu Félagsþjónustunnar og heimahjúkrunar Heilsugæslunnar.
- Þegar keyptar eru leiguíbúðir skulu þær vera sem víðast í bænum.

MÁLEFNI ALDRAÐRA

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin sértæk markmið um málefni aldraðra sett fram í aðalskipulagi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar sértækar leiðir um málefni aldraðra settar fram í aðalskipulagi.

MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engin sértæk markmið um málefni fatlaðs fólk sett fram í aðalskipulagi.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Engar sértækar leiðir um málefni fatlaðs fólks settar fram í aðalskipulagi.

HEILBRIGÐISMÁL – LÝÐHEILSA

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Tryggja skal sem bestan aðgang að heilbrigðisþjónustu í samræmi við heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan og 3.8 um aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu.
- Bæta skal lýðheilsu með heilsueflingu með áherslu á hreyfingu og hollt mataræði í samræmi við heimsmarkmið 3.8 um aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu.
- Skapa skal umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar í samræmi við lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar og heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.
- Öruggt aðgengi að opnum svæðum og þjónustu fyrir alla verði tryggt í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

Öll núgildandi markmið tengjast heimsmarkmiðum.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Vinna ber að heilsueflingu sérstaklega í grunnskólum Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.
- Uppbygging heilsugæslustöðva verði í samræmi við aukinn íbúafjölda og að íbúar hafi greiðan aðgang að þeim í samræmi við heimsmarkmið 3.8 um aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu.
- Við gerð skipulags verði horft til útfærslu göngu- og hjólastíga, aðgengi að svæðum til útivistar og leikja út frá lýðheilsusjónarmiðum í samræmi við heimsmarkmið 3.4 um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan og heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Við nýbyggingar á vegum bæjarins, sé tekið mið af vaxandi þörf fyrir aðstöðu vegna heilsugæsluþjónustu í stofnunum, einkum í skólum.
- Samþætta skal íþróttir við skólastarf. Hvetja ber til almennt bættrar heilsu með heilbrigðri hreyfingu.
- Heilsueflingin verði sýnileg innan stofnana og fyrirtækja bæjarins óháð aldri eða getu þeirra sem þar starfa eða búa með margvíslegum leiðum. Hvatningarverðlaun Kópavogs verði veitt til fyrirtækja sem þykja standa sig best þegar kemur að heilsueflingu.
- Stuðla að betra aðgengi að hollri fæðu í húsnæði og á viðburðum bæjarins.
- Stuðlað að auknu samstarfi við heilsugæslustöðvar og aðra hagsmunaaðila innan bæjarfélagsins.
- Auka þekkingu á þeim þáttum sem hafa áhrif á geðheilsu. Lögð verður áhersla á fræðslu sem getur stuðlað að bættri vellíðan fyrir alla aldurshópa, einnig innan fyrirtækja og stofnana bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 3.4. um aðgerðir sem stuðla að geðheilbrigði og vellíðan.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

STJÓRNSÝSLA

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engin markmið sett fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Stjórnsýslan sé skilvirk og þess gætt að almenningur hafi góðan aðgang að upplýsingum um stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmdir í Kópavogi og aðkomu í samræmi við heimsmarkmið 16.6 um skilvirkar og ábyrgar stofnanir og 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.

Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Engar leiðir settar fram sem tengjast mikilvægisgreiningu.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Samráð verði aukið við íbúa og aðra hagsmunaaðila í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Kópavogur hvetji til og styðji við íbúalýðræði í öllum bæjarhlutum m.a. við gerð hverfisáætlana og í „Okkar Kópavogi“ í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum.
- Þjónusta við íbúa verði bætt með aukinni rafrænni stjórnsýslu.
- Stjórnsýslustofnanir bæjarins setji sér markmið í umhverfismálum og sýni þannig gott fordæmi.
- Unnið verði áfram eftir gæðakerfi Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 16.6 um skilvirkar og ábyrgar stofnanir.
- Stöðugt verði unnið að því að bæta aðgengi að upplýsingum og gögnum bæjarins.

Mælikvarðar

Í aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar sem unnin er í kjölfar aðalskipulags er að finna yfirlit yfir þær aðgerðir og mælingar sem bærinn mun fylgjast með til að styðja við framfylgd aðalskipulags. Vegna markmiða og leiða varðandi samfélag verður fylgst reglulega með eftirfarandi mælikvörðum:

- Fylgst verði með hlutfalli barna á leikskólaaldri sem sækja leikskóla í samræmi við heimsmarkmið 4.2.
- Meðalbiðtími í mánuðum eftir félagslegu húsnæði í samræmi við heimsmarkmið 10.2.
- Meðalbiðtími í dögum eftir hjúkrunarrýmum fyrir eldri borgara í samræmi við heimsmarkmið 11.1.
- Hlutfall íbúa sem hefur aðgengi að heilsugæslu í samræmi við heimsmarkmið 3.8.
- Dánartíðni af völdum áunninna sjúkdóma eða sjálfsvíga í samræmi við heimsmarkmið 3.4 (mælikvarðar 3.4.1 og 3.4.2).
- Hlutfall íbúa sem hreyfa sig eða stunda útivist reglulega í samræmi við heimsmarkmið 3.4.
- Stærð opinna svæða innan Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 11.7 (mælikvarði 11.7.1).
- Fjöldi skráðra slysa á opnum svæðum innan Kópavogs í samræmi við heimsmarkmið 11.7 (mælikvarði 11.7.2).

9.9.2 Valkostir fyrir samfélag

Engir valkostir eru settir fram til samanburðar í grunnkaflanum um samfélag.

9.9.3 Heildarniðurstaða stefnu varðandi samfélag

Við rýni á stefnumiðum aðalskipulags, sem unnin var í kjölfar mikilvægisgreiningar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, kom í ljós að stefnumörkun Kópavogs til þessa hefur á margan hátt tekið mið af þeim leiðarljósum sjálfbærni sem sett eru fram í heimsmarkmiðunum. Í mikilvægisgreiningu kom fram enn skarpari sýn sem fól í sér að framsetningu nýrra stefnumiða og sjálfbærnimælikvarða sem lagt er til að verði vaktaðir til þess að fylgjast með því að stefnunni sé framfylgt. Stefnumið samfélags falla nú enn betur en áður að þeim umhverfisþáttum sem stefnan er borin saman við. Stefnumið, sem varða samfélag, taka til mjög fjölbreyttrar landnýtingar, helstu innviða sveitarfélagsins svo sem skóla, málefna aldraðra og málefna fatlaðra. Í mörgum þessara málaflokka eru í gildi sértækar stefnur sem ekki eru teknar til umfjöllunar í aðalskipulagi sem er fyrst og fremst stefnumótun um nýtingu lands til framtíðar. Í því ljósi eru stefnumið um aðgengi að skóla, aðgengi að íþróttum og útivist og stærð skólasvæða til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á samfélag sem og andrúmsloft, að því marki að hægt er að draga úr notkun einkabíls með því að hafa vegalengdir stuttar innan hverfis og eins að boðið sé áfram upp á framhaldsnám innan Kópavogs. Í aðalskipulagi eru sett fram ný markmið um lýðheilsu í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og landsskipulagsstefnu. Horft er til þess að gætt verði að því við skipulag byggðar að skapa einnig umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar og aðgengi að opnum svæðum verði tryggt fyrir alla hópa.

9.10 HEILDARNIÐURSTAÐA OG SAMLEGÐARÁHRIF

Líkleg áhrif Aðalskipulags Kópavogs eru á heildina litið jákvæð á samfélag bæjarins en gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis og atvinnutækifæra, styrkingu miðsvæða og þéttingu byggðar með skilgreindum þróunarsvæðum. Að mestu er stefnt að uppbyggingu „innávið“ með skilgreiningu á þróunarsvæðum þó að einnig verði boðið upp á valkosti í útjaðri byggðar með tengingu í útivistarsvæði.

Almennt dregur þétting byggðar úr losun gróðurhúsaloftegunda vegna styttri vegalengda og mögulega breyttu vali á ferðamáta. Með blöndum byggðar eru tengsl atvinnusvæða og íbúðabyggðar styrkt. Sömu áhrif hafa fjölbreytni í samgöngum og aukin hlutdeild almenningssamgangna og þá einkum með uppbyggingu Borgarlínu, og fjölgun hjólandi og gangandi vegfarenda í umferðinni. Almennt mun aukin hlutdeild vistvænna ferðamáta hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu íbúa.

Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu í svæðiskjarnanum í Smáranum. Fyrirhuguð verslunar-og þjónustusvæði, miðsvæði og starfsemi þar eru nokkuð umfangsmikil miðað við væntanlegan íbúafjölda í Kópavogi. En horft er í þessu samhengi til miðlægrar staðsetningar Kópavogs á höfuðborgarsvæðinu og á möguleika á uppbyggingu m.t.t. hennar. Þetta getur leitt af sér talsverða atvinnutengda umferð til Kópavogs frá nágrannasveitarfélögum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan sýna mikinn vilja til að styrkja og efla sveitarfélagið á mörgum sviðum og leitast er við að samþætta umhverfisvernd nýtingu auðlinda og tækifæra á sviði atvinnu og samgangna. Umhverfismat Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 samfara innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í stefnumörkun skipulagsins með mikilvægisgreiningu, er liður í að aðalskipulag Kópavogs stuðli að sjálfbærri þróun í samræmi við markmið 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

9.11 VÖKTUN OG MÆLINGAR

Kópavogsbær í samvinnu við heilbrigðiseftirlit, Náttúrustofu Kópavogs og fleiri aðila hafa um langt skeið staðið fyrir vöktun á ýmsum umhverfisþáttum innan sveitarfélagsins. Ýmist er um að ræða viðvarandi vöktun, s.s. á loftmengun en einnig annars konar mælingar sem gerð er grein fyrir í sérstökum skýrslum. Með innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hefur Kópavogur stigið enn markvissari skref til að vakta sjálfbærniframmistöðu sveitarfélagsins. Í umhverfismati aðalskipulags var farin sú leið að tengja þá mælikvarða sem Kópavogur hefur þróað markmiðum aðalskipulags og tilgreina þá mælikvarða í lok hvers kafla með tilvísun í aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar sem unnin verður í kjölfar aðalskipulags.

9.12 FRAMKVÆMDIR SEM ERU HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana og óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lögin ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum nema ákvæða þeirra hafi verið gætt.

Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Framkvæmdir sem stefnumörkun er sett um í aðalskipulagi og háðar eru mati á umhverfisáhrifum eru eftirfarandi:

- Tenging Glaðheima og Smáralindar yfir Reykjanesbraut.
- Skógrækt í upplandi Kópavogs.
- Lagning sporbrautar milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.
- Lyklafellslína 1, Ísallína ásamt niðurrifi Hamraneslínu 1 og 2 og Ísallínu 1 og 2. Tilllaga að matsáætlun, nóvember 2020. Landsnet.
- Suðurlandsvegur. Tvöföldun og breyting á gatnamótum.
- Tenging frá Arnarnesvegi til suðausturs í Garðabæ.
- Tenging undir Hafnarfjarðarveg að Fífuhvammsvegi.

9.13 SAMRÁÐ OG KYNNING

Sjá umfjöllun um samráð og kynningu í kafla 1.4 í greinargerð um skipulagsferlið og samráð og í viðauka 2 um niðurstöður mikilvægisgreiningar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

9.14 FYLGISKJAL; ÁHÆTTUMAT VEGNA ÁHRIFA LOFTSLAGSBREYTINGA

Mikilvægt er að auka viðnámsþrótt skipulags til þess að geta tekist á við áhrif loftslagsbreytinga. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar var gefin út í maí 2018 þar sem farið er ítarlega yfir áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi. Þar kemur fram að helstu áhættuþættir loftslagsbreytinga eru hækkun á yfirborði sjávar, aukin úrkomuákefð og flóð, aukin tíðni ofsaveðurs og breytingar á lífríki í sjó og á landi. Til þess að tryggja að skipulag og svæði geti brugðist við og staðið af sér yfirvofandi breytingar er mikilvægt að framkvæmt sé áhættumat fyrir svæði til þess að meta hvort bregðast þurfi við á skipulagsstigi.

9.14.1 Leiðbeiningar við gerð áhættumats

Greining áhættuþátta

1. Fara skal yfir aðgengilegar upplýsingar fyrir svæðið frá sveitarfélagi og stofnunum til þess að öðlast skilning á hugsanlegum áhrifum loftslagsbreytinga á skipulagssvæði.
2. Kortleggja mögulega áhættuþætti. Samkvæmt skýrslu vísindanefndar er dæmi um áhættuþætti: Hækkun á yfirborði sjávar, aukin úrkomuákefð og flóð, aukin tíðni ofsaveðurs og breytingar á lífríki í sjó og á landi.
3. Leggja skal mat á umfang áhættuþátta innan skipulagssvæðis og hvaða áhrif þessi atriði kunna að hafa á skipulagssvæðið og möguleg neikvæð áhrif.

Mat á umfangi

1. Skilgreina skal umfang áhættuþátta á skipulagssvæði og meta líkur á válegum atburðum. Skilgreina þarf því atburði eftir líkum á því að þeir verði og þeim áhrifum, því tjóni, sem kann að verða vegna atburðar.

	Litlar líkur	Meðal líkur	Miklar líkur
Lítil áhrif			
Meðal áhrif			
Mikil áhrif			

Mat á aðgerðum

1. Í þeim tilfellum þar sem áhætta er mikil þ.e. að miklar líkur eru á atburði og áhrif hans verða mikil er talað um veruleg neikvæð áhrif vegna loftslagsbreytinga og mikilvægt að grípa til aðgerða til þess að lágmarka þau áhrif.
2. Í þeim tilfellum þar sem áhætta er miðlungs, appelsínugult svæði, er áhætta þolanleg en huga ætti að aðgerðum til að minnka áhættuna eða eftirliti til að lágmarka neikvæð áhrif.
3. Aðgerðir til þess að lágmarka áhrif geta falist í því að nýta sér eiginleika náttúrunnar, s.s. með því að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir þar sem að talin er vera flóðahætta, eða þá nýta sér tæknilausnir, s.s. byggingu varnargarða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

10 VIÐAUKI 2. NIÐURSTÖÐUR MIKILVÆGISGREININGAR HEIMSMARKMIÐA SÞ

HEIMSMARKMIÐIN & AÐALSKIPULAG KÓPAVOGS

NIÐURSTÖÐUR MIKILVÆGISGREININGAR

FEBRÚAR 2020

RÚNAR DÝRMUNDUR BJARNASON
& SANDRA RÁN ÁSGRÍMSDÓTTIR
MANNVIT VERKFRÆÐISTOFA

Skýrsla um niðurstöður mikilvægisgreininga var unnin af Mannviti í samráði við skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

SAMANTEKT

Kópavogsbær hefur innleitt Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu sveitarfélagsins og sett sér 36 yfirmarkmið til þess að vinna eftir. Í aðdraganda endurskoðunar á Aðalskipulagi Kópavogs var því ákveðið að horfa til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við rýni og yfirferð á stefnumiðum skipulagsins.

Til að greina hvaða Heimsmarkmiða ætti að horfa til við yfirferð aðalskipulagsins var ákveðið að vinna mikilvægisgreiningu í samstarfi við helstu hagsmunaaðila sveitarfélagsins. Hagsmunaaðilar Kópavogs voru skilgreindir sem bæjarráð, starfsfólk á skipulags- og umhverfissviði ásamt fulltrúum íbúa, íþróttafélaga, sérsamtaka og atvinnulífsins og voru haldnar þrír vinnustofufundir með þessum aðilum.

Niðurstöður mikilvægisgreiningarinnar voru unnar eftir meginköflum aðalskipulagsins sem sjá má á mynd 1. Þau Heimsmarkmið sem aðalskipulagið er talið hafa mest áhrif á eru:

Heimsmarkmið nr 11; Sjálfbærar borgir og samfélög.

Heimsmarkmið nr 13; Aðgerðir í loftslagsmálum.

Hvernig heimsmarkmiðin skiptust niður á kafla aðalskipulagsins má sjá á meðfylgjandi mynd 1.



Mynd 10-1. Niðurstöður mikilvægisgreiningar eftir köflum aðalskipulags Kópavogs.

10.1 INNGANGUR

10.1.1 Heimsmarkmiðin og aðdragandi

Heimsmarkmiðin voru samþykkt af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna í september 2015 og gilda til ársins 2030. Markmiðin eru 17 talsins, 169 undirmarkmið og 232 mælikvarðar. Markmiðin mynda jafnvægi á milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. samfélags, umhverfis og efnahags, og fela í sér fimm megin þemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Markmiðin eru öll samþætt og endurspegla mikilvægi þess að huga að öllum stoðum sjálfbærni til þess að ná raunverulegum árangri.

Kópavogsbær hefur innleitt Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu sveitarfélagsins og sett sér 36 yfirmarkmið til þess að vinna eftir. Í aðdraganda endurskoðunar á aðalskipulagi Kópavogs var því ákveðið að horfa til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við rýni og yfirferð á stefnumiðum skipulagsins. Við endurskoðun aðalskipulags var tekin ákvörðun um að horfa til allra 169 undirmarkmiðanna og vinna mikilvægisgreiningu til þess að forgangsraða þeim markmiðum sem að aðalskipulag gæti haft mest áhrif á.

Mikilvægisgreining var unnin að loknu samráði við helstu hagsmunaaðila sveitarfélagsins en það samráð fór fram í gegnum þrjár vinnustofur. Þátttakendur í fyrstu vinnustofunni var starfsfólk Kópavogsbæjar, fagaðilar frá skipulagsstofnun og SSH. Fulltrúar atvinnulífsins í Kópavogi, félagasamtök, íbúar, ungmenna- og öldungaráði auk starfsfólks menntasviðs og velferðarsviðs Kópavogs tóku þátt í annarri vinnustofunni og þriðja vinnustofan var með fulltrúum bæjarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og samgöngunefndar.

10.1.2 Tenging við aðalskipulag

Eftir úrvinnslu vinnustofa sátu eftir 5-6 undirmarkmið í hverjum málaflokki aðalskipulags eins og sýnt er í kafla 4 hér á eftir. Þessi undirmarkmið voru rýnd saman með núgildandi stefnumiðum aðalskipulags. Við þá rýni var horft til samræmis heimsmarkmiða og stefnumiða aðalskipulags út frá þeim áherslum sem lagt er upp með í bakgrunnsskjölum heimsmarkmiðanna. Þar sem samræmi var með núgildandi stefnumiðum og heimsmarkmiðum var þess getið. Ef ekki fannst samræmi við heimsmarkmið í núverandi stefnumiðum var gerð tillaga að nýjum stefnumiðum. Í öllum tilvikum var reynt að finna mælikvarða sem mælt geta frammistöðu. Horft var til bakgrunnsskjala heimsmarkmiða, Hagstofu Íslands og þeirrar vinnu sem Kópavogsbær hefur unnið og endurspeglast í MÆLKÓ þegar leitað var eftir viðeigandi mælikvörðum. Umfjöllun um innleiðingu heimsmarkmiða í stefnumið aðalskipulags Kópavogs er að finna í umhverfismati aðalskipulags.

10.2 MIKILVÆGISGREINING

Við val á aðferðarfræði til notkunar við samræmingu stefnumiða aðalskipulags við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna var horft til þess sem að önnur sveitarfélög, bæði hérlendis sem erlendis, hafa gert. Bornar voru saman mismunandi aðferðir og á endanum ákveðið að horfa til mikilvægismats (e. materiality assessment) sem framkvæmt er með mikilvægisgreiningu.

Mikilvægisgreining er aðferðarfræði sem byggir á því að safna upplýsingum um forgangsröðun og mikilvægi hagsmunaaðila á þáttum sem snúa að sjálfbærri þróun, þ.e. umhverfi, samfélagi og efnahag.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Mikilvægisgreining byggir á forgangsröðun hagsmunaaðila ásamt möguleikum eða forgangsröðun fyrirtækis eða sveitarfélags til áhrifa og er niðurstöðum greiningarinnar varpað upp í svokallað mikilvægisgraf. Við greiningu á niðurstöðum eru þeir þættir sem raðast næst efra horni hægra megin á grafinu, dökk guli kassinn á mynd 1, skilgreindir sem þeir mikilvægustu.



Mynd10-2. Dæmi um mikilvægisgraf.

10.3 AÐFERÐAFRÆÐI

10.3.1 Vinnustofur

Aðferðafræði sem notuð var í vinnunni byggist á því að helstu hagsmunaaðilar Kópavogs og sérfræðingar voru fengnir til þess að leggja mat á þá þætti sem þeir töldu vera mikilvægustu áhrifin sem að Aðalskipulag Kópavogsbæjar hefur á sjálfbæra þróun og heimsmarkmiðin í samfélaginu. Hagsmunaaðilar Kópavogs voru skilgreindir sem bæjarráð, starfsfólk á skipulags- og umhverfissviði ásamt fulltrúum íbúa, íþróttafélaga, sérsamtaka og atvinnulífsins. Haldnar voru þrjár vinnustofufundir með hagsmunaaðilum til þess að greina áherslur þeirra og safna upplýsingum í mikilvægisgreiningu.

Vinnustofufundir voru eftirfarandi:

1. Vinnustofufundur með starfsfólki umhverfissviðs og stefnumótunarsviði Kópavogsbæjar auk fagaðila frá Skipulagsstofnun og Samtökum Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu sem var haldin þann 3. september 2019.
2. Vinnustofufundur með fulltrúum atvinnulífsins í Kópavogi, félagasamtaka, íbúa, ungmenna- og öldungaráðs auk starfsfólks á menntasviði og velferðarsviði Kópavogs sem var haldin þann 10. október 2019.
3. Vinnustofufundur með fulltrúum bæjarráðs Kópavogs, skipulagsráðs og umhverfis- og samgöngunefndar sem var haldin þann 16. október 2019.

Þátttakendur í vinnustofufundum skilgreindu helstu áhrif aðalskipulags á sjálfbæra þróun í Kópavogi, bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Þau átti að greina eftir meginviðfangsefnum aðalskipulags sem sett eru fram í nokkrum köflum í greinargerð aðalskipulagsins. Þessir kaflar eru: Umhverfi, samfélag, grunnkerfi, atvinnulíf og byggð. Í framhaldinu voru þátttakendur beðnir um velja mikilvægustu áhrifin og eftir það voru þau tengd við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Til að einfalda vinnunna voru áhrif flokkuð saman í yfirflokka og þeir tengdir við heimsmarkmiðin.

10.3.2 Úrvinnsla vinnustofa

Hér að neðan má sjá niðurstöður vinnustofufunda en nánar má lesa um þá í viðaukum A, B og C.



Mynd 10-3. Vinnustofufundur 1.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 10-4. Vinnustofufundur 2.

Mynd 10-5. Vinnustofufundur 3.

10.4 NIÐURSTÖÐUR

Við úrvinnslu á niðurstöðum mikilvægisgreiningar var annars vegar skoðuð heildarniðurstaða og hins vegar niðurstöður eftir meginköflum aðalskipulags. Vörpun yfir á mikilvægisgraf var framkvæmd þannig að niðurstöður fyrstu vinnustofu, þ.e. með fagaðilum, er sett á x-ás en niðurstöður hinna vinnustofanna jafnaðar til helmings og settar á y-ás.

Heildarniðurstöður vörpunar mikilvægisgreiningar upp á mikilvægisgraf má sjá á mynd 5. Af þeirri greiningu má sjá að heimsmarkmið 9 (9.1), 11 (11.2 og 11.6) og 13(13.2), hafa verið skilgreind sem þau markmið sem Aðalskipulag hefur mest tækifæri til þess að hafa áhrif út frá aðgerðum og áherslum. Önnur markmið raðast utan við efsta fjórðung hægra megin eru þó einnig talin eiga vel við og koma inn í áherslum mismunandi kafla skipulagsins.



Mynd 10-6. Niðurstöður mikilvægisgreiningar Aðalskipulags.

Við úrvinnslu var unnið nánar með niðurstöður hvers kafla og má sjá þá greiningu í köflum hér á eftir.

10.4.1 Umhverfi

Í kafla um umhverfi í Aðalskipulagi Kópavogs eru tilgreindir 11 landnotkunarflokkar. Á mynd 10-6 má sjá niðurstöður mikilvægisgreiningar fyrir kaflann en þau heimsmarkmið sem greind voru sem áhrifamest innan þessa málaflokks eru eftirfarandi;

Undirmarkmið skilgreind með mest áhrif og mikilvægi í málaflokki um umhverfi:

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði grænn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.

Undirmarkmið heimsmarkmiða einnig skilgreind út frá áhrifum og mikilvægi í málaflokki um umhverfi:

3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo að um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.

6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.

11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum, sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.

15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 10-7. Mikilvægisgreining í málaflokki um umhverfi.

10.4.2 Samfélag

Í kafla um samfélag í Aðalskipulagi Kópavogs eru tilgreindir 4 megin landnotkunarflokkar. Á mynd 7 má sjá niðurstöður mikilvægisgreiningar fyrir kaflann en þau Heimsmarkmið sem greind voru sem áhrifamest innan þessa málaflokks eru eftirfarandi;

Undirmarkmið skilgreind með mest áhrif og mikilvægi í málaflokki um samfélag:

10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.

Undirmarkmið heimsmarkmiða einnig skilgreind út frá áhrifum og mikilvægi í málaflokki um samfélag:

3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.

3.8 Komið verði á heilbrigðisþjónustu fyrir alla óháð fjárhagslegri stöðu, aðgengi veitt að góðri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og að öruggum, virkum og nauðsynlegum lyfjum og bóluefnum á viðráðanlegu verði fyrir alla.

4.2 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri, fá umönnun og leikskólamenntun til að búa þau undir grunnskóla.

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.



Mynd 10-8. Mikilvægisgreining í málaflokki um samfélag.

10.4.3 Grunnkerfi

Í kafla um grunnkerfi í Aðalskipulagi Kópavogs eru tilgreindir 15 megin landnotkunarflokkar. Á mynd 8 má sjá niðurstöður mikilvægisgreiningar fyrir kaflann en þau heimsmarkmið sem greind voru sem áhrifamest innan þessa málaflokks eru eftirfarandi:

Undirmarkmið skilgreind út frá áhrifum og mikilvægi í málaflokki um grunnkerfi:

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Undirmarkmið heimsmarkmiða einnig skilgreind út frá áhrifum og mikilvægi í málaflokki um grunnkerfi:
6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.

7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.



Mynd 10-9. Mikilvægisgreining í málaflokki um grunnkerfi.

10.4.4 Atvinnulíf

Í kafla um atvinnulíf í Aðalskipulagi Kópavogs eru tilgreindir 6 megin landnotkunarflokkar. Á mynd 9 má sjá niðurstöður mikilvægisgreiningar fyrir kaflann en þau heimsmarkmið sem greind voru sem áhrifamest innan þessa málaflokks eru eftirfarandi:

Undirmarkmið skilgreind út frá mestum áhrifum og mikilvægi í málaflokki um atvinnu:
8.3 Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölga mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálaþjónustu.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Undirmarkmið heimsmarkmiða einnig skilgreind með áhrif og mikilvægi í málaflokki um atvinnu:

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.



Mynd 10-10. Mikilvægisgreining í málaflokki um atvinnulíf.

10.4.5 Byggð

Í kafla um byggð í Aðalskipulagi Kópavogs eru tilgreindir 3 megin landnotkunarflokkar. Á mynd 10-10 má sjá niðurstöður mikilvægisgreiningar fyrir kaflann en þau heimsmarkmið sem greind voru sem áhrifamest innan þessa málaflokks eru eftirfarandi:

Undirmarkmið skilgreind út frá mestum áhrifum og mikilvægi í málaflokki um byggð:
13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

Undirmarkmið heimsmarkmiða einnig skilgreind út frá áhrifum og mikilvægi í málaflokki um byggð:

11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.

12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.



Mynd 10-11. Mikilvægisgreining í málaflokki um byggð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Viðauki A Vinnustofa Fagaðila

Meðfylgjandi er samantekt fyrsta vinnustofufundarins sem var haldinn þann 3. september 2019 með starfsfólki Kópavogsbæjar.

1.1 ÞÁTTTAKENDUR

Starfsfólks Kópavogsbæjar og fagaðilar frá Skipulagsstofnun og SSH voru þátttakendur í fyrsta vinnustofufundi mikilvægisgreiningarinnar. Eftirfarandi aðilar tóku þátt:

Umhverfissvið

- Bergljót S. Einarsdóttir, verkefnastjóri aðalskipulags
- Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri
- Birkir Rútsson, deildarstjóri gatnadeildar
- Bjarki Valberg, umhverfisfulltrúi
- Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri
- Hildur Inga Rós Raffnsöe, arkitekt
- Kristjana H. Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hverfisáætlana
- Smári Smárason, aðstoðarskipulagsstjóri
- Steingrímur Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs
- Valdimar Gunnarsson byggingarfulltrúi

Stefnumótun

- Auður Finnbogadóttir verkefnastjóri stefnumótunar, stjórnsýslusvið
- Páll Magnússon bæjarritari, stjórnsýslusvið
- Anna Elísabet Ólafsdóttir sérfræðingur í lýðheilsumálum, stjórnsýslusviði

Skipulagsstofnun:

- Ester Anna Ármannsdóttir, sérfræðingur sviðs stefnumótunar og þróunar

SSH:

- Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri.

1.2 AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræðin sem notuð var byggði á því að fá þátttakendur til þess að skilgreina helstu áhrifaþætti aðalskipulags á sjálfbæra þróun í Kópavogi, bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Þá áhrifaþætti átti að greina eftir meginviðfangsefnum aðalskipulags sem sett eru fram í nokkrum köflum í greinargerð aðalskipulagsins. Þessir kaflar eru: Umhverfi, samfélag, grunnkerfi, atvinnulíf og byggð. Í framhaldinu voru þátttakendur beðnir um velja mikilvægustu áhrifin og eftir það voru þau tengd við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Til að einfalda vinnunna voru áhrif flokkuð saman í yfirflokka og þeir tengdir við heimsmarkmiðin.

1.2.1 Helstu áhrif á aðalskipulag og flokkun

Við flokkun áhrifa var horft til meginmarkmiða hvers kafla en þó skilgreint ef einhver sérstaða var innan markmiða sem hefði áhrif á tengingu við heimsmarkmiðin. Meðfylgjandi eru helstu áhrif hvers kafla aðalskipulags og flokkun þeirra í landnotkunarflokka aðalskipulags. Í sviga aftan við viðeigandi málefni er númer sem gefur til kynna mikilvægiseinkunn sem þátttakendur gáfu viðkomandi málefni.

1.2.1.1 Umhverfi

Jákvætt	Flokkun	Neikvætt	Flokkun
Útivistarsvæði verða mikilvægari við þéttingu byggðar og enn frekari fjölgun íbúa. **(5)**	Opin svæði: Útivist	Þétting byggðar getur haft neikvæð áhrif á dýralíf í byggð – tryggja þarf réttindi dýra. **(1)**	Opin svæði
Gott aðgengi að góðum opnum svæðum hefur góð áhrif á lýðheilsu. **(4)**	Opin svæði: Græn svæði		
Skógrækt og uppgræðsla auka kolefnisbindingu	Skógrækt: Kolefnisjöfnun	Þétting má ekki ganga á græn svæði.	Opin svæði: Græn svæði
Trjávernd verði markvissari, menningarverðmæti. **(1)**	Skógrækt	Mikilvæg útivistarsvæði á vatnsverndarsvæðum.	Vatnsvernd
Græn svæði og tjarnir til að bæta loftgæði. **(1)**	Opin svæði: Græn svæði		
Auðvelt aðgengi að bekkjum og göngusvæðum (aldraðir)	Opin svæði		
Samþætta græn svæði, stíga og byggð.	Græn svæði		
Fróðleiksskilti og kynning eykur vitund íbúa um umhverfi sitt. **(1)**	Hverfisvernd (Bæjarvernd)		

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Stór samhangandi græn svæði.	Opin svæði: Græn svæði		
Opin svæði stuðla að tækifærum til að byggja upp útivistarsvæði.	Opin svæði: Útivist		
Minjavernd / menningarverðmæti.	Minjavernd		
Minjavernd, mikilvægt/jákvætt að þekkja söguna.	Minjavernd		
Vatnsvernd, óbyggð svæði verða vinsæl útivistarsvæði.	Vatnsvernd		
Verndun grunnvatns tryggir neysluvatn.	Vatnsvernd		
Friðlýsing og verndarsvæði.	Friðlýst svæði		

1.2.1.2 Samfélag

Jákvætt	Flokkun	Neikvætt	Flokkun
Fjölbreytt útivistarsvæði og íþróttasvæði bæta mannlíf. **(4)**	íþróttasvæði	Skólastarf og frístundarstarf skóla mætti tengja betur (staðsetja nær hvort öðru) (dregur úr streitu).	Frítímaþjónusta
Dreifa álagi með opnunartíma skóla og stofnana. **(2)**	Stjórnsýsla	Fjölga ætti grænum svæðum við skóla.	Grunnskólar
Íþróttasvæði mikilvæg heilsubót. **(1)**	Íþróttasvæði		
Gott aðgengi að leikskólum. **(1)**	Leikskólar		
Góð staðsetning íþróttasvæða.	Íþróttasvæði		
Ráðhús í miðbæ.	Stjórnsýsla		
Blanda samfélagsþjónustu (hefur áhrif á nærumhverfi).	Félagsþjónusta		
Opnunartími stofnana. **(1)**	Stjórnsýsla		

1.2.1.3 Grunnkerfi

Jákvætt	Flokkun	Neikvætt	Flokkun
Blágrænar ofanvatnslausnir létta á fráveitukerfi. **(7)**	Veitur: Blágrænar	Þétting byggða stuðlar að þyngri samgöngum inni í hverfum. **(1)**	Samgöngur: Þétting byggðar
Tengja Fífuhvammsveg við Hafnarfjarðarveg í báðar áttir. **(3)**	Gatnakerfi	Einkabíll til allra ferða.	Gatnakerfi
Gangandi og hjólandi **(10)** • Pláss fyrir göngu og hjólastíga. (7) • Aðgengi fyrir alla að göngustígum. • Betri + greiðfærari göngu og hjólastígar. • Car share + bike share (2) /Deilibílar, deilihjól. • Aukið aðgengi að virkum ferðamátum sem hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu. • Aðgreining hjóla- og göngustíga (aukið öryggi). • Öruggari hjólastígar.	Göngu- hjóla- og reiðstígar: Virkir ferðamátar	Erfitt að fækka bílastæðum.	Bílastæði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

• Uppbygging heildstæðra grunnkerfa göngu- og hjólastíga. Göngu- og hjólastígar jákvætt fyrir heilsu. (1)			
Gegndræp yfirborðslög styðja við náttúrulega hringrás vatns og stuðlar að sparnaði í veitukerfi. **(2)**	Veitur: Blágrænar ofanvatnslausnir	Betri og greiðfærari stígar geta skert lóðir og stuðlar að miklum framkvæmdum.	Göngu- hjóla- og reiðstígar
Aðgreint veitukerfi /settjarnir. **(1)**	Veitur: Blágrænar	Borgarlína getur haft neikvæð hljóðvistaráhrif og aukið umferð á ákveðnum svæðum.	Almennings samgöngur
Aukin bílastæði á lóð stuðla að auknu öryggi á götu (færri bílar þar). (**1**)	Bílastæði	Fleiri bílastæði á lóð – minna af gegndræpum ofanvatnslausnum.	Bílastæði
Umferðaröryggi – markvisst unnið að því að draga úr slysum og auka öryggi.	Samgöngur	Mengun vegna umferðar.	Samgöngur: Mengun
Orkuskipti (draga úr losun GHL). **(3)**	Rafveita		
Þétting byggðar léttir á innviðauppbyggingu.	Samgöngur: þétting byggðar		

Bættar almenningssamgöngur **(13)** • Borgarlína minnkar umferð. (6) • Aukið aðgengi að vistvænum samgöngumáta. (4) • Auknar almenningssamgöngur. • Aukin þægindi almenningssamganga. • Uppbygging samgöngumiðstöðvar (Park&Ride) (3) / Stæði og ferðir.	Almennings-samgöngur		

1.2.1.4 Atvinnulíf

Jákvætt	Flokkun	Neikvætt	Flokkun
Tækifæri til aukinnar nálægðar við háskólasvæði með brú yfir Fossvog. **(6)**	Miðsvæði	Iðnaðarmengun – mótvægisáhrif. **(3)**	Iðnaðarsvæði
Meðhöndlun úrgangs (Djúpgámar geta stuðlað að aukinni endurvinnslu í stað urðunar). **(1)**	Úrgangur	Atvinnusvæði einangrast – blöndun kallar á stýringu.	Athafnasvæði
Margþætt samfélagsþjónusta eykur blöndun hverfa. **(1)**	Verslunar og þjónustusvæði	Atvinnusvæði þrýstast út í jaðra.	Athafnasvæði
Tryggja þarf nægt þjónustustig í nærþjónustu. **(2)**	Verslunar og þjónustusvæði	Gæta vel að samgöngum í tengslum við uppbyggingu atvinnusvæða. **(1)**	Athafnasvæði
Samkeppni fyrirtækja í bæjarkjörnum?		Atvinnulíf í útjaðri lengir samgöngur.	Athafnasvæði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Miðlægt svæði og því mikilvægt að tryggja gott aðgengi frá stofnbrautum.	Miðsvæði		
Aukin athafnasvæði f. iðnað.	Iðnaðarsvæði		

1.2.2 Byggð

Jákvætt	Flokkun	Neikvætt	Flokkun
Búsetuform. Er nægjanlegur fjölbreytileiki í íbúðagerð? Fleiri kjósa að búa einir. **(2)**	Íbúðarbyggð: Búsetuform	Of mikil þétting getur haft neikvæð áhrif á gæði byggðar. **(5)**	Íbúðarbyggð Þétting byggðar
Sértækt húsnæði **(1)**	Íbúðarbyggð: Búsetuform	Mengun frá landbúnaði.	Landbúnaður
Þétting byggðar auki áhuga íbúa á að kolefnisjafna í nágrenni sínu vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. **(3)**	Íbúðarbyggð: þétting byggðar	Þétting byggðar • Gróðurmissir. • Skógareyðing vegna byggðar á Vatnsendahlíð. • Dýrari íbúðir vegna þéttingar. • Nýir skólar. • Aukin umferð. • Óþægindi f núverandi íbúa.	Íbúðabyggð: Þétting byggðar
Gæði á nýbyggingasvæðum. **(5)**	Íbúðarbyggð: Nýbyggingar		
Þakgarðar og bæjargarðar. **(2)**	Íbúðarbyggð		
Vistvæn hönnun og efnisnotkun (skipulagsskilmálar).	Íbúðarbyggð: Nýbyggingar		
Þétting byggðar **(2)** • Fleiri búa miðsvæðis. • Bætt þjónusta. • Góð almenningssvæði. • Bætir virka samgöngumáta. • Styttir vegalengdir. • Betri nýting á grunnkerfum.	Íbúðarbyggð: Þétting byggðar		
Þétt og blönduð byggð **(7)** • Styttri ferðir. • Minni þörf á samgöngum. • Minni mengun. • Bætt nýting innviða.	Íbúðarbyggð: Blönduð byggð og verslun og þjónusta.		

1.2.3 Tenging við heimsmarkmiðin

Í framhaldi af flokkun eftir köflum aðalskipulags og meginmarkmiðum hvers kafla var farið í þá vinnu að tengja áhrif við undirmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Ákveðið var að horfa á öll undirmarkmið heimsmarkmiðanna, en ekki eingöngu yfirmarkmið Kópavogsbæjar. Þá var skor hvers flokks tengt við þau undirmarkmið sem hann var tengdur við. Skor var metið út frá fjölda atkvæða sem flokkur eða meginmarkmið fékk við mikilvægisgreiningu. Unnið var út frá því að hver og einn flokkur gæti haft áhrif á fleira en eitt heimsmarkmið. Hér að neðan má sjá tengingu hvers flokks við undirmarkmið heimsmarkmiðanna, eftir köflum aðalskipulags.

1.2.3.1 Umhverfi

HM	Flokkur/ar	Skor
3.9	Opin svæði: Græn svæði.	4
4.7	Hverfisvernd (Bæjarvernd), Skógrækt.	1
11.2	Opin svæði: Græn svæði.	4
11.4	Hverfisvernd (Bæjarvernd), Skógrækt.	2

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

11.7	Opin svæði: Græn svæði, Útivist.	10
13.2	Opin svæði: Græn svæði, Skógrækt.	10
15.1	Opin svæði: Græn svæði.	5
15.2	Skógrækt.	1

1.2.3.2 Samfélag

HM	Flokkur/ar	Skor
3.4	Íþróttasvæði.	5
4.2	Leikskólar.	1
10.2	Íþróttasvæði, Stjórnsýsla.	8
11.1	Stjórnsýsla, Leikskólar.	4
11.7	Íþróttasvæði.	5

1.2.3.3 Grunnkerfi

HM	Flokkur/ar	Skor
3.6	Samgöngur: öryggi.	1
6.6	Fráveita.	10
7.2	Rafveita.	3
9.1	Samgöngur, Almenningss, Stígar.	23
11.2	Gatnakerfi, Bílastæði, Almenningssamgöngur, stígar.	27
11.6	Almenningssamgöngur, Samgöngur, stígar.	24
13.2	Rafveita, Fráveita, Almenningssamgöngur, stígar.	36
15.1	Veitur: blágrænar.	10

1.2.3.4 Atvinnulíf

HM	Flokkur/ar	Skor
8.3	Miðsvæði, Athafnasvæði, Verslun og þjónusta.	10
9.4	Iðnaðarsvæði.	3
11.1	Verslun og þjónusta.	3
11.6	Iðnaður: Úrgangsmál.	1
12.4	Iðnaður.	3
13.2	Iðnaður, Iðnaður: Úrgangsmál.	4
14.1	Iðnaðarsvæði.	3
15.1	Iðnaðarsvæði.	3

1.2.3.5 Byggð

HM	Flokkur/ar	Skor
11.1	Nýbyggingar, Blönduð byggð, Þétting byggðar, Búsetuform.	17
11.6	Íbúðarbyggð: Þétting byggðar.	7
11.7	Græn svæði.	2
12.2	Nýbyggingar.	5
12.5	Nýbyggingar.	5
13.2	Íbúðarbyggð: Þétting byggðar, Græn svæði, blöndun byggðar.	11

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1.2.4 Mikilvægisgreining

Í framhaldi af flokkun og tengingu við heimsmarkmið var unnið fyrsta stig mikilvægisgreiningar og undirmarkmiðum gefið vægi. Í upphafi var undirmarkmiðum gefið vægi innan hvers kafla aðalskipulagsins byggt á fjölda punkta innan kaflans og skori hvers markmiðs. Í framhaldinu var meðalvægi undirmarkmiða reiknað þvert á alla kafla. Í meðfylgjandi töflu er birt heildarskor og vægi hvers og eins undirmarkmiðs.

Nr.	Undirmarkmið	Tengingar við aðalskipulag	Skor	Vægi
3.4	Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.	Íþróttasvæði	5	5%
3.6	Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.	Samgöngur	1	1%
3.9	Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.	Opin svæði	4	4%
4.2	Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri, fá umönnun og leikskólamenntun til að búa þau undir grunnskóla.	Leikskólar	1	1%
4.7	Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl. Jafnframt með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.	Bæjarvernd, skógrækt	1	1%
6.6	Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.	Veitur	10	10%
7.2	Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.	Rafveita	3	3%
8.3	Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölga mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálaþjónustu.	Miðsvæði, athafnasvæði, verslun og þjónusta	10	10%
9.1	Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.	Miðsvæði, athafnasvæði, iðnaður, íbúðarbyggð	30	30%
9.4	Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.	Iðnaður	3	3%

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Borgarlína, 1 lota. Forkynning á vinnslutillögu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2040. Athugasemdafrestur til og með 31. maí 2021. Vinnslutillaga Borgarlínu er einnig í samræmi við tillögu þessa að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

12.3 HELSTU BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI KÓPAVOGS 2012-2024 MEÐ STAÐFESTINGU ÞESSA SKIPULAGS 2019-2040

Almennt eru gerðar breytingar til að standast kröfur nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar. Gerðar hafa verið lagfæringar á litanotkun þar sem við á. Má þar nefna að litum skógræktar- og hafsvæðis hefur verið breytt til samræmis við kröfur skipulagsreglugerðar.

Mörk sveitarfélags hafa breyst á Kjóavöllum og í upplandi Kópavogs, sbr. umfjöllun í kafla 1.8.1 Skipulagssvæði, lögsaga.

Talnagrunnur aðalskipulags hefur verið uppfærður.

- Áætlun um fjölda íbúða er að finna í 2. kafla um byggð m.a. 2.1.1.3 *Áætlun um uppbyggingu íbúða - Talnagrunnur* og í köflum um hverfin 5 í Kópavogi í 7. kafla.
- Áætlun um atvinnuhúsnæði (fermetra) er að finna í 3. kafla um atvinnulíf (3.2 Inngangur, talnagrunnur).

Markmið og leiðir allra kafla hafa verið rýnd og uppfærð með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Skerpt hefur verið á umfjöllun um loftslagsmál, lýðheilsu, þéttleika og gæði byggðar.

Stefna og markmið um Borgarlínu er hluti aðalskipulags til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins Höfuðborgarsvæðið 2040.

Umfjöllun um þróunarsvæði hefur verið uppfærð og flutt í 2. kafla um byggð. Þar er jafnframt umfjöllun um samgöngumiðuð svæði/þróunarsvæði og samgöngumiðað skipulag. Markmið og leiðir hafa verið uppfærð m.m.

Samgöngumiðuð þróunarsvæði eru skilgreind í 2. kafla og ný viðmið um bíla- og hjólastæði á þeim svæðum.

Breytingar í hverfum Kópavgos og upplandi. Sjá kort í 7. kafla

7.3.3 Helstu breytingar á Kársnesi
7.4.3 Helstu breytingar á Digranesi
7.5.3 Helstu breytingar í Smára
7.6.3 Helstu breytingar í Fífuhvammi
7.7.3 Helstu breytingar í Vatnsenda
7.8.1 Helstu breytingar í upplandi Kópavogs

ANNAÐ

- Kafli 7. Rammahluti hefur verið uppfærður.

Tafla um þróunarsvæði hefur verið uppfærð og færð í kafla nr. 2. Byggð, undirkafla 2.2.4 Yfirlit yfir þróunarsvæði – yfirbragð og markmið.

Rammaákvæði: Bætt hefur verið við fleiri rammaákvæðum. Sjá kafla 7.2.

Hverfisáætlanir hverfanna 5 í Kópavogi.

- Sett eru fram markmið fyrir hverfin 5 í Kópavogi.

12.4 BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Frá staðfestingu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, hefur verið gerð ein breyting á því í Kópavogi:

- Samgöngu- og þróunarásar fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, Borgarlína. Staðfest af Skipulagsstofnun 25.5.2018. Auglýst í B-deild 25.5.2018.

12.5 SAMÞYKKT UM VATNSVERND

Samþykkt nr. 555, 19.júní 2015, um vatnsverndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Vatnsverndarkort, Greinargerð vatnsverndar, Vatnsverndarsamþykkt (555/2015). Aðgengilegt á vef SSH.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 12-1a. Mynd til vinstri, tillaga, Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, júlí 2021 (dags. 2. júlí 2021, leiðr. 3. sept. 2021).



Mynd til hægri, Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Mynd 12-1b, stærri mynd. Tillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, júlí 2021 (dags. 2. júlí 2021. leiðr. 3. sept. 2021).

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10.2026

13 VIÐAUKI 5. HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG STEFNA KÓPAVOGSBÆJAR

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

Markmið og undirmarkmið

Öll heimsmarkmið

Yfirmarkmið Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1. Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar

1.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi sárri fátækt verið útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn hafi minna á milli handanna en sem nemur 1,25 Bandaríkjadölum á dag til að framfleyta sér.

1.2 Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.

1.3 Innleidd verði viðeigandi félagsleg kerfi í hverju landi öllum til handa, þ.m.t. lágmarksframfærsluviðmið, sem styðji frá og með árinu 2030 allverulega við fátæka og fólk í viðkvæmri stöðu.

1.4 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir, karlar sem konur, og þá einkum fátækt fólk og fólk í viðkvæmri stöðu, eigi jafnan rétt til efnahagslegra bjargráða og hafi sama aðgengi að grunnþjónustu, eignarhaldi á og yfirráðum yfir landi og öðrum eignum, erfðum, náttúruauðlindum, viðeigandi tækninýjungum og fjármálaþjónustu, þ.m.t. fjármögnun smærri fjárfestinga.

1.5 Eigi síðar en árið 2030 verði staða fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu styrkt með fyrirbyggjandi aðgerðum til að bregðast við alvarlegum atburðum af völdum loftslagsbreytinga, efnahagslegum eða félagslegum áföllum, umhverfisskaða eða hamförum.

1.a Tryggð verði margvísleg úrræði fyrir þróunarlönd, einkum þau verst settu, þar á meðal með aukinni þróunarsamvinnu, til að þeim standi til boða fullnægjandi og áreiðanleg aðstoð og hrint verði í framkvæmd áætlunum sem miða að því að útrýma fátækt í allri sinni mynd.

1.b Mótuð verði traust umgjörð um stefnumál, alþjóðleg, svæðisbundin og á landsvísu, sem byggist á þróunaráætlunum sem taka einkum mið af stöðu fátækra og kynjamismunun, í því skyni að tryggja að aukið fjármagn fari í aðgerðir sem miða að því að útrýma fátækt.

2. Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði

2.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungbarna, að nægum, öruggum og næringarríkum mat allt árið um kring.

2.2 Eigi síðar en árið 2030 heyri vannæring í hvaða mynd sem er sögunni til, þar að auki verði árið 2025 búið að ná alþjóðlegum markmiðum um að stemma stigu við kyrkingi í vexti og tæringu barna undir fimm ára aldri, og hugað að næringarþörfum unglingsstúlkna, þungaðra kvenna, kvenna með börn á brjósti og aldraðra.

2.3 Eigi síðar en árið 2030 verði framleiðni og tekjur þeirra sem framleiða í litlu magni tvöfölduð, einkum kvenna, frumbyggja, bændafjölskyldna, hirðingja og sjómanna, til að mynda með öruggu og jöfnu aðgengi að landi, öðrum frjósömum auðlindum og aðföngum, þekkingu, fjármálaþjónustu, mörkuðum og tækifærum til virðisauka og starfa utan býla.

2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma litið.

2.5 Eigi síðar en árið 2020 verði staðinn vörður um erfðafræðilega fjölbreytni fræja, ræktaðra plantna, húsdýra og skyldra villtra tegunda, meðal annars með vel reknum fræ- og plöntustöðvum á alþjóðlegum vettvangi, á landsvísu eða svæðisbundið, auk þess sem tryggt verði aðgengi að jafnri og sanngjarnri skiptingu á þeim ávinningi sem hlýst af nýtingu erfðafræðilegra auðlinda og þekkingu sem hefur hlotist þar af, í samræmi við alþjóðlegar samþykktir.

2.a Fjárfestingar verði auknar, meðal annars með aukinni alþjóðlegri samvinnu, í innviðum á svæðum utan þéttbýlis, landbúnaðarrannsóknum, tækniþróun og erfðagreiningu plantna og búpenings í því skyni að bæta landbúnaðarframleiðslu í þróunarlöndum, einkum þeim sem skemmst eru á veg komin.

2.b Komið verði í veg fyrir hindranir á heimsmörkuðum með landbúnaðarafurðir, meðal annars með samhliða afnámi allra útflutningsstyrkja í landbúnaði og allra annarra ráðstafana tengdra útflutningi sem hafa sömu áhrif, að teknu tilliti til Doha-samningalotunnar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2.c Samþykktar verði ráðstafanir til þess að tryggja eðlilega starfsemi matvörumarkaða og afleiddra viðskipta og séð verði til þess að markaðsupplýsingar verði aðgengilegar og berist í tæka tíð, meðal annars um matvælabirgðir, í því skyni að sporna við miklum verðsveiflum.

3. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar

3.1 Eigi síðar en árið 2030 verði dauðsföll af völdum barnsburðar í heiminum komin niður fyrir 70 af hverjum 100.000 börnum sem fæðast á lífi.

3.2 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir nýburadauða og andlát barna undir fimm ára aldri, sem unnt er að afstýra, og stefnt að því að öll lönd nái tíðni nýburadauða niður í 12 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi og dánartíðni barna undir fimm ára aldri að minnsta kosti niður í 25 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi.

3.3 Eigi síðar en árið 2030 verði búið að útrýma farsóttum á borð við alnæmi, berkla, malaríu og hitabeltissjúkdóma, sem ekki hefur verið sinnt, og barist verði gegn lifrarbólgu, vatnsbornum faraldri og öðrum smitsjúkdómum.

3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.

3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.

3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.

3.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggður almennur aðgangur að heilbrigðisþjónustu á sviði kynheilbrigðis, meðal annars fyrir þá sem ætla að stofna fjölskyldu, og fræðsla og upplýsingagjöf veitt því tengdu. Tryggt verði að kynheilbrigði verði fellt inn í landsáætlanir.

3.8 Komið verði á heilbrigðisþjónustu fyrir alla óháð fjárhagslegri stöðu, aðgengi veitt að góðri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og að öruggum, virkum og nauðsynlegum lyfjum og bóluefni á viðráðanlegu verði fyrir alla

3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.

3.a Rammasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir verði hvarvetna hrundið í framkvæmd, eftir því sem við á.

3.b Stutt verði við rannsóknir og þróun bóluefna og lyfja gegn smitsjúkdómum og öðrum sjúkdómum sem herja einkum á fólk í þróunarlöndum, aðgengi verði veitt að nauðsynlegum lyfjum og bóluefnum á viðráðanlegu verði samkvæmt Dohayfirlýsingunni um TRIPS-samninginn og lýðheilsu sem staðfestir rétt þróunarlanda til þess að nýta sér til fulls ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum í því skyni að vernda lýðheilsu og einkum og sér í lagi aðgengi allra að lyfjum.

3.c Talsvert verði aukið við fjármagn til heilbrigðismála sem og til nýliðunar, þróunar og þjálfunar og til að halda í heilbrigðisstarfsfólk í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og þeim sem eru smáeyríki.

3.d Öll lönd, einkum þróunarlönd, verði styrkt til að geta brugðist skjótt við og haft hemil á alvarlegri heilsuvá innan lands og á heimsvísu.

4. Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi

4.1 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun.

4.2 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri, fá umönnun og leikskólamenntun til að búa þau undir grunnskóla.

4.3 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.

4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamismunun í menntakerfinu verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður og starfsþjálfun fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fyrir fatlað fólk, frumbyggja og börn sem búa við erfiðar aðstæður.

4.6 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að öll ungmenni og stór hluti fullorðinna, bæði karlar og konur, hafi náð tökum á lestri og skrift og öðlast talnaskilning.

4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

4.a Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar fyrir börn, óháð kyni, svo að allir geti lært í öruggu og friðsamlegu umhverfi án aðgreiningar, fatlaðir sem aðrir.

4.b Eigi síðar en árið 2020 hafi námsstyrkjum sem standa þróunarlöndum til boða verið fjölgað um heim allan, einkum í þeim löndum sem eru skemmst á veg komin, þ.e. smáeyríkjum og Afríkuríkjum, til að efla háskólamenntun í þróunarlöndum, þar á meðal starfsnám og upplýsinga- og samskiptatækni, tækninám, verkfræði og raunvísindi.

4.c Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og smáeyríkjum.

5. Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld

5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.

5.2 Hvers kyns ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þ.m.t. mansal, kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði ekki liðið og regluverk sem styður við ofbeldi afnumið.

5.3 Allir skaðlegir siðir, eins og barnahjónabönd, snemmbúin og þvinguð hjónabönd og limlesting kynfæra kvenna og stúlkna, verði lagðir niður.

5.4 Ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf verði viðurkennd og metin með því að tryggja opinbera félagsþjónustu, innviði og stefnumörkun á sviði félagslegrar verndar og að ýtt verði undir sameiginlega ábyrgð innan fjölskyldunnar, þ.m.t. á heimilinu, eins og við á í hverju landi.

5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.

5.6 Tryggð verði jöfn tækifæri og réttur allra til kynheilbrigðis, eins og samþykkt var með framkvæmdaáætlunum alþjóðaráðstefnunnar um mannfjölda og þróun og kvennaráðstefnunnar í Beijing sem og niðurstöðum skýrslna sem unnar voru í kjölfar ráðstefna þar sem staðan var endurskoðuð.

5.a Gerðar verði umbætur til að tryggja konum jafnan rétt á sviði efnahagsmála, eignarhalds á og yfirráða yfir landi og öðrum eignum, jafnan rétt á arfi og jafnt aðgengi að fjármálaþjónustu og náttúruauðlindum í samræmi við landslög.

5.b Notast verði við tækniaðferðir, einkum upplýsinga- og fjarskiptatækni, í því skyni að styrkja stöðu kvenna.

5.c Sett verði öflug stefna og raunhæf lög sem stuðla að kynjajafnrétti og styrkja stöðu kvenna og stúlkna á öllum sviðum.

6. Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu

6.1 Eigi síðar en árið 2030 standi öllum til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði hvar sem er í heiminum

6.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi allir jafnan aðgang að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu og enginn þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstaklega hugað að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.

6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

6.4 Eigi síðar en árið 2030 verði vatn nýtt mun betur á öllum sviðum. Sjálfbær vatnsnotkun verði tryggð í því skyni að koma í veg fyrir vatnsskort. Jafnframt verði dregið verulega úr fjölda þeirra sem þjást af vatnsskorti.

6.5 Eigi síðar en árið 2030 verði stjórnun vatnsauðlinda samþætt á öllum sviðum, meðal annars með samstarfi yfir landamæri eftir því sem við á.

6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.

6.a Eigi síðar en árið 2030 nái alþjóðleg samvinna og stuðningur að efla starfsemi og áætlanir þróunarlanda sem tengjast vatni og hreinlætisaðgerðum, þ.m.t. vatnsöflun, afsöltun, vatnsnýtingu, hreinsun skólps og frárennslisvatns, endurvinnslu og tækni til endurnýtingar.

6.b Stutt verði við byggðarlög til að bæta vatnsstjórnun og hreinlæti.

7. Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

7.1 Eigi síðar en árið 2030 verði nútímaleg og áreiðanleg orkuþjónusta í boði alls staðar í heiminum á viðráðanlegu verði.

7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

7.3 Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.

7.a Eigi síðar en árið 2030 verði alþjóðleg samvinna aukin í því skyni að auðvelda aðgengi að rannsóknum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku, meðal annars endurnýjanlegrar orku, orkunýtni og háþróaðs og hreins jarðefnaeldsneytis, og ýtt undir fjárfestingu í orkugrunnvirkjum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku.

7.b Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og tækni nýtt í því skyni að veita öllum í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin, smáeyríkjum og landluktum þróunarlöndum, nútímalega og sjálfbæra orkuþjónustu í samræmi við áætlanir hvers og eins í þeim efnum.

8. Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla

8.1 Viðhaldið verði hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.

8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuaflsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.

8.3 Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölga mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálaþjónustu.

8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.

8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.

8.6 Eigi síðar en árið 2020 hafi hlutfall ungmenna, sem eru atvinnulaus, stunda ekki nám eða þjálfun, lækkað verulega.

8.7 Gerðar verði tafarlausar og árangursmiðaðar ráðstafanir til þess að útrýma nauðungarvinnu. Nútímaþrælahald og mansal heyri sögunni til og tekið verði fyrir barnaþrælkun og hún bönnuð, þar á meðal herþjónusta barna, og eigi síðar en árið 2025 verði nauðungarvinna barna í allri sinni mynd úr sögunni.

8.8 Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk, meðal annars farandverkafólk, einkum konur í þeim hópi og þá sem eru í óöruggu starfi.

8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

8.10 Fjármálastofnanir innan lands verði efldar til þess að bæta aðgengi að banka-, trygginga- og fjármálaþjónustu fyrir alla.

8.a Þróunaraðstoð í viðskiptum verði aukin, einkum í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin, meðal annars á grundvelli sameiginlegrar tæknilegrar aðstoðar í viðskiptum.

8.b Eigi síðar en árið 2020 verði heildarstefnu um atvinnumál ungmenna hrundið í framkvæmd og atvinnusáttmáli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar kominn til framkvæmda.

9. Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

9.2 Stuðlað verði að sjálfbærri iðnþróun fyrir alla og eigi síðar en árið 2030 hafi hlutur iðnaðar í atvinnulífi og vergri landsframleiðslu aukist verulega í ljósi aðstæðna heima fyrir og tvöfaldast í þeim þróunarlöndum sem skemmst eru á veg komin.

9.3 Aukið verði aðgengi lítilla iðnfyrirtækja og annars konar fyrirtækja, einkum í þróunarlöndum, að fjármálaþjónustu, meðal annars að hagstæðum lánum. Einnig verði þáttur þeirra í verðmætakeðjum og á mörkuðum aukinn.

9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.

9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.

9.a Stuðlað verði að sjálfbærri uppbyggingu innviða í þróunarlöndum með sveigjanleika að viðmiði, auknum fjárhagsstuðningi og tæknilegum stuðningi við Afríkuríki, þróunarlönd sem eru skemmst á veg komin, landlukt þróunarlönd og þróunarlönd sem eru smáeyríki.

9.b Stutt verði við tækniþróun, rannsóknir og nýsköpun í þróunarlöndum, meðal annars með því að festa í sessi stefnumótandi umhverfi sem stuðlar til dæmis að fjölbreyttu atvinnulífi og virðisauka.

9.c Aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði aukið verulega og lagt kapp á að almenningur hafi aðgang að netinu á viðráðanlegu verði í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.

10. Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa

10.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi varanleg tekjuaukning náð fram að ganga í áföngum fyrir 40% þess mannfjölda sem tekjulægstur er og verði hlutfallslega hærri en meðallaunahækkanir á landsvísu.

10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.

10.4 Mörkuð verði stefna í ríkisfjármálum, launamálum og á félagslegu sviði með það fyrir augum að auka jafnrétti stig af stigi.

10.5 Reglusetning og eftirlit með alþjóðlegum fjármálamörkuðum og -stofnunum verði bætt og því regluverki beitt í auknum mæli.

10.6 Tryggt verði að þróunarlönd komi að ákvörðunum sem eru teknar innan alþjóðlegra fjármálastofnana til að auka skilvirkni, trúverðugleika, áreiðanleika og tryggja lögmæti þeirra.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

10.7 Greitt verði fyrir för fólks með því að auðvelda búferlaflutninga og gera þá örugga og reglubundna, meðal annars með því að hrinda stefnumálum á sviði búferlaflutninga í framkvæmd á skipulegan og hagkvæman hátt.

10.a Fylgt verði meginreglunni um sérkjör þróunarlanda, einkum þeirra sem eru skemmst á veg komin, í samræmi við samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

10.b Hvatt verði til opinberrar þróunaraðstoðar og fjárstreymis, meðal annars með beinni fjárfestingu erlendis frá, í ríkjum sem þurfa mest á því að halda, einkum þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin, Afríkuríkjum, smáeyríkjum og landluktum þróunarlöndum, í samræmi við stefnumörkun þeirra og landsáætlanir.

10.c Eigi síðar en árið 2030 verði millifærslugjöld farandverkafólks komin niður fyrir 3% og loku fyrir það skotið að peningasendingar hafi í för með sér hærri kostnað en 5%.

11. Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.

11.3 Eigi síðar en árið 2030 verði fjölgun í þéttbýli sjálfbær og íbúar alls staðar í heiminum taki meiri þátt í skipulagsmálum og samkomulagi um sjálfbærni.

11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

11.5 Eigi síðar en árið 2030 dragi úr fjölda þeirra sem deyja í hamförum og þeirra sem bíða skaða af þeim völdum. Dregið verði úr beinu efnahagslegu tjóni af völdum hamfara, í hlutfalli af vergri landsframleiðslu í alþjóðlegum samanburði, þar á meðal vatnstjóni, og áhersla lögð á að vernda fátæka og fólk í viðkvæmri stöðu.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.

11.a Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.

11.b Eigi síðar en árið 2020 hafi borgum og íbúðarsvæðum fjölgað þar sem áætlanir og stefnumál eru samþætt og miða að aðkomu allra, auðlindanýting verði betri, dregið hafi úr skaðsemi af völdum loftslagsbreytinga og forvarnir gegn hamförum hafi verið efldar. Útbúin verði heildræn áhættustýring vegna hvers kyns hamfara í samræmi við Sendairammaáætlunina 2015–2030 og henni framfylgt.

11.c Stuðningur verði veittur þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin, meðal annars fjárhags- og tækniaðstoð, til þess að reisa öflugar byggingar úr byggingarefni á staðnum.

12. Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð

12.1 Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.

12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.

12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.

12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.

12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.

12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.

12.a Þróunarlönd fái stuðning til þess að auka vísinda- og tækniþekkingu í því skyni að 129 þoka neyslu og framleiðslu í átt til aukinnar sjálfbærni.

12.b Þróuð verði tæki til þess að fylgjast með áhrifum sjálfbærrar þróunar á ferðaþjónustu sem leiðir af sér störf og ýtir undir staðbundna menningu og framleiðslu.

12.c Óhagkvæmar niðurgreiðslur vegna jarðefnaeldsneytis, sem ýta undir sóun, verði færðar til betri vegar með því að aflétta markaðshömlum, í samræmi við innlendar aðstæður, meðal annars með því að endurskipuleggja skattlagningu og leggja niðurgreiðslur niður í áföngum í ljósi skaðlegra umhverfislegra áhrifa. Tekið verði fullt tillit til sérþarfa og aðstæðna þróunarlanda og haldið í skefjum aðgerðum sem gætu haft skaðleg áhrif á þróun fátækra samfélaga.

13. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

13.3 Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörunum.

13.a Efnd verði fyrirheit hátekjuríkja um 100 milljarða dala framlag, bæði frá hinu opinbera og einkaaðilum, í því skyni að aðstoða þróunarlönd við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að gagnsæjum aðgerðum. Jafnframt verði unnið sem fyrst að fjármögnun Græna loftslagssjóðsins svo að hann geti starfað af fullum krafti.

13.b Finna leiðir til að skipuleggja og stjórna betur loftslagsaðgerðum í þeim þróunarlöndum sem skemmst eru á veg komin og þeim sem eru smáeyríki og leggja í því tilliti áherslu á konur, ungt fólk, byggðarlög og jaðarsamfélög.

14. Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun

14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.

14.3 Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.

14.4 Eigi síðar en árið 2020 verði komið á skilvirku eftirliti með afla og tekið fyrir ofveiði og ólöglegar, óskráðar og stjórnlausar fiskveiðar og skaðlegar veiðiaðferðir. Hrundið verði í framkvæmd áætlunum um stjórn fiskveiða, sem byggjast á vísindalegum grunni, í því skyni að endurheimta fiskstofna á sem skemmstum tíma, a.m.k. að því marki að hámarka sjálfbærni stofna með tilliti til líffræðilegra eiginleika.

14.5 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að vernda a.m.k. 10% af strandlengjum og hafsvæðum heimsins í samræmi við landslög og alþjóðalög, að teknu tilliti til bestu tiltæku, vísindalegu upplýsinga.

14.6 Eigi síðar en árið 2020 verði tilteknar niðurgreiðslur í sjávarútvegi, sem stuðla að ofveiði, bannaðar sem og niðurgreiðslur sem stuðla að ólöglegum, óskráðum og stjórnlausum fiskveiðum. Jafnframt verði reynt að koma í veg fyrir að niðurgreiðslur verði teknar upp í nýju formi og horfst í augu við að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

mismunandi aðferðir eiga við og eru skilvirkari fyrir þróunarlöndin og ættu í raun að vera órjúfanlegur þáttur í samningaviðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um niðurgreiðslur í sjávarútvegi þróunarríkjunum til handa og þá þeim sem skemmst eru á veg komin.

14.7 Eigi síðar en árið 2030 hafi þau þróunarlönd sem eru smáeyríki og þau sem skemmst eru á veg komin hlotið efnahagslegan ávinning af sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda, meðal annars með því að ástunda sjálfbæra stjórn fiskveiða, sjálfbært fiskeldi í sjó og sjálfbæra ferðaþjónustu.

14.b Veita þeim sem veiða í smáum stíl aðgang að sjávarauðlindum og mörkuðum.

14.c Vernda og efla sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess með því að framfylgja 130 alþjóðalögum, sbr. ákvæði þar að lútandi í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um varðveislu og sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess og nefnt er í 158. gr. í skýrslunni „The future we want“.

15. Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærristjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.

15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.

15.4 Eigi síðar en árið 2030 verði vistkerfi í fjalllendi vernduð, meðal annars líffræðileg fjölbreytni þeirra, í því skyni að njóta ávinnings af nýtingu þeirra, sem er meginhugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.

15.6 Stuðlað verði að sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda og eðlilegum aðgangi að slíkum auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.

15.7 Gripið verði til bráðaaðgerða til að binda enda á veiðiþjófnað og ólögleg viðskipti með vernduð dýr og plöntur og reistar skorður við eftirspurn og framboði á ólöglegum afurðum villtra dýra.

15.8 Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.

15.9 Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.

15.a Kallað verði eftir fjármagni hvarvetna í því skyni að vernda líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi og nýta á sjálfbæran hátt.

15.b Kallað verði eftir auknum úrræðum á öllum sviðum í því skyni að gera skógarauðlindir sjálfbærar og skapa hvata fyrir þróunarlöndin til að taka upp slíka stjórnun, meðal annars verndun og endurrækt.

15.c Efldur verði stuðningur á heimsvísu til að berjast gegn veiðiþjófnaði og ólöglegum viðskiptum með vernduð dýr og plöntur, meðal annars verði leitað leiða fyrir íbúa hinna ýmsu byggðarlaga til að afla sér lífsviðurværis á sjálfbæran hátt.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

16. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum

16.1 Dregið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum sem rekja má til þess.

16.2 Tekið verði fyrir misnotkun, misneytingu, mansal og hvers kyns ofbeldi gegn börnum og pyntingar verði upprættar.

16.3 Réttarríkið verði eflt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.

16.4 Eigi síðar en árið 2030 mun ólöglegt flæði fjármagns og vopna hafa snarminnkað, stolnar eignir verði endurheimtar í stórum stíl og barátta háð gegn hvers kyns skipulagðri glæpastarfsemi.

16.5 Dregið verði verulega úr hvers kyns spillingu og mútum.

16.6 Byggðar verði upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum sem hafa gagnsæi að leiðarljósi.

16.7 Teknar verði ákvarðanir á öllum sviðum þar sem brugðist er við aðstæðum og víðtæk þátttaka tryggð.

16.8 Þróunarlöndum verði veitt aukin aðild að alþjóðlegum stjórnarstofnunum.

16.9 Öllum verði útveguð lögleg skilríki, þ.m.t. fæðingarvottorð, eigi síðar en árið 2030.

16.10 Almenningur hafi aðgengi að upplýsingum og grundvallarréttindi verði tryggð í samræmi við landslöggjöf og alþjóðasamninga.

16.a Tilteknar innlendar stofnanir verði styrktar, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu, í því skyni að efla þær, einkum í þróunarlöndunum, til að koma í veg fyrir ofbeldi og berjast gegn hryðjuverkum og glæpastarfsemi.

16.b Lög og stefnumál á sviði sjálfbærrar þróunar, sem mismuna engum, verði efld og þeim framfylgt.

17. Styrkja framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun

Fjármál

17.1 Úrræði heimamanna verði styrkt, meðal annars með alþjóðlegum stuðningi við þróunarlönd, til að bæta skattkerfið og aðra tekjuöflun.

17.2 Hátekjuríkin standi að fullu við skuldbindingar sínar um opinbera þróunaraðstoð, meðal annars þá skuldbindingu margra þeirra að láta 0,7% af vergum þjóðartekjum renna til þróunarlanda og 0,15–0,20% af vergum þjóðartekjum renna til þeirra sem eru skemmst á veg komin. Þau ríki sem veita opinbera þróunaraðstoð verði hvött til þess að setja sér það markmið að láta a.m.k. 0,20% af vergum þjóðartekjum renna til þróunarlanda sem eru skemmst á veg komin

17.3 Kallað verði eftir viðbótarfjármagni hvaðanæva að til handa þróunarlöndum.

17.4 Þróunarlönd fái aðstoð til að ná tökum á langtímaskuldum með samræmdri stefnumörkun sem miðar að því að bæta fjármagnsstöðu, lækka skuldir og endurfjármagna eftir því sem við á. Erlendar skuldir mjög skuldsettra og fátækra ríkja verði skoðaðar með það fyrir augum að draga úr skuldavanda.

17.5 Teknar verði upp aðgerðaáætlanir til að efla fjárfestingarsjóði í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin og þeim framfylgt.

Tækni

17.6 Eflt verði samstarf milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða ásamt þríhliða svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi um vísindi, tækni og nýsköpun og aðgengi að þessum sviðum auðveldað. Enn fremur verði þekkingu miðlað í meira mæli á jafnræðisgrundvelli, meðal annars með því að samræma betur fyrirliggjandi kerfi, einkum á vegum Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra skipulagseininga sem er ætlað að stuðla að tækniþróun.

17.7 Stuðlað verði að umhverfisvænni tækniþróun og flutningi, miðlun og dreifingu í þróunarlöndunum á hagstæðum kjörum, m.a. með ívilnunum og tilslökunum, eins og samkomulag næst um.

17.8 Eigi síðar en í lok árs 2017 verði starfrækt tæknimiðstöð til uppbyggingar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin og stuðningur til sjálfshjálpar efldur, einkum á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Uppbygging getu

17.9 Efldur verði alþjóðlegur stuðningur við þróunarlöndin til að ýta úr vör skilvirkri og hnitmiðaðri uppbyggingu með hliðsjón af landsáætlunum sem fela í sér sjálfbær þróunarmarkmið, þ.m.t. samstarf milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða og þríhliða samstarf.

Viðskipti

17.10 Stuðlað verði að alþjóðlegu og opnu viðskiptakerfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem byggist á réttlátu og marghliða regluverki með jafnræði að leiðarljósi, þar sem meðal annars verði stefnt að því að ljúka Doha-viðræðunum.

17.11 Útflutningur þróunarlanda verði aukinn verulega, einkum með það fyrir augum að tvöfalda hlutdeild þeirra verst settu í útflutningi á heimsvísu, eigi síðar en árið 2020.

17.12 Koma í framkvæmd, þegar færi gefst, tollfrjálsu og kvótalausu markaðsaðgengi til lengri tíma fyrir þróunarlönd sem eru skemmst á veg komin í samræmi við ákvarðanir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, meðal annars með því að tryggja gagnsæi, lítið flækjustig og ívilnandi upprunareglur um innflutning frá þessum löndum.

Kerfistengd málefni

Stefnumál og samhengi í stofnanalegu tilliti

17.13 Auka efnahagslegan stöðugleika um allan heim, meðal annars með samræmdri stefnumörkun.

17.14 Bæta samræmda stefnu varðandi sjálfbæra þróun.

17.15 Virt verði svigrúm og vald hvers lands til að koma á og framfylgja stefnumálum um útrýmingu fátæktar og sjálfbæra þróun.

Samstarf margra hagsmunaaðila

17.16 Alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun verði aukið með stuðningi fjölda hagsmunaaðila, sem miðla af þekkingu sinni og sérfræðikunnáttu, veita tæknilegar úrlausnir og fjármagn, í því skyni að ná fram þróunarmarkmiðunum um sjálfbærni í öllum löndum, einkum þróunarlöndunum.

17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.

Gögn, eftirlit og ábyrgð

17.18 Eigi síðar en árið 2020 verði efldur stuðningur við þróunarlöndin, meðal annars við þau lönd sem eru skemmst á veg komin og þróunarlönd sem eru smáeyríki, til að auka svo um munar aðgengi að nýjustu vönduðu og áreiðanlegu upplýsingum, sundurliðuðum eftir tekjum, kyni, aldri, kynþætti, þjóðerni, innflytjendastöðu, fötlun, landfræðilegri stöðu og öðrum breytum sem eiga við í hverju landi.

17.19 Eigi síðar en árið 2030 verði unnið út frá fyrirliggjandi verkefnum og mælikvarði þróaður í þágu sjálfbærrar þróunar, þ.e. til viðbótar við mælikvarða um verga landsframleiðslu, og stutt verði við uppbyggingu á sviði tölfræði í þróunarlöndunum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026